
HÚSAKÖNNUN Í GRÍMSEY:

VERKHLUTI I - SAMANTEKT UM FRAMVINDU



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG HJÖRLEIFUR STEFÁNSSON

FÖRNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS/GULLINSNIÐ
REYKJAVÍK 2022
FS903-22361



Húsakönnun í Grímsey er styrkt af Húsafriðunarsjóði

Á ljósmynd á forsíðu er horft yfir höfnina í Grímsey. Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir

©2022

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BRÆÐRABORGARSTÍG 9
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	5
2. FRAMVINDA HÚSAKÖNNUNAR 2022.....	7
3. SAMANTEKT OG NÆSTU SKREF.....	11
HEIMILDIR.....	12
VIÐAUKI 1: UPPSKRIFTIR ÚTTEKTA Á HÚSAKOSTI Í GRÍMSEY.....	13
VIÐAUKI 2: ÚTSKRIFT Á GÖGNUM ÚR HUGINN/FYRSTU DRÖG.....	155

Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um framvindu fyrsta verkárs húsakönnunar í Grímsey en hlutastyrkur fékkst í verkið úr Húsafriðunarsjóði 2022.

Verkefnið snýr að ítarlegri húsakönnun í Grímsey og hófst það 2022 á uppskriftum úttekta annars vegar og færslu grunnupplýsinga um standandi hús í *Hugin*, húsagrunn Minjastofnunar Íslands, hins vegar. Stefnt er að því að sækja um styrk til áframhaldandi rannsókna 2023.

Efnisorð

Grímsey, húsakönnun, byggingararfur

Summary

This document offers a progress report outlining the results of the first year of a building survey in Grímsey, North Iceland. The project was supported by the the Architectural Heritage Fund in 2022. The aim of the first year was to go through available archive about standing building from the 18th and until early 20th century (kept at the National Archives of Iceland) and start a record database for standing buildings in the area. The aim is to continue the research in 2023.

Keywords

Grímsey, standing building survey, building heritage


1. Inngangur

Í skýrslunni er fjallað um framvindu fyrsta verkárs ítarlegrar húsakönnunar í Grímsey. Könnuð verða uppistandandi hús í eyjunni og að auki verður leitast við að safna upplýsingum um horfin hús og skrá þau ummerki sem sjást um þau. Með því er stefnt að því að gera ítarlega greiningu á húsaarfinum í Grímsey frá 18. öld og fram á þá 20. Könnuð verða einkenni húsa í eyjunni, ending þeirra og örlög. Gert er ráð fyrir að könnunin nái til a.m.k. 60 húsa. Einnig er ráðgert að elsta hús eyjunnar, prestsetrið í Miðgörðum sem er friðað, verði mælt upp og teiknað. Verkefnið er unnið í samvinnu við Minjasafnið á Akureyri, sveitarfélagið (Akureyrarbæ), og Bygðastofnun (Verkefnið Glæðum Grímsey).

Styrkurinn sem verkefnið hlaut í ár var fyrir um 13% af áætluðum heildarkostnaði við verkið. Í samráði við sjóðinn var ákveðið að hefja vinnuna á uppskrift úttekta annars vegar og færslu grunnupplýsinga um standandi hús í Huginn, húsagrunn Minjastofnunar Íslands, hins vegar.

Jón Torfason og Hjörleifur Stefánsson sáu um uppskriftir úttekta.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir sá um vinnslu upplýsinga inn í Huginn sem náði til 46 standandi húsa í eyjunni. Auk Hjörleifs, Jóns og Elínar komu þau Hanna Rósa Sveinsdóttir og Hörður



Mynd 1: Kort sem sýnir staðsetningu rannsóknarsvæðis á Íslandskorti (með rauðum bring) og nærmýnd af Grímsey þar sem staðsetning þeirra húsa sem skráð voru inn í gagnagrunninn Huginn er sýnd með rauðum deplum.

Geirsson hjá Minjasafninu á Akureyri að verkinu en framlag safnsins var að hafa uppi á og leggja til ýmsar ljósmyndir af húsum í eyjunni sem nýtast munu vel í frekari vinnslu þess. Framlag Örnú Bjargar Bjarnadóttur sagnfræðings og verkefnisstjóra *Glæðum Grímsey* verður á síðari stigum verkefnisins, þegar kemur að vettvangsskráningu í Grímsey og kynningu á verkefninu. Sama má segja um framlag sveitarfélagsins, þ.e. að leitað verður eftir styrk frá því á næstu stigum rannsókna.

Í þessari skýrslu verður framvinda verkefnisins árið 2022 rakin og farið yfir áætlanir um áframhaldandi rannsóknir á næstu árum. Í viðauka fylgja þær uppskriftir sem unnar hafa verið í ásamt útskrift á gögnum úr Hugin (gögn í vinnslu). Vinnan við verkið var unnin á sumar- og haustmánuðum 2022.

2. Framvinda húsakönnunar 2022

Sá styrkur sem fékkst til Húsakönnunar í Grímsey nýttist til að hefja undirbúning og heimildavinnu vegna verksins. Langstærstur hluti styrksins fór í vinnu við leit að og uppskriftir á handritum þar sem húsakosti í Grímsey er lýst (sjá nánar viðauka 1). Uppskriftirnar eru úr handritum sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni og Héraðsskjalasafninu á Akureyri. Stærstan hluta vinnunnar vann Jón Torfason en

Hjörleifur Stefánsson skrifaði einnig upp nokkur handrit. Farið var yfir a.m.k. 40 úttektir og skrifaðar upp um 150 blaðsíður af lýsingum á húsum sem stóðu í Grímsey og eru þær elstu frá 1733 en þær yngstu frá árinu 1925.

Í úttektunum er öllum húsum sem tilheyrðu viðkomandi jörð lýst og stærðir þeirra og ástand tilgreint. Farið hefur verið yfir eftirfarandi úttektir jarða í Grímsey:



Mynd 2: Ljósmynd HEB-1499 frá Minjasafninu á Akureyri. Miðgarðakirkja er lengst til vinstri á mynd, þá gömlu bæjarhúsin, skólinn og því næst (og lengst til hægri) yngri bæjarhús í Miðgarði sem var byggt 1905 og er nú er elsta uppistandandi hús eyjunnar

- Möðruvallakaustursjarðir árið 1784: 4 síður, 1580 orð. Þar er lýst húsakosti í Ytri-Grenivík, Borgum, Sveinagörðum, Eiðum, Efri-Sandvík.
- Möðruvallaklausturjarðir árin 1787-1890, 18 síður, 9368 orð. Þar er lýst húsakosti á Eiðum þrisvar sinnum, Efri-Sandvík tvisvar sinnum, Borgum tvisvar sinnum, Sveinagörðum þrisvar sinnum, Sveinsstöðum fjórum sinnum, Ytri-Sandvík, Ytri-Grenivík þrisvar sinnum.
- Möðruvallakaustursjarðir árið 1825: 6 síður, 3386 orð. Þar er lýst bæjunum í Ytri-Grenivík, Borgum, Sveinagörðum, Sveinsstöðum, Eiðum, Sandvík Efri.
- Munkaþverárklaustursjarðir 1825 og 1833, 6 síður, 2780 orð. Þar er lýst húsakosti í Neðri-Sandvík tvisvar sinnum, Básam tvisvar sinnum, Syðri-Grenivík tvisvar sinnum.

- Munkaþverárklaustursjarðir í VII;5, 13 síður, 6699 orð. Þar er lýst Básum, Neðri-Sandvík sjö sinnum, Syðri-Grenivík fimm sinnum, Sandvík (ekki tekið fram hvort um sé að ræða Neðri- eða Efri-).
- Jarðaúttektabók Grímseyjar árin 1842-1907, 25 síður, 12278 orð. Þar er lýst húsakosti í Efri-Sandvík þrisvar sinnum, Sveinstöðum sex sinnum, Sveinagörðum sex sinnum, Borgum tvisvar sinnum, Neðri-Sandvík þrisvar sinnum, Ytri-Sandvík, Ytri-Grenivík, Syðri-Grenivík þrisvar sinnum, Eiðum, Básum.
- Vísitásiubók Eyjafjarðarprófastsdæmis (ÞÍ AA/4 1707-1747) úttekt kirkju og bæjarhúsa á Miðgörðum árið 1733.
- Úttektir kirkju og staðarhúsa í Grímsey á árabílinu 1757-1895, 68 síður, 37582 orð. Úttektir eftirfarandi ára: 1757, 1773, 1777, 1778, 1783, 1787, 1795, 1803, 1806, 1810, 1812, 1827, 1828, 1832, 1835, 1838, 1841, 1844, 1846, 1849, 1853, 1858, 1868, 1895. Í þessum úttektum er kirkjunni lýst ásamt gripum hennar. Staðarhúsum er lýst, stærðir þeirra tilgreindar og ástandi húsa og byggingarhluta lýst.
- Brunavirðingar húsa í Grímsey árin 1910-1925.

Auk

uppskrifta var árið 2022 útbúinn heimildagrunnur fyrir standandi hús í Grímsey. Aðeins var unnin grunnvinna en útbúin færsla fyrir öll standandi íbúðarhús í eyjunni og einnig þau þjónustu- og iðnaðarhús sem eru



Mynd 2: Ljósmynd A1-00283-04 frá Minjasafninu á Akureyri. Horft yfir hafnarsvæðið í Grímsey

eldri en 50 ára. Getið var um standandi útihús í færslu þeirra bújarða sem þau tilheyrðu. Samtals voru skráð 46 hús í eyjunni og þau staðsett í landupplýsingagrunni. Færðar voru inn þær upplýsingar sem tiltækar voru hjá Minjastofnun Íslands, upplýsingar um fasteignamat og stærð og upplýsingar sem tiltækar voru úr fornleifaskrá og bókinni Grímsey og Grímseyingar. Talsverð vinna er enn

óunnin við yfirferð annarra heimilda og er gert ráð fyrir að vinna hana á 2. ári. Inn í grunninn voru settar gamlar myndir af húsunum þar sem þær voru tiltækar en frekari greining á ljósmyndum frá ljósmyndasafni sem Minjasafnsins á Akureyri er eftir.





3. Samantekt og næstu skref

Sá styrkur sem fékkst úr Húsafriðunarsjóði 2022 nýttist til að hefja húsakönnun í Grímsey og undirbúa frekari vinnu við heimildir og vettvangsathugun. Farið var í gegnum mikið magn af uppskriftum og lýsingum á húsum í eyjunni allt frá 18. öld og fram á þá 20. Frekari greining á gögnunum verður unnin á síðari stigum og er mikið verk óunnið í flokkun og greiningu uppskrifta, í því að afla ítarlegri gagna um hús í eyjunni, sem og í sjálfri vettvangsúttektinni á húsum.

Þrátt fyrir aðeins hafi verið stigin fyrstu skrefin í vinnu við húsakönnun í Grímsey er þegar ljóst að saga byggingararfsins í Grímsey er áhugaverð og af uppskriftum má sjá að Grímseyingar hafa búið við óvenju bágborinn húsakost allt fram á 20. öldina og kemur þar eflaust margt til.

Í síðari stigum húsakönnunar verður byggingarsaga bújarða í Grímsey, kirkju og prestsseturs rakin lengra en venjulegt er um húsakannanir eða allt til upphafs 18. aldar. Ljósmyndir af húsakosti í eyinni frá fyrstu árum 20. aldar ásamt virðingum húsa og teikningum að húsaskipan munu væntanlega leiða fram upplýsingar sem geta nýst í náiinni framtíð við uppbyggingu ferðamannaþjónustu í Grímsey. Sýning um sögu Miðgarðakirkju sem fyrirhuguð er í anddyri nýrrar kirkju og upplýsingaskilti um sama efni sem í ráði er að koma upp, mun að hluta til byggja á því efni sem húsakönnunin dregur saman.

Sótt verður um áframhaldandi styrk til húsakönnunar í Grímsey árið 2023. Þá er stefnt að því að halda áfram heimildaúttekt um standandi hús í eyjunni, hefja greiningarvinnu á uppskriftum og ljósmyndum og fara út í eyjuna í þeim tilgangi að vinna húsakönnun á vettvangi og vinna uppmælingu og teikningu á elsta húsi eyjunnar. Til að svo megi verða verður leitað eftir styrkjum frá Húsafriðunarsjóði, Akureyrarbæ og Bygðastofnun.

Heimildir

Fasteignamat/Þjóðskrá: upplýsingar fengnar af vefnum:

<https://www.skra.is/fasteignir/fasteignamat/2023/>

Helgi Daníelsson, & Haraldur Jóhannsson. 2003. *Grímsey og Grímseyingar: íbúar og saga*. Akrafjallsútgáfan. Skammstafað GogG í gagnagrunninum Huginn.

Orri Vésteinnsson. 2008. *Fornleifar í Grímsey : aðalskráning 2007*. Fornleifastofnun Íslands.

Gögn um húsin Sólberg og Miðgarða frá Minjastofnun Íslands, send með tölvupósti þann 25. júlí 2022.

Þjóðskjalasafn Íslands

Brunavirðing 1911: Virðingagiörð N 21. Á vef Þjóðskjalasafns Íslands:

https://issuu.com/heradsskjalasafnakureyri/docs/h_1_24_grimseyjarhreppur_1910_1927?fr=sN_TYwZjQ5OTgzNzk

Skjalasafn prófesta. Eyjafjarðarprófastsdæmi AB/1. Úttektir staða og kirkna 1746-1881. 2. Skjalasafn prófesta. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/2. Vísitásiubækur 1751-1862 og 3. Kirknasafn. Miðgarðar í Grímsey AA3. Kirkjustóll 1757-1839 og AA/4. Kirkjustóll 1839-1937

Skjalasafn umboðanna. Möðruvallaklaustur VII/5. Úttektir klausturs og klausturjarða 1694-1833.

Skjalasafn umboðanna. Munkaþverárklaustursumboð VII/5. Úttektir 1761-1798.

Skjalasafn umboðanna. Möðruvallaklaustursumboð VII/1. Úttektir 1783-1890.

Skjalasafn umboðanna. Möðruvallaklaustur VII/2. Úttektir klaustursins og jarðanna 1825.

Skjalasafn umboðanna. Munkaþverárklaustur VII/3. Úttektabók 1825.

Kirknasafn. Miðgarðar í Grímsey AA1. Kirkjustóll 1757-1839 og Skjalasafn prófesta. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/2. Vísitásiubók 1751-1768 og AB/1. Úttektir staða og kirkna 1746-1881.

Vísitásiubók Eyjafjarðarprófastsdæmis, AA/4 1707-1747.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Grímseyjarhreppur (HskjAk. H-1/29). Jarða úttektar- og uppboðsbók Grímseyjarhrepps 1842-1907

Viðauki 1: Uppskriftir úttekta á húsakosti í Grímsey

Munkaþverárklosturjaðir VII/5. Úttektir 1743-1837

Básar 1763¹

Húsa uppskrift á Básam 1763, þegar Eyjólfur Jónsson burtu vék en Þorlákur Þórisson við tók.

Badstofa í 3 stafgólfum. Með 8 stöfum, syllum og áfellum, 3 bitum, 4 sperrum, einu langbandi á hvörja síðu, mænirtróðu, upprefti af greni til beggja hliða í einu stafgólfi. Dyrnar með tveimur dyrustöfum, hurð á járnum með klinku. Langhliðarveggur annar stæðilegur og annar að helmingi, en stafnveggurinn og annar hliðveggur að helming moldrunninn. Húsið gamalt, finnst þó stæðilegt.

Hús upp af badstofu, með 6 stöfum og 2 syllum, 1 bita, 3 sperrum. Þil í rjáfri langsetis. Þil fyrir stafni undir bita og yfir, vantar í það 3 fjalir. Húsið stæðilegt til viðs og veggja.

Vefjarrá innan undan badstofudyrum, með 4 stöfum, 2 bitum, 2 syllum, 1 sperrum en yfirgrind að falli komin. Veggir gamlir en á 2 vega þó stæðilegir. Badstofunni fylgir gata með 4 stöfum og pallur báðu megin. Í öðrum enda badstofunnar 2 pallstokkar með 6 fjölum.

Hlaða. Með 2 bitum, 4 stoðum, einum ás á dverg, upprefti af greni, stæðileg að viðum og veggjum.

Eldhús, 1 stafgólf. 4 stöfum, 2 bitum, upprefti af greni. Stæðilegt að viðum og veggjum.

Annað eldhús í 2 stafgólfum. 6 stöfum, 3 bitum, 2 syllum, 3 sperrum, dvergur á bitum, upprefti af greni. Húsið stæðilegt að viðum og veggjum.

Búrhús, að veggjum stæðilegt en að viðum að falli komið. Með hurðarflaki.

Annað búrhús. Með 1 ás, 1 bita. Veggir gamlir, þó stæðilegir. Upprefti af greni, gömlu og fúnu.

Þriðja búrhús þar fram af. Með 6 stöfum, 3 bitum, syllum lösnum, einum ás, 2 dvergum, upprefti af fúnu greni. Annar stafnveggur stæðilegur, hinir lasnir. Hurð á járnum með hespu og keng.

Fjórði búrkofi. Reftur um einn ás. Hrörlegur að viðum og veggjum.

Göng frá badstofu til anddyra, að falli komin til yfirgrindar. Anna[r] veggur stæðilegur, 2 faðmar hinu megin að falli komnir.

Bæjardyr. Með 4 stöfum, 2 bitum, 2 syllum, einum sperrum, mænirtróðu, upprefti af greni. Lasið þil framan undir, dyrustafir, með lasinni hurð á járnum með járnloku.

Skemma í 2 stafgólfum. Með 6 stöfum, 2 syllum, áfellum, 3 bitum, 3 sperrum, 2 langböndum, mænirtróðu, upprefti af greni. Laslegt þil framan undir, vantar 1 fjöl í bjórþilið. Hurð á járnum með dyrustöfum, hespu og keng. Veggir stæðilegir til beggja hliða en stafninn liggur á skemmunnunni svo hún hallast.

Enn annað geymslúhús. Með 4 stöfum, 3 bitum, 2 syllum, mænirtróðu á dvergum, greniviðar upprefti. Hurð á járnum, hespu og keng og litlu bjórþili. Húsið að viðum vel standandi og veggir við sæmandi.

Lítill kofi út á hlaðinu. Reftur um 1 ás. Hrörlegur að viðum og veggjum.

Skreiðarhús. Með 7 stöfum, 4 bitum, vegglaegjuásam, ás á dvergum, upprefti af greni. Annar hliðveggur nýr en hinir stæðilegir. Húsið af Eyjólfri uppgjört. Með hurð á járnum, hespu og keng.

Smíðjuhús. Með 6 stöfum, 3 bitum, ás á dvergum og upprefti af greni. Hurð á járnum, hespu og keng. Húsið að viðum og veggjum vel standandi, af Eyjólfri uppgjört.

Fjárhús suðu[r] á vellinum. Með 2 grenistoðum, brotnum greniás og grönnu greniviðar upprefti. Hurð fylgir húsinu. Veggir hússins stæðilegir.

Annað fjárhús. Reft um einn ás. Stæðilegt að viðum og veggjum.

¹ Þí. Skjalasafn umboðanna. Munkaþverárklostursumboð VII/5. Úttektir 1761-1798.

Eitt kúgildi fylgir jörðinni sem eru 6 ær, 4 fjöggra vetra og 2 mjög gamlar.
2 gamlir hjallásar fylgja jörðinni, annar 9 en annar 10 álna, með trönum² undir.

Þetta framan og ofan skrifað, að svo fram farið hafi, vitna undirskrifaðir, ásamt hlutaðeigendunum.

Oddur Gottskáلكsson, Ásmundur Helgason, Eyjólfur Jónsson, Þorlákur Þórarinnsson

[Básar]³

6 Eldhús, ...[3] stafgólf. Með 4 stöfum, 2 bitum, upprefti af greni. Stæðilegt að viðum og veggjum.

7 Annað eldhús í 2 stafgólfum. Með 6 stöfum, 3 bitum, 2 syllum, þrennum sperrum og dvergum á bitum, upprefti af greni. Húsið stæðilegt að viðum og veggjum.

8 Búrhús, að veggjum stæðilegt en til víða að falli komið. Með hurðarflaki.

9 Annað búrhús. Með 1 ás og bita. Veggir gamlir, þó stæðilegir. Upprefti af gömlu og fúnu greni.

10 Þriðja búrhús þar fram af. Með 6 stöfum, 3 bitum, syllum lösum, einum ás og 2 dvergum, upprefti af fúnu greni. Annar stafnveggur stæðilegur, hinir lasnir. Hurð á járnum með hespu og keng.

11 Fjórdi búrkofi. Reftur um einn ás. Hrörlegur að viðum og veggjum.

12 Göng frá baðstofu til anddyra, að falli komin til yfirgrindar. Annar veggur stæðilegur, 2 faðmar hinu megin að falli kom[n]ir.

13 Bæjardyr. Með 4 stöfum, 2 bitum, 2 syllum, einum sperrum, mænirtróðu, upprefti af greni. Lasið þil framan undir, dyrustafir, með lasinni hurð á járnum með járnloku.

14 Skemma í 2 stafgólfum. Með 6 stöfum, 2 syllum, áfellum, 3 bitum, þrennum sperrum, 2 langböndum, mænirtróðu og upprefti af greni. Laslegt þil framan undir, hurð á járnum með tréloku.

15 Skemma í 2 stafgólfum. Með 6 stöfum, 2 syllum og áfellum, 3 bitum, þrennum sperrum, tveim langböndum, mænirtróðu og upprefti af greni. Laslegt þil framan undir, vantar 1 fjöl í bjórþil. Hurð á járnum með dyrastöfum, hespu og keng. Veggir til beggja hliða stæðilegir en stafninn liggur á skemmumni svo hún hallast.

16 Annað geymsluhús. Með 4 stöfum, 2 bitum, 2 syllum, mænirtróðu á dvergum, greniviðar upprefti. Hurð á járnum með hespu og keng og litlu bjórþili. Húsið að viðum vel standandi og veggir við sæmandi.

17 Lítill kofi út á hlaðinu. Reftur um 1 ás. Hrörlegur að viðum og veggjum.

18 Skreiðarhús. Með 7 stöfum, 4 bitum, veggslæguásam, upprefti af greni. Annar hliðveggur nýr en hinir stæðilegir. Með hurð á járnum með hespu og keng.

19 Smiðjuhús. Með 6 stöfum, 3 bitum, ás á dvergum og upprefti af greni. Hurð á járnum með hespu og keng. Húsið að viðum og veggjum vel standandi.

20 Fjánhús suður á vellinum. Með 2 grenistöðum, tvíbrotnum greniás og grönnu upprefti. Hurð fylgir húsinu og veggir stæðilegir.

21 Annað fjánhús. Reft um einn ás. Óstæðilegt að viðum og veggjum.

2 gamlir hjallásar fylgja jörðinni, annar 9 en annar 10 álna, með trönum undir.

Eitt kúgildi fylgir jörðinni sem eru 6 ær, fjórar fjöggra vetra og 2 mjög gamlar.

Undir hafa skrifað,

Oddur Gottskáلكsson, Ásmundur Helgason, Eyjólfur Jónsson

Neðri-Sandvík

² Óljóst.

³ Á hefti sem liggur hér með er komið inn í úttekt á Básam, sem líkist mjög þeirri frá 1763 en það vantar upphafið. Í sama hefti er úttekt á Neðri-Sandvík (hér á eftir) frá 1770 og er þessi úttekt væntanlega frá svipuðum tíma.

Neðri-Sandvíkur húsa uppskrift í Grímsey anno 1770, þá Grímur Þorgrímsson við tók en jörðin hafði staðið óbyggð að undanfögnu:

- 1 Baðstofa í 2 stafgólfum, fúin og að falli komin. Veggir sémilegir.
 - 2 Búrhús. Reft um einn ás, með einum bita, sémilegt að yfirgrind. Annar langhliðarveggur hrjáður. Fylgir og dyra umbúningur.
 - 3 Eldhús stæðilegt að veggjum og viðum.
 - 4 Kofi í 2 stafgólfum. Reftur um einn ás, með einum bita, 2 stöfum. Lösnum dyra umbúning, hurð á járnum, stæðilegur að viðum en annar langhliðarveggur fallinn.
 - 5 Kofi. Reftur um einn ás. Stæðilegur að veggjum og viðum.
 - 6 Göng frá baðstofudyrum til útidyra. Lasin að yfirgrind, fallin að veggjum.
 - 7 Bæjardyr. Með litlu bjórþili að ofan, hurð á járnum.
 - 8 Hús út á hlaðinu, fallið að veggjum og viðum.
 - 9 Fjárhúskofi fyrir 10 kindur. Stæðilegur að veggjum og viðum.
- Undirskrifaðir eru,
Oddur Gottskálksson, Halldór Halldórsson, Árni Brandsson, Grímur Þorgrímsson

[Syðri]-Grenivík

Húsa uppskrift í Grenivík í Grímsey.

Anno 1779, í maí mánuði um vorið, voru jarðarhúsin að Grenivík í Grímsey uppskrifuð eftir viðskilnað Jóns heitins Þorvaldssonar, að forlagi lögmansins Sveins Sölvasonar, af okkur undirskrifuðum mönnum og fundust svo á sig komin sem eftir fylgir:

- 1 Baðstofa. Með 6 bitum, 12 stöfum og sperrum yfir, syllum tveimur og einum⁴ langböndum. Uppreft af fornum og nýjum grenivið. Nýuppbyggð að viðum og veggjum. Vel stæðileg ónstofa móti baðstofudyrum, með fjórum stöfum, 2 bitum, tvennum sperrum, tveimur syllum og einum langböndum, upprefti vænt af greni, að viðum og veggjum stæðileg. Hurð fyrir baðstofunni á járnum, járnklinku við temmilegan dyra umbúning.
- 2 Búrhús. Með 4 stoðum, tveimur bitum, dvergum tveimur og tveimur vegglægjuásam, mænirtróðu og upprefti af greni. Veggir stæðilegir. Dyrustafir hússins tveir, með hurðarflaki. Það stæðilegt.
- 3 Annað búrhús. Með 5 stöfum, 3 bitum, tvennum sperrum, mænirtróða og upprefti annarrar hliðar hússins sémilegt, hins vegar fallið að viðum. Veggir allir fallnir.
- 4 Þriðja búrhús. Með 6 stöfum, tveimur bitum, tveimur vegglægjuásam, upprefti af greni sémilegt. Veggir sémilegir. Dyrustafir 2 með hurð á járnum. Húsið stæðilegt að viðum og veggjum.
- 5 Eldhús. Með 6 stöfum, þremur bitum, þrennum sperrum og mænirtróðu og þremur dvergum, tveimur vegglægjuásam, upprefti af greni. Húsið að viðum og veggjum vel stæðilegt.
- 6 Húskofi fram í bænum. Með 4 stöfum, tveimur bitum, tveimur vegglægjuásam, mænirtróðu og upprefti af greni. Húsið að viðum og veggjum vel stæðilegt.
- 7 Hlaða innan bæjar. Fallinn annar[s] og⁵ hins vegar með pörtum nýtandi. Veggir stæðilegir.
- 8 Bæjargöng frá baðstofu til skellidyra. Öll með 15 stöfum og þvertrjám yfir mænirtróðu og upprefti sémilegt. Veggir stæðilegir. Skellihurð á járnum með sémilegum dyra umbúningi. Frá skellidyrum til útidyra 6 stafir, 2 syllur — önnur brotin — tvennar sperrur, tvö langbönd, mænirtróða og upprefti ýtt. Dyrustafir með hurð á járnum, gróp, þil fyrir ofan og neðan bita og aursylla undir. Dyrnar að viðum og veggjum vel stæðilegar.
- 9 Geymsluhús úti við. Með tveimur bitum, fjórum stöfum, tvennum sperrum, tveimur dvergum, mænirtróða og upprefti af greni sémilegt. Hurð á járnum, tveir dyrustafir með dyrutré og bjórþil yfir. Húsið að viðum og veggjum sémilegt.

⁴ Óljóst.

⁵ Óljóst.

10 Fjánhús með garða umbúningi. Tveimur ásum, einum bita yfir um þvert og tveimur stoðum undir. Að allri bygging vænt og vel stæðilegt.

11 Smiðjuhús fyrir austan bæjardyr. Með fjórum stöfum, tveimur bitum, tveimur vegglægjuásum, mænirtróðu og tveimur dvergum undir upprefti af greni. Veggir stæðilegir. Hurð á járnum með dyrustöfum og dyratré.

12 Fjánhús og hlaða, af ábúendum viðaukið bæjarhús, höfðu og áður staðið. Hvöru tveggja nýtt og vel stæðilegt.

Hús sem sál. Antoníus einasta við komu:

1 Geymsluhús fyrir sunnan bæinn, fallið að viðum og veggjum. Tveir faðmar að lengd en einn á breidd, þó sumum viðum nýtanlegum.

2 Geymsluhús þar innar af, með sama vexti og sama ásigkomulagi.

3 Hús við sjóinn, fallið að veggjum og viðum, viðlíkt hinum að vexti og öllu ásigkomulagi.

Fyrir uppskriftinni voru,

Magnús Magnússon á Stóra-Hamri og Oddur Þorvaldsson á Syðri Varðgjá

Syðri-Grenivík

Anno 1783, þann 12. maí, voru uppskrifuð húsin á Syðri-Grenivík, og fyrirfundust sem fylgir:

1 Badstofa, í fjórum stafgólfum. Með 10 stöfum, 5 bitum, syllum á hvörja hlið, einum langböndum á hvörja hlið, mænirtróðu, þéttreft af greini. 4 rúmstafir undir bitum í öðrum enda og einn við tröppu. 2 aurstokkar, hurð með dyrustöfum á járnum. Húsið nýlega uppgjört með vænum viðum.

Eitt stafgólf innar af badstofunni, með 2 bitum, 6 stöfum, 2 syllum, einu langbandi á hvörja hlið, 2 sperrur, upprefti af greni.

2 Eldhús í 2 stafgólfum. Með 3 bitum, 6 stöfum, 3 dvergum undir einum einlægum ás og vegglægjum á bitahöfðum, upprefti af greni. 2 þvertré yfir dyrum. Húsið fyrirtaks vænt að veggjum og viðum.

Búr austur í bænum, 2 stafgólf. 2 bitum og 6 stoðum, vegglægjum, með greniás á tveimur dvergum, uppreftið af greni. 3 dyrastafir með 2 þvertrám. Húsið vel stæðilegt að veggjum og viðum.

Tvö búrhús þar fram af. Með 2 bitum, 5 stoðum, einlægum greniás á tveimur dvergum, vegglægjum og upprefti af greni. Hurð á járnum með hespu og keng. Húsið vænt og vel stæðilegt.

Hlaða. Með 2 bitum, 8 stoðum, reft um einn þríaukinn ás, uppreftið af greni og húsið sæmilega stæðilegt að viðum og veggjum.

Hús fyrir norðan fram í bænum. Með 4 stöfum, 2 bitum og einlægum vegglægjum og einlægum ás á 2 dvergum, uppreftið af greni. 2 dyrastafir og hurð á járnum.

Annar kofi fyrir norðan fram. Með 2 bitum, 4 stöfum undir vegglægjum, einlægum ás á dvergum og upprefti af greni. Húsið nýtt og í besta standi.

Göng frá búrsdyrum og að anddyrum. Með 19 bitum, 14 stoðum, reft um 1 ás með greni. Vel uppgjört að viðum og víðast sæmilegir veggir. Hurð á járnum fyrir anddyrum.

Bæjardyr. Með 6 stöfum, 2 bitum, 2 syllum, 2 sperrum, 2 langböndum og mænirtróðu, uppreftið af greni. Þverþil báðu megin bæjardyra undir bita, standþil í bjór fyrir ofan bita, hurð á járnum. Húsið nýtt og vel stæðilegt að veggjum og viðum.

Hús sunnan undir bæjardyrum. Með 2 bitum, 4 stöfum, einlægum ás á 2 dvergum, vegglægjur og uppreftið af greni. Húsið stæðilegt að veggjum og viðum.

Skemma suður á hlaðinu. Með 3 bitum, 5 stöfum, 3 bitum,⁶ vegglægjum og einlægum greniás, 1 sperrur á fremsta bita. Slagþil framan undir. Uppreftið af greni. Hurð á járnum með hespu og keng. Húsið nýtt og stæðilegt að öllu.

⁶ Stendur svo.

Skreiðarhús áfast við skemmuna. Með 2 bitum, 4 stöfum, 2 syllum, ás á dvergum, uppreftið af greni. Lítið bjórþil yfir dyrum, hurð á járnum. Stafnveggur fallin, hinir stæðilegir.

Skreiðarhús suður á hlaði. Með 6 stöfum, 3 bitum, 2 syllum, þrennum sperrum⁷ og einlægri mænirtróðu, upprefti af fjalvið og greniröftum. Fordyri fram af, með einum sperrum á bita og slagþili framan undir. Hurð á járnum með einum qvaðrasta.⁸

Smiðjuhús suður frá bænum. Með 2 bitum og 2 greniásum, 4 stoðum, uppreftið af greni. 4 dyrastöfum, hurð á járnum með hespu og keng.

Hús niður á vellinum. Með 6 stöfum, 2 bitum, 2 syllum, uppreftið af greni. Húsið laslegt mjög.

Fjárhús fyrir 30 kindur. Með 1 bita, 7 stoðum, reft um 2 ása og uppreftið af greni.

Hlaða. Með einum bita, 5 stoðum, 2 ásum og upprefti af greni og einlægri veggægju á aðra hlið. 2 garðastokkar í húsinu. 4 dyrastafir með hurð.

Annað hús. Með 1 bita, 3 stoðum, 2 hliðásum og einni mænirtróðu, uppreftið af greni. Einum garðastokk. Fordyri fram af. Uppreft af greni og lit[um] capitula⁹ út af.

Jörðinni fylgja 6 ær í kúgildi, allar í sémilegu standi upp á aldur.

Hér að ofan skrifað vottum við undirskrifaðir, ár og dag sem upphaflega greinir.

Oddur Gottskálfsson, Alexander Jónsson; Grímur Þorgrímsson meðtökumaður jarðarinnar

[Ath.] Sandvík¹⁰

Þeir fémunir sem Árni Eiríksson á Sandvík geldur í tveggja ára landskuldir eftir Sandvík:

Vídalínspostilla lasin, 20 álnir.

Kvenhempa, 25 álnir.

Peysa¹¹ með kraga, klæðisbolur en p[r]jónaermar, 20 álnir

Flanelssvinta, svört og rauð, 15 álnir.

Raskpils rautt, 30 álnir.

Dúnn, 40 álnir.

Þetta ofanskrifað var Oddi Gottskálfssyni á Dagverðareyri afhent í okkar undirskrifaðra viðurvist,

Magnús Magnússon, Þorlákur Guðmundsson

Neðri-Sandvík

Anno 1784, þann 14. júní, voru uppskrifuð jarðarhúsin á Neðri-Sandvík í Grímsey af undirskrifuðum mönnum af forlagi hr. klausturhaldarans, séra Erlendar Hjálmarssonar, og fyrirfundust sem fylgir:

1 Baðstofa, í þremur stafgólfum. Fallin að öllu leyti til viða og veggja.

2 Búrhús. Með einni stoð, einum bita, einlægum á yfir dverg á bitanum. Upprefti af greni, stoð undir öðrum enda bitans. Allir viðir mjög fúnir. Veggir stæðilegir. Hurðarflak á járnum með hespu og keng.

3 Eldhús í 2 stafgólfum. Með 5 stoðum, 3 bitum, veggægjuásum, einlægum ásum af greni. Veggir stæðilegir. Þvertré yfir dyrum með einum staf.

4 Hús fram í göngunum, 2 stafgólf. 2 stoðum, einum bita, veggægjuásum, einlægum ás með dverg undir á bita, upprefti af greni. Dyra umbúningur með hurð á járnum, hespu og keng. Veggir stæðilegir.

5 Kofi vestan fram í gögnunum, reft um einlægán ás. Veggir stæðilegir.

⁷ Orðið er nokkuð krabbað.

⁸ Verður helst lesið svo.

⁹ Stendur svo.

¹⁰ Ritað aftan á hefti þar sem í er færð úttektin á Syðri-Grenivík 12. maí 1783.

¹¹ Það stendur „peiga“ eða „teiga.“

6 Bæjargöngin. Með níu bitum, fjórum stoðum og syllum frá bæjardyrum, eitt stafgólf, einum sperrum, einum langböndum og vel uppviðað fremsta stafgólfið. Innri parturinn laslegur og einn biti brotinn. Mænirtróða í 6 pörtum á finn dvergum. Upprefti og veggir sumpart laslegt. Biti yfir bæjardyrum með bjórþili yfir og vindskeiðum, stafir fimm undir bita, sín fjöl hvörju megin, dyrustafir, aurstokkur undir, hurð væn á járnum.

7 Hús fast við bæinn. Með þremur stoðum, syllum beggja megin, reft með greni um vænan einlægán greniás. Dyra umbúningur, biti yfir og lítið bjórþil, hurð á járnum með hespu og keng. Veggir lasnir.

8 Skemma vestan undir bænum, 2 stafgólf. 6 stöfum, þremur bitum, þrennum sperrum, einum langböndum, einlægri mænirtróðu brotnri,¹² upprefti af greni. Gróppili fyrir ofan og neðan bita, hurð á járnum með hespu og keng, samt tilhlýðilegum dyrastöfum. Langhliðarveggur annar mjög lasinn en hinir stæðilegir.

9 Fjárhúskofi út á vellinum. Reftur um einn ás. Lasinn að viðum og veggjum. Dyrustafir með lausu hurðarflaki.

Jarðarinnar kúgildi fallið.

Þessu til staðfestu eru okkar undirskrifuð nöfn,

Magnús Magnússon, Alexander Jónsson

[Syðri]-Grenivík

Anno 1784, þann 14. júní, voru jarðarhúsin á Grenivík í Grímsey uppskrifuð eftir viðskilnað Margrétar Jónsdóttur og Gríms Þorgrímssonar, eftir forlagi hr. klausturhaldaran[s] séra Erlendar Hjálmarssonar, af okkur undirskrifuðum, og fundist svo á sig komin sem fylgir:

1 Baðstofa. Með 5 bitum, 10 stöfum og sperrum, yfirsyllum og langböndum, mænirtróðu, upprefti af greni. Stæðileg að viðum og veggjum. Hús móti baðstofudyrum, með fjórum stöfum, tveimur bitum, 2 sperrum, tveimur syllum og einum langböndum, upprefti af greni. Að veggjum og viðum stæðileg. Hurð fyrir baðstofunni á járnum og sæmilegum dyra umbúningi.

2 Bæjargöng frá baðstofu til skellidyra. Öll með 13 stöfum, þvertrjám yfir, upprefti af greni sæmilega í standi. Veggir mestpart stæðilegir. Skellihurð á járnum með tilhlýðilegum dyra umbúningi. Frá skellidyrum til útidyra 7 stafir, 2 syllum — önnur brotin — tvennar sperrur, tvenn langbönd, mænirtróða, upprefti af greni. Dyrustafir með hurð á járnum, gróppili fyrir ofan og neðan bita og aursylla undir. Veggir stæðilegir.

3 Búrhús með sama ásigkomulag og uppskriftin af 1779 frá skýrir.

4 Hús þar innar af. Með 6 stöfum, þremur bitum, 4 máttarröftum, vegg-lægjuásum, dvergum á bitum, mænirtróðu, upprefti af greni. Veggir stæðilegir. Hurðarlaust.

5 Búrhús fram í bænum. Með 5 stöfum, tveimur bitum, 2 vegg-lægjuásum, upprefti af greni. Veggir sæmilegir. Dyrustafir með hurð á járnum. Stæðilegt að viðum og veggjum.

6 Eldhús. Með 6 stöfum, 3 bitum, þrennum sperrum, mænirtróðu, þremur dvergum, 2 vegg-lægjuásum, upprefti af greni. Veggir stæðilegir.

7 Húskofi, með sama slag og um getin uppskrift um talar.

8 Hlaða innan bæjar. Fallin að viðum og veggjum.

9 S[m]iðja fyrir austan bæjardyr. Með sama slag og nefnd uppskrift greinir, nema annar vegg-lægjuásinn brotinn.

10 Skemma. Með 5 stöfum, þremur bitum, syllum, tvennum sperrum, einlægri mænirtróðu, upprefti af greni. Slagþili framan undir, aurstokk, dyrustafir, hurð á járnum með hespu og keng. Húsið stæðilegt að viðum og veggjum.

11 Geymsluhús þar hjá. Með 6 stöfum, 2 bitum, syllum, mænirtróðu með tveimur dvergum, upprefti af greni. Veggir stæðilegir. Biti yfir dyrum með litlum sperrum og bjórþili, dyrustafir með hurð á járnum, hespu og keng.

¹² Stendur svo.

12 Geymsluhús nýtt. Með 6 stöfum, 3 bitum, þrennum sperrum, 2 syllum, einlægri mænirtróðu, upprefti af greni. Með sæmilegum dyrustöfum og hurð á járnum, bita yfir dyrum með slagþili.

13 Geymsluhús þar við fast. Með 4 stöfum, 2 bitum, langband á aðra hlið, einlægum mænirás og tveimur dvergum, upprefti af greni. Dyrustafir með hurð á járnum, með hespu og keng. Veggir stæðilegir.

14 Fjánhús, með sama ásigkomulagi og áðurnefnd uppskrift um getur.

15 Annað fjánhús, með jötu við langhliðarvegg. 2 stoðir í miðju húsi undir bita og önnur undir ás, upprefti af greni. Húsið allt að viðum og veggjum vel stæðilegt. Með lausri hurð. Fordyri fram af húsunum með litlum kofa út af. Þetta stæðileg[t] að viðum og veggjum.

16 Hús vestur við mölina,¹³ fallið að viðum og veggjum.

Kúgildir fallið.

Þessu til staðfestu eru vor undirskriftuð nöfn,

Magnús Magnússon, Alexander Jónsson

Syðri-Grenivík

Uppskrift á jörðunni Grenivík syðri í Grímsey, árið 1786.

1 Badstofan. Með 10 stöfum, tveimur syllum einlægum, 5 bitum og 5 sperrum, langbönd einaukin með mænirtróðu, upprefti af greni. Vel stæðileg að viðum og veggjum. Hús innar af badstofu, með einu stafgólfi. Hrörleg[t] að viðum og veggjum. Badstofuhurð með hrörlegum járnum, skellihurð með tréhjörum og vænum dyra umbúningi.

2 Búr innar af öðru búi. Með 6 stöfum, þremur bitum og dverg á tveimur, vegglægjuásam, mænirtróðu einlægri, upprefti af greni. Vantar tvo rafta. Vel stæðilegt að öðru.

3 Annað búr fram af hinu. Með 4 stöfum og tveimur bitum og dverg á báðum, einlægri mænirtróðu, tveir vegglægjuásar. Önnur hlið stæðileg en önnur hrörlegri. Með dyra umbúningi laslegum, hurð á járnum laslegum með fadms löngum rangala fram af, vel stæðilegum að viðum og veggjum.

4 Eldhús, vel stæðilegt að viðum og veggjum. Með 6 stöfum, þremur bitum og dverg á öllum, vegglægjuásam með mænirtróðu, upprefti af greini.

5 Göng frá eldhúsdryum til badstofudyra. Með 5 stöfum, þremur bitum, upprefti af greni á bita. Góðum vegg öðru megin, nokkuð hrörlegum öðru megin. Önnur göng frá badstofudryum til búrðyra. Með þremur stöfum, þremur bitum, dverg á öllum, mænirtróðu brotnri¹⁴ og vegglægjuás brotnum, með sæmilegu upprefti. Stæðilegum vegg öðru megin en nokkuð hrörlegum öðrum megin.

6 Búr fram í bænum. Með fjórum stöfum, tveimur bitum og dverg á báðum, tveir vegglægjuásar, með einlægri mænirtróðu, upprefti af greni. Stæðilegt að viðum og veggjum. Hurð á járnum með hespu og keng.

7 Göng frá búrsdryum til bæjardyra. Með 10 stöfum, 5 bitum, tveimur dvergum og tvennum sperrum, tveimur syllum — önnur stæðileg en hin önnur brotin, fallin þar fyrir — einlægum langböndum og mænirtóðu, sæmilegu upprefti. Fallinn gangapartur fyrir innan, frá innri bæjardryum til fremri búrsdrya.

8 Hús framarlega í bænum. Með 4 stöfum, tveimur bitum og dvergum á, einlægum vegglægjuásam og mænirtróðu, upprefti afgreni. Stæðilegt að viðum og veggjum.

9 Bæjardyra umbúningur stæðilegur, með góðu bjórþili, hurð á járnum.

10 Hús fyrir austan bæjardyr. Með 4 stöfum, tveimur bitum og einum dverg, einum vegglægjuás, einlægri mænirtróðu, upprefti af greni sem eftir er, 15 raftar burt teknir. Fallið þar fyrir og gagnfúíð sem eftir er af raftviðnum. Með varanlegum veggjum. Hurð með hespu og keng.

¹³ Stendur svo.

¹⁴ Stendur svo.

11 Skemmuhús. Með 5 stöfum — gagnlitlir tveir af þeim — þremur bitum, dverg á stafnbíta en sperrur á dyrabíta, með veggglæguásum og einlægri¹⁵ mænirtróðu, upprefi af greni brúkanlegu að sjá. Hurð á járnum með hespu og keng, með slagþili framan undir fyrir ofan og neðan bita. Með hrörlegum veggjum, uppbot með þurfandi.

12 Annað skemmuhús. Með 4 stöfum, tveimur bitum, með tveimur dvergum, einlægum syllum, einlegu langbandi annars vegar en öngvu annars vegar, einlæg mænirtróða, upprefi [af] greni laslegu. Fallið að veggjum. Hurð á járnum með tveimur dyrustöfum og lítlfjörlegu þili framan undir.

13 Þriðja skemmuhús. Með 6 stöfum, tveimur syllum einlægum, þremur bitum, þrennum sperrum, einlægri mænirtróðu, upprefi af fjalvið og rafvið. Hurð á járnum með hespu og keng og tveimur dyrustöfum, sín fjöl hvörju megin dyra. Húsið vel stæðilegt að viðum og veggjum.

14 Smiðjukofi. Með 4 stöfum, tveimur bitum, tveimur dvergum einu langbandi á aðra hlið, mænirtróðu einlægri, upprefi af greni sémilegu. Stæðilegt að veggjum.

15 Fjánhús. Með 5 stöfum, einum bita — tvö stafgölf — langbönd í fremra, tveir ásar — annar einlægur en annar í tvennu lagi — með dverg undir á bita, upprefi af greni. Húsið er vel stæðilegt að viðum og veggjum. Tveir dyrustafir með dyrutré í milli og hurð fylgjandi.

16 Hlaða innar af. Með 5 stöfum, einlægum veggglæguás, annars vegar biti í miðri hlöðu, með dverg á, langband á aðra hlið aukið, mænirtróða brotin. Viður og upprefi af greni. Stæðileg annars að viðum og veggjum.

Til staðfestu vor undirskrifuð nöfn, á Syðri-Grenivík, d. 6. júní 1786,

Árni Brandsson, Benedikt Magnússon, Þorsteinn Guðmundsson, Guðmundur Magnússon, Vilhjálmur Jónsson

Neðri-Sandvík

Anno 1792, þann 18. júní, voru bæjarhúsin að Sandvík neðri í Grímsey uppskrifuð, að viðverandi hreppstjóranum Vilhjálmi Jónssyni og Jóni Björnssyni, samt frá jörðinni farandi hennar fyrrverandi ábúanda Guðmundi Magnússyni og tiltrædende Jóni Þorsteinsyni. Fyrirfannst svo jörðin sem hér eftir fylgir:

Badstofan, [í] 2 stafngölfum. Með tvennum sperrum, þremur bitum, 8 stöfum, auknum mæniás, dverg af einum bita til ásenda, einlægum veggglægjum beggja megin en upprefi sémilegt af greni. Tilhlýðileg hurð á járnum með tveimur dyrustöfum, þreskuld og lítilli fjöl yfir dyrum. Veggir stæðilegir.

Göng frá badstofu til skellidyra. Með þremur bitum, 1 staf, upprefi sémilegt. Dyrustafir 2 og hurð á járnum, með þreskuldi. Veggur annar í standi en annars vegar lasinn.

Göng til eldhúsdýra. Með 4 bitum, dverg á einum og stoð undir tveimur, upprefi af greni¹⁶ sémilegt, en vantar 4 rafta öðrum megin. Veggir stæðilegir.

Eldhús í 2 stafngölfum. Með 3 bitum og dvergum á, samt 5 stoðum, mæniás tvílagður, upprefi sémilegt og veggir stæðilegir.

Göng frá skellidýrum til bæjardýra. Með 4 stoðum, bitum 3, einlægum mæniás, upprefi sémilegt utan vantar 3 smárafta. Veggir, annar stæðilegur en hinn moldrunninn í einum stað.

Bæjardýr. Með 1 bita, 2 stöfum, sperrum einum, syllur tvær, langböndum og einlæg mænirtróða og reisiraftur af greni, vantar 1. Veggir stæðilegir. Hurð tilhlýðileg á járnum með tveimur dróttum og dyrastöfum, skúrfjöl, sín fjöl hverjum megin dyrustafa og hornstafir 2, standþil fyrir ofan bita og sperrur en að neðan aurstokkur og þreskuldur, kengur af tré og trésneril.

Búr. Með einlægum ás, 2 stoðum, einum vagli, upprefi hrörlegu, sumstaðar fúnu og vantar í 2 rafta. Veggglægjur báðum megin í öðru stafngólfi en í öðru annars vegar. Veggir stæðilegir nema hjá dyrum moldrunnir. Með hurð á járnum, hespu og keng, þreskuldi og dyratré.

¹⁵ Orðið krabbað.

¹⁶ Óljóst.

Skemma í 2 stafgólfum. 3 bitum, 3 sperrum, 6 stoðum, syllum báðum megin og áfellum, einlæg langbönd og tvíaukin mænirtróða, upprefti nýtt og gott af greni. Hurð á járnum með hespu og keng. Dyrustafir 2 — annar með krókum — skúrfjöl og önnur til bita, öðrum megin fyrir neðan bita 2 fjalir, öðrum megin 1, bjórþil á bita með vindskífum. Húsið er nýbyggt að viðum og veggjum. Aurstokkur að neðan undir þili.

Þak á öllum húsum gott og þrifalegt.

Hér að auki vantar til jarðarinnar búrkofa, sem þá var fallið bæði að veggjum og viðum, þegar notað var, með grautfúnu upprefti og öðru ...tur¹⁷ var 15 fiskum, hér ef er eftir hurðin virt 4 fiskum, allt svo kemur Guðmundi til (þar hann fyrir rekaleysis sakir hefur ómögulega getað byggt kofann aftur), að betala fyrir hann 11 fiska virði.

Að þetta hér að framan og ofan skrifað sé rigtugt, vitna undirskrifaðir, sama dag, ár og stað sem fyrr segir.

Vilhjálmur Jónsson, Árni Illugason, Guðmundur Magnússon, Jón Þorsteinsson, Jón Björnsson

Neðri-Sandvík

Anno 1803, þann 7. maí, voru húsin í Neðri-Sandvík álitin og uppskrifuð og fyrirfundust svoleiðis:

1 Baðstofa. Með aukinni mænirtróðu yfir tveimur stafgólfum, tvennum sperrum og 6 stoðum, tveimur bitum, einlægum veggglægjum, reisiraftar af greni yfir allri baðstofunni, sumpart fúnum, einkanlega í tveim hlutum baðstofunnar, vantar líka þrjá rafta í allt húsið og sá fjórði brotinn. Stoðir tvær og annar bitinn fúinn en þó uppi tollandi. Næstum fallin að veggjum, þó er stafnveggurinn lítið skárrí. Dyra umbúningur af greni, með tveimur stöfum, hurð á járnum og tréklínku fyrir.

2 Göng frá baðstofudyrum til skellidyra, fjórar álnir að lengd. Stæðileg að veggjum og viðum. Skellidyra umbúningur af greni, hurð á járnum laslegri. Göng frá skellidyrum stæðileg að viðum en hrörleg að veggjum.

3 Eldhús. Með þremur bitum og þremur stoðum. Tvö stafgölf að lengd. Tveir dvergar undir einlægum greniás. Annar stafnveggur fallinn, hinn er laslegur, þó uppi tollandi. Stæðilegt að viðum.

4 Göng frá skellidyrum til búrdyra. Með þremur þvertrjám, einni stoð og greniás yfir, upprefti af greni. Vantar fjóra rafta í þennan part.

5 Búr, fjórar álnir að lengd, þremur á breidd. Ás af greni og upprefti af sama. Stæðilegt að veggjum og viðum fyrir utan tvo rafta sem vanta. Dyra umbúningur af greni, hurð á járnum með hespu og keng, tillögð af ábúanda jarðarinnar.

6 Hlaða, eitt stafgölf. Með einlægum ás og dverg á brotnum bita og einni stoð undir, upprefti allt lélegt en þó ófúid. Helmingur veggja fallinn. Lítilfjörlegur dyra umbúningur af greni og hurðarflaki á járnum.

7 Faðms langt stykki gangna, frá búrdyrum til útidyra, fallið að viðum og laslegt að veggjum. Fremsti parturinn þrjár álnir. Með tveimur sperrum, einlægum mænirás, tveimur langböndum, tveimur syllum, fjórum stoðum og líka tveimur bitum. Önnur hlið í góðu standi að upprefti, hin önnur raftafá, þó ei fúid. Veggir laslegir.

[8] Bæjardyr af greni. Með sinni fjöl hvörju megin dyrustafa og lítilfjörlegu bjórþili, hurðarflak á járnum, allt þetta lélegt.

Að vestanverðu í vallarbarði partur ristur til elltorfs,¹⁸ sem ei sést hvað mikill er fyrir snjó og klaka, en þau húsatorfs flög sem í vellið voru nú sjáanleg er ekki núverandi ábúandi í sök.

Eftir framanskriðu er okkar undirskrifuð nöfn,
Jón Björnsson, Jón Kolbeinsson, Árni Þorsteinsson

¹⁷ Dauft og ólæsilegt, á líklega að vera „virtur.“ Bliðið er mjög máð hér á kafla.

¹⁸ Stendur greinilega svo, e.t.v. á að lesa „eldtorf“ og að átt sé við mó?

Neðri-Sandvík

Uppskrift á húsum tilheyrandi klausturjörðinni Neðri-Sandvík á Grímsey 1804

1 Baðstofa. Með 7 stoðum og einlægum áfellum beggja vegna, tvennum sperrum og 2 bitum og einum sundur söguðum, mænirtróða aukin í einu stafngólfi. Upprefti nær hér einlægt af áfellum til mænirtróðu, af hvörju margt virðist fúid og farið. Hliðarveggir að mestu fallnir en gaflar hrófs þessa álitast heldur stæðilegir. Dyrnar mynda allgóðir stafir, með þrepskuldi, lasið yfirtré og hurðarflak á nær því sundur ryðguðum járnum.

2 Göng frá baðstofu til eldhúsganga, 4 álnir á lengd, rétt stæðileg bæði að viðum og veggjum. Þaðan til eldhúsdýra er annar veggur sémilega standandi, hinn að mestu fallinn, sumt af upprefti sémilegt, hitt fúid og lítt nýtt.

3 Eldhús. Með þremur stoðum og þremur bitum, einlægri mænirtróðu, að upprefti vel stæðilegt. Annar gaflveggur fallinn, hinir brúkanlegir.

4 Búrhús. Með einlægri mænirtróðu, gisnu og slæmu upprefti og veggjum sémilegum. Dýra umbúningur allgóður, með hurð á járnum og tilhlýðilegum stöfum.

5 Göng frá eldhúsi til útidýra. Bæði víðalaus að mestu og fallin, nema fremsti partur ætti að heita lítið skárrí. Veggir sémilegir. Í miðjum göngum eru svokallaðar skellidýr með sémilegum stöfum og hurð.

6 Hlaða. Með einlægri mænirtróðu og stytta undir, einum brotnum bita og hrörlegu upprefti. Hér eru tvær áfellur, önnur brúkanleg, hin er þegar í sundur brotin. Dyrastafur annar nær óbrúkanlegur, hinn eldsmaður. Í þessu húsi er ólastandi yfir dyratré. Hurðarflaksnefna, brengluð og brotin, hangir hér á járnmyndum. Hliðarveggur annar fallinn, hinir ekki óstæðilegir.

7 Bæjar þil við sémandi, með gömlu hurðarflaki á járnum, dyrastöfum og þrepskildi ekki sem lökustum.

8 Þak á ofanskriðuðum bæjarhúsum gamalt og gróið, nema annars vegar á bæjardýrum, hvar það er mjög lasið.

Að framanskriðuð sé rétt álitid og útfært vitna undirskriðuðir,

Þorsteinn Gunnarsson, Guðmundur Þorláksson, Jóhannes Jónsson prestur

Syðri-Grenivík

Anno 1809, þann 30. júní, voru jarðarhúsin á Grenivík í Grímsey sem tilheyrandi Munkaþverárklaustri, af undirskriðuðum álitin og uppskriðuð, þegar Vilhjálmur heitinn Jónsson við skildi en Þorleifur Guðmundsson við tók, og fyrirfundust þau í eftirfylgjandi ásigkomulagi:

1 Baðstofa 3 1/2 stafngólf á lengd. 5 bitar, 10 stafir undir 5 sperrum, einlægur syllur, sitt langband á hvörri hlið aukið, óaukin mænirtróða brostin við aðrar endasperrur, þétt greni upprefti. Veggir gamlir og moldrunnin. Húsið list stæðilegt þegar 27 skildingar leggjast ofan á. Baðstofan er 3 álnir á breidd innan stafa.

Hús suður af baðstofu, 1 1/2 stafngólf á lengd, 3 álnir á breidd. 2 bitar, 6 stafir, þrennar sperrur, einlægur syllur, eitt langband á hlið og einlæg reisifjöl frá syllu til mænis. Húsið álist stæðilegt til víða og veggja.

2 Búrhús, 4 álnir á lengd, 3 á breidd. Með einum bita, tveimur stoðum undir einlægum mænirás, dverg undir á bita, 4 máttarraftar. Húsið langreft af greni, mestpart fúid og ónýtt. 2 dyrastafir og tré yfir. Veggir álitast stæðilegir. Ofan á húsið leggst 1 rix[dalur].

3 Annað búrhús, 4 álnir á lengd og 2 á breidd. Með 2 bitum, 4 stöfum undir einlægum mænirás, sinn dvergur undir hvörjum enda, sín veggleggja á hvörri hlið, uppreftið mjög fúid. Húsið að viðum og veggjum lítt stæðilegt. 2 dyrastafir undir bita og ný grenifjalahurð á járnum. Ofan á leggst 48 sk.

4 Eldhús, 6 álnir á lengd, 4 á breidd. 3 bitar, 5 stafir, veggleggjur á báðum hliðum, einlægur ás með 3 dvergum undir, 6 máttarraftar, upprefti þétt af greni. Húsið stæðilegt til víða og veggja.

5 Kofi innan bæjar, 4 álnir á lengd, 1 1/2 á breidd. 2 bitar, 4 stafir, einlægum mænirás, 2 dvergar undri einlægur veggleggjur — annar brotinn með stytta undir — uppreftið gamalt, þó enn ú

brúkanlegt. Dyrastafir og hurð af greni á járnum með hespu og keng. Veggir gamlir, þó stæðilegir. Hér ofan á leggst 24 sk.

6 Enn nú kofi innan bæjar, 3 álnir á lengd, 2 á breidd. 2 bitar, 4 stafir, einlægum mænirás, 2 dvergar undir, tvær veggglægjur — stoð undir annarri — upprefti lítt fúíð, af öðrum bita kofans er annar endinn fúinn. Tvö dyratré væn. Á kofann gjörist ekki álag.

7 Göng frá baðstofu til útidyra. Baðstofuhurð á tréhjörum gömul og dyrastafir eins, 2 hurðir í göngum, önnur á járnum hin á tréhjörum. Hurðunum fylgja dyrastafir. Í göngunum eru 6 bitar og 5 stafir, 2 bitar brotnir. Göngin hafa nóga viði og stæðileg að þessu nefnda fráteknu. Veggir stæðilegir að undanteknum faðms löngum parti. Ofan á göngin leggst 64 sk.

8 Úti bæjardyr, 6 álnir á lengd og 3 á breidd. Með 2 bitum, 4 stoðum, tvennum sperrum, óauknum syllum, 3 tré eftir endilöngum dyrunum væn, þétt upprefti af greni ófúnu. Bæjardyrastafir af greni og hurð á járnum, þverbiti í grópi beggja vegna bæjardyra en standþil yfir bita, aurstokkur með þili og þrepskjöldur. Þetta virðist stæðilegt. Annar hliðveggur lítt stæðilegur.

9 Skemma í 2 stafngólfum. Með 3 bitum, 6 stöfum, einum sperrum, einlægum greniás, veggglægjur á tvær síður, upprefti af greni ófúíð. Grenifjalahurð á járnum léleg, dyrastafir og þil undir sama skilyrði. Skemman hefur nóga viði en veggi ónýta.

10 Önnur skemma, í 2 stafgólfum á lengd, 3 álnir á breidd. 3 bitar, 6 stafir, þrennar sperrur, tvær syllur — önnur aukin, hin einlæg — sitt langband á hvörja hlið, einaukin mænirtróða, upprefti þétt á lagt af greni. Grenifjalahurð nýleg, rámuð, á járnum, dyrastafir og slagþil, með aurstokk undir og þrepskjöld, hornstykki fylgja. Húsið hefur yfirfljótanlega viði. Hálfir veggir að neðan en hitt reft til syllna. Húsinu hallar fram vegna áliggjandi stafnveggs. Hér ofan á leggst 1 rixdalur.

11 Enn nú skemma, 2 stafngólf á lengd, 4 álnir á breidd. 3 bitar, 6 stafir, þrennar sperrur, báðar syllur auknar, langbönd tvenn, uppreftið af ófúnu greni. Grenifjalahurð á járnum, dyrastafir og slagþil af greni, aurstokkur undir og vindskeiðir. Húsið er stæðilegt og nýtekið.

12 Fjánhús, 6 álnir að lengd og 3 að breidd. Með þremur bitum og 6 stöfum undir, veggglægju og upprefti af ófúnu greni, óaukinn greniás og 3 dvergar undir á bita. 7 dyratrés spýtur og 4 dyrastafir, tunnustafahurð á járnum. Húsið að viðum og veggjum stæðilegt.

13 Annað fjánhús. Reft um óaukna greniása, með 6 stoðum undir. Dyratré og stafir með fjalahurðarræfli setta fyrir. Upprefti hússins af ófúnu greni. Húsið að viðum og veggjum vel í standi.

14 Hlaða við þetta hús. Reft um óaukinn greniás, með þremur stoðum undir. Ásinn er brotinn. Uppreftið af ófúnu greni. Hlaðan að viðum og veggjum vel stæðileg.

Álag jarðarinnar er 3 rix[dalir], 67 sk.

Að þetta framan skrifað hafi svoleiðis verið á sig komið, vitna undirskrifaðir,

Þorleifur Guðmundsson, Vigfús Jónsson, Vigfús Árnason; svo sem tillitsmenn með upp á sterbúsins vegna presturinn eyjarinnar, A. Halldórsson, og hreppstjóri sama staðar Tómas Steinsson

Neðri-Sandvík¹⁹

Anno 1813, þ. 2. júlí, voru undirskrifaðir til staðar á Neðri-Sandvík í Grímsey að uppskrifa og úttaka þar verandi jarðarhús, sem Sigurður Magnússon frá víkur eftir 1 árs veru, en Bjarni Árnason við tekur. Byggingarbréfið var framvísað í hvörju fráfarandi skuldbindur sig eftir efli að hirða og rækta jarðarinnar tún, samt upp á eigin kostnað viðhalda og forbetra jarðarinnar hús, svo þau í góðu standi verði, nær við jörðina skilur, ella svara gildu álagi, og fyrirfundust húsin sem fylgir:

1 Baðstofa, 5 álnir á lengd og 3 álnir á breidd. Með 4 stöfum, 2 bitum og 2 sperrum og 2 veggglægjum í syllu stað — annarri einlægri en hinni aukinni — mænirtróða einlæg. Undirviðir hússins blautir, fúnir og hallflettir og að öllu illa standandi, ásamt gre[ni] langrefti mjög fúnu frá áfellum (veggglægjum) til mænirtróðu, að undanteknum parti á norðari hlið í öðru stafngólfi, sem er um of raftafár. Dyrustafanefnur af greni og fjalahurð á útrygguðum járnum. Álag á þetta hús 3 rd., 48 sk.

¹⁹ Fyrsta blaðið á þessari úttekt er mjög máð á jöðrunum.

2 Búr, rúmar 4 álnir á lengd og 3 álnir á breidd. Með einlægum mænirás og hvalbeins bita og sæmilegu upprefti af greni. Hurð á járnum með dyrustöfum og dyrutré í sæmilegu standi og húsið eins að viðum og veggjum.

3 Eldhús, 4 1/2 alin á lengd, 3 1/2 á breidd. Með 2 bitum og 2 ásum einlægum og 3 dvergum, ásamt sæmilegu greni upprefti og húsið skikkanlega standandi að viðum og veggjum.

4 Hlaða, 3 álnir á hvern veg. Með einlægum mænirás gömlum og gisnu og grönnu greni upprefti. Veggir hrörlegir. Álag á þetta hús 48 sk.

5 Göng til útidyra. Brá baðstofudyrum til anddyra 16 álnir og þar í standandi skellidyra umbúningur án hurðar, 4 bitar, mænirtróða, 2 dvergar — annar af tré en hinn af hvalbeini — og lítilfjörlegt upprefti og veggir umhverfis stæðilegir nú sem stendur. Göng frá eldhúsi til aðalgangna, lakir 2 fadmar, stæðileg að viðum og veggjum. Anddyri 4 álnir á lengd og 2 álnir á breidd. Með 4 stöfum, 2 bitum og 2 sperrum, 2 syllum, 2 langböndum og 1 mænirtróðu, upprefti þétt og niður hlaupið. Útibæjar dyrastafir með hurðarflaki á járnum, hespu og keng, snerli og handarhaldi, ein fjöl hvörju megin dyra og lítið bjórþil yfir. Álag á göngin öll 2 rd.

Til þessa álags tekst skemma, virt 6 rd., nú standandi á jörðinni og henni fylgjandi.

Sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir,

Sem úttektarmenn Tómas Steinsson, Vigfús Jónsson; sem hlutaðeigendur Bjarni Árnason, Sigurður Magnússon

Neðri-Sandvík

Þann 20. maí 1836 var ég til staðar að úttaka jörðina Neðri-Sandvík að viðverandi Ara Jónssyni sem viðtakanda og mér sjálfum, sem frávikjand[i]. Hér með álist jörðin sem síðar mun sagt verða:

1 Baðstofa, 8 álnir á lengd, 4 á breidd, 4 1/2 á hæð. Veggir flestir nýlegir og lítt gallaðir að manna sjón. 8 stafi — þar af 6 hálfir — bitar 2 nýlegir, sinn við hvörn stafn, og 2 skammbitar. 2 lausholt, sitt við hvörja hlið, einauknum, feysknum við vegg en þó viðamikil. Með einauknum áfellum í einu stafngólfu en nýjar í tveimur, feysknar en þó viðamiklar. Langbönd til beggja hliða. 4 sperrur með kálfum og aukinni mænirtróðu ga...llri²⁰ en þó brúkanlegri. Reisifjöl á eitt stafngólf, flestar brúkanlegar en raftviður á hinum tveimur stafngólfum í sama máta.

Baðstofan álist skikkanlega stæðileg, þó ekki frí frá að vera skekkt af veðri. Baðstofudyr með stöfum, hurð á járnum, með þrepskildi. Gjöríst álag 3 rd.

2 Göng frá baðstofudyrum til skelludyra, 6 álnir á lengd, 1 1/2 á breidd, 3 á hæð. Með tveimur bitum og stöfum, nýrri mænirtróðu, fínu upprefti. Veggir fúnir og moldrunnir en þó nokkuð stæðilegir. Gjöríst álag 1 rd.

3 Eldhús, 5 álnir á lengd, 4 á breidd, 4 á hæð. Með tveimur bitum, með dverg á öðrum mænirás og allur raftviður nýr. Húsið allstæðilegt. Rangali þar fram af, 7 álnir á lengd, 2 á breidd, 3 á hæð, með þremur bitum og dvergum þar á og mænirtróðu með feysknu upprefti. Gjöríst álag 48 sk.

4 Búrhús, 4 álnir á lengd, 3 á breidd, 3 á hæð. Með einum bita og dverg á, einlægri mænirtróðu, fúíð upprefti. Moldrunnir og gamlir veggir, stafn annar stæðilegur. Rangali þar fram af í sama máta. Gjöríst álag 4 rd., 48 sk.

5 Hlaða, 3 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með sterku upprefti og gömlum en þó stæðilegum veggjum en fallinn stafn. Gjöríst álag 48 sk.

6 Göng frá skelludyrum til bæjardyra, 9 álnir á lengd, 3 á breidd, 3 á hæð. Með fjórum bitum og dverg á tveimur, gott upprefti. Gjöríst álag á vegg 1 rd.

7 Bæjardyr, 3 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 1/2 á hæð. Með fjórum stoðum, tveimur lausholtum, tveimur bitum, áfellum, langböndum, mænirtróðu, raftvið. Standþil, hurð á járnum með þrepskildi á aurstokk. Allt nýtt og að viðum og veggjum.²¹

²⁰ Nokkrir stafir máðir.

²¹ Stendur svo en spurning hvort orðin „og að viðum og veggjum“ séu yfirstrikuð.

Á fjögur bæjarhús álags summa 10 rd., 48 sk.

P.S. Vegna minnar óhæðgar og jarðarinnar kringumstæða vék ég í burt í því tilliti að yður mundi það ei misþóknast, þar ég lét eftir þeim manni ábúð sem í öngvu var til jarðar byggingar miður fallinn en ég, utan í öllu betri og hagsýnari. Hér með leita ég í undirgefni til yðar, að þér í téðu vandræði vilduð ei misvirða mitt fyrirtæki, þar flestum áleist að ég hefði þetta gjört í fullar nauðsynjar. Hér með bið ég yður að byggja Ara Jónssyni að næstkomandi fard[ögum] jörðina Neðri-Sandvík, felandi yður þetta til bestu umsjár.

Efri-Sandvík, þann 25. maí 1836.

Yðar þénari,

Gunnar Jónsson

ÞÍ AA3 Kirkjustóll 1757-1839

Grímsey 1757, 1777 og 1778²²

Anno 1757, þann 8. júní, var prófasturinn sr. Hallgrímur Eldjárnsson nálægur í Grímsey, að úttaka kirkjuna sama staðar, að fráföllum sr. Þorláki Þórðarsyni, en viðtakandi sr. Eyjólfu Bjarnasyni, eftir honum útgefnu collationsbréfi af amtmanninum, Magnúsi Gíslasyni, af dato 29. desember 1756, og var hennar sérhvört ásigkomulag sem eftir fylgir.

Kirkjan sjálf 3 stafgólf, með 3 bitum undir sperrum, með syllum og áfellum, tvennum langböndum karlmannamegin, gegnfúin reisifjöl þar yfir í 2 innri stafgólfum en í fremsta stafgólfi tekin að fúna, en þó nokkuð varanleg. Hinu megin súðfjöl nýleg í fremsta stafgólfi, þó að ofanverðu niður hlaupin og þarf aðgjörðar. Í hinum 2 innri stafgólfum er súðfjölín fúaleg og í miðstafgólfinu helst vatnsrunnin. Gömul mænitróða tekin að fúna. Standpíl beggja vegna nýtilegt með tvísettum syllum að neðan, tekur standpílið báðu megin að hallast, þó helst að norðanverðu. Stafirnir eru að neðanverðu inn gengnar og teknir að fúna. 4 stólar með bríkum og bakslám, 12 þverbekkir þar að framan með stokkum, öllu þessu illa og ólaglega fyrir komið. Lítils háttar fúaslitur í framkirkjugólfi milli stóla og kvennamegin. Gisið gamalt standpíl og bjórþil framan undir kirkjunni með skammbitum og aurstokk að neðan. Hurð á 2 lömum, annarri brotinni, koparhringur skrapir í hurðinni, brotinn lykill, fánýt skrá, lasnar og lausar dróttir.

Kórinn er eitt stafgólf með 2 bitum og skammbita, 2 sperrum og höggsperrum einum. Báðum megin gömul súðfjöl en sumstaðar að vatnsrenna. Aursyllur og standpíl beggja vegna, lasnar og fúnar að norðanverðu, aursyllan af fúa inn hlaupin og standpílið burt dottið sumpart. Þeim megin endastafur kórsins burt dottinn og grautfúinn, einninn sama megin stafurinn milli kórs og kirkju, líka syllan þar yfir og sperrutáin vatnsrunnið og fúíð. Bjórþil milli kórs og kirkju stæðilegt. Standpíl milli kórs og kirkju norðan fram gamallet. Þverslá þar yfir og 4 skornir lítelfjörlegir pílárar. Hinu megin þverfjöl og smáspýtur undir standandi. Þar fyrir ofan skrúðaskápur í þil stað. Stafur undir bita við predikunarstól. Fjalagólfsslitur í kórnum lítelfjörlegt.

²² Kirknasafn. Miðgarðar í Grímsey AA1. Kirkjustóll 1757-1839 og Skjalasafn prófaste. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/2. Vísitásiubók 1751-1768 og AB/1. Úttektir staða og kirkna 1746-1881.

Vindskífur framan að kirkju og að kórbaki. Spóntjald gallað báðum megin í kórnum sem fyrri uppskriftir um geta. Dróttir milli kórs og kirkju og dyrastafir beggia vegna.

Öll bygging kirkjunnar hláleg og ósæmilega útlítandi einu guðshúsi. Hefur langalengi engin reparation við kirkjunnar bygging fram farið þar inntektir hennar eru mjög litlar sem síðar segir. Hefur því prófasturinn í ráði þessarar svo fátæklegu kirkju stóru bresti og nauðsyn, að bera fyrir háyfirvöldum og hennar patroner, hvar um hún mundi kunna að uppbyggjast svo Guðs orð mætti hneykslilaust þar í kennast, sóknarfólksins ásigkomulag svo fátæklegt, þar fyrir utan 2 menn er enginn í skiptitíund, að það sýnist ei kunna til kirkjunnar að leggja nema hvað það kynni að hennar uppbygging að þéna ef nokkur efni til fengist.

Ornamenta og instrumenta eru þessi:

Eitt rykkilín gamalt, þó sæmilegt. Fyrir það annað sem frá er gengið tilleggst nýtt rykkilín, í hvört gengið hafa 12 fiskar af lérefti á 12 fiska. Hökull af rauðþrykktu lérefti fóðraður, með krossi af tvíofnu töji rauðleitu. Annar af rauðþrykktu lérefti og bláleitum krossi af sama, gagnfúíð fóður undir, því án aðgæslu og umhugsunar er hætt við vegna eyjarinnar raka, að fljótlega skemmist þess háttar. Altarisklæði af rauðþrykktu kattúni með viðfestum altarisduík fánýtum nema til fóðurs undir klæðið, hvar við bætist nokkuð af því fúna rykkilíni, af hvörju skal takast í altarisduík sem prófasturinn tilsegir sr. Eyjólfí að láta það fyrsta ske. Annað altarisklæði af rauðþrykktu lérefti slitið, þó nokk brúkanlegt, fylgir slitinn altarisduík af rauðdröfnóttu lérefti, lítt brúkandi. Kaleikur af silfri með patínu gylltri, af sama. Gamall korpóralsdúkur af silki með vírkrossi. Baksturstokkur með dragloki tilhlýðilegu. Afgamalt skírnarfát af messing, brytt með eiri brostnu. 2 messings kertapípur, önnur heil, hin brostin á stéttinni og brotin um skrúfurnar, þriðja áður skrifuð forskrúfuð en nú með tré leiðrétt. Lítilsháttar ljósberi loklaus. Yfir kórðyrum stykki af segllérefti, gamalt og hrjáð, með álímdum rósarfarva. Klukka rifin og kólflaus sem í land þyrfti flytjast, framsenda og umsteypast. Önnur minni og rifin, hljóðlaus með kólfi. Þriðja lítil bjalla. Allar þessar á rambhöldum. Járnkarl lítilfjörlegur og óbrúkandi án aðgjörðar. Lítil reka varlaus. Rifrildi fúíð af forordningum nokkrum fylgir kirkjunni.

Veggir kirkjunnar lasnir og hrörlegir. Þakið gamalt, garður stæðilegur. Bækur fylgja öngvar kirkjunni nema Biblíukjarninn, Grallara xv. edit. tilleggur ekkjan, mad. Þórhildur, kirkjunni ásamt því áður skrifaða nýja rykkilíni.

Reikningur kirkjunnar í þau 2 ½ ár sem sál. sr. Þorlákur henni þjónaði og allt til fardaga 1757 er sem næst verður komist slíkur:

Fasteignartíundir öngvar þar allar jarðir	
í sókninni eru klaustranna	0 f.
Lausafjártíundir	18 f.
Ljóstollar eftir sem næst komist verður	
í þau 3 ár hafa verið talsins hér um 20	1 #, 40 f. ²³
Legkaup sem menn víst vita að kirkjunni eru goldin	36 f.

²³ Þessi skammstöfum mun örugglega merka „fiska.“

Summa

1 #, 94 f.

Hér upp í færast kirkjunni til reiknings:

Fyrir 6 potta víns og bakstur í 3 ár	34 f.
Til lýsingar kirkjunni og prestinum 15 ljóstollar	60 f.
Legkaup	18 f.
Grallara áður innfærðan	30 f.
Rykkilínið tilbúið	1 # 40 f.
Summa	2# 62 f.

Hefur svo ekkjan til góða hjá kirkjunni upp á þennan reikning 80, hverju hún við kirkjuna vill ei reikna vegna hennar fátæklega ásigkomulags. Viðara af ekkjunni að heimta til uppbotar kirkjunni, þar hún á hana ekkert álag fékk, sleppir prófasturinn að þessu sinni.

Glergluggi margbrostinn er yfir settur altarinu sem er ófóðrað til hliðanna. Lítilfjörlegur predikunarstóll, gráða fyrir altari og knéfull, langbekkir beggja vegna í kórnum, ófóðraðir að mestu, þrjú bekkir við kórdir beggja vegna, þversæti annars vegar við altari hinu megin. Skriftarsæti með brikum til beggja hliða. Skrúðaskápur með 2 hölfum og hurð fyrir á hjörum.

Framan og ofan skrifuðu til staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn, anno, die et loco ut supra.

Hallgrímur Eldjárnsson, Eyjólfur Bjarnason, Antoníus Jónsson, Jón Ormsson.

Anno 1783 þann 9. Mayi var Miðgarða Kirkja og Beneficium úttekin þegar presturinn séra Jón Stephansson sagði sig frá.

1. Fram kirkjan með 3. bitum, 6 stöfum, syllum og áfellum báðum megin 3 sperrum yfir bitum með standþili umhverfis ofan að skammsillum, aðrar niður að sætum, með súðþili á norðari hlið en reisifjöl á syðri í rjáfri og 2 langböndum, öðru einauknu á síðri hlið og einlægri mænitróðu; Kirkjan að framanverðu er með slagþili utanyfir fremsta bita og rámað upp og ofan, með stórum vindskyfum. Biorþil er yfir fremsta bita kórsins fram að skilum kórs og kirkju. Kórinn er eitt fullkomið stafgölf undir sama formi og kirkjan með súðþili beggja vegna í rjáfri og 2 höggsperrum. Sömu sillur eru undir kór sem kirkju með áfelli standþili umhverfis til hliða og ofan að bekkjum. Millum kórs og kirkju er þiljað frá miðsillu fyrir neðan bita og að aursillu, en upp frá miðsillu og upp að bita er gegn skorið þil með eikarhurð. Milli predikunarstóls stafs og kórdira stafs að sunnanverðu þiliað með tveimur mið sillum. Standþil í því neðsta en í miðplássinu 3 skornar fjalir, en í því efsta gegn skorinn ... skurður.

2 kórdira stafir með 2 gegn skornum dróttum einum og einri fjöl yfir með sama verki. Biór þil kórsins á bakatil er slegið langseftir með útskornum vindskaiðum ein snið að framan verðu með ráfum og 3 glergluggar með 4 rúðum hver. Aur stokkur bakatil við kiórinn. Í fram kirkjunni eru 3 bekkjar sæti með krók bekk kallmanna megin og 3 lytilfjörleg brykar sæti og eitt við kórstaf að framan verðu, 2 þaug innstu með bakslám, 4 brykar sæti erumeð bakslám kvenna manna megin og við kórdira staf bekkur með lytilri bryk, 2 sæti að framan verðu qvenna manna megin eru brykarlaus. Einlægur stokkur er undir öllum stólum kvenna manna megin en einaukinn undir stólum karla manna megin. Lytilfjörlegt þil í gölfi undir framkirkjunni. Hliðar bekkur í kórnum að sunnanverðu8 sem og þver bekkur að altari fóðraður að gölfi, einn frá predikunarstól að kórdirum

ófóðraður með bryk við kórdrastaf. Að norðan verðu er langhliðarbekkur og að kórdrum með bryk fóðraður að gólfi.

Þver bekkur að altari hálfur fóðraður ofan í Kórgólf allt fóðrað með þver þili og stokk undir. Dyr kirkjunnar eru með vænum dyrastaf og aurstokk og þrepskyldi, dróttum og þver fjöl með lettri, hurð með lömum, koparhring, skrá, laufi og lykli. Skammbitar milli höggsperranna í kórnum og bryk við altari á Þver sæti að sunnan verðu. Veggir kirkjunnar stæðilegir það menn sjá til. Súðþilið í kirkjunni að norðan verðu sem og .. í kórnum fúid víða og brotið, fiölin að sunnan verðu, þó minna skemmt. Það sem kirkjunni fylgir er þetta eftir filgjandi:

1. Altari nýtt með panelverki, hólvað í sundur og altaris tafla útskorin með stickium. Skrúðaskápur með 3 hólfum og drag skúffu ig 4 skornum stickium. Liósberi með eikar stgandi og 2 glertöblum, annarri brotinni. Gráða fyrir altari fóðruð í kring. Liósa stiaki með 2 pypum og 2 ... skrúfað ofan á 2 ljósapypur gamlar og lytilfjörlegar. Silfur kaleikur með silfur patinu og dúk yfir af gulröndóttu silki. Baksturs baukur málaður. Altarisklæði rauð... með áföstum altarisdúk graudropóttum gamalt og fornt. Hökull rauð..ktur með bláleitum krossi, lasinn og gamall. Annar hökull úr .. og rauðu flaueli, ... bændurnir hafa giefið kirkjunni '... fóðraður með þeim gamla ... og með silki damask þræði. ... úr góðu og gömlu ... lérefti, slæmt, stórt og ógallað, annað ... úr góðu lérefti. Altarisdukur úr

1828

Kyrkjan er tæpar 11 ½ al laung, 4 ¾ al breið, 5 ½ al há. í 4 stafgólfum með 10 stöfum öllum brúkanlegum, 5 bitum af hvörjum 4 eru fúnir og vatnsrunnir inn á sperrutær á norður síðu og nokkuð skemmir á syðri hlið en einn óglalaður, á bitana gjörist álag 6 rd.

5 sperrum yfir öllum brúkanlegum, stokksillum auknum í miðju en brúkanlegum, áfellum með báðum hliðum nokkuð fúnum, helst á norður síðu, tvenn langbönd á hvörja hlið af hvörjumhelmingur er innbrotinn og ónýtur en hitt fúkkað og lítt nýtt. Mænirtróða aukin í miðju og álist ónýt. Reisfjöl af greni fúin og fallin inn svo á rjáfur og yfirgrindina gjörist álag 70 rd.

Framan undir kirkjunni er standþil rífið og skert með gömlum vindskeiðum útskornum, dyrastafur ógallaður, hurð ...með ryðguðum járnum og skrá fyrir með likli og laufi, öllu nokkuð riðguðu gamall hringur er í hurðinni af ... kengur í dyrastaf sterkur en þó nokkuð ryðgaður. Á þil og húsið gjörist álag 18 rd.

Á kórbaki er gaflveggur af torfi fyrir neðan bita með ónýtu og innföllnu þili innan fyrir. Þil fyrir ofan bita rífið og ónýtt með gömlum vindskeiðum útskornum. Fyrir að öllu leyti vantandi þil gjörist álag 11 rd.

Kyrkjan er alþiljuð með báðum hliðum fyrir neðan syllur með nýlegu þili er sýnist brúkanlegt. Kórin er hálf t annað stafgólf, afdeildur með 5 stöfum, öllum nýjum, 3 grannir ne 2 gildari, og lausabita yfir grönnum en viðgóðum. Slá í miðju fyrir neðan bita að norðanverðu og þil undir en þil og þíllaralauf að sunnan. Altari með strikuðum ránum að framan, fúid og ónýtt með lítt brúkandi gráðu fyrir

1835

Kyrkjan er tæpar 11 ½ álnir að lengd, 4 ¾ á breidd með sömu hæð sem við úttektargjörðina 1828, með iens mörgum stöfum, bitum og sperrum. Kórinn er alsúðaður með þykkum plankum borðum. Vegirnir þiljaðir með val borðum nýtt stand þil á korbaki úr þykkum plankum borðum ólistað að utan.

Bekkir allt um kring eins alfóðraðir með bekkjum beggja megin kór dyra. Skrifta sæti með brík og knéfalli breiðu undir, bríkar bekkur utan til við altari, kór gólf nýtt úr borðum og söguðum blökkum ... nýjum undirstokkum undir. Milli kórs og kirkju er hálfþil með pílurum útskornum upp að bita beggja megin kór dyra. 3 nýir gluggar á kórstafni með 4-2-2 rúðugluggum sterkum alltum kring með strikuðum listum og skúrfjöl yfir stæðsta glugganum.

Þí AA4 bls. 243

1838

Kyrkjan, sem er tæpar 11 álnir að lengd, 4 ¾ á breidd með þeim sama innviðafjölda – lögun og allri innréttingu semm úttektargjörðin af 20 Maí 1835 fyrir hvað allt stendur enn þá óraskað utan hvað ónýtt lóm á kyrkjuhurðinni hefur verið endurbætt, en þar fúin og vatnsrunnin áfella yfir syðra lausholti kyrkjunnar er ennþá í sama standi og þá semt lytil fúa .. fram nykomin í eina súðar fjöl og skekkja á bita milli kórs og framkirkju sem annars sýnist lytið taka, gjörast álag á kyrkjuna 2 rd, 49 sk.

Úttektir jarða í Grímsey tilheyrandi Möðruvallaklausturs umboði árið 1784²⁴

Afskrift

Ytri-Grenivík

Anno 1784, þann 14. júní, voru húsín jarðarinnar Ytri-Grenivíkur uppskrifuð af undirskrifuðum mönnum og fyrirfundust sem fylgir:

- 1 Baðstofa í 4 stafgólfum. Með 8 stöfum, 4 bitum, 2 syllum — önnur aukin — fernum sperrum, einum langböndum, mænirtróðu, upprefti af greni. Fallin að viðum og veggjum. Hurðarflak á járnum.
- 2 Búrhús í 2 stafgólfum. Með 6 stöfum, 3 bitum, 2 syllum — önnur fúin — mænirtróða á þremur dvergum, upprefti af greni. Veggir stæðilegir nema vestari hliðarveggur í öðru stafgólfi bilaður. Hurð á járnum.
- 3 Eldhús í 2 stafgólfum. Með 4 stöfum, 2 bitum, langböndum auknum, mænirtróðu yfir 2 dvergum aukinni, upprefti af greni. Húsið að viðum og veggjum vel stæðilegt.
- 4 Hlaða, í 2 stafgólfum. Stoð undir einlægum ás, upprefti af greni. Fallin að viðum. Vestari langhliðarveggur moldrunninn að ofanverðu en hinir stæðilegir.
- 5 Göng frá baðstofu til bæjardyra. Með 4 stöfum, 6 þvertrjám, 3 dvergum, mænirtróðu, upprefti af greni. Veggir mestpart stæðilegir. Bæjardyr með bjórþili yfir og tilhlýðilegum dyrastöfum og sinni fjöl hvörju megin. Lasin hurð á járnum.
- 6 Hús fyrir vestan bæjardyr í 2 stafgólfum. 4 stoðum, 2 bitum, langböndum, einlægri mænirtróðu yfir 2 dvergum, upprefti af greni. Þverreft við dyr með einum staf undir, hurð á járnum með hespu og keng. Veggir fallnir en húsið að ofan stæðilegt.
- 7 Annað hús áfast við bæinn, í 3 stafgólfum. 6 stöfum, 3 bitum, mænirtróðu aukinni yfir dvergum, veggleggjuás öðru megin, upprefti af greni. Veggir stæðilegir, með tilhlýðilegum dyra umbúningi. Húsið stæðilegt að viðum og veggjum.
- 8 Skemma vestur á hlaðinu, í tvennu lagi. Innri parturinn með 4 stöfum, 2 bitum, einni syllu, tvennum sperrum — öðrum föllnum á bita en hinni brotinni — langböndum, mænirtróðu, upprefti af greni. Fallin að viðum og veggjum. Fremri parturinn í 2 stafgólfum. Með 6 stöfum, 3 bitum, syllum á hvörja hlið, þrennum sperrum, einlægri mænirtróðu, reft að endilöngu með greni. Slagþil

²⁴ Þí. Skjalasafn umboðanna. Möðruvallaklaustur VII/5. Úttektir klausturs og klausturjarða 1694-1833.

framan undir fyrir neðan bita, en bjórþili yfir, hurð á járnum með hespu og keng og tilhlýðilegum dyrastöfum. Veggir stæðilegir, framparturinn vel stæðilegur.

9 Fjánhús upp á vellinum. Með einlægum ás og 2 stoðum undir, lasið upprefti af greni. Stafnveggur fallinn en hinir stæðilegir. Hurð dyrastafalaus.

10 Annað fjánhús ofar hinu. Með einlægum ás, 2 stoðum, upprefti af greni. Veggir fallnir og dyr niður brotnar.

Þessi jörð leigist æruprýddum manni, Jóni Björnssyni, fyrir utan kúgildi sem burt hefur verið flutt til Sveinagarða, hvörja nefnda jörð Jón lofar að endurbæta eftir mögulegheitum.

Þessu framanskriðu til staðfestu eru vor undirskriðuð nöfn,
Alexander Jónsson, Magnús Magnússon, Jón Björnsson

Borgir

Anno 1784, þann 14. júní, voru uppskrifuð húsin á Borgum í Grímsey af undirskriðuðum mönnum og fyrirfundust sem fylgir:

1 Baðstofa í 2 stafgölfum. Með 8 stöfum, 4 bitum, syllum, mislægum fernum sperrum, einum langböndum, mænirtróðu aukinni, upprefti af greni. Hurð á járnum með tilhlýðilegum dyrastöfum. Veggir stæðilegir. Lasin að upprefti í einu stafgólfi.

2 Búrhús í 2 stafgölfum. Einum bita, einlægum ás yfir dverg, upprefti af greni. Veggir stæðilegir. Hurð á járnum lasin með hespu og keng.

3 Eldhús. Með 3 bitum, auknum mænirás yfir 3 dvergum, vegglaeguásam, upprefti af greni. Húsið vel stæðilegt að viðum og veggjum.

4 Hlaða móts við eldhús. Með 3 þvertrjám og langröftum. Annar langhliðarveggur bilaður en hinir stæðilegir. Þvertré yfir dyrum og einn stafur undir.

5 Kofi fram í bænum. Með einlægum ás, upprefti af greni. Veggir á 3 vega stæðilegir en einn lasinn. Þvertré yfir dyrum.

6 Göng frá eldhúsi til bæjardyra. Með 7 bitum og mænirás, í 4 pörtum á 7 dvergum, upprefti af greni. Göngin öll vel stæðileg að viðum og veggjum.

Bæjardyr með bjórþili yfir bita og sperrum, dyra umbúningur með hurð á járnum.

7 Geymsluhús vestan undir bænum í 2 stafgölfum. Með 6 stöfum, 2 syllum, 3 bitum, einlægum ás yfir 3 dvergum, upprefti af greni. Þremur þvertrjám yfir dyrum, dyra umbúningur með hurð á járnum, hespu og keng. Húsið vel stæðilegt að viðum og veggjum.

8 Fjánhús út á vellinum. Með 2 stoðum, auknum ásum, upprefti af greni. Dyra umbúningur með hurð á járnum. Húsið nokkuð lasið að veggjum og viðum.

Framan- og ofanskriðuð til staðfestu eru okkar undirskriðuð nöfn,
Alexander Jónsson, Magnús Magnússon, Hálfðan Jónsson

Sveinagarðar

Anno 1784, þann 14. júní, voru uppskrifuð húsin á Sveinagörðum af undirskriðuðum mönnum, og fyrirfundust sem fylgir:

1 Baðstofa í 2 stafgölfum. Með 6 stöfum, syllum einlægum, 3 bitum, 3 sperrum, langböndum, mænirtróðu aukinni, vel uppviðuð af greni. Hurð á járnum með tilhlýðilegum dyra umbúningi. Stæðileg að viðum og veggjum.

2 Búrhús, reft um 1 ás. Stæðilegt að viðum og veggjum. Hurð á járnum með hespu og keng, 2 þvertré yfir dyrum.

3 Eldhús. Með þremur bitum, einlægum ás og 3 dvergum, upprefti af greni. Annar langhliðarveggur fallinn, hinir stæðilegir. 2 þvertré yfir dyrum.

4 Hlaða í bænum. Reft um einn ás, vel uppviðuð af greni, með stæðilegum veggjum.

5 Göng frá baðstofu til bæjardyra. Með 3 bitum — einum brotnum — með sémilegu upprefti. Lítilfjörlegur dyra umbúningur og bjórþili yfir, hurð á járnum. Veggir vel stæðilegir.

6 Skemma sunnan undir bænum, með 2 stafgölfum, nú í smíðum, hvörja ábúandinn lofar að endurbæta.

- 7 Fjánhús, fallið að viðum og veggjum.
Þessu til merkis eru okkar undirskrifuð nöfn,
Alexander Jónsson, Magnús Magnússon, Jón Jónsson

Eiðar

Anno 1784, þann 14. júní, voru uppskrifuð jarðarhúsin á Eiðum af undirskrifuðum mönnum og fyrirfundust sem fylgir:

- 1 Baðstofa í 3 stafgólfum. Með 8 stöfum, syllum og áfellum, 4 bitum, 4 sperrum, einum langböndum, mænirtróðu aukinni, upprefti af greni. Hurð á járnum með klinku. Veggir stæðilegir. Ónstofa móts við baðstofudyr, reft um einn ás, lagleg að viðum en stæðileg að veggjum.
- 2 Búrhús. Reft um einn ás, vel uppviðað, stæðilegt að veggjum. Hurð á járnum með hespu og keng.
- 3 Annað búr þar innar af. Með 4 stöfum, 2 bitum, einlægum ás, 2 dvergum, vel uppviðað af greni. Langhliðarveggur annar lasinn, hinir stæðilegir. 2 þvertré yfir dyrum með einum staf undir.
- 4 Eldhús. Með 4 stoðum, 2 bitum, vegglægjum, ásum, mænirás yfir 2 dvergum, vel uppviðað af greni. Annar langhliðarveggur lasinn, annar stafnveggur slútir inn, hinir stæðilegir.
- 5 Búrhús innar af eldhúsi. Fallið að viðum en stæðilegt að veggjum, en ábúandinn lofar endurbót.
- 6 Bæjargöng frá baðstofu til bæjardyra. Með 6 bitum, 2 stoðum, 3 dvergum, vel uppviðað að refti. Veggir sumpart lasnir. Bæjardyr með bita yfir og bjórpili litlu, dyrastafir með hurð á járnum og vindskeiðar framan á yfir dyrum.
- 7 Skemma sunnan undir bænum, í 2 stafgólfum. Með 6 stöfum, syllum, 3 sperrum, einum langböndum, einlægri mænirtróðu, vel uppreft af greni. Slagþil framan undir dyrastöfum, hurð á járnum með hespu og keng. Veggir stæðilegir.
- 8 Hús á Rananum,²⁵ 2 stafgólf að lengd. Einum bita og einlægum ás, upprefti af greni. Dyrastafir með hurð á járnum, hespu og keng. Veggir stæðilegir.
- 9 Fjánhús upp á vellinum. Reft um vænan greniás, laslegt að viðum og veggjum. Hurð á járnum með tilhlýðilegum dyra umbúningi.
Framan- og ofanskrifuðu til staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn,
Alexander Jónsson, Magnús Magnússon, Magnús Jónsson

Efri-Sandvík

Sama dag og ár voru uppskrifuð jarðarhúsin á Efri-Sandvík af undirskrifuðum mönnum og fyrirfundust sem fylgir:

- 1 Baðstofa í 3 stafgólfum. Með 10 stöfum, syllum — fyrir annarri hlið í 2 pörtum — áfellum, 4 bitum, 5 sperrum, einum langböndum, mænirtróðu aukinni, vel uppreft af greni. Dyrastafir með hurð á járnum. Veggir stæðilegir nema lítill partur af langhliðarvegg bilaður.
Ónstofa móti baðstofudyrum, 1 stafgólf. Með 4 stöfum, syllum, einum bita, 2 sperrum, mænirtróðu, upprefti af greni. Veggir stæðilegir. Þvertré yfir dyrum með dverg.
- 2 Búrhús í 2 stafgólfum. Með 6 stoðum, syllum — önnur aukin — 3 bitum, einum sperrum, 4 máttarröftum, einum langböndum, mænirtróðu yfir 3 dvergum, upprefti lasið af greni. Hurð á hjörum af tré, með hespu og keng. Annar langhliðarveggur fallinn. Húsið allt laslegt.
- 3 Eldhús, 3 stafgólf. Með 8 stoðum, 4 bitum, vegglægjuás,²⁶ einlægum mænirás og 4 dvergum undir, vel reft af greni. Veggir vel stæðilegir. Með 3 þvertrjám yfir dyrum.
- 4 Húskofi innar í bænum, reft um einn greniás. Stafir undir dyrum. Veggir stæðilegir.
- 5 Kofi fram í bænum. Með 4 stöfum, 2 bitum, vegglægjuás annars vegar, einlæg mænirtróða yfir 2 dvergum. Upprefti af greni. Með dyra umbúningi, hurð á járnum með hespu og keng. Veggir stæðilegir.

²⁵ Þetta örnefni er nefnt nokkrum sinnum, er líklega tún eða afmörkuð landspilda.

²⁶ Held eigi að lesa þetta svo, gæti þó átt að vera „vegglægju, ás.“ Þetta kemur fyrir fáeinum sinnum oftar.

6 Bæjargöng. Með 5 stöfum, 8 bitum, 8 dvergum, upprefti af greni. Veggir sumstaðar lasnir. Bæjardyr með bita og bjórþili yfir, sinni fjöl hvörju megin dyrastafa, aursyllu, nýrri hurð á járnum.

7 Geymsluhús fyrir vestan bæinn, 2 stafgólf. Með 6 stoðum, syllum, 3 bitum, 3 sperrum, einum langböndum, mænitróðu, upprefti af greni. Fordyri með ás, áreftan af veggjum, biti yfir dyrum með litlu bjórþili, fjöl öðru megin dyra, dyrastafir með hurð á járnum, hespu og keng. Veggir stæðilegir.

8 Naust fyrir austan bæinn, 3 stafgólf. Með 3 stoðum, 3 bitum, einum sperrum, mænirás auknum á einum dverg, upprefti af greni. Dyra umbúningur með hurð á járnum, hespu og keng. Veggir stæðilegir.

9 Fjánhús upp á vellinum, með garða umbúningi. Reft um 2 ása, 4 stoðum, upprefti af greni. Hurð á járnum með dyra umbúningi. Veggir stæðilegir.

10 Lambhúskofi. Reftur um einn ás, af greni uppbyggður, með jötu við vegginn. Hurð á járnum með dyra umbúningi.

Framan- og ofanskriðu til frekari myndugleika eru okkar undirskriðu nöfn,
Alexander Jónsson, Magnús Magnússon, Benedikt Magnússon

Afskrift þessa rétta að vera attesterar,
Briem

Möðruvallaklaustursjarðir 1783-1890²⁷

Eiðar

Þann 6. júlí 1787 voru húsín á Eiðum upp skrifuð að viðveranda ábúendum báðum, mr. Benedikt Magnússyni og Guðmundi Guðmundssyni, hverjir þangað fóru búferlum næstliðið vor, sem og Jóni Björnssyni, svaramanni konu sinnar, Álfheiðar, hver jörðinni átti út að svara, og fyrirfundust þau sem hér fylgir:

Badstofa í þremur stafgólfulum. Fjórum bitum og átta stöfum, fernum sperrum, einlægum syllum báðum megin og með áfellum til beggja hliða, fínu langbandi hverju megin en öðru auknu, mænitróða í þrennu lagi. Upprefti af greni. 2 pallstokkar fylgja öðru megin. Annars er húsið vel stæðilegt að viðum og veggjum. Rá innar af badstofu, lasin til víða en að veggjum sémileg. Hurð á járnum fyrir badstofu með klinku, önnur í kalldyrum²⁸ með tréhjörum. Báðar hafa tilhlýðilega dyrustafi.

Göng frá badstofu til bæjardyra. Með 5 bitum, fjórum dvergum, mænitróðu í tvennu lagi. Upprefti af greni, vantar níu rafta. Annars stæðileg að viðum og veggjum.

Göng frá badstofu til eldhúss. Með einlægum ás og upprefti tilhlýðilegu, samt veggjum.

Eldhús í tveimur stafgólfulum, fjórum stöfum, tveimur bitum og dvergum, einlægri mænitróðu og upprefti einlægum, byggt í fyrra og vel í standi.

Búr innar af eldhúsi, í rúmu stafgólfi. Tveimur bitum og dvergum, einlægri mænitróðu. Upprefti sémilegt og húsið að veggjum og viðum stæðilegt.

Annað búr fram í bæ, hvört innar af öðru, það fremra með einlægri mænitróðu og nýju upprefti. Vel stæðilegt að viðum og veggjum. Annað með tveimur bitum, öðrum brotnum, 4 stöfum, tveimur dvergum og vegglægju öðru megin, einlægri mænitróðu og sémilegu upprefti. Hurð á járnum með hespu og keng og tveimur dyrustöfum.

Heyhlað[a] innan bæjar, 1 stafgólf. Með stæðilegum veggjum og viðum.

Bæjardyr nýjar. Með syllum og sperrum og gróppili fyrir ofan og neðan bita og landbandi fínu hverju megin. Tveimur dyrustöfum og hurð á járnum með járnloku og keng, samt vindhana upp af.

²⁷ ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Möðruvallaklaustursumboð VII/1. Úttektir 1783-1890. Í þessari öskju er úttektum raðað eftir árábilum en réttir tímaröð.

²⁸ Stendur svo. Hugsanlega átt við „karldyr,“ þ.e. aðaldyr?

Skemma. Með þremur bitum og sperrum, 6 stöfum, syllum og langböndum — fínu — hverjum megin, öðru auknu. Hurð á járnum með hespu og keng, samt slagþili að framan og vindskífum. Stæðileg að veggjum og viðum.

Annað úthýsi. Með tveimur stafgölfum, 1 bita og dverg, samt einlægri mænitróðu, upprefti sémilegu. Lélegum dyra umbúningi, hurð á járnum, hespu og keng, allt lasið.

Fjárhús. Með fjórum stöfum yfir garða og tveimur ásum á, upprefti hrörlegu. Góðum dyra umbúningi og hurð á járnum. Veggir sémilegir.

Svefnhús upp af baðstofu. Með tveimur sperrum og bitum, fjórum stöfum, langböndum á báðar hliðar, upprefti lélegt. Veggir nýir og húsið stæðilegt. Dyrustafir einn og aurstokkur. Þetta hús er lagt ofan á jörðina henni til uppbotar, svo hún sé í góðu standi.

Að þetta hafi svoleiðis fyrirfundist, sem hér skrifad stendur, vitna undirskrifadur, sama stað, ár og dag sem fyrir segir,

Benedikt Magnússon, Árni Illugason, Jón Björnsson, Guðmundur Guðmundsson

Ytri-Grenivík

Anno 1789, þann 5. júní, var uppskrifuð af oss undirskrifuðum Grenivík ytri í Grímsey, þegar Jón Björnsson frá fór en Vilhjálmur Jónsson tók við, og fyrirfundust húsinn svo sem hér greinir.

1 Baðstofa, í þremur stafgölfum. 4 bitum og sperrum, 8 stöfum, tveimur langböndum einlægum og aukinni mænitróðu, syllum einlægum beggja megin og vegglægjum eins ofan á. Í einu stafgólfi langgrefti en tveimur þverrefti. Húsið er nýlega byggt að viðum og veggjum og sémilega þakið.²⁹

2 Búrhús, í 2 stafgölfum. Með 3 bitum, 6 stöfum og þremur vöglum og syllum báðum megin, upprefti gamalt og lasið. Veggir mestan part stæðilegir. Húsið er nokkurn veginn stæðilegt. Því fylgja og 2 dyrustafir og hurð á járnum með hespu og keng og 2 dyratrjám. Fyrir baðstofu eru 2 hurðir á járnum, önnur með klinku, og tveir dyrustafir og þrepskjöldur.

3 Eldhús. Með fjórum stöfum, tveimur bitum, einlægri mænitróðu og 2 dvergum undir 2 langböndum, öðru tví- en öðru þríauknu. Með sémilegu upprefti. Veggir stæðilegir. Ranghali til gangna með tveimur bitum, dverg á þeim innra.

4 Hlaða í göngum. Í tveimur stafgölfum, með einum bita og vagli, einlægri mænitróðu, veggla[gl]ju aukinni annars vegar og langband. Upprefti nýlegt að mestu. Dyrustafir 3 og dyrutré 2. Veggir stæðilegir og húsið allt.

5 Kofi í göngum í tveimur stafgölfum, rúnum 3 álum. Bitum og fjórum dvergum, veggla[gl]ju aukinni öðru megin, mænitróða aukin. Upprefti gallalaust. Lélegt dyratré. Veggir í góðu standi og húsið vel stæðilegt að öllu. Með 3 stöfum á aðra hlið.

6 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, til fremri kofadyra. Með 4 bitum og dverg á tveimur, mænitróðu tveimur auknum, mikið sterkum og vænum, og veggla[gl]ja ein fyrir framan baðstofudyr og tveimur stöfum. Upprefti sumpart góðu en sumu fínu og vantar í tvo smárafta frá kofa til bæjardyra, með þremur bitum, 2 dvergum, aukinni mænitróðu. Slagþil járnseymt framan undir bæjardyrum, með tveimur fjöllum hvörju megin dyrustafa, dyrustafir með hurð á járnum með járnloku hespu og keng, samt vindskífum. Allt þetta nýtt og vel í standi. Veggir nýlegir og þakið eins. Aurstokkur einn um þvert, undir stöfum.

7 Kofi út á hlaði, í 2 stafgölfum. Með einum bita og dverg, 1 staf, mænitróðu einlægri, 2 langböndum, öðru auknu, upprefti sémilegu. Dyrustöfum 2, 3 dyrutrjám og hurðartetu[r] með hespu og keng. Með gömlum og hrörlegum veggjum.

8 Skemma, í þremur stafgölfum, fullstór. Með fjórum bitum, 8 stöfum, syllum í tveimur stafgölfum og tveimur sperrum. Upprefti langreft og þverreft. Standþil framan undir gamalt og hallast mjög fyrir ofan bita, tveimur dyrustöfum, hurð á járnum með hespu og keng og aurslá undir

²⁹ Leiðrétt úr „þagirð.“

stöfum. Stafn og langhliðarveggur stæðilegur en hliðveggur annar lasinn. Skemman þarf öll endurbótar við.

9 Stafgólf, hið fjórða, fylgir baðstofu, nýbyggt. Með einlægri mænirtróðu, tveimur langböndum einlægum og upprefti sémilegu. Þetta stafgólf skal leggjast ofan á jörðina fyrir hennar brostfeldugheit.

Kofi frálaus á hlaðinu, reftur um einlæga mænirtróðu, með nýjum greniviðum lítilfjörlegum og tveimur dyrastöfum og dyratrjám, nýbyggðum að viðum og veggjum. Hann skal og leggjast ofan á jörðina svo henni sé vel útsvarað. Hann er og með hurð á járnum, hespu og keng.

Er svo jörðinni rétt vel útsvarað að öllu leyti, einkum þar völlum er og víða taddur.

Að þetta passeri sem hér að framan segir, vitna undirskrifaðir, anno, die et loco ut supra.

Jón Björnsson, Vilhjálmur Jónsson, Árni Illugason, Benedikt Magnússon

Efri-Sandvík

Uppskrift af Möðruvallaklausturjörðinni Efri-Sandvík sem fyrir kom, þann 20. júní 1792, hér í Grímsey.

1 Baðstofuhús. Með 5 sperrum og fjórum bitum, 10 stöfum, syllum einauknum beggja megin, áfellur beggja megin auknar í tvennu lagi ofan á syllum, einlögð langbönd aukin á miðsperrum, mænirtróða þríaukin. Upprefti af greni, reisiraftur í tveimur stafngólfum en langrefti í einu. Hús innar af baðstofu með fjórum stöðum, syllum tveimur og áfellum ofan á, tveimur sperrum og einlægri mænirtróðu, reisiraftur af greni. Húsið stæðilegt að viðum og veggjum. Baðstofan að lengd 9 álnir. Stafnveggur nokkuð moldrunninn og partur af hliðarvegg í sama stafngólfi næstum fallinn. Veggir aðrir í baðstofunni stæðilegir, nema 2 álnir moldrunnið skot. Dyrustafir tveir með hurð á tréhjörum og tróðskuld að neðan og dyrutré að ofan.

Þvergöng frá baðstofudyrum, 9 álnir að lengd. Annars vegar stæðilegt að vegg og viðum. Þeim megin 13 raftar af greni en hins vegar sumur raftur fúinn en sumar brúkandi. Veggur þeim megin hálfur hrörlegur en hálfur stæðilegur. Einlæg mænirtróða, þverbiti undir mænirtróðu og tvær stöðir undir með dverg á bita. Skellidyr, tveir dyrustafir með tróðskuld að neðan og einni þverfjöl yfir dyrum, lasleg hurð með vesælum hjörum.

2 Búrhús, tvö stafngólf. Einum bita og dverg á, mænirtróða einaukin, átta máttartré, langrefti af greni. Tveir dyrustafir með þverfjöl yfir dyrum hurð á járnum með hespu og keng og húsið allt til víða og veggja í góðu standi.

Göng frá búrsdyrum til bæjarganga, 2 álnir að lengd. Upprefti af greni. Stæðileg að viðum og veggjum.

3 Hlaða innar af bæjargöngum, eitt stafngólf. Einlæg mænirtróða, raftviður af greni annars vegar. Stæðileg að viðum en annars vegar lasin, þó brúkandi. Húsið stæðilegt að veggjum. Tveir dyrustafir, tróðskuldur með tveimur dyrutrjám.

4 Eldhús. Með fjórum bitum, 8 stöfum, 4 dvergum, einlægum mænirás. Yfir tvö stafngólf langrefti af greni og sumpart reisiraftur. Húsið vel stæðilegt að veggjum og viðum. Lítið³⁰ hrjáður annar dyraveggur, en hinn kampurinn klofinn.

5 Bæjargöng. Með fjórum bitum, tveimur stöðum, 5 dvergum, þríaukinni mænirtróðu. Upprefti af greni, vantar 2 smárafta. Stæðileg að öllum viðum öðrum. Veggir allir stæðilegir að fráteknum einum faðmi föllnum eður nær því, í öðrum stað 2 álnir lítið moldrunnið. Göngin öll að lengd 15 álnir. Bæjardyr 3 álnir. Einlæg mænirtróða, reisiraftur af greni. Veggleggja annars vegar, einnin sperrum, og bjórpili, tveimur dyrastöfum og sín fjöl hvörju megin dyrustafa og forn stafur hvörju megin, aurstokkur að neðan, með hurð á járnum, tréloku að innan, tróðskuld að neðan og dyrnar stæðilegar að viðum og veggjum.

6 Kofi fyrir vestan bæjardyr. Með tveimur bitum, fjórum stöðum, tveimur dvergum, einlægum mænirás, einlægri veggleggju, ás annars vegar brostinn en aukinn annars vegar. Upprefti af greni, fjórir raftar brotnir. Veggur annars vegar fram dreginn í tveim stöðum en annars vegar

³⁰ Orðið „lítið“ virðist yfirstrikað en „einnin“ ritað ofar línu, þó óljóst.

stæðilegur. 2 dyrustafir og tvö dyrutré, hurð á járnum með hespu og keng, þverskuld neðan. Presturinn lofar endurbót á þá brotnu vegglægju sem um var getið í þessu húsi.

7 Skemmuhús. Með þremur bitum, þremur sperrum, 6 stoðum, syllum ein auknum beggja megin, einlægu langbandi annars vegar en auknu annars vegar og tvílögðu í öðru stafngólfi, reisiraftur af greni. Tveir dyrustafir með dálitlu bjórþili, hurð á járnum með hespu og keng og tróðskuld að neðan og húsið vel stæðilegt til veggja og víða. Vantar einn smáraft í dyr hússins. Húsið tvö stafngólf á lengd.

8 Fjánhúsviður einlægir ásar yfir garða og tveimur stoðum undir, raftviður allur af greni. Húsið að stærð yfir fjórtán kindur. Dyrustafir tveir, dyrutré 3 og hurð járnalaus og víðir hússins allir vel brúkanlegir til byggingar.

Badstofunni fylgir pallur þar nú standandi með tveimur pallstokkum nýjum og sjö pallfjöllum.

Með því að undirskrifaðir úttektarmenn þessar Möðruvallnaklausturs jarðar, Efri-Sandvíkur, fyrirfinna af rétttri yfirskoðan jarðarinnar húsa, að henni gjörist nokkurt ofanálag, metist það og gjörist yfir hús öll jarðarinnar hálfur annar ríkisdalur eður mest tveir rixdalir.³¹

Þessu til staðfestu gefa úttektarmenn sín nöfn undir skrifuð, d. 20. júní anno 1792.

Við hér að ofan skrifuðu álagi vona ég að hr. amtmaðurinn vægi mér, einkum þar ég eftir hans eigin begjæring hefi haldið kotið sem eyðijörð næstliðinn þriggja ára tíma, mun og líka geta náð vitnum að því að kotið hefur ei verið úttekið með ofanálagi í næstliðin 50 ár, hvað sem meira er.

Árni Illugason

Með því að ábúandi jarðarinnar, Guðmundur Þorláksson, var öllu samþykkur um jarðarinnar úttekt, nær húsin voru uppskrifuð og honum af[h]jent, en svo fyrir féll, að ei var undir skrifað þann sama dag og út var tekið. Hvar fyrir hann nú ei þykist þessari uppskrift samþykkur, sem enginn á honum heyrði nær sjálfur húsin yfirleit, ásamt hér undirskrifuðum úttektarmönnum, og vill nú svo ei undir skrifa, hvað ei aktast að neinu.

Árni Brandsson, Hallgrímur Einarsson, Jón Björnsson

Borgir

Uppskrift yfir Möðruvallnaklausturs jörðina Borgir í Grímsey, sem fyrirféll d. 11 júní anno 1793.

1 Badstofuhús. Með fjórum bitum, fernum sperrum, mænirtróðu þríaukinni, syllum 2 einlægum og 7 stoðum undir bitum. Húsið í 3 stafngólfum liðugar 7 álnir að lengd, rúmar 3 álnir að breidd. Tveimur langböndum auknum á báðar hliðar. Yfir allt húsið reisiraftviður af greni, vantar fjóra smárafta í eitt stafngólf, stoðin lítt nýt. Húsið allt að gömlum viðum, þó nokkurn veginn stæðilegt. Annar langhliðarveggur stæðilegur, annar lasinn og mjög hrörlegur. Stafnveggir báðir að mestu fallnir. Badstofudyr með tveimur dyrustöfum, hurð á járnum, með tróðskuld að neðan.

2 Göng til skellidýra með einum bita, uppreft af greni. Tveimur dyrustöfum, tróðskuldán³² og nærri ný hurð á tréhjörum. Þessi göng 3 álnir, stæðileg að viðum og veggjum. Göng frá eldhúsdýrum til bæjardýra, 20 álnir að lengd. Með 7 bitum, upprefti allt af greni. Göngin öll stæðileg að viðum og veggjum. Búrhús með einum bita og einlægum mæniás og dverg á bita. Upprefti af greni, tveir smáraftar brotnir. Húsið að lengd 5 álnir. Tveimur dyrustöfum, dyratré að ofan, hurð á járnum með hespu og keng. Húsið stæðilegt að viðum og veggjum.

3 Eldhús, 7 álnir að lengd. Tveimur bitum og dvergum undir, vegglægjum umhverfis húsið, reisiraftviður af greni, sín hálf tunna í hvörjum glugga og húsið umhverfis stæðilegt að viðum og veggjum.

³¹ Óljóst. Hér er væntanlega talið í mismunandi mynt.

³² Stendur svo.

- 4 Hlaða, rúmt stafgólf. Reft um tvö þvertré með greni raftvið. Húsið stæðilegt.
- 5 Önnur heyhlaða, 4 álnir að lengd en þrjár á breidd. Reft um einn ás með nýju upprefti og ein stoð undir miðjum ás, á báðar hliðar veggglægjur. Tvö dyratré og húsið vel stæðilegt að viðum og veggjum,
- 6 Ennþá eitt innanbæjarhús, fimm álnir að lengd, þrjár á breidd. Einlæg mænitróða, vænu upprefti af greni. Tveimur dyrastöfum og hurð á járnum. Stæðilegt.
- 7 Bæjardyr. Með tveimur dyrastöfum, hurð á járnum, dyratré að ofan og þilkorni framan undir, aurstokk að neðan og tróðskuld, tréloka í hurð og snerill. Reisifjöl öðru megin við dyrustaf.
- 8 Útihús. Með þremur bitum, fimm stöfum, tveimur syllum aukinni annars vegar, einlæg mænitróða. Nýr dyraumbúningur með einni fjöl yfir dyrum, hespa í hurð og kengur í staf. Húsið í góðu standi til víða og veggja.

Fyrir ekkjunnar hönd viðverandi eftir begjöring, sama stað, ár og da[g] sem fyrir segir,
Vilhjálmur Jónsson, Benedikt Magnússon
Að þetta hafi svo fyrirfundist vitna undirskrifaðir,
Jón Björnsson, Hallgrímur Jónsson

Sveinagarðar³³

Uppskrift yfir Möðruvallnaklausturs jörðina Sveinagarða, dag ...³⁴ anno 1793.

Badstofuhús. Með þremur bitum, þrennum sperrum, 6 stöfum, einlægum syllum beggja megin, sínu langbandi auknu á hvörja hlið, mænitróða aukin, reisiraftur af greni laslegu, sumu brúkanlegu. Húsið að lengd rúmar 6 álnir. Dyrustafir tveir með dyrutré og tróðskuld að neðan, hurð á járnum tillegum³⁵ og keng í staf að innan. Aðrir dyrustafir tveir fyrir framan badstofudyr með dyrutré að ofan og tróðskuld að neðan. Veggir gamlir og moldrunnir.

Göng frá badstofu til útidyra, 15 álnir að lengd. Með einum bita undir vagli og þverrefti í fjórum stöðum og mænitróða víða tilleg. Raftviður hinn annar sumur nýr en sumur lasinn. Veggir umhverfis stæðilegur.

Búrhús, fjórar álnir að lengd. Með einum greniás í³⁶ mænitróðu. Upprefti allt af greni, sumu laslegu. Lítilfjörleg á járnum hurð með hespu og keng, dyrustafir tveir og dyrutré, tróðskuld að neðan. Veggir nokkurn veginn stæðilegir.

Eldhús. Með tveimur bitum og tveimur vöglum undir, upprefti af greni í góðu standi og veggir stæðilegir og húsið allt stæðilegt að viðum og veggjum.

Bæjardyr. Með tveimur stöfum og dyrutré undir sperrum og sín fjöl hvörju megin dyra og slagpili framan undir, aurstokk að neðan, hurð á járnum með trélöku, tróðskuld að neðan.

Hér með fylgja fimm innstæðuær, loðnar og lemdar.

Fyrir ekkjunnar hönd viðverandi eftir begjæring, sama stað, ár og dag sem fyrr segir,

Árni Illugason

Að þetta hafi svoleiðis fyrirfundist, vitna undirskrifaðir,

Jón Björnsson, Hallgrímur Jónsson

Sveinsstaðir

Uppskrift á eyðijörðinni Sveinsstöðum í Grímsey 1801

³³ Á heftið með úttektinni yfir Sveinagarða er rituð vísa, hóflega læsileg:

Penninn þessi allur er,
[öllu] rifinn sundur,
þennan valla þori ég
þorna bjóða lundur.

Fremsta orðið í annarri hendingu er mjög óljóst og krabbað og eiginlega er þetta tilgáta. Orðið ber höfuðstaf og þarf því að byrja á sérhljóða.

³⁴ Vantar dagsetningu.

³⁵ Stendur svo.

³⁶ Óljóst.

1 Tóftir jarðarinnar eru að tölu 5. Að þeim allir veggir óbrúkanlegir en þó ei af manna völdum niður brotnir.

2 Það vallarins faðmatal er okkur sameiginlega virðist (ef nokkurt) ræktandi er á suðausturkant 40 faðmar, á suðvesturkant 54 faðmar, á norðvesturkant 58 faðmar, á norðausturkant 48 faðmar. Í þessum part vallarins finnast fjögur rist torfflög að stærð: Fyrsta flag við útgard 4 faðmar á tvo vegu en 3 1/2 alin á tvo. Annað flag tveir faðmar á tvo vegu og 1 kvartil en á tvo einn faðmur. Þriðja flag tveir faðmar á hvorn veg í firkant hvar í gegnum liggur gömul gata. Fjórða flag þrjár faðmar og 2 álnir á tvo vegu en á tvo fjórir faðmar og eru þessi flög öll við útgarda.³⁷ Annar partur vallarins er okkur sameiginlega sýnist óræktandi með öllu sakir vatnsgraftar að neðan en frostbruna að ofan og í svo máta rótlaust, er að stærð; að suðaustan 20 faðmar, að suðvestan 54 faðmar, að norðvest[an] 12 faðmar, að norðaust[an] 54 faðmar. Í þessum parti vallarins finnst eitt eldtorfs flag, 30 og 7 faðmar allt um kring, sem okkur sýnist ei geta la...að am... húð.³⁸

Bjarg það jörðinni tilheyrir er 98 faðmar að lengd, 17 innsig, af þeim 5 ófær til brúkunar. Að þetta sé svo á sig komið vitnum við undirskrifadir, að Grímsey, d. 27. júní 1801, Þorsteinn Gunnarsson, Jón Sveinsson, Vigfús Jónsson, Alexander Jónsson

Borgir

Anno 1803, d. 3. júlí, var jörðin Borgir upp skrifuð og úttekin þá Jón Sveinsson var burt farinn en Benedikt Magnússon og Hermann Jónsson við tóku. Var sr. Jón Björnsson í Skjaldarvík fyrir hönd Jóns Sveinssonar, og var svo uppskrifuð sem fylgir:

1 Baðstofa, 7 álnir á lengd, en 3 álnir á breidd. Með 6 stoðum, þremur bitum, þrennum sperrum, einauknum syllum hvörju megin, einlæg mænirtróða, eitt langband á hlið sín hvörju megin í syðri enda baðstofunnar en í ytri enda brotið á annarri hliðinni og hangir inni, en hinu megin aukin. Tvær áfellur á víxl, önnur brotin undir brotna langbandinu³⁹ og þar undir syllunni stendur stafur. Uppreftið allt gamalt og húsið allt hrörlegt að viðunum en veggir stæðilegir. Dyra umbúningur er með stöfum, þröskuldi og fjöl yfir hurðinni og hurð á járnum, annar dyra umbúningur framur fyrir utan hurð.

2 Búrhús, tvö stafgölf á lengd, einn faðmur á breidd. Með tveimur bitum og einni stoð undir öðrum bitaendanum við norðurhlið en aukinn ásinn og brostinn, með dvergum tveimur undir. 10 máttarraftar — einn brotinn — hitt er langrefti gamalt og nýtt. Dyra umbúningur nýr, hurð á járnum með hespu og keng. Veggir stæðilegir.

3 Eldhús, 7 álnir á lengd en þrjár álnir á breidd. Með einlægum ás, tveimur bitum og dvergum á, langrefti og uppreftið er í góðu standi. Veggir stæðilegir.

4 Heyhlaða, 8 álnir á lengd, kortur⁴⁰ á breidd. Með einum bita og dverg á undir ás og stoð undir ásenda í miðju húsinu. Uppreftið fyrir innan stoðina lítt nýtt. Veggir hrjálegir og annar að mestu fallinn. Fyrir framan stoðina er húsið stæðilegra en þó gamalt. Tvö dyratré og einn stafur undir.

5 Göng frá eldhúsi til baðstofudyra, 5 álnir á lengd. Stæðilegt að viðum og veggjum.

6 Göng frá baðstofudyrum til skellidyra, 9 álnir á lengd. Fjögur þvertré og fjóraukinn ásinn yfir. Lengrefti og þverrefti gamalt en þó stæðilegt. Annar langhliðarveggurinn stæðilegur en 5 álnir af öðrum nærri fallinn. Skellidyra umbúningur með stöfum, þröskuldi og hurð á járnum með lítillfjörlegu bjórþili.

³⁷ Orðin „og eru þessi flög öll við útgarda“ eru yfirstrikuð.

³⁸ Óljóst.

³⁹ Leiðrétt úr „langbanginu.“

⁴⁰ Óljóst. Hlýtur að vera einhver lengdareining, sem ég átta mig ekki á. Þarna gæti átt að standa „kortar“ (þ.e. stuttar) og fallið hafi niður að tilgreina tölu, en í handritinu er raunar eiginlega ekkert bil fyrir tölustafi aftan við orðið.

7 Bæjardyr, 4 álnir á lengd en þrjár álnir á breidd. Með einlægum ás á sperrum og bita undir. Með bjórþili framan undir, dyrustafir tveir og fjöl annars vegar við stafninn, hurð á járnum með keng í staf og snerli, en þó eru dyrnar nærri fallnar fyrir halla.

8 Geymsluhús áfast við bæinn, tvö stafgólf á lengd en faðmur á breidd. Með einauknum ás, þremur bitum og syllum — aukin önnur — 5 stafir þar undir. Uppreftið er gisið í öðru stafgólfi en gott í öðru. Dyra umbúningur með þverfjöl yfir dyrum, hurð á járnum með hespu og keng. Veggir stæðilegir.

9 Fjánhúskofi yfir 10 kindur. Með þvertré um þvert húsið og stoð innar undir brotnum ás. Yfir flatrefti er yfir⁴¹ og er mjög gisið. Veggir standandi en þó mjög hrörlegir. Með hurðarflaki lítt nýtu.

Þetta framan og ofan skrifað vitna undirskrifaðir hlutaðeigendur,
Benedikt Magnússon, Hermann Jónsson, Alexandir Jónsson, S. Beck, Jón Bjarnason

Sveinagarðar

Þann 22.⁴² maí 1829 komum við undirskrifaðir saman að Sveinagörðum á Grímsey — hvör jörð að er tilheyrandi Möðruvallaklaustri — til að álíta og úttaka þar öll utan- og innanbæjarhús og afhenda bónda Sigurði Magnússyni, er búferlum flytur sig þangað frá Efri-Sandvík, til löglegrar ábúðar nú næstkomandi fardaga ár (eða hvað lengi verða kann) en ekkja, Ingibjörg Sveinsdóttir, sem fráfarandi nú afgreiðir þessa hér að ofan nefndu sína áður verandi ábylissjörðu. Húsin fyrir koma sem eftirskrifað sýnir:

1 Baðstofa, 6 álna löng, 3 álnir á breidd, 4 1/2 alin á hæð, í tveimur stafgólfum. Með 6 stöfum — þar af fjórir brúkanlegir en tveir lítt nýtir — 2 bitum — báðir brúkanlegir — auknum syllum báðu megin — önnur brúkanleg, hin ónýt — þrennum höggsperrum — einar nokkuð lélegar — ein langbönd á hvorri hlið í öðru stafgólfi og reisiraftar yfir — sumt brúkanlegt en sumt lélegt — áfellum báðu megin nokkuð fúnar. Í öðru stafgólfi er langrefti sumt nokkuð fúíð. Raftviður álist að þriðjungi ógildur en hitt brúkanlegt. Annar hliðarveggur og báðir stafnveggir vel stæðilegir en hinn hliðarveggur moldrunninn og ógildur. Fyrir vantandi viði gjörist álag 2 rd., 48 sk.

A veggi gjörist álag 1 rd.

2 Búrhúskofi fyrir framan baðstofudyr, rúmar þrjár álnir á lengd, eins á breidd, 3 1/2 á hæð. Með vel sterkum mænirási af greni og upprefti í góðu standi. Húsið nýtekið og stæðilegt að viðum og veggjum allt um kring, með dyra umbúningi og hurð á járnum. Allt í góðu standi og þarf öngrar uppbótar við.

3 Göng frá baðstofudyrum til útidyra, 15 álnir á lengd, vel 1 1/2 alin breið, 3 álnir á hæð. Með 5 þvertrjám og mænirtróðu yfir í 5 pörtum, eitt þvertré brotið og tveir mænirtróðupartar fúnir sem fráfarandi gjörir uppbót á svo göngin teljast vel stæðileg.

Bæjardyra umbúningur með hurð á járnum og lasið bjórþil fyrir ofan bita en fjórar álnir af vegg í bæjardyrum er óstæðilegt og gjörist álag þar á 1 rd., 48 sk.

En á þil og dyra umbúning gjörist álag 40 sk.

4 Eldhús út úr bæjardyrum, 6 álnir á lengd, 3 álnir á breidd, 4 álnir á hæð. Með tveimur bitum, einlægum mænirási og upprefti af greni, allt í sémilegu standi. Annar hliðveggur og báðir stafnveggir stæðilegir en hinn hliðveggur ógildur, hvar fyrir gjörist álag 1 rd., 48 sk.

5 Skemmukofi fyrir sunnan bæjardyr, 5 álnir á lengd, tvær á breidd, 3 1/2 á hæð. Með tveimur bitum, tvennum sperrum yfir, mænirtróða og upprefti af greni. Standþil framan undir, dyra umbúningur og hurð á járnum með hespu og keng. Hús þetta álist í fullu gildi og vel stæðilegt að viðum og veggjum og sýnist ei álags þurfa.

Er svo jarðarhúsanna álags summa 6 rd., 88 sk.

Upp í framanskrifað álag til leggur fráfarandi ekkja:

A Hlöðukofa suður úr bæjargöngum, virtur á 1 rd., 80 sk.

⁴¹ Stendur svo.

⁴² Dagsetningin kröbbuð.

- B Hurð með járnum og dyra umbúningur í göngum 48 sk.
- C Forskyggni með hurðarnefni 32 sk.
- D Skemma suður á velli 2 rd., 48 sk.
- E Fjánhúskofi í standi, 13 kinda rúm, 3 rd.
- F Annar kindakofi þar hjá 1 rd., 48 sk.

Summa 9 rd., 64 sk.

Það hér að framanskriðuð álagshús hlaupa meira en sjálf jarðarinnar álag er, betalar viðtakandi ekkjunni, sem er 2 rd., 72 sk.

Þessu framan og ofan skrifuðu eru okkar undirskriðuð nöfn til staðfestu,
Sveinagörðum þann 21. maí 1829,

Jón Jónsson hreppstjóri úttektarmaður; sem viðverandi álitsmann Páll Tómasson prestur;
Tómas Steinsson

Viðstödd vorum við sem málsaðeigendur og gjörum okkur ánægð með frama[n]skriðuð,
Sigurður Magnússon viðtakandi, Ingibjörg Sveinsdóttir fráfarandi

Ytri-Sandvík

Árið 1831, þann 29. júní, voru nálægir að Ytri-Grenivík í Grímsey virðingar- og úttektarmenn þeirrar jarðar, þessir: Jónas Sigfússon í Garðsvík og Þorlákur Jónsson á Miðvík, sem eftir beiðni og fullmátt herra administrators Th. Daníelssonar á Skipalóni virða ofannefndrar jarðar allt ásigkomulag til húsa, víða og veggja, eftir sem fyrir sjónir koma, til fullgildis og hæfilegs stæðilegleika í framtíð, þegar þeirrar jarðar fyrrverandi ábúandi, hreppstjóri Jón Jónsson, burt vikur, en við taka aftur bændurnir Ólafur Ólafsson og Árni Þorsteinsson, hvörjir allir eru viðstaddir nefn[d]ja jarðar úttekt sem eftir fylgir:

1 Baðstofa, kortra átta álna löng, í hálfu þriðja stafgólfi, þrjár álnir á breidd. Með tveimur bitum og fernum kálsperrum, einlægum lausholti að vestanverðu, með fimm stöfum undir, einauknu lausholti að austanverðu og fjórum stöfum undir, einaukin álagssylla⁴³ að vestan en tvíaukin að austanverðu, tvenn langbönd á hvorri hlið — þríaukin á vestur-, en þríaukið annað en tvíaukið annað á austurhlið. Upprefti í tveimur stafgólfunum allt af ógölluðum fjalviði en í 1/2 stafgólfinu söguð bök í upprefti. Mænirtróða af þéttum langröftum ógölluðum og hurð á járnum og einum pallstokk í innri enda baðstofunnar. Allir viðir hennar álítast í forsvaranlegu og góðu standi. Veggir allir baðstofunnar vel stæðilegir.

2 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, 20 álna löng, kort þriggja álna há undir bita, víðast tveggja álna breidd. Með 6 þverbitum sem allir liggja á veggjum, einlægum mænirás frá baðstofu til bæjar útidyra, sexauknum, og þéttum reisiraftviði til enda. Undir innri bita í bæjardyrum er einn stafur og dvergur yfir. Útidyra umbúningur, fjórir stafur undir bita og tvær standfjalir hvörju megin bita og sperrur yfir, með bjórþili og vindskífum og aurstokk að neðan. Fjalahurðartetur á járnum sem upp bætist með nýjum fjalviði. Allir gangnaveggirnir eru nýlegir og fallegir utan lítil hola á ytri vegg fyrir framan baðstofudyr, svo kortlega má koma í manns hönd. Reiknast því göngin til víða og veggja stæðileg með uppþættri bæjardyrhurðinni.

3 Búrkofi suður úr göngum, 4 1/2 alin á lengd, 3 álnir á breidd, kortar 4 álnir undir ás á hæð. Með einlægum ás og níu máttarröftum á norðurhlið og ellefu stuttum þverröftum, 7 máttarröftum á suðurhlið og smáþverröftum yfir. Tveir dyrastafir og dyratré og tvær stafanefnur innar, með tveimur þverröftum yfir, hurð á járnum með hespu og keng. Húsið er vel stæðilegt að viðum og veggjum.

Eldhúskofi norður úr göngum, 6 álnir á lengd, 4 álnir á breidd, 4 álnir á hæð. Með tveimur bitum og fjórum stöfum undir fjórum dvergum á bitum, undir tveimur einauknum ásum, vegglægjur milli stafna á báðum hliðum, upprefti á báðum hliðum og milli ása af þéttu og góðu smárefti. Yfir dyrum tveir þverraftar og ás á milli, með þéttu árefti yfir. Veggir hússins sumir nýir en sumir fornir, þó harðir og stæðilegir og húsið vel stæðilegt að viðum og veggjum.

⁴³ Stendur svo.

Búrkofi fyrir framan eldhús að norðanverðu, 5 álnir á lengd en 3 breidd og fjórar á hæð. Með einum bita og dverg undir einlægum ás og 27 máttarröftum og 26 stuttum langröftum, fjórum þvertrjám yfir dyrum, tveimur dyrastöfum og dyratré. Veggir hússins sumir nýir en sumir gamlir, þó allvel stæðilegir og húsið þess vegna álist í allgóðu standi.

Hlöðukofi (kallaður) fremstur norður úr göngum, 6 álnir á lengd en 2 1/2 á breidd og kortar 4 álnir á hæð. Með einum bita og dverg á undir einauknum ás og 39 máttarröftum, 3 þvertrjám yfir dyrum. Veggir hússins sumir gamlir en sumir nýir, þó óásjálega hlaðnir og þess vegna ekki vel stæðilegur lítil partur annars vegar dyra, hvörs vegna ofanálág gjörist 72 sk. Húsið að öðru leyti stæðilegt.

Skemma fram á hlaði, í þremur stafgölfum, 7 1/2 alin á lengd, kortar 4 álnir á breidd, 4 3/4 á hæð. Með 4 bitum, átta stöfum, fernum sperrum, 5 álna löngum syllum einlægum, einaukni⁴⁴ mænirtróðu, til jafnaðar þrennum langböndum. Uppreft af þéttum smáröftum. Slagþil úr vænum fjallvið, hurð á járnum með hespu og keng, með vindskífum á lofordi,⁴⁵ þrepskjöldur fylgir. Veggir hússins allir nýir sem reiknast vel stæðilegt að viðum og veggjum.

Ofanálág á hlöðukofa veggjarpartinn betalast út í hönd með skelli hurð á járnum með klinku⁴⁶ og tveimur dyrastöfum fyrir framan baðstofudyr, virt á 56 sk., og í vörum 16 sk., [samanlagt] 72 sk.

Upp á framanskriafaða jarðar úttekt gjöra viðkomendur sig ásátta.

Actum ut supra,

Jónas Sigfússon, Þorlákur Jónsson úttektarmenn; Jón Jónsson fráfarandi; Árni Þorsteinsson, Ólafur Ólafsson viðtakendur

Ytri-Grenivík

Þann 1. júní 1833 var ég undirskrifaður til staðar að úttaka jörðina Ytri-Grenivík eftir beiðni administrators Þorsteins Daníelssonar, jarðar helming þann sem Árni Þorsteinsson frá fór en við tekur Tómas Tómsson, og kom jörðin svo fyrir sjónir sem síðar mun sagt verða:

1 Baðstofa, 7 álnir á lengd, þrjár á breidd, 5 álnir á hæð. Á 8 stoðum — 5 nýtum en þremur ónýtum — fernar kálfsperrur — hvar af einar ónýtar — 2 langbönd á báðar hliðar, áfellur með báðum hliðum, lausholt einlæg, upprefti gott í tveimur en 1/2 ónýtt. Brúklegir veggir. Álag gjörist 2 rd.

2 Búrkofi, fjórar álnir að lengd, fjórar á hæð og 3 álnir á breidd. Mænirás nýr og einlægur, 11 máttarraftar góðir, hinir lítt nýtir. Veggir brúkanlegir og stafnar. Hurð á járnum með hespu og keng og góður dyra umbúningur. Álag á húsið gjörist 1 rd.

3 Eldhús, 5 álnir og 3 kvartil á lengd, á breidd 3 álnir og 3 kvartil, á hæð 4 álnir. Með tveimur ásum einlægum og fjórum dvergum á tveimur bitum, fjórum stoðum. Húsið stæðilegt að undanteknum 5 röftum. Veggir stæðilegir og stafnar. Álag er 24 sk.

4 Göng frá bæjardyrum til baðstofudyra, 16 álnir á lengd, 1 1/3 á breidd, 3 álnir á hæð. 5 þvertré, með mænirtróðum brúkanlegum. Veggjum góðum að tveggja álna löngum parti fráteknum. Raftviður ónýtur, 22 að tölu, en hitt gott. Álag 72 sk.

5 Bæjardyr, 4 álnir á lengd, 2 álnir á breidd, 4 álnir á hæð. Með nýjum mænirás og öllum raftvið góðum. Slagþil brúkanlegt, með vindskíðum, dyra umbúningur góður með lélegri hurð á járnum. Álag gjörist 16 sk.

6 Skemma, á lengd 7 álnir og kvartil, 3 álnir á breidd, 5 álnir á hæð. 8 stoðir, fjórir bitar, sperrur fernar, syllur í tveimur stafgölfum en langviður í tveimur. Nýir allir viðir hússins. Annar hússins veggur ónýtur en hinn veggur og stafn stæðilegur. Með slagþili stæðilegu, öngvum vindskíðum, dyra umbúningur góður, ónýtt hurð á járnum. Álag á húsið gjörist 3 rd.

Summa 7 rd., 16 sk.

⁴⁴ Stendur svo.

⁴⁵ Stendur svo.

⁴⁶ Ritað „klyngu.“

G.J.son⁴⁷

Við undirskrifaðir erum vel sáttir með þessa úttekt,

Tómas Tómasson sem viðtakandi, Árni Þorsteinsson sem fráfarandi, en vottar við þessa úttekt eru Tómas Steinsson og Sigurður Magnússon, d. 1. júní 1833

Eiðar

Þann 9. maí 1833 var ég undirskrifaður ...⁴⁸ úttaka jörðina Eiða, að viðverandi Gr... sem frávíkjandi og Árna Þorsteinssyni sem ... Og kom jörðin svo fyrir sjónir síðar mun sagt:

1 Baðstofa, 9 álnir á lengd, fjórar á breidd, 5 á hæð. 8 stöfum brú[k]anlegum, með 2 bitum á lausholtum, einlægum fjórum sperrum, með kálfum á milli brúkanlegum, og tvennar höggsperrur, þar af allar brúkanlegar. Og áfellur á lausholtum til beggja hliða með einlægum langböndum til beggja hliða, feruknum. Brúkanleg reisifjöl í tveimur stafgölfum en reisiraftur í einu, lítt nýtur, mænirtróða. Öll góð hurð⁴⁹ með einum dyrustaf á tréhjörum, í góðu standi, með þrepskjöld undir. Báðir stafnar og annar hliðveggur stæðilegur, hinn aldeilis fallinn á vegg. Og við gjörist álag 6 rd., 48 sk.

2 Búrhús, 6 álnir að lengd, þrjár á breidd, fjórar á hæð. 2 stöfum undir einum bita, með dverg undir einlægum mænirás. Með góðum dyra umbúningi og hurð á járnum með hespu og keng. Allir viðir hússins góðir. Húsið stæðilegt að veggjum utan ei[n]jum litlum parti fráteknum hvar viðgjörð þarf með framtíð. Á hann gjörist álag 48 sk.

3 Eldhús, 6 álnir á lengd, þrjár á breidd, fjórar á hæð. Með 4 stöfum, tveimur bitum, tveimur áfellum, tveimur dvergum á bitum, einlægum mænirás. Húsið að viðum og veggjum í besta standi.

4 Búrhús innar af eldhúsi, 3 álnir á lengd, 3 álnir á hæð, 3 álnir á breidd. Með einum bita og dverg á, dyrustöfum, undir einlægum mænirás, áfella á aðra hlið, með lítt nýtum við. Hliðarveggir stæðilegir en ónýtum stafnvegg. Við vegg gjö[r]ist álag ...

5 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra 17 ... lengd. Með 7 þvertrjám, aukin mænirtróða [6] ...lum gangna stæðilegt, en í einum ... gangaveggir stæðilegir. Álag á göngin 1 rd., 24 sk.

... 4 álna löng, 2 1/2 á breidd, 4 álna háar. Með 4 stöfum ... sperrum, tveimur langböndum auknum, vesælum ... Með vel brúkanlegu slagþili og hurð á járnum. ... feldugheit bæjardyra uppbætt með spýtum svo ... [vi]ðtakandi er vel haldinn.

[7 Sk]emma, hvörja fráfarandi hefur áður stækkað [ti]l muna, hvörs vegna hann nú lætur aðra á líkum formi og jarðarhúsið var, þar viðtakari vill ei kaupa, hvað yfir var þeirrar áður stækkuðu skemmu, 6 álna löng, 3 1/2 alin á breidd, fjórar á hæð. Með 6 stöfum, þremur bitum, tvennum sperrum, tveimur langböndum, aukinni mænirtróðu. Standþil framan undir, hurð á járnum. Húsið fallið að álagsrefti, hliðarveggir álitnir stæðilegir en stafnveggur fallinn á húsið. Gjörist álag 4 rd., 48 sk.

8 Hús niður á Rana, 6 álna langt, þrjár álnir á breidd, 2 1/2 á hæð. 1 bita og dverg á, undir einlægum mænirás góðum. Ónýtur raftviður gisinn en brúkanlegir veggir en hrörlegir. Álag á húsið 3 rd.

9 Fjárhús, 4 álnir á lengd, 5 á breidd. Tvær stoðir undir einlægum ásum, stæðilegt að raftvið. Dyra umbúningur, með hurð á járnum. Veggir stæðilegir utan 1/2 hliðveggur annar fallinn. Álag gjörist á veggpar raft⁵⁰ vöntun 1 rd., 32 sk.

Allra jarðarhúsa álags summa 19 rd., 40 sk.

Upp í ofanskrifað álag lætur fráfarandi:

Nr. 9. Fjárhúskofa, virtur á 1 rd.

Nr. 10. Hlaða 2 rd.

⁴⁷ Þetta er líklega skammstöfun Gunnars Jónssonar.

⁴⁸ Annað efra og neðra horn blaðsins er rífið og vantar nokkur orð í efstu og neðstu línurnar beggja megin blaðsins. Þar settir þrír punktar.

⁴⁹ Stendur svo.

⁵⁰ Verður helst lesið svo, óljóst.

Nr. 11. Mólakofi,⁵¹ virtur á 10 sk.

Nr. [12]. Grindarhjallur, virtur á 3 rd.

Nr. [13] ... iðja, virt á 1 rd.

Nr. [14] ... vitur á 1 rd.

[Nr. 15] ... í baðstofu með rúmstæði, 3 hillum og byggingu ... rúm, virt á 9 rd.

...í Sigfússyni í Garðsvík 4 rd., 48 sk.

Summa 21 rd., 58 sk.

Um of gildið 2 rd., 18 sk. Af þessum 2 rd. ... gefur fráfarandi Grímur Jónsson þei... Árna Þorsteinssyni 1 rd.

Ofanskrifaða úttektargjörð gjöri [ég] mig sáttan með, Grímur Jónsson; sama vitnar Árni Þorsteinsson; vottar við þessa úttekt eru Tómas Steinsson og Sigurður Magnússon

Þann 9. maí 1833,

Gunnar Jónsson

Sveinsstaðir

Þann 8. maí 1833 var ég undirskrifaður til staðar að útt[aka] jörðina Sveinsstaði, að viðverandi Ólafi Stefánssyni sem frá víkur og Ara Jónssyni sem viðtakanda, og kom jörðin svo fyrir sjónir sem síðar mun sagt verða:

1 Baðstofa, 6⁵² álnir og 3 kvartil löng, 3 1/2 alin á breidd, 5 álnir á hæð. Með fjórum sperrum — hvar af tvennar höggsperrur en tvennar stafnsperrur — á tveimur bitum nýlegum, 6 stoðum, með einlægum lausholum, þar af fjórar góðar stoðir en tvær lakari. Þar á gjörist álag 16 sk. Stafnar góðir og annar hliðarveggur en hinn, hr[j]álegur. Þar á gjörist álag 1 rd.

2 Búrhús, 3 álnir á lengd, 3 álnir á breidd, 3 álnir á hæð. Mænirás brúkanlegur, með langrefti á aðra hlið en þverrefti á aðra slæmt. Þar á gjörist álag 80 sk. Annar stafnveggur og hliðveggur í standi en hinn hliðveggur og stafn fallinn. Þar á gjörist álag 1 rd., 32 sk.

3 Eldhús nýtt og vel byggt. Með þremur bitum og dvergum og tveimur stoðum undir miðbita. Veggir allir í góðu standi, með góðum stöfnum. Hurðarlaust.

4 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, 10 álnir á lengd, 1 1/2 alin á breidd, 3 álna há. Helmingur ganganna und[ir] flatrefti en hinn undir mænirás, með einum bi[ta], dverg á tveimur stöfum undir sama bita. Upprefti ... Veggir allir góðir og nýbyggðir.

[5] ...gd, tvær á breidd, 3 1/2 á hæð. Einar ... og 1 dvergur, mænirtróða og upprefti ... bjórþil framan undir með vesölum ... með brúkanlegri hurð á jarnum. Á viði bæjar.... álag 1 rd., 16 sk.

[6] ...ur bæjardyra í standi, hinn fallinn. Þar á álag 1 rd.

[Summa] 5 rd., 48 sk.

... álagið tók Ari við skemmuræfli og forskygg[ni] virtu á 2 rd., 88 sk. og hlöðu [vir]t á 4 rd.

[Summa] 6 rd., 88 sk.

Á svo Ólafur hjá Ara 1 rd., 24 sk.

Túnið lítið og graslítið en meiri partur túnsins hartnær ónýtur af grjóti.

Sveinsstöðum þann 8. maí 1833,

Gunnar Jónsson; við undirskrifaðir eru vel sáttir með þessa úttekt, Ari Jónsson sem viðtakandi, Ólafur Stefánsson sem fráfarandi

Sveinagarðar

Þann 10. maí 1834, var⁵³ ... að úttaka jörðina Sveinagarða að ...

⁵¹ Stendur svo.

⁵² Óljóst.

⁵³ Annað efra og neðra horn blaðsins er rífið og vantar nokkur orð í efstu og neðstu línurnar beggja megin blaðsins. Þar settir þrjú punktar.

Magnússyni sem frávíkjanda og Tómas ... viðtakandi. Og kom jörðin svo fyrir sjónir að ... sem síðar er frá greint:

1 Baðstofa, 7 álna löng, 4 álnir á breidd, 5 álnir á hæð, ... einlægum lausholtum, tveimur bitum, fernum kálfaþessum, fjórir heilir stafir á vesturhlið og fjórir hálfir á austurhlið, þríauknum áfellum beggja megin. Með fáeinum langböndum, einlægri mænirtróðu og upprefti af þéttreftum fjalvið. Meiri partur viðanna nýtt og nýlegt. Veggir flestallir nýir og stæðilegir. Er þá baðstofan aukin þar hún áður var 6 álna löng, 3 álnir á breidd, 3 1/2 alin á hæð. Baðstofuhurð á járnum, þrepskjöldur og tveir dyrustafir, dyrutré og fjöl fyrir ofan, allt vel um vandað.

2 Göng frá baðstofudyrum til eldhúsdýra, fjórir faðmar. 5 bitar og fjórir dvergar, þríaukin mænirtróða, smá upprefti nýtt og gamalt en þéttreft rúmar 3 álnir undir mænirtróðu. Veggir gamlir en sámilega stæðilegir.

3 Búrhús, rúmar 3 álnir langt, 3 álnir breidd, 4 1/2 alin á hæð. Mænirás brúkanlegur, upprefti gamalt og fúíð. Veggir gamlir og stæðilegir. Álag á húsið ...

4 Eldhús, 6 álna lan[gt], 2 1/2 á breidd, 5 álnir á hæð. Tveimur bitum, mænirás einlægur og gamall og allir viðir hússins gamlir. Allir veggir hússins gamlir en þó næst... stæðilegir, utan austurveggur fallinn. Álag á húsið ...

5 Göng frá eldhúsdýrum til bæjardýra, tveir faðmar ... Með einum bita og dverg á, 3 álnir á hæð, mænir[tróðu]partur. Upprefti ónýtt helmingur en helmingur... tur. Meiri partur veggja fallinn. Álag ...

[6] ... afir, þrepskjöldur, dyrutré ... hurð á járnum.

[7] ... 1/2 álna löng, 2 1/2 breidd, þrjár álnir á hæð ... 2 stöfum, 2 sperrum, með tveimur lélegum ...um með upprefti gömlu. Lítið slagþil ... undir, hurð á járnum með hespu og keng. [Vegg]ir hússins gamlir en stæðilegir. Álag á [húsið] 1 rd.

Summa 8 rd.

Burtfarandi og viðtakandi eru sáttir [þ]að vitnar,

Gunnar Jónsson; Jónas Sigfússon virðingarmaður; Sigurður Magnússon, Tómas Tómasson,

Tómas Steinsson

Ytri-Grenivík

Þann 14. maí 1834 var ég undirskrifaður til staðar að úttaka jörðina Ytri-Grenivík að viðverandi Ólafi Ólafssyni sem frávíkjandi og kom jörðin svo fyrir sjónir af sanssýnilegum vottum, að ei gjörðist álag meir en síðar er til tekið þá af yfirsjón hefði áður verið eftir deild meira af helmingum:

1 Baðstofa, rúmar átta álna löng, þrjár álnir á breidd, 5 álnir á hæð. Einlægt lausholt á vestur-, en aukið á austurhlið. Með tveimur bitum, fernum kálfaþessum, átta stöðum, tvenn langbönd tvíaukin á hvorri hlið, mænirtróða af samanlögðu langröftum. Upprefti af þéttreftum fjalvið. Allir viðir hússins álitlegir. Baðstofuhurð á tréhjörum, með trélinku, einum dyrastaf og þrepskildi. Húsið þess vegna virðist stæðilegt að viðum og veggjum.

2 Göng frá baðstofudyrum til bæjardýra, 15 til 16 álna löng, 3 álnir á hæð. 6 þverraftar undir 6 auk[n]um mænirás, með þéttu smáu upprefti beggja vegna. Viðirnir sýnast nógu vel brúkanlegir, en sökum sudda og slagnings vegna sýnast í framtíð muni verða fúa undirorpnrir, einkum ef venjulega ábúðarmanna umgengni vantaði í húsin. Veggir allir gan[g]anna eru í allsámilegu standi, að fráteknum litlum parti fyrir framan baðstofudyr sem í samhengi við stafnvegg baðstofunnar er holóttur og þarf við framtíð endurbót hvurs vegna ofan á leggst bæði vegginn og viðina 3 rd.

3 Búrhús, 5 álna langt, 3 álnir á breidd, 4 álnir á hæð. Tveimur bitum, fjórum stöðum.⁵⁴ Einlægum mænirás, brúkanlegum reisirafti á báðum hliðum, miðpartur gamalt og fúíð. Veggir stæðilegir. Hurð á járnum með hespu og keng og fjöl fyrir ofan. Álag 3 rd.

⁵⁴ Orðin „tveimur bitum, fjórum stöðum“ virðast yfirstrikuð. Óljóst.

4 Eldhús, 6 álnir á lengd⁵⁵ 3 álnir á breidd, 4 álnir á hæð. Tveimur bitum, fjórum stoðum, tveimur ásum tvíauknum, fjórum dvergum undir á bitum. Upprefti þétt á báðar síður. Veggir gamlir, harðir og stæðilegir. Eldhúsgöng til bæjargangna, 1 faðmur á lengd, með tveimur þverróftum og langraft yfir, með lélegu þverrefti beggja megin. Álag 48 sk.

5 Kofi út úr göngum, 5 álna langur, 3 1/2 alin á breidd, 4 álnir á hæð og einum bita undir einlægum ás. Upprefti gamalt, þó sumt brúkanlegt, þrjú þvertré yfir dyrum. Veggir sumir nýir en sumir gamlir og moldrunnir. Álag 2 rd.

6 Hlöðukofi, 5 álna langur, 3 álnir á hæð, 3 1/2 alin á breidd. Einum bita og dverg á undir einauknum mænirás, upprefti á báðum hliðum brúkanlegt, þremur þvertrjám yfir dyrum. Veggir stæðilegir utan annar dyrakampur sem þarf aðgjörð. Álag þar á 1 rd.

7 Bæjardyr, 5 álna langar, 4 álnir á hæð, 5 álnir á breidd. 2 bitar með 5 stöfum. Með dyrustöfum, dverg á innri bita en sperrum á frambita. Lítið slagþil fyrir ofan og utan dyrustafi, aurstokk og þrepskjöld þar ofan á, ný hurð á járnum. Upprefti allt gott og stæðilegt. Veggir allir stæðilegir.

8 Skemma, átta álna löng, 4 álnir á breidd, 4 1/2 á hæð. 4 bitar, átta stoðir, 4 sperrum í tvennu lagi, tvöföldum langbandastúfum, syllum í tveimur stafngólfum, mænirtróða einaukin, upprefti af smáklofnum rafti. Slagþil framan undir, tveimur dyrustöfum, aursyllu, þrepskjöld, hurð á járnum með hespu og keng. Veggir gamlir en stæðilegir utan stafnveggur hrjálegur og moldrunninn. Viðir hússins allir nýlegir. Álag á vegg gjörist 1 rd., 48 sk.

Hvað álagi jarðarinnar viðkemur verður það að standa inni hjá viðkomendum þar óvís er ábúandi til vonar og enginn heldur til staðarins fyrir hönd húsbónda jarðarinnar sem veiti móttöku nefndu álagi þar til annar hvor þessara hefur áskilið eftir velþóknun fullkomið andvirði.

Framanskrifuðu til staðfestu undirskrifa,

Gunnar Jónsson, J[ónas] Sigfússon, Ólafur Ólafsson, Tómas Tómasson

Efri-Sandvík

Þann 7. júní 1836 var ég til staðar að taka út jörðina Efri-Sandvík, að viðverandi Guðmundi Bjarnarsyni sem frávíkjandi og Gunnari Jónssyni. Hér með áleist jörðin sem síðar mun sagt verða:

1 Baðstofa, 9 álnir á lengd, 4 á breidd, 5 á hæð. Með 5 hálfstöfum á vesturhlið og 3 heilstöfum á austurhlið, öllum gömlum og fúnum og lítt brúkanlegum, 2 bitar á tveimur lausholtum vesælum og auk[n]um sem líka eru fúnar. 5 sperrur, allar með kálfum og þremur skambbitum, allt fúíð og lítt brúkanlegt. Áfellur á lausholtum, hvar af 1 er tvíaukin á austurhlið en þríauknar á vesturhlið. 2 langbönd til beggja hliða, gömul, fúin, mænirtróða gömul og fúin en brúkandi samt. Reisifjöl fúin tvíaukin og lítt brúkanleg en veggir gamlir en samt brúkanlegir, samt er austurgafli sprunginn. Baðstofuhurð léleg með þrepskildi með gömlum járnum og brúkanlegum. Gjörist álag 20 rd.

2 Búrhús, 6 álnir á lengd, 3 á breidd, 3 á hæð. Með 1 bita og dverg á gömlum og feysknum, tvíaukin mænirtróða og brotin annars vegar. Hliðarveggir gamlir, moldrunnir, þó stæðilegir. Vestari stafn gamall og moldrunninn en sá austari sprunginn og lítt nýtur. Hurð á járnum með tréhjörum og þrepskyldi, sömuleiðis stöfum gömlum og feysknum. Álag gjörist á búið hálf 5 rd.

3 Annað búrhús, 3 álnir á lengd, 3 á breidd, 3 1/2 á hæð. 1 biti með dverg og mænirtróðu einlægri. Hans útveggur í sémilegu standi en upprefti fúíð og vesælt. Brúkanleg hurð með sémilega brúkandi dyrustöfum og þrepskildi. Álag gjörist 2 rd.

4 Eldhús, 8 álnir á lengd, 4 á breidd, 4 á hæð. Með 3 bitum, 3 dvergum, samt 6 stoðum undir bitum og einlægum mænirás og 6 máttarróftum með langróftum og þverrefti yfir. Veggirnir eru gamlir, moldrunnir en þó stæðilegir og staf[n]ar eins, en með því húsið er gamalt gjörist álag 1 rd.

5 Göng frá baðstofudyrum til eldhúsdýra, 6 álnir á lengd, 2 á breidd, 3 1/2 á hæð. Með einaukinni mænirtróðu, 3 bitum gömlum eins og mænirtróðan en uppreftið er nýtt. Hurð á járnum nýjum með brúkanlegum dyrustöfum og þrepskildi. Fyrir lasleika á bitum og mænirtróðu gjörist álag 2 mk. Nýr veggur annars vegar en hins vegar gamall, en þó stæðilegur. Gjörist álag 32 sk.

⁵⁵ Óljóst.

6 Göng frá innri búrdyrum til bæjardyra, 9 álnir á lengd, 1 1/2 á breidd, 3 1/2 á hæð. Með 4 bitum og þar á 4 dvergum, mænirás þríauknum, þetta hvortveggja gamalt og feyskið, með fínu upprefti á innri parti en á fremri parti gömlu en brúkanlegu. Veggur gangna að vestanverðu gamall en þó stæðilegur. En austurveggurinn að parti fallinn. Hvar fyrir gjörist álag á viði og veggi 3 rd., 32 sk.

7 Bæjardyrakofi, 6 álnir á lengd, 3 á breidd, 3 1/2 á hæð. Með dvergum og einaukinni mænirtróðu. Með gömlu upprefti en þó fleiru brúkanlegu velflestu. Gamlir veggir en þó nokkuð stæðilegir.

Rangali fram af fyrrnefndum kofa, 2 álnir á lengd, 1 á breidd, 3 á hæð. Með einni mænirtróðu, tveimur dvergum og bita undir þeim fremri. Dyra umbúningur með tveimur dyrustöfum nýjum og hurð á nýjum járnum og þrepskildi. Fyrir lasleika viðanna gjörist álag 1 rd.

8 Bæjardyr frá göngum, 5 1/2 [alin]á lengd, 2 1/2 á breidd, 4 á hæð. Biti með dverg að innan með aukinni mænirtróðu. Bjórþil á bita að framan, gisið, og bjórþil undir.⁵⁶ Hurð á járnum með dyrustöfum og þrepskildi. Fyrir lasleika á fyrrnefndu bjórþili að ofan og neðan gjörist álag 32 sk.

9 Skemma, 4 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. 3 bitar, með tvennum sperrum, bita á dverg og einaukinni mænirtróðu. Með gömlu og lélegu upprefti að innan en þó sumu brúkanlegu, en ný í fremra stafgólfi. Hurð á járnum með gisnu standþil að ofan og neðan gölluðum vindskeiðum og 6 stöfum. Fyrir lasleika á hússin[s]⁵⁷ viðum gjörist álag 2 rd.

10 Fjánhúskofi, 4 álnir á lengd, 3 á breidd, 3 á hæð. Sýnist stæðilegur að viðum og veggjum. Hlaða þar við 3 álnir á lengd, 2 1/2 á breidd, 3 á hæð. Virðist í sama standi.

11 Skemma ný, 6 álnir á lengd, 4 álnir á breidd, 6 á hæð. 6 stöfum, óauknum lausholtum, þremur bitum, þrennar sperrur, einlægri mænirtróðu, einauknum áfellum til beggja hliða, tveimur langböndum, einauknum til beggja hliða og upprefti þar á. Rámað standþil fyrir ofan og neðan bita. Dyra umbúningur, hurð á járnum með þrepskildi á aurstokk. Húsið því að viðum og veggjum sýnist ekki neins álags við þurfa.

Álags summa 35 rd.

Ytri-Grenivík

Þann 24. maí 1836 var ég undirskrifaður til staðar að úttaka jörðina Ytri-Grenivík, að viðverandi Bjarna Bjarnasyni sem frávikjandi og Jóhannesi Andréssyni. Hér með áleist jörðin sem síðar mun sagt verða:

1 Baðstofa, 8 álnir á lengd, 3 á breidd, 5 á hæð. Einlægt lausholt á vesturhlið en einaukið á austurhlið, með tveimur bitum, fernum kálasperrum, 8 stoðum, tveimur langböndum, tvíauk[n]um [á] hvorri hlið, mænirtróðu af samanlögðum langröftum, upprefti þétt og allir viðir hússins stæðilegir. Moldrunnir veggir en þó stæðilegir fyrir utan hálf stafgólf. Hurð á tréhjörum með tréklínku og þrepskildi. Á húsið gjörist álag 1 rd.

2 Búrhús, 5 álnir á lengd, 3 álnir á breidd, 4 á hæð. Álagshúsið⁵⁸ með hurð á járnum með hespu á keng, þrepskildi og þremur dyrastöfum. Gjörist álag 3 rd., 48 sk.

3 Eldhús, 5 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með tveimur bitum, fjórum stoðum, 4 dvergum á bitum og tveimur mænirásum einauknum, upprefti þétt á báðar síður. Veggir gamlir og harðir og stæðilegir. Eldhúsgöng til gangna 3 álnir á lengd, 3 á hæð. Með tveimur þverröftum og langröftum ónýtum þar yfir og lítt nýtt smárefti beggja megin og einum staf undir þverrefti. Álag 72 sk.

⁵⁶ Verður helst lesið svo.

⁵⁷ Óljóst.

⁵⁸ Óljóst.

4 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, 16 álnir á lengd, 3 álnir á hæð, 2 álnir á breidd. 6 raftar undir óauknum mænirás. Með þéttu smá upprefti til beggja hliða, brúkanði raftviður að helmingi en ónýtt að helmingi. Álag á göngin 4 rd., 64 sk.

5 Kofi út úr göngum, 5 álnir á lengd, 3 1/2 alin á breidd, 4 á hæð. Einum bita og dverg á undir einlægum mænirás. Upprefti á báðum hliðum — þvertré yfir dyrum — þó samt brúkanlegt. Veggir sumir nýir, sumir gamlir og moldrunnir. Álag 3 rd., 48 sk.

6 Hlöðukofi, 5 álnir að lengd, 2 1/2 alin breidd, 3 1/2 alin á hæð. Með einlægum bita og dverg á undir einauknum mænirás. Upprefti á báðum hliðum lélegt en þó til helminga brúkanlegt. Álag þar á 1 rd., 32 sk.

7. Bæjardyr, 5 álna langar, 4 álnir á hæð, 2 álnir að breidd. 2 bitar yfir fjórum dyrustöfum, dverg á innri bita, sperrur á frambita. Lítið slagþil fyrir ofan dyrustafi, aurstokkur undir, þrepskjöldur þar ofan á, ný hurð á járnum. Upprefti allt þétt og stæðilegt. Veggir allir stæðilegir.

8 Skemma, 8 álnir á lengd, 4 á breidd, 4 1/2 alin á hæð. 4 bitar og átta stoðir, 4 sperrum, langbönd til beggja hliða tvíaukin, mænirtróða einaukin. Slagþil framan undir hússins dyrastöfum, aurstokkum með þrepskildi, hurð á járnum með hespu og keng. Veggir gamlir en stæðilegir utan stafnveggur hrjálegur og moldrunninn. Viðir hússins allir nýlegir. Fyrir lasleika á viðum og veggjum gjöríst álag 1 rd., 48 sk.

Álags summa 15 rd., 24 sk.

Skrifast sáttir,

Jóhannes Andrésson viðtakandi, Björn Bjarnason frávíkjandi; úttektarmenn Kristján Sigurðsson, Tómas Steinsson

Sveinsstaðir

Þann 29. maí 1836 var ég til staðar að úttaka jörðina Sveinsstaði, að viðverandi Ara Jónssyni sem frávíkjandi og fyrir viðtakanda hönd eftir bestu sannsýni, með þeim móti⁵⁹ að hann verði til jarðarinnar kominn í tíma:

1 Baðstofa, 5 1/2 alin löng, 3 1/2 á breidd, 5 á hæð. Átta stoðir, þar af fjórar hálfar — allar brúkanlegar utan ein lítt brúkanleg — lausholt til beggja hliða einlæg og góð, sperrur 4 all[ar] brúkanlegar, áfellur allar brúkanlegar, 2 langbönd til beggja hliða tvíaukin — í góðu standi — mænirtróða einaukin, í góðu standi. Veggir gamlir en stæðilegir og harðir. Upprefti flest allt stæðilegt. Baðstofan að viðum og veggjum sýnist stæðileg. Hurð á járnum með dyrustöfum og þrepskildi. Álag á brákað upprefti og bita 1 rd., 48 sk.

2 Búrhús, 3 álnir á lengd, 3 á breidd, 3 á hæð. Nýlegt og stæðilegt að viðum og veggjum.

3 Eldhús nýtt. Með 4 stoðum, þremur bitum, dvergum þar á. Vel stæðilegt að viðum og veggjum.

4 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, 10 álnir á lengd, 1 1/2 á breidd, 3 á hæð. Helmingur gangnanna undir flatrefti en helmingur undir mænirás, með einum bita og stöfum undir. Upprefti flest allt nýtt og gott. Húsið að viðum og veggjum sýnist ekki neins álags við þurfa utan upprefti á leggst 48 sk.

5 Bæjardyr, 4 1/2 alin á lengd, 2 1/2 á breidd, 4 á hæð. Með 6 stöfum, 3 bitum, 2 lausholtum, þremur sperrum, langböndum einauknum á báðum hliðum. Upprefti allt nýtt og gott. Slagþil framan undir, allt nýtt og vel um vandað og snoturt. Bæjardyr að viðum og veggjum í besta standi.

Allar þessar úttektir hef ég álitid í besta máta, því úttektarmenn voru skarpir og réttsýnir, þar með var þetta gjört í því tilliti að þeir mundu koma frjálssir og álíta yðar jarðir hér á eyggi, því af sjálfsdáðum tók ég til jörðina Ytri-Grenivík, af því að þér höfðuð áður beðið mig fyrir að úttaka jarðir yðar sem losna kynni, og í því tilliti gerði ég þetta, og þar með er ég sestur yður óvitandi að Efri-Sandvík, upp á þann máta þér ekki misvirðið mitt fyrirtæki, þar með bið ég yður að byggja mér téða jörð þegar möguleg getið og með fyrsta tækifæri.

⁵⁹ Stendur svo.

Lifið blessaður. Yðar þénustuskyldugur meðan heiti Gunnar Jónsson
Efri-Sandvík, dag 25. maí 1836

Til hr. administrators Þorsteins Daníelssonar að Skipalóni

Sveinsstaðir

Þann 9. júní [1838] var ég til staðar að úttaka jörðina Sveinsstaði, að fráfaranda Hansi Andrésyni en í staðinn hef tekið Jónatan Daníelsson til aðgæslu á húsum og túnnum, en viðtakandi er Ólafur Stefánsson:

1 Baðstofa, 5 álnir, 3 kvartil löng, 3 álnir, 3/4 á breidd, 5 álnir á hæð. 8 stoðum, 4 hálfstoðum, 2 bitum, fernum sperrum, tveimur skambbitum og einlægum lausholtum til beggja hliða, tveimur langböndum til beggja hliða, allt fornt en þó brúkanlegt. Veggir og stafnar brúkanlegir utan partur af hliðarvegg. Álag á húsið 1 rd., 60 sk.

2 Búrhús, 3 álnir að lengd, 3 álnir á breidd, 3 álnir á hæð. Mænirás með langrefti á aðra hlið en þverrefti á aðra, fornir viðir en þó brúkanlegir. Með stæðilegum veggjum en fyrir fyrningu gjörist álag 18 sk.

3 Eldhús, 3 álnir á lengd, 3 álnir á breidd, 4 álnir á hæð. Með þremur bitum og dvergum á og tveimur stoðum undir miðbita. Veggir allir í góðu standi. Með stöfum undir dyrum en brotið á ytri hlið í einu stafgólfi. Þar á gjörist álag 64 sk.

4 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, 10 álna löng, 3 álnir á hæð, 2 1/2 alin á breidd. Helmingur gangna undir flatrefti en hinn helmingur undir mænir og með einum bita og dverg á tveimur stöfum undir sama bita. Veggir allir góðir. Fyrir fyrningu gjörist álag 8 sk.

5 Bæjardyr, 4 álnir á lengd, 3 álnir á breidd, 5 álnir á hæð. Stæðilegar að viðum og veggjum. Gjörist ekkert álag en álags summan 2 rd., 54 sk.

Til álags er hlaða virt á 1 rd., 16 sk.

Eftir stendur 1 rd., 38 sk.

Til staðfestu,

Gunnar Jónsson

Við undirskrifaðir erum sáttir með þessa úttekt,

Ólafur Stefánsson sem viðtakandi, Hans Andrés�son sem fráfarandi

Eiðar

Þann 2. ágúst 1838 var ég undirskrifaður til staðar að út taka jörðina Eiða, að viðverandi Árna Þorsteinssyni sem fráfaranda og Guðmundi Bjarnarsyni sem viðtakandi, og kom jörðin svo fyrir sjónir sem síðar frá greinist.

1 Baðstofa, 9 álnir á lengd, 4 álnir á breidd, 5 álnir á hæð. Átta stöfum — öllum gömlum og lítt nýtum — fernum kálsperrum — öllum lélegum — og áfellum á lausholtum til beggja hliða, brúkanleg reisifjöl í tveimur stafgölfum, lítt nýt mænirtróða, brúkanleg í einu stafgólfi, raftviður fúinn og ónýtur.

Baðstofudyr, með tveimur stöfum og hurð á tréhjörum og þrepskildi, öllu gömlu og þó brúkanlegu. Báðir stafnar hrjálegir en þó stæðilegir, annar hliðveggur hrjálegur og lítt nýtur að parti en hinn aldeilis fallinn. Þar fyrir gjörist álag 10 rd., 48 sk.

2 Búrhús, 5 álna langt, 4 álnir á hæð, 3 álnir á breidd. Með tveimur stöfum, einum bita með dverg undir einlægum mænirás. Með lítt nýtum dyra umbúnaði. Húsið stæðilegt að viðum og veggjum, sýnist þar fyrir einskis álags með þurfa.

3 Eldhús, 6 álna langt, 3 álnir á breidd, 4 álnir á hæð. Með fjórum stöfum, tveimur bitum, tveimur áfellum, dverg á bitum með einlægum mænirás. Húsið að viðum og veggjum álist stæðilegt. Álag 64 sk.

4 Búrkofi innar af eldhúsi, 3 álnir á lengd, 3 álnir á hæð, 3 álnir á breidd. Með fjórum stoðum undir áfelluendum til beggja hliða, önnur ný en hin léleg. Raftviður hússins meiri partur nýr og mænirás nýr. Veggir stæðilegir. Álag gjörist 24 sk.

5 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, 17 álnir. Með fjórum þvertrjám. Stæðileg að viðum og veggjum utan. [Vegna] grannleika raftviða gjörist álag 24 sk.

Bæjardyr, 4 álna langar,⁶⁰ 2 1/2 alin á breidd, 4 álnir á hæð. Með fjórum stöfum, þremur sperrum, tveimur langböndum, aukinni vesælli mænirtróðu og vesælum raftvið. Brúkanlegu slagþili og hurð á járnum, lélegir dyrustafir, brúkanlegar vindskífur. Húsið að viðum og veggjum álist stæðilegt en fyrir grannleika viðar og feyskni gjörist álag 48 sk.

6 Skemma, 6 álna löng, 3 álnir á breidd, 4 álnir á hæð. Með 6 stoðum, 3 bitum, 5 sperrum, 2 langböndum — einaukin á hlið — og einlægum raftvið en þó grönnum. Hurð á járnum og dyra umbúningur brúkandi, með hrjálegu slagþili. Álag 64 sk.

7 Búrhús, 6 álna langt, 3 álnir á hæð, 3 álnir á breidd. Með einum bita og mænirás með dverg undir, gamall og feyskinn og mikið hrjálegur. Veggir hússins hrjálegir en þó stæðilegir utan stafnveggur fallinn að mestu. Álag á húsið 4 rd., 12 sk.

8 Fjárhús, 4 álnir á breidd, 4 álna langt, 3 álna hæð. Með raftvið fúnum og ónýtum. Veggir hússins til 2 hluta⁶¹ stæðilegir en þriðjungur fallinn og lítt nýtur. Álag á húsið 3 rd., 63 sk.

Allra jarðarhúsa álags summa 20 rd., 59 sk.

Til Guðmundar Bjarnarsonar er í lagt til álags:

Bygging í baðstofu 9 rd.

Hlöðukofi 3 rd.

4 álna spýta 40 sk.

Gemlingur 1 rd., 64 sk.

2 spýtur, virtar 2 rd.

Raftviður virtur 2 rd.

Ás með raftvið 1 rd.

Dyra umbúnaður 48 sk.

Grindarhjallur 64 sk.

Summa 19 rd., 24 sk.

Og eru nú úttektarmenn, Jón Jónsson og Kristján Sigurðsson; ég undirskrifaður antek þá menn til úttektar; sáttur er Guðmundur að kalla og er ei að marka því á meðalveg var farið fyrir hvoru tveggju.

Lífið blessaðir, þess óskar yðar vin,

Gunnar Jónsson

Úttektir jarða í Grímsey tilheyrandi Möðruvallaklausturs umboði árið 1825⁶²

Eftir hávelborins herra amtmanns G. Johnsons bréfi til kammerráðsherra Briems af 28. ágúst 1824, ásamt skriflegri skikkun hr. kammerráðsins af 14 þ.m. komum við undirskrifaðir á Grímsey, ég Jón Jónsson bóndi á Ásláksstöðum, og Páll Pálsson bóndi á Kollugerði innan Glæsibæjarhrepps þann 18. mars 1825, til að fyrirtaka löglega skoðunar-, virðingar- og úttektargjörð á Möðruvalla og Munkaþverár klausturjörðum á ofanefndri eyju, að öllum viðkomendum löglega aðvöruðum og viðstöddum þessara klausturjarða móttakara, administrator hr. [Jóni] Th. Kjærnested, ásamt þeirra réttu ábúendum. Og fyrir tekst þessi úttektar forretting sem fylgir.

1 Ytri-Grenivík

⁶⁰ Leiðrétt úr „á langar.“

⁶¹ Óljóst.

⁶² ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Möðruvallaklaustur VII/2. Úttektir klaustursins og jarðanna 1825.

Eftir Jarðabókinni 42⁶³ #, 40 álnir en skrifast nú 14 #.

1 Baðstofan í 3 stafgólfum, 7 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, 4 1/2 á hæð. Með átta stoðum, lausholtum — annað aukið — 2 bitum, 4 kálsperrum — hvar af tvennar eru höggsperrur — áfellum beggja megin, tvenn langbönd á hvörja hlið, aukin á sperrum. Með einlægu og góðu langrefti á sperrukálfum, þéttrefnum fjalvið yfir allri baðstofunni og tilhlýðilegur dyra umbúningur með hurð á járnum. Baðstofan er nýbyggð af núverandi ábúanda, hreppstjóra Jóni Jónssyni, og fyrirfinnst stæðileg að viðum og veggjum.

2 Búrhús, 4 1/2 alin á lengd, 3 á breidd. Með 2 stoðum, 1 bita með dverg á undir einlægum mæniás, þéttrefi yfir. Dyra umbúningur, hurð á járnum. Gamlir veggir þó nokkuð stæðilegir utan annar stafnveggur fallinn. Viðir hússins allir fúnir, þess vegna víða brotnir og álist þess vegna fallið. Í tilliti til vantandi víða eftir forrettingargjörðinni af 1784, ásamt með þeim fallna vegg, gjörist ofanálag 7 rd.

3 Eldhús í 2 stafgólfum. Með 4 stöfum, 2 bitum og 2 langböndum á annarri hlið auknum, einni mænirtróðu yfir 2 dvergum, aukinni;⁶⁴ 2 máttarraftar á hvorri hlið og annað smærra upprefti af greni. Annar stafnveggur og hliðveggur stæðilegir en hinir þar í mót fallnir. Fyrir brostfeldingheit að viðum og þá föllnu veggj gjörist álag 5 rd., 48 sk.

4 Hlöðukofi, 5 álnir á lengd, kortar 3 á breidd í annan enda en rúm 1 1/2 í annan, 3 á hæð. Með einum bita með dverg á undir einauknum ás, átta máttarraftar og annað smærra upprefti af gömlu greni. Laslegir veggir. Húsið álist að hafa mjókkað verið í þann eina enda og gjörist álag 3 rd.

5 Göng frá baðstofu til bæjardyra, 12 álnir á lengd, 2 á breidd, 3 álnir á hæð. Með 5 þvertrjám, þar undir dvergar á þvertrjám og mænirtróður yfir. Göngin voru fallin en ný uppbyggð að viðum og veggjum af núverandi ábúendum og álitast nú að öllu vel stæðileg.

Bæjardyr, 5 álnir á lengd, á breidd og hæð sem göngin. Með 2 þvertrjám, dverg og mænirtróðu, gamalt greni upprefti. Dyra umbúningur og sín stoð hvörju megin dyrastafa og lasleg hurð á járnum og lítið bjórþil yfir dyrum. Veggir fallnir. Fyrir veggja og víða lasleika gjörist álag 3 rd., 48 sk.

6 Skemma vestur á hlaði, 7 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, 4 1/2 alin á hæð, deild í 3 stafgólf. Með átta stoðum, 4 bitum, syllur í 2 stafgólfum en 2 vegglægjur í því þriðja. Dvergar á innri bitum og reisiraftar í sperru stað. Í fremra parti tvennar sperrur, einlæg mænirtróða og gisið langrefti af greni. Laslegt standþil með laklegri hurð á járnum og bjórþil fyrir ofan. Stafnveggur ónýtur og hliðarveggir laslegir. Húsið víðast kortara eftir forrettingunni af 1784. Fyrir það veggja og víðja hrjáleik gjörist álag 6 rd.

Nr. 6, 7, 9 og 10 í forrettingargjörðinni af 1784 finnast nú ei til vera á jörðunni en skyldu þessi 4 umgetin númer upp byggjast sýnist ei gjörast af minna tilkostnaði en það fyrsta fyrir 4 [rd.], 3 mk., annað do. 9 rd.; þriðja do. 4 rd.; fjórða do. 4 rd., 3 mk.⁶⁵ Fyrir vantandi hús til samans 21 rd.

En fyrir það í oftnefndri forretting nr. 6 gjörist að jarðarhúsi kofi út úr göngunum, kortar 5 álnir á lengd og tæpar 3 á breidd. Með 1 bita og dverg á undir auknum mænirás og langrefti af moskuðu⁶⁶ greni. Annar hliðveggur nærri fallinn og virðir að jafngilda umgetnu númeri fyrir 4 rd.

Restera svo fyrir þau vantandi hús 16 rd., 48 sk.

En fyrir galla og brostfeldugheit á þeim húsum sem nú koma fyrir á jöðrunni 25 rd.

Summa 41 rd., 48 sk.

Jarðarinnar ábúandi, hreppstjóri Jón Jónsson, óskar að hér innfærast, að hann ei finni skyldu sína til að svara til jarðarinnar ofangreindu ofanálagi þar hann hafi ei á jörðunni búið nema 3 ár, þá hann segist hafa tekið við henni án löglegrar afhendingar eður úttektargjörðar, allir viðir níddir, að

⁶³ Stendur svo en er ótrúlega há tala. Skv. Jarðabók Árna og Páls er dýrleikinn á jörðinni 14 # og á það sama við flestar aðrar jarðir í Grímsey. Líklega er hér verið að vísa í einhverja aðra jarðabók eða jarðaprótokoll umboðsins. Kanna þetta ekki frekar að sinni.

⁶⁴ Óljóst.

⁶⁵ Óljóst.

⁶⁶ Annað hvort ætti að lesa „mosk“ (en skyld orð merkja ryk eða dust) eða „mösk“ (og þá í tengslum við orð eins og „möskví“).

húsum og túni, hvört hann fullkomlega eftir leiguliða skyldu betrað og bætt [hafi] í hans áðurnefndri ábúðartíð.

Túnið álist að vera 7 daga sláttur en úr því gengið vel 1 dagsláttu, annars fóðrar það ekki meir en 5 ær til jafnaðar. Túngarður enginn, kálgarður enginn, innstæða engin. Til hlunninda jarðarinnar má telja fiskerí og nokkuð lítinn reka í sumum árum, ásamt nokkru hagræði af bjargi til fuglaveiða, hvað þó allt saman ekki getur álitist meir en til ábúandans eigin nauðþurftar, þar landsgagnið er lítið að öðru leyti, einkum þar virðist að undan jörðunni sé gengið eftir dýrleika í Jarðabókinni og öðrum líkindum. Landskuld í næst undanfarin ár 3 1/2 vætt en þar fyrir var hún eftir sem næst verður komist 4 vættir, þau ár sem hún upp á þann leigumála hefur byggst getað, þar hún hefur oft í eyði staðið.

Sem ábúandi Jón Jónsson; Jón Jónsson, Páll Pálsson; J. Th. Kjærnested

2 Borgir

Eftir Jarðabókinni 17 #, 20 álnir en nú 14 #.

Húsin á jörðunni fyrirfinnast nú sem eftir fylgir:

1 Baðstofa í 2 stafgólum, rúmar 6 álnir á lengd, 3 á breidd, 5 á hæð. 6 stafir undir aukinni syllu annars vegar, 3 bitar, þrennar sperrur, eitt langband á hvorri hlið, einlæg mænirtróða, með þéttum greniröftum. Gamli veggir, þó nokkuð stæðilegir. Dýra umbúningur með hurð á járnum. Baðstofan virðist hafa kortuð verið um 1 stafgolf sem álist að uppreist geti ei fyrir minna en 5 rd., 48 sk.

2 Búrhús, 5 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með einum bita og dverg á undir einlægri mænirtróðu, þéttreft af greni. Veggir stæðilegir og að öllu leyti fyrirfinnst stæðilegt.

3 Eldhús, 6 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með 2 bitum og dverg á undir og einlægri mænirtróðu, 4 máttarröftum og tilhlýðilegt árefti. Veggir gamli og laslegir. Fyrir við og veggja lasleika gjörast álag 4 rd.

4 Hlaða, 3 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með einlægum mæniás, 6 máttarröftum og tilhlýðilegt árefti. Húsið er vel stæðilegt að viðum og veggjum.

5 Kofi, 3 álnir á lengd, 3 á breidd. Undir einlægum ás og stoð undir. Upprefti af þéttum raftvið og húsið stæðilegt að öllu.

6 Göng til bæjardýra, 13 álnir á lengd og tilhlýðileg breidd. Með 8 þvertrjám, aukinn mænirás og tilhlýðilegt upprefti.

Bæjardýr þar fram af, 4 álnir á lengd, 2 1/2 alin á breidd. Einlægur mænirás og tilhlýðilegt upprefti. Dýra umbúningur með hurð á járnum og tilhlýðilegu þili. Göngin með bæjarþili álist stæðilegt.

7 Skemma, sem í forrettingunni af 1784 er nefnt geymsluhús, fyrirfinnst nú 5 1/2 alin að lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með 4 stoðum, 2 bitum á hvörja að liggja raftar í sperra stað á einlægum ás og dverg undir einlægum langböndum. Nýjum raftvið. Þil framan undir með hurð á járnum, hespu og keng. Húsið stæðilegt að viðum og veggjum.

Það áttunda númer, sem fyrir kemur í úttektargjörðinni 1784, finnst nú ei til vera en eftir sem fyrirfinnst þess tóftarbrotts formum,⁶⁷ samkvæmt áðurnefndrar forrettingargjörðar hússins lýsingu gátum við ei nær komist um en til þess uppréttingar kosta muni 6 rd., 48 sk.

Fyrir vantandi hús gjörast álag 12 rd.

En fyrir húsa brostfeldugheit álag 6 rd.

Summa 18 rd.

Jarðarinnar ábúandi óskar að hér inn færist, að hann ekkjufrúarinnar Thorarinsens vegna vilji gott gjöra jarðarinnar brostfeldugheit, nl. þá 6 rd., enda þótt hún hafi ei tekið við jörðunni löglega afhentri með úttektargjörð.

Túnið eftir sem næst verður komist er frekur 6 daga sláttur, en úr því er gengið fullur þriðjungur sem komið er í flag af sandi, og fóðrar ei nema 5 ær með útigangi. Til hlunninda

⁶⁷ Óljóst.

jarðarinnar má telja fiskerí og nokkrir rekar í sumum árum ásamt bjargi til vor- og haustsigningar sem álist til ábúanda eigin nota og nauðsynlegrar bjargar.

Innstæðukúgildi er nú ekki á jörðunni til en ætti það eina kúgildi, sem fyrirfinnst að jörðunni eigi að fylgja eftir Jarðabókinni að virðast til peninga, getur ei minna kostað en eftir nügildandi capitalstaxta, að fráteknum flutningskostnaði.

Landskuld á jörðunni 60 álnir, sem gjaldast með fiski og hákarli.

Sem ábúandi Tómas Steinsson; Jón Jónsson, Páll Pálsson; J. Th. Kjærnested

3 Sveinagarðar

Eftir Jarðabókinni 17 #, 30 álnir en nú 10 #.

Húsin á jörðunni fyrirfinnst sem fylgir:

1 Baðstofa, 5 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, 4 1/2 á hæð. Með 6 stoðum, 2 syllum auknum, 2 bitum, 3 sperrum, einlægri mænirtóðu, einum langböndum, ásamt áfellum, þéttum raftvið gömlum. Dyra umbúningur með hurð á járnum. Veggir stæðilegir en fyrir þann eina bita er vantar gjörist álag 1 rd.

2 Búrhús, 3 álnir á lengd og breidd, 3 1/2 á hæð. Með einlægum mæniás, 4 máttarröftum og annar raftviður nýr. Dyra umbúningur með hurð á járnum og húsið allt stæðilegt að viðum og veggjum.

3 Eldhús, 5 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, 5 á hæð. Með þremur bitum og dvergar á undir einlægum ás og þéttum raftvið og stæðilegt að viðum og veggjum.

Það fjórða númer eftir forrettingunni af 1784 er nú ekki til en fyrirfinnst eftir mælingu á tóftarformi, sem er 3 álnir á lengd og breidd, sýnist ei geta uppbyggst með minna kostnaði en 4 rixdölum.

5 Göng frá baðstofu til útidyra, 14 álnir á lengd, tilhlýðileg á breidd og hæð. Með 5 þvertrjám, auknum mænirás og þéttu smárefti. Útidyr með hurð á járnum, litlu bjórþili. Göngin að viðum og veggjum stæðileg en fyrir lasleika á bæjardyrum gjörist álag 1 rd., 48 sk.

6 Skemma, 4 1/2 alin á lengd, kortar 3 á breidd, 3 1/2 á hæð, deild í 2 stafgólf. Með 2 bitum og 2 sperrum, aukinn mænirás, einum langböndum og tilhlýðilegum raftvið. Standþil og hurð á járnum. Húsið stæðilegt.

Það sjöunda númer er fyrirfinnst í forrettingunni af 1784 er ekki að finna, nema að nafninu, önnur⁶⁸ getur því ekki af okkar úttektarvirðingar mönnum. Gjörist virðing yfir fyrir vantandi hús 4 rd. og fyrir brostfeldugheit 2 rd., 48 sk.

Summa 6 rd., 48 sk.

Túnið er eftir sem næst verður komist 5 daga sláttur, en fyrir órækt mikið úr því gengið. Til hlunninda jarðarinnar má telja fiska-afla og lítinn reka, bjarg til haust- og vorsigninga, ábúanda jarðarinnar til eigin bjargræðis nota.

Fyrir nærverandi tíð hefur goldið verið 40 álnir í fiski og hákarli.

Sem ábúandi Árni Hallsson; Jón Jónsson, Páll Pálsson; J. Th. Kjærnested

4 Sveinsstaðir

Eftir Jarðabókinni 10 # en nú eftir kl. pro.⁶⁹

Þessi jörð er ekkert um getin í forrettingunni af 1784, hvar fyrir við ekki getum rétt okkur eftir henni í tilliti til húsafjölda eður að öðru jörðunni tilheyrandi. Húsin fyrirfinnst sem fylgir:

1 Baðstofa, tæpar 6 álnir á lengd, 3 1/2 á breidd, 5 á hæð. Með fjórum stöfum og lausholtum — annað aukið — 2 bitum, 3 sperrum, tvennum langböndum, aukinn mænirás, upprefti sémilegt. Dyrafir með hurð á tréhjörum. Húsið er nýtekið og stæðilegt að viðum og veggjum.

⁶⁸ Óljóst.

⁶⁹ Hér og á sambærilegum stað við Eiðar og Efri-Sandvík er væntanlega vísað í jarðaprótokoll Möðruvallaklaustur þar sem dýrleiki jarðanna er tiltekinn. En skammstöfunin er óljós.

2 Búrhús, 5 álnir á lengd, 2 1/2 alin á breidd, 3 á hæð. Með einum bita og dverg á undir einlægum mænirás, 4 máttarraftar og annað árefti smærra. Dyrastafir með hurð á járnum. Húsið álist stæðilegt að viðum og veggjum.

3 Eldhús, 4 álnir á lengd, 3 á breidd og hæð. Með einlægum mænirás, tilhlýðilegu upprefti og stæðilegt að öllu nema annar stafnveggur laslegur, hvað ábúandi lofar að endurbæta á komandi vori.

4 Göng frá baðstofu til útidyra. Með 7 þvertrjám og dvergum á, auknum mænirtróðum og tilhlýðilegt upprefti. Dyra umbúningur með hurð á járnum og lítið standþil í kringum. Göngin eru öll nýtekin og álitast þar fyrir stæðileg.

Túnið álist að vera þriggja daga sláttur en úr því er gengið fyrir órækt og sumstaðar upp rist, fóðrar fjórar ær með útigangi. Innstæða engin. Til hlunninda má telja fiskerí, lítinn reka ásamt nokkru hagræði af bjargi til fuglafangs, hvað þó ekki getur álitist meir en til ábúandans eigin nauðþurftar.

Landskuld tjáist ábúandinn hafa galdið þau undanfarin ár, sem hann hefur hér verið, ei hærri en 20 álnir, með einni vætt fiska, þó specificationin yfir Möðruvallaklausturs göss þess viðkomanda administ[rator] afhent útvísi að skuli vera 40 álna eftirgjald jarðarinnar. Byggingarbréf eður kvitteringar segist ábúandinn ekki hafa fengið.

Sem ábúandi Þorlákur Jónsson; Jón Jónsson, Páll Pálsson; J. Th. Kjærnested

5 Eiðar

Eftir Jarðabókinni 12 # en nú eftir kl. protoc. 16 #.

Húsin fyrirfinnast á jörðunni sem eftir fylgir:

1 Baðstofa, 8 álnir á lengd, 3 á breidd, 6 á hæð. Með 2 bitum, átta stöfum, einlægum lausholtum, 4 sperrum — þar af tvennar höggsperrur — einum langböndum, tvíaukinni mænirtróðu. Gisið upprefti, sumt gamalt og laslegt. Fyrir sumpart fallna vegg, brotinn sperrukjálka og lélegt upprefti gjörist álag 5 rd., 48 sk.

2 Búrhús, 5 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með 2 stöfum, 1 bita með dverg á undir einlægum mæniás, 6 máttarraftar og tilhlýðilegt árefti. Dyra umbúningur með hurð á járnum, hespu og keng. Húsið fyrirfinnst að öllu stæðilegt.

Það þriðja númer í úttektagjörðinni af 1784, nefnilega annað búrhús, fellur undir næstskrifað númer þar bæði búrin eru orðin að einu húsi.

3 Eldhús, 6 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með 5 stoðum og 2 bitum og dvergar á undir einlægum mæniás, 8 máttarraftar og annar raftviður sæmilegur. Hliðarveggir og stafnveggur fallnir, hvar fyrir gjörist álag 4 rd.

4 Búrhús innar af eldhúsi, 3 1/2 alin á lengd og hæð og 3 á breidd. Með 2 bitum og einlægum mæniás, annars vegar áfella, upprefti tilhlýðilegt. Virðist stæðilegt að viðum og veggjum.

5 Göng frá baðstofu til bæjardyra, 17 álnir á lengd. Með 7 þvertrjám, aukin mænirtróða og dvergar undir, tilhlýðilegt upprefti. Bæjardyr með hurð á járnum og lítið bjórþil fyrir ofan. Göngin ásamt bæjardyrinum álitast stæðileg að viðum og veggjum.

6 Skemma, 5 álnir á lengd, 3 1/2 á breidd, 4 á hæð. Með 6 stöfum, 3 bitum og tvennum sperrum og syllum, einum langböndum, aukinni mænirtróðu. Þil framan undir með hurð á járnum, hespu og keng. Fyrir brest á annarri syllu gjörist álag 48 sk. en húsið er vel stæðilegt að öðru.

7 Hús niður á Rana⁷⁰, 7 álnir á lengd, 3 á breidd, 3 á hæð. Einum bita með dverg á undir einlægum mæniás, nýr raftviður. Dyra umbúningur með hurð á járnum. Húsið er stæðilegt að viðum og veggjum.

8 Fjánhús, 4 álnir á lengd og 5 á breidd. 2 stoðir á garðahöfði undir einlægum ásum, vel byggt að raftvið. Dyrabúningur með hurð á járnum. Húsið er stæðilegt að viðum og veggjum.

Ofanálag jarðarhúsanna er til samans í allt, summa 10 rd.

⁷⁰ Óljóst.

Túnið álist að vera gildur 6 daga sláttur en úr því er genginn 1/3 partur fyrir flög og órækt og fóðrar ei nema 6 ær með útigangi, en túngarður enginn. Hlunnindi jarðarinnar tjáist að vera fiskerí, reki að litlu gagni, bjarg til fuglafangs haust og vor til jarðarinnar ábúanda bjargræðisnota.

Landskuld 60 álnir sem gjaldast í fiski og hákarli með 3 vættum.

Sem ábúandi Grímur Jónsson; Jón Jónsson, Páll Pálsson; J. Th. Kjærnested

6 Sandvík efri

Eftir Jarðabókinni 15 #, 40 álnir en nú eftir kl.prot. 14 #

Badstofa, 8 álnir á lengd, 2 1/2 á breidd, 4 á hæð, deild í 5 stafgólf. Með 10 stöfum og auknum syllum, 4 bitum, 5 sperrum — hvar af er einar höggsperrur — áfellum og ein langbönd — hvort tveggja aukið — mænirtróða aukin, þéttur raftviður. Dyra umbúningur fylgir badstofunni með hurð á járnum.

1 Hús móti badstofudyrum 3 1/2 alin á lengd, 5 á breidd, 4 á hæð. Með 4 stöfum, 2 bitum, syllum og þrennum sperrum — einar höggsperrur þar af — 1 langbönd, einlægri mænirtróðu, þéttur raftviður, sæmilega góður. Fyrir brestfaldugheit á viðum og veggjum gjörist álag 3 rd., 48 sk.

2 Búrhús, 6 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, 5 1/2 á hæð. Með einum bita og dverg á undir auknum mæniás, 6 máttarröftum og tilhlýðilegu árefti. Dyra umbúningur með hurð á járnum. Húsið stæðilegt að viðum og veggjum.

3 Eldhús, 7 álnir á lengd, 4 á breidd og hæð. 6 stafir, 3 bitar og dvergar á undir einlægum mænirás, veggleggjum og þétt upprefti. Húsið er stæðilegt að viðum og veggjum.

4 Kofi innar í bænum, 4 álnir á lengd og 3 á breidd, kortar 4 á hæð. Með einum bita og dverg undir einlægri mænirtróðu, þéttreft. Dyrastafir og hurð á járnum. Húsið stæðilegt að viðum og veggjum.

5 Kofi fram í bænum, 5 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með 2 stöfum, þremur bitum og dvergur á undir aukinni mænirtróðu, 6 máttarraftar og vel uppbyggt að öðru leyti og húsið vel stæðilegt að viðum og veggjum.

6 Göng frá badstofu til skellidyra, 6 álnir á lengd en þar frá til útidyra 12 álnir á lengd, tilhlýðileg á hæð og breidd. Með skellidyra umbúningi, 7 þverröftum með dvergum á undir auknum mænirás, tilhlýðilegt árefti.

Bæjardyr með einum bita og bjórþil yfir, 1 fjöl hvörju megin og ný hurð á járnum. Fyrir lasleik á veggja parti í göngunum gjörist álag 1 rd.

7 Geymsluhús fyrir vestan bæjardyr 6 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með 6 stöfum, 3 bitum og syllum, 3 sperrum, einum langböndum, aukinni mænirtróðu og sæmilegu árefti. Fordyri með ás og bita yfir dyrum, með litlu bjórþili yfir, dyrastafir með fjöl fyrir utan, hurð á járnum með hespu og keng. Húsið að öllu leyti vel stæðilegt.

8 Naust fyrir austan bæinn, eftir forrettingunni af 1784, er nú ekki til en í þess stað: Skemma, 8 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, 5 á hæð. Með 6 stöfum, 3 bitum, 2 sperrum en dvergur á einum bita undir auknum mænirás, einum langböndum og tilhlýðilegu árefti. Standþil framan undir með dyra umbúningi, með hurð á járnum, hespu og keng. Húsið er nýtt og vel uppbyggt að viðum og veggjum.

9 Fjánhús upp á velli, kortar 6 álnir á lengd, 4 á breidd, 3 1/2 alin á hæð. Með 6 stöfum undir auknum ásum, þéttreft. Dyra umbúningur með hurð á járnum. Húsið er að öllu vel stæðilegt.

Það tíunda númer, sem fyrir kemur í úttektargjörðinni af 1784, er nú ekki að finna og getur því ekki af okkur úttektarmönnum gjörst virðing yfir.

Jarðarinnar ofanálag í allt 4 rd., 48 sk.

Túnið álist að vera 9 dagsláttur en úr því er genginn vel 1/3 partur fyrir órækt, fóðrar nú ekki nema 7 ær með útigangi. Túngarður enginn. Hlunnindi jarðarinnar er fiskiafli, fuglveiði og nokkur reki í sumum árum ábúanda til eigin nauðþurftar.

Landskuld eftir Jarðabókinni 80 álnir en nú 60 álnir sem gjaldast með 3 vættum fiska.

Sem ábúandi Guðmundur Þorláksson; Jón Jónsson, Páll Pálsson

Að úttektar- og forrettingargjörð á ofanskriðuðum Möðruvallaklausturs jörðum í Grímsey hafi yfirstaðið og gjörð verið eftir framanskriðuðu, nefnilega frá 18. mars 1825 til miðdags þann 21. sama mánaðar og að við höfum gjört þessa úttektargjörð eftir bestu vitund og samvisku, vitnum við hér með og staðfestum með okkar og vitundarvotta undirskriðuðum nöfnum,

Jón Jónsson, Páll Pálsson úttektarmenn; J. Th. Kjærsted; sem vitundarvottar erum við, Jón Jónsson, Jón Jónsson

Framlagt fyrir extrarétt að Glæsibæ þann 25. maí 1825, vitnar,
Briem⁷¹

Úttektir jarða í Grímsey tilheyrandi Munkaþverárklosturs umboði árið 1825 og 1833⁷²

[Útdráttur af skoðunar- og úttektargjörðum Munkaþverárklosturs góss vesturparts jarða í Grímsey, nefnilega Neðri-Sandvíkur, Bása og Syðri-Grenivíkur, sem fram fóru þann 21. og 22. mars 1825 og voru af úttektarmönnum, bændunum Jóni Jónssyni á Ásláksstöðum og Páli Pálssyni (þá) á Kollugerði, þann 25. maí næst eftir eiðfestar].⁷³

Eftir hávelborins herra amtmanns G. Johnssonar bréfi af 28. ágúst 1824, ásamt skriflegri skikkun herra kammerráðs Briems af 14. þ.m., að endaðri úttekt á Möðruvallaklausturs jörðum í Grímsey eftir miðjan dag þann 25. mars 1825, byrjum við, ég Jón Jónsson bóndi á Ásláksstöðum, og ég, Páll Pálsson bóndi á Kollugerði innan Glæsibæjarhrepps, löglega skoðunar-, virðingar- og úttektargjörð á Munkaþverárklosturs jörðum á ofanefndri eyju, að öllum viðkomendum löglega aðvöruðum og viðstöddum þessara klosturjarða fullmektugum móttakara, administrator J. Th. Kjærsted, ásamt þeirra réttu ábúendum. Hér með tilynnum við einnig, að okkur hafa ei afhentar verið neinar forréttingar eður önnur þar upp á hlýðandi document. Til eftirréttingar fengum við því bónda Tómas Steinsson á Borgum, sem elsta og kunnugan eyjarinnar innbúa, til nákvæmstu undirvísunar á öllu sem jörðunum réttilega fylgja ber, ásamt hvað mikið af hvörri jörðu gjaldast eigi, og fyrir finnst þessi úttektargjörð sem fylgir:

Neðri-Sandvík

[Afhendandi Bjarni Árnason].

Eftir núverandi hreppsprótol í Grímsey 14 #.

Húsin fyrir komu sem eftir fylgir:

- 1 Baðstofa 4 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, 5 á hæð. Með 6 stöfum, einlægum lausholtum, tveimur bitum, þrennum sperrum — eitt höggsperrur — tvenn langbönd og einlægri mænitróðu, nýr raftviður. Dyra umbúningur með hurð á járnum. Húsið stæðilegt að viðum og veggjum en vantar að sögn 2 álnir við lengd hússins er tjáist að Þorsteinn Gunnlaugsson hafi af fellt.
- 2 Búrhús, 4 1/2 alin á lengd, 3 á breidd og hæð. Með einum bita og dverg á, undir einlægum mæniás og tilhlýðilegu árefti. Dyra umbúningur og hurð á járnum. Húsið er vel stæðilegt að viðum og veggjum.
- 3 Eldhús, 4 1/2 alin á lengd, 3 1/2 alin á breidd, 3 á hæð. Með tveimur bitum og þremur dvergum undir einlægum mæniásum en lélegt og gisið upprefti. Annar stafnveggur fallinn. Fyrir lélegum og vantandi raftvið og þann fallna vegg gjörast ofanálag 4 rd., 48 sk.

⁷¹ Hér á eftir er bókað að Jón og Páll úttektarmenn hafi svarið þess eið, að þeir hafi unnið úttektargjörðina eftir bestu samvisku.

⁷² ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Munkaþverárklostur VII/3. Úttektabók 1825.

⁷³ Af þessari úttekt liggur afrit á sama stað og var haft til hlidsjónar. Fáein efnisatriði þar úr voru tekin með og höfð innan hornklofa hér.

4 Hlaða innan bæjar, 3 álnir á lengd og breidd, 4 álnir á hæð. Með einlægum mæniás og nýjum raftvið. Húsið vel stæðilegt að viðum og veggjum.

5 Göng frá baðstofu til bæjardyra, 14 álnir á lengd. Með 5 þvertrjám, þremur dvergum undir aukinni mænitróðu, gisið langrefti og skellidyrastafir.

Bæjardyr, 4 álnir á lengd, 2 1/2 alin á breidd, 4 á hæð. Með fjórum stöfum, tveimur bitum, einlægum syllum, tvennum sperrum, einum langböndum, mænitróðu, gisið árefiti. Dyra umbúningur sín fjöl hvörju megin og lítið bjórþil yfir með lélegri hurð á járnum. Fyrir gisið árefiti og bröstfeldugheit á vegg gjörist álag 4 rd.

Jarðarinnar ofanálag í allt 8 rd., 48 sk.

Eftir vitnisburði Tómasar Steinssonar og Bjarna Árnasonar ásamt fleiri skal á jörðinni verið hafa 2 hús, nefnilega skemma í tveimur stafgölfum stuttum og búrhús viðlíka stórt, ásamt því áður er um getið. Þessi hús hafa ekki á jörðinni verið nú fyrir 30 árum.

Túnið sýnist að hafa áður verið 6 daga sláttur en úr því gengið vel 1 dagslátt, fóðrar nú með útgangi 5 ær. Túngarður enginn. Herlegheit jarðarinnar er fiskiafli, fuglaveiði, nokkur reki í sumum árum ábúanda til nota. Í landskuld 2 vættir fiska.

Jón Jónsson, Páll Pálsson; sem ábúandi Bjarni Árnason; J. Th. Kjærsted

Básar

[Ábúendur Halldór Jónsson, Gunnar Jónsson].

Eftir hreppsþók 17 #.

Húsin fyrirfundust sem fylgir:

1 Baðstofa, 12 álnir á lengd, 3 1/2 alin á breidd, 4 1/2 á hæð. Með 12 stöfum, syllum — önnur aukin — 5 bitum, 6 sperrum — einar höggsperrur — einum langböndum, aukin mænitróða. Gamalt og lítt nýtt upprefti. Dyra umbúningur með hurð og tréhjörum. Baðstofan má teljast fallin að viðum og annar veggur laslegur. Álag þar á 15 rd.

2 Búrhús, 3 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, 4 1/2 á hæð. Með fjórum stoðum, syllum og tveimur bitum, tvennum sperrum, einlægum mæniás. Upprefti sumpart lítt nýtt og dyra umbúningur með hurð á járnum hespu og keng. Veggir stæðilegir. Fyrir viðalásleika gjörist álag 1 rd., 48 sk.

3 Búrhús, 4 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með 6 stoðum, syllum einlægum, þremur bitum, tveimur dvergum undir einlægum mæniás. Lasið upprefti. Dyra umbúningur með hurð á járnum. Veggir stæðilegir. Fyrir viðalásleika gjörist álag 2 rd.

4 Búrhús inn af, 4 álnir á lengd, tæpar 3 á breidd og hæð. Með tveimur bitum og einum dverg undir einlægum mæniás. Vegglagjur og lélegt upprefti. Veggir stæðilegir. Fyrir viðar lasleika gjörist álag 2 rd., 48 sk.

5 Eldhús, 6 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 1/2 á hæð. Með þremur stoðum, tveimur bitum og einum dverg undir einlægum mæniás. Vel reft og dyra umbúningur. Húsið er stæðilegt að viðum og veggjum.

6 Eldhús, 4 1/2 alin á lengd, 4 á breidd, 5 á hæð. Með fjórum stoðum, tveimur bitum, fjórum dvergum undir auknum mæniás. Tilhlýðilegt upprefti. Dyra umbúningur með hurð á járnum. Húsið er vel stæðilegt að öllu leyti.

7 Hlaða, 6 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með tveimur bitum og dverg á undir auknum mæniás. Gisið og laslegt upprefti. Stafn og hliðveggur annar fallinn. Fyrir veggja og víða lasleika gjörist álag 3 rd., 48 sk.

8 Göng frá hlöðudyrum til baðstofu, 6 álnir. Með lítt nýtt upprefti yfir þvert en frá baðstofudyrum til bæjardyra 15 álnir á lengd. Með 6 þvertrjám og annað upprefti lasið. Veggpartur fallinn. Á öll göngin gjörist álag í það heila 4 rd.

Bæjardyr 4 álnir á lengd og breidd, 5 á hæð. Með fjórum stöfum, syllum, tveimur bitum, einum sperrum, einum langböndum og mænitróðu, tilhlýðilegt upprefti. Dyra umbúningur með hurð á járnum og bjórþil fyrir ofan og neðan bita, en fyrir skekkju á þilinu gjörist álag 48 sk.

9 Skemma fyrir austan bæjardyr, 5 álnir á lengd, 3 á breidd, 5 á hæð. Með 6 stoðum, einlægum syllum, þremur bitum, þrennum sperrum, einum langböndum, einlægri mænitróðu og vel uppreft.

Bjórþil framan undir, tilhlýðilegur dyra umbúningur með hurð á járnum, hespu og keng. Húsið er vel stæðilegt að viðum og veggjum.

10 Skemma fyrir vestan bæjardyr, 3 1/2 alin á lengd, 3 á breidd og rúmar 3 á hæð. Með tveimur bitum, syllum, 2 stöfum og dvergar á bitum undir einlægum mæniás, sæmilegur raftviður. Dyra umbúningur með hurð á járnum, hespu og keng og lítið bjórþil fyrir ofan bita. Húsið er stæðilegt að viðum og veggjum.

11 Smíða vestur á hlaði, 5 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með tveimur stoðum, tveimur bitum og dvergum á undir auknum mæniás, tilhlýðilegt árefti. Dyra umbúningur með hurð á járnum. Húsið er stæðilegt að viðum og veggjum.

12 Fjárhús fyrir vestan bæinn, 7 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, fjórar á hæð. Með fjórum stoðum, tveimur bitum og dvergum á undir einlægum mæniás og tilhlýðilegt upprefti. Dyra umbúningur með hurð á járnum. Annar stafnveggur fallinn og hálfur hliðarveggur, þar fyrir gjörist álag 2 rd.

Jarðarinnar ofanálag í allt 31 rd.

Túnið álist að vera 7 daga sláttur en úr því er genginn tveggja daga sláttur í flög og óráekt, fóðrar 8 ær með nokkrum útigangi. Túngarður enginn. Til jarðarinnar herlegheita má telja fiskiafla, fuglafang, reka nokkurn í sumum árum, lítilfjörlegt æðarvarp — annars gjöreyðist það í sumum ára af brims yfirgangi — ábúanda til eigin bjargar nota.

Landskuld 100 álnir sem betalast hefur að undanfögnu með 5 vætum af fiski og hákarli.

Jón Jónsson, Páll Pálsson; sem ábúendur Halldór Jónsson, Gunnar Jónsson

Syðri-Grenivík

[Ábúandi Jón Jónsson].

Eftir núverandi hreppsók 15 #.

Húsin fyrirfundust sem fylgir:

1 Baðstofa, 9 álnir á lengd og 4 álnir á breidd og hæð. Með 10 stoðum, auknum lausholtum, tveimur bitum, 5 sperrum — hvar af 3 eru höggsperrur — auknar áfellur allt um kring, tvennum langböndum og þéttreftum fjalvið yfir heila húsið. Dyra umbúningur með hurð á járnum og álist stæðilegt að viðum og veggjum.

2 Búrhús, kortar 9 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með þremur stoðum, 5 bitum, fjórum dvergum undir auknum mæniás. Tilhlýðilegt upprefti og dyra umbúningur með hurð á járnum. Stæðilegir veggir, en fyrir víða lasleik á parti gjörist álag 1 rd.

3 Eldhús, 6 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 1/2 á hæð. Með fjórum stöfum, þremur bitum og dvergum á undir einlægum mæniás og tilhlýðilegt árefti. Báðir stafnveggir og annar hliðveggur næstum fallnir, hvar fyrir gjörist álag 5 rd., 48 sk.

4 Kofi frammi í bænum, 3 1/2 alin á lengd, kortar 3 á breidd og 3 á hæð. Með fjórum stoðum, tveimur bitum og einum dverg á undir einlægum mæniás, tilhlýðilegt upprefti. Dyra umbúningur með hurð á járnum. Hús þetta sýnist stæðilegt að viðum og veggjum.

5 Annar kofi frammi í bænum, 3 1/2 alin á lengd og 3 á breidd og hæð. Með tveimur bitum, tveimur mæniásum og tilhlýðilegu upprefti. 2 þvertré yfir dyrum. Hús þetta álist að öllu stæðilegt.

6 Göng frá búrsdyrum til baðstofudyra, 8 álnir á lengd en frá baðstofudyrum til bæjardyra 11 álnir á lengd. Með 9 þvertrám, tilhlýðilegu upprefti frá baðstofu en fyrir víða lasleika í áðurnefndum innri göngum gjörist álag 1 rd., 16 sk.

Bæjardyr 4 1/2 alin á lengd og 3 á breidd, fjórar á hæð. Með fjórum stöfum, syllum og tveimur bitum, tvennum sperrum, einlægum langböndum, einlægri mænitróðu, tilhlýðilegt upprefti. Lítið standþil framan undir og hurð á járnum. Veggir stæðilegir, en fyrir brostfeldugheit á annarri syllu álag 1 rd., 16 sk.

7 Skemma suður á hlaðinu, 6 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 1/2 á hæð. Með 6 stöfum, tveimur syllum, þremur bitum, þrennum sperrum, einum langböndum og mænitróðu tilhlýðilegu upprefti. Standþil framan undir, hurð á járnum með hespu og keng. Húsið er að viðum og veggjum vel stæðilegt, hvört ábúandi segir að hafi stækkað verið til þriðjunga og uppbyggt úr litlu þillausu torfhúsi.

8 Skemma þar hjá, 6 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 1/2 á hæð. Með 6 stoðum, þremur bitum, syllum auknum, tvennum sperrum, einum langböndum og mænitróðu og tilhlýðilegu árefti. Lélegt þil með hurð á járnum. Húsið er gott að viðum, en fyrir fallna vegggi gjörist álag 5 rd., 48 sk.

9 Kofi hjá næstnefndri skemmu, 4 álnir á lengd, 3 á breidd og hæð. Með þremur bitum, einlægum mæniás, vænu árefti. Dyra umbúningur og hurð fyrir. Húsið er stæðilegt að viðum og veggjum.

10 Fjárhús, 7 álnir á lengd, 4 1/2 á breidd. Með 6 stoðum undir tveimur mæniásum, tilhlýðilegu upprefti. Dyra umbúningur og hurð fyrir. Veggir hússins eru fallnir og gjörist álag 5 rd.

11 Hlaða þar við, 7 álnir á lengd, 3 álnir á breidd, 4 1/2 á hæð. Með þremur stoðum undir auknum mæniás og tilhlýðilegu árefti. Húsið er stæðilegt að viðum og veggjum.

12 Fjárhúskofi, 4 1/2 alin á lengd, 3 1/2 á breidd, frekar 3 á hæð. Með fjórum stoðum, þremur bitum og tveimur dvergum á undir einlægum mæniás, 6 máttarraftar og annar smærri raftviður. Dyra umbúningur með hurð fyrir. Húsið er stæðilegt að viðum og veggjum.

Álags summa 19 rd., 32 sk.

Túnið sýnist að hafa áður verið 7 daga sláttur en úr því er genginn nærfellt þriðjungur af sjódrifi í flög og órækt, fóðrar 9 ær með útigangi í meðalári. Túngarður enginn. Hlunnindi jarðarinnar teljast að vera afli, fuglfang á haustdag, reki í sumum árum í betra lagi. Landskuld 80 álnir fyrir næst undanfarin ár, hvört að borgast með fiski og hákarli.

Að úttektargjörð á ofanskrifuðum Munkaþverárklosturs jörðum í Grímsey hafi yfirstaðið eftir framanskriufuðu, nefnilega frá miðjum degi þann 21. mars til miðdags 22. s.m., og að við höfum gjört þessa úttektargjörð eftir bestu vitund og samvisku, höfum við undirskrifaða vitundarvotta til staðfestu um.

Þann 22. mars 1825,

Jón Jónsson, Páll Pálsson; sem ábúandi Jón Jónsson; J. Th. Kjernested; sem vitandi vottar, Jón Jónsson hreppstjóri, Tómas Steinsson bóndi.

Framlagt fyrir extrarétt að Glæsibæ, þann 25. maí 1825, vitnar

Briem

[Næst í bókinni sverja þeir Jón og Páll eið um að hafa unnið úttektina eftir bestu samvisku. Síðan koma kostnaðarreikningar þeirra, fær Jón 5 rd., 16 sk. en Páll 4 rd., 24 sk. og báðir smávegis til viðbótar fyrir útlögðum kostnaði].

[Loks kemur yfirlit um álag á jarðirnar]:

Uppteiknun afhentra húsa á eftirtöldum Munkaþverárklosturs jörðum í Grímsey og álags sem metið var á hvört þeirra:

- Neðri-Sandvík
- 1 Baðstofu sleppt.
- 2 Búrhúsi sleppt.
- 3 Eldhús 4 rd., 48 sk.
- 4 Hlöðu sleppt.
- 5 Göng 4 rd.
- Summa 8 rd., 48 sk.

Básar

- 1 Baðstofa 15 rd.
- 2 Búrhús 1 rd., 48 sk.
- 3 Búrhús 2 rd.
- 4 Búshús 2 rd., 48 sk.
- 5 Eldhúsi sleppt.
- 6 Öðru ditto sleppt
- 7 Hlaða 3 rd., 48 sk.
- 8 Göng 4 rd.

- Bæjardyr 48 sk.
- 9 Skemmu sleppt.
- 10 Skemmu sleppt.
- 11 Smiðju sleppt.
- 12 Fjárhús 2 rd.
- Summa 31 rd.

- Syðri-Grenivík
- 1 Baðstofu sleppt.
- 2 Búrhús 1 rd.
- 3 Eldhús 5 rd. 48 sk.
- 4 Kofa sleppt.
- 5 Öðrum ditto sleppt.
- 6 Göng 1 rd. 16 sk.
- Bæjardyr 1 rd., 16 sk.
- 7 Skemmu sleppt.
- 8 Skemma önnur 5 rd., 48 sk.
- 9 Kofa sleppt.
- 10 Fjárhús 5 rd.
- 11 Hlöðu sleppt.
- 12 Fjárhúskofa sleppt.
- Álagsins summa 19 rd., 32 sk.

Eftir⁷⁴ tilmælum herra administrators Ara Sæmundssonar og meðdeildri fullmagt af 18. mars síðstliðinn er ég undirskrifadur til staðar í Grímsey, að gjöra skoðun og tillit á jörðunum Neðri-Sandvík, Básam og Syðri-Grenivík þann 15. júní 1833, hvað nefndra jarða ábúð við kemur, í samanburði við hér að framan verificeraðan útdrátt af úttektargjörðunum 1825, hvörra húsa ásigkomulag má vera svoleiðis:

Neðri-Sandvík

- 1 Baðstofa sem til grunna var rifin árið 1831 og aftur upp byggð, 8 1/2 alin á lengd, 4 1/2 á breidd og 5 1/2 á hæð. Með einauknum lausholtum, tveimur bitum, fjórum kálfsperrum, ásamt öllum öðrum undir- og yfirviðum og veggjum í góðu standi.
- 2 og 4 Búrhús og hlaða eru í viðlíku standi og útdráttar blöðin sýna, utan hvað þau fyrnst hafa og ábúandinn, hreppstjórinn Gunnar Jónsson, lofar annað hvort að uppbyggja eður svara aftur í þeirra stað öðrum nýbyggðum góðum húsum sem eru hans eign.
- 3 Eldhús nýbyggt. Í góðu standi að viðum og veggjum.
- 5 Göng og bæjardyr eru sumstaðar nokkuð endurbætt.

Yfir höfuð að segja sýnist að ábúandinn duglega kostgæfi að framfylgja góðri ábúð, svo vel til húsabyggingar sem túnræktarinnar, að svo miklu leyti sem grjót, er upp blæs árlega um túnið, ekki hindrar og þess vegna færir vöxt þess til rýrnunar.

Ofanskrifað vitnar,

Gunnar Jónsson, J. Sigfússon

Básar

Nr. 1 og 2 nýbyggt og í allgóðu standi, bæði að viðum og veggjum. Hin öll númer, sem í útdráttar blöðunum standa, eru í mikið viðlíku standi og þeim er þar lýst, utan nr. 4 og 7 hafa mikið síðan fyrnst og þurfa bráða aðgjörð sem ábúendur þar, Halldór og Kristján, lofa að byggja á þessu

⁷⁴ ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Munkaþverárklaustursumboð VII/3. Er aftast í útdrætti (afriti) af úttektinni frá 1825.

og næstkomandi ári. Göngin (nr. 8) eru nýtekin frá hlöðu til baðstofudyra. Af nr. 10 hafa nokkuð verið uppgiltir veggjapartar. Þak á öllum húsunum er rétt gott, hvar til ábúendur svo þar sem í Sandvík þurfa að verja til miklu ómaki að flytja torf að langt ofan af bjargi.

Túnið er til nokkra ára framar í rækt en áður sem ástundað er af ábúendum eftir megni, sem báðir eru einvirkjar.

Vitnar,

Halldór Jónsson, Kristján Sigurðsson, J. Sigfússon

Syðri-Grenivík

Frá því að úttekta- og álagsgjörð fram fór á nefndri jörðu árið 1825 hafa hennar öll hús, sem í útdráttar blöðunum standa, verið að nýju rifin og uppbyggð aftur vel stæðileg að viðum og veggjum, utan nr. 2 og 8. Þó hefir það fyrra verið að hálfu leyti uppbyggt en það síðara hefir heldur hrörnað að veggjum. Þar með hefir nr. 1 verið svo verulega uppbyggt að 3 höggsperrum hefir verið viðaukið, rúmum í hvört stafgólf. Nr. 5 hefir verið umbreytt í sérlega vandaða skemmu til tveggja stafgólfa. Nr. 10 hefir verið fært úr sínum fyrri stað á annan haganlegri og þar uppbyggð nokkuð kortara á lengd en til muna breiðara. Þar við hlaða, nr. 11, niður sett, mikið ríflegri en sú fyrri.

Yfir höfuð, öll niðurraðan þessara nýbyggðu húsa virðist reglu- og haganlegri en sú fyrri.

Hvað túnið áhræfir er árlega á það borið af tilfallandi á búi eftir megni sem að vísu gjörir þó lítil betur en sambjóða því sífeldlega spillandi sjódrifi að austan og þar upprætir bestu rót þess. Ábúandinn Jón Jónsson lofar og býst við eftir megni framvegis að endurbæta þau óteknu jarðar húsin.

Ofanskrifað vitnar,

Jón Jónsson, J. Sigfússon

Héraðsskjalasafnið á Akureyri: Grímseyjarhreppur (HskjAk. H-1/29). Jarða úttekta- og uppboðsbók Grímseyjarhrepps 1842-1907

1 Efri-Sandvík

Úttekt jarðarinnar Efri-Sandvík 1842 ...⁷⁵

1 Baðstofa, 9 álnir lengd, 4 1/4 alin á breidd, 5 álnir á hæð. Undir 5 sperrum og tveimur stafnbitum og þremur skambbitum og langrefti yfir gjört úr sterkum bökum. Nýbyggð og sýnist þess vegna stæðileg. Gjörist ekkert álag.

2 Á gangnart 2 álina langan næst baðstofudyrum gjörist álag 40 sk.

3 12 álnir þaðan frá og fram að bæjardyrum að mestu ný, gjörist þó álag 16 sk.

4 Bæjardyr 3 álnir á lengd, 2 1/2 á breidd, 4 álnir á hæð. Með brúkanlegu þili, gamlar nokkuð, þó stæðilegar. Gjörist álag 32 sk.

5 Innibæjarkofi 4 1/2 alin á lengd, 3 álnir á breidd, 4 á hæð. Lasinn að viðum og veggjum. Gjörist álag 2 rd., 16 sk.

6 Eldhús 8 álnir á lengd, 4 1/2 alin á breidd, 4 álnir á hæð. Með 3 bitum og vænum ás. Gjörist álag 48 sk.

7 Búrkofi 6 álnir á lengd, 3 álnir á breidd, 4 álnir á hæð. Byggt undir 1 ás með bita. Gjörist álag 48 sk.

⁷⁵ Rifið (virðist raunar hafa brunnið) er ofan í bókina nálægt kilinum þannig að hér og á nokkrum næstu blaðsíðum hafa orð skaddast eða horfið með öllu. Er fyllt eftir því sem líklegast er og sett innan hornklofa en annars hafðir þrír punktar.

Á þessari uppskrift er nútímastafsetning, sem er raunar ekki ýkja frábrugðin þeirri stafsetningu sem er í úttekta- og uppboðsbókinni sjálfri, en kommusetning er samræmd að mestu. Þó er þess að geta að töluorð eru ýmist rituð með tölustöfum eða bókstöfum („2“ eða „tveir“ o.s.frv.) og er um það reynt að fara eftir því sem er ritað hverju sinni í úttektonum. Um þetta er ekki fullt samræmi.

- 8 Kofi út frá bæjardyrum, 5 álnir á lengd, 3 álnir breidd, 3 1/2 alin á hæð. Léleg önnur hlið að viðum og veggjum. Gjörist álag 1 rd., 32 sk.
- 9 Skemma 6 álnir á lengd, 4 álnir á breidd, 5 1/2 alin á hæð. Nýbyggð og stæðileg að viðum og veggjum en hallast til annarrar hliðar. Gjörist álag 1 rd.
- 10 Önnur skemma, 7 álnir á lengd, 3 álnir á breidd, 4 álnir [á hæð. A]nnar hliðarveggur að mestu fallinn og viðir ónýtir. Gjörist því álag 3 rd., 24 sk.
- 11 Fjánhús 6 álnir á lengd, 4 1/2 alin á breidd, 3 1/2 á hæð. 2 mænisásar vænir, jata með vegg eður langhlið. Húsið nýlegt og vel stæðilegt að viðum og veggjum. Gjörist því ekkert álag.
- 12 Heyhlaða áfast við fjárhúsið, 4 1/2 alin lengd, 4 álnir á breidd, 4 1/2 alin á hæð. Nýbyggð, stæðileg að viðum og veggjum. Gjörist ekkert álag.
Álags upphæð 9 rd., 64 sk.

2 Sveinsstaðir

Úttekt á Sveinsstöðum þann ...⁷⁶ 1843:

- 1 Baðstofa, 1/2 fimmta alin á hæð, 5 á lengd, 1/2 fjórða á breidd. Undir 4 sperrum og 2 skammbitum, með ónýtum lausholtum og lítt nýtum stafnsperrum en miðsperrur brúkanlegar og stoðir brúkanlegar. Upprefti sumt fúíð. Með hrjálefum veggjum. Gjörist álag 6 rd.
- 2 Göng frá baðstofu til bæjardyra, 10 álnir á lengd, þar af 4 stæðilegar, hinar 6 með góðum mæniás en lítt nýtu upprefti. [Álag] 48 sk.
- 3 Bæjardyr 5 álnir á lengd, 4 á hæð, 1/2 þriðja á breidd. Að öllu stæðilegar. Gjörist því ekkert álag.
- 4 Búr 3⁷⁷ [álnir] á hæð, 3 á breidd, 4 á lengd. Með lélegum viðum og veggjum. Gjörist álag 80 sk.
- 5 Eldhús, 1/2 fimmta [alin] á hæð, 1/2 þriðja á breidd, 5 á lengd. Stæðilegt að viðum og veggjum.
Ofanálag ...
- 1 Bygging innan í baðstofu ...
- 2 Heyhlaða gömul, virt á 1 rd. 16 sk.
- 3 Skemma austan undir bæjardyrum, 2 rd., 16 sk.
- 4 Og ein júfferta virt á 1 rd.
Summa 7 rd., 32 sk.
Staddir á Sveinsstöðum.
Úttektarmenn:⁷⁸

3 Sveinsstaðir

Úttekt á Sveinsstöðum þann 16. maí 1846:

- 1 Baðstofa, 1/2 fimmta [alin] á hæð, 5 á lengd, 1/2 fjórða á breidd. Undir 4 sperrum og 2 skammbitum. Með ónýtum lausholtum og lítt nýtum stafnsperrum, en miðsperrum brúkanlegum og stoðir í sama máta. Upprefti sumt fúíð. Með hrjálefum veggjum. Gjörist álag 7 rd., 48 sk.
- 2 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, 10 álnir á lengd, hvar af 4 álnir stæðilegar en hinar 6 lítt nýtar að upprefti. Leggst á 1 rd., 8 sk.
- 3 Búr, 3 [álnir] á hæð, 3 á breidd, 4 á lengd. Með öðrum stafni brúkanlegum, að hinu leyti fallið að viðum og veggjum. Leggst til álags 2 rd., 48 sk.
- 4 Eldhús, 1/2 fimmta [alin] á hæð, 1/2 þriðja á breidd, 5 á lengd. Með 2 bitum, bita endi lélegur. Álag 12 sk.
- 5 Bæjardyr ofanálagsfríar.
Ofanálag 11 rd., 20 sk.

⁷⁶ Dagsetning ekki rituð.

⁷⁷ Tölustafurinn krabbaður, gæti verið „4.“

⁷⁸ Undirskriftir vantar.

[Ofanálag:]

- 1 Bygging í baðstofu, virt á 3 rd., 32 sk.
- 2 Heyhlaða gömul, virt á 64 sk.
- 3 Skemma austur undir bæjardyrum 2 rd., 48 sk.
- 4 Kofi upp á velli, virtur á 1 rd., 78 sk.

[Sveinsstaðir]

... 1857⁷⁹

1. Baðstofa ... á lengd ... hæð, sem næsta úttekt, mikið[lé]leg að viðum ..., einkum útliti. Ofanálag 12 rd., 32 sk.

- 2 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, að mestu⁸⁰ leyti byggð og hitt stæðilegt. Ofanálagsfrítt

- 3 Eldhús stæðilegt, do.

- 4 Búr af sömu stærð og næsta úttekt sýnir, nýbyggt. Ofanálagsfrítt.

- 5 Bæjardyr stæðilegar, með lélegu þili. Ofanálag 1 rd., 42 sk.

Summa 13 rd., 64 sk.

Ofanálag:

- 1 Rúmstæði í baðstofu og lélegar pallfjalir 1 rd.

- 2 Fjánhús upp á velli, virt á 6 rd.

- 3 Kofi út á velli, 48 sk.

- 4 Bak og 2 stautar, 16 sk.

- 5 Skemma, niðri á bakka, nýleg, 4 álnir á hæð og lengd, 3 á breidd, virt á 6 rd.

Ofanálagið borgað, summa 13 rd., 64 sk.

Þessum gjörning samþykkir undirskrifa.⁸¹

5 Sveinagarðar

Úttekt á Sveinagörðum 27.⁸² ...

- 1 Baðstofa, 7 álnir á lengd, 4 ... breidd 4 ... Undir 4 sperrum, 2 stafnbítar ... Upprefti flest fúid. Veggir ekki slæmir, en stafnar báðir hallast til suðurs, hvör eftir öðrum. Gjörist álag 14 rd.

- 2 Búrkofi, 3 álnir á breidd, 3 á lengd, 3 og 1/2 á hæð. Stæðilegt að veggjum og upprefti að máttarviðum vel brúkanði. Gjörist álag 32 sk.

- 3 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, 11 álnir á lengd. Með 5 bitum og samansettri mænitróðu. Sæmilega stæðilegir veggir. 3 álna partur að innanverðu með lítt nýtu upprefti. Gerist álag 80 sk.

- 4 Eldhús, 6 álnir á lengd, 2 og hálf á breidd, 3 og 1/2 á hæð. Með hliðarvegg lélegum en upprefti brúkanlegra. Leggst ofan á 3 rd., 48 sk.

- 5 Bæjardyr, 5 álnir á lengd, 2 og 1/2 á breidd, 4 á hæð. Að mestu stæðilegar en þó þil og upprefti fornt. Leggst þó á þær 30 sk.

- 6 Skemma austan undir bæjardyrum. Nýleg, að mestu leyti óstæðileg. Gjörist álag 18 sk.

Summa 19 rd., 16 sk.

Til ofanálags

- 1 Bygging í baðstofu, pallur og rúm með hillum, virt á 3 rd., 48 sk.

- 2 Heyhlaða fram í bæ, virt á 16 sk.

- 3 Dyra umbúningur do., 40 sk.

- 4 Kofi austan undir skemmu do., 3 rd., 16 sk.

- 5 Fjánhús fyrir 9 kindur með jötu fyrir hlið, virt 64 sk.

⁷⁹ Á nær örugglega við Sveinsstaði.

⁸⁰ Óljóst.

⁸¹ Vantar undirskriftir.

⁸² Óvíst um mánuð og ár.

- 6 Hjallur með 2 ásum og 2 tréstólpum og 4 rám, 1 rd., 48 sk.
- 7 2 spýtur suður á bakka,⁸³ virtar á 64 sk.
- 8 1 rá 9 álna löng og krókhnyðja á, virt 54 sk.
Ut supra 10 rd. 56 sk.

6 Sveinsstaðir

... Sveinsstöðum ... þann 22. apríl 1854:

- 1 Baðstofa, 7 álnir á le[ngd], 4 og 1/2 á breidd, 4 og 1/2 á hæð. Undir fernum sperrum, tveimur stafnbitum. Upprefti flest fúíð. Veggjum moldrunnir, þó stæðilegir. Álag 21 rd.
- 2 Búrkofi, 3 álnir á breidd, 3 á lengd, 3 og 1/2 [á hæð]. Stæðilegt að mestu. Gjöríst álag 48 sk.
- 3 Göng frá búi til bæjardyra, 8 álnir á lengd. Álag 3 rd.
- 4 Eldhús með lélegum hliðvegg og feysknu upprefti. Álag 7 rd.
- 5 Bæjardyr, að mestu stæðilegar. Álag 48 sk.
- 6 Skemma austan undir bæjardyrum. Stæðileg. Álag 48 sk.

Summa 32 rd., 48 sk.

Til ofanálags:

- 1 Bygging innan í baðstofu, rúmstæði og pallur yfir alla baðstofuna, virt á 12 rd.
- 2 Fjánhús vel byggt, virt á 12 rd.
- 3 Kofi austan undir bæjardyrum, virt á 2 rd.
- 4 Hlaða og lausaraftar með lausholtsefni í baðstofu, 1 rd.
- 5 Kofi út á velli, virtur á 3 rd., 48 sk.
- 6 Smiðjukofi, virtur á 1 rd., 48 sk.
- 7 Spýta do., 48 sk.

Summa 32 rd., 48 sk.

7 Sveina[garðar]

Úttekt á Sveina[görðum]:

- 1 Baðstofa, 7 álnir á lengd, ... [br]eidd 4 og 1/2 ... hæð. Undir 4 sperrum 2 m...fn bitum. Með hrjálegu upprefti en brúkanlegum veggjum en⁸⁴ norðurstafn hrjalegur. Gjöríst álag 7 rd.
- 2 Búrkofi, 3 [álnir] á breidd, 3 á lengd, 3 og 1/2 á hæð. Með allbrúkanlegu upprefti og veggjum í sama máta. Gjöríst álag 24 sk.
- 3 Göng frá bæjardyrum til baðstofudyra, 11 álnir á lengd. Með 5 bitum og samansettri mænitróðu. Sæmilega stæðilegir veggir. 3 álna partur að innanverðu með lítt nýtu upprefti. Gjöríst álag 68 sk.
- 4 Eldhús, 6 [álnir] á lengd, 2 1/2 á breidd, 3 og 1/2 á hæð. Með vegg-lægjupartum lélegum en upprefti brúkanlegu. Leggst ofan á 3 rd.
- 5 Bæjardyr, 5 álnir á lengd, 2 og 1/2 á breidd, 4 og 1/2 á hæð. Að mestu stæðilegar. Leggst til ofanálags 16 sk.
- 6 Skemma austan undir bæjardyrum, nýbyggð. Stæðileg.
[Summa álags] 11 rd., 12 sk.

Til ofanálags:

- 1 Bygging innan í baðstofu, pallur og rúmstæði með hillum, virt á 5 rd.
- 2 Heyhlaða fram í bæ, virt á 24 sk.
- 3 Dyra umbúningur með hurð, 24 sk.
- 4 Kofi austan undir skemmu, 3 [álnir] á breidd, 6 á lengd, 3 1/2 á hæð. Með rétt góðu upprefti, 2 rd., 32 sk.
- 5 Fjánhús fyrir 9 kindur. Með jötu fyrir hlið. Með vænum mænirás og lélegu upprefti, 1 rd.

⁸³ Er nefnt nokkrum sinnum, gæti verið örnefni og ætti þá að skrifast með stórum staf.

⁸⁴ Óljóst.

- 6 Fjöl í fjárhúsi 16 sk.
- 7 Hjallur suður á ... [tv]eimur ásum og torfstafni og 2 tréstólpum og ...englum, 1 rd., 32 sk.
- 8 Spýta suður við hjall ...tasvoli 32 sk.
- 9 Smærra spýtnarusl 20 sk.
[Summa] 11 rd., 12 sk.

8 Borgir

Úttekt á Borgum 4. maí 1846:

- 1 Baðstofa, 7 álnir á lengd, 4 á breidd, 5 á hæð. Undir 4 sperrum og 4 bitum, með 4 hálfstöfum og 4 heilum. Með brúkanlegu árefti, lausholtum og öllum máttarviðum. En 2 álna langur pallur af vegg hrjálegur. Gjörist álag 2 rd., 48 sk.
- 3 Gangnartur frá baðstofudyrum, þriggja álna langur. Með fínu upprefti og hrjalegum vegg. Gjörist álag 80 sk.
- 3 Búrkofi, 5 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með 2 bitum. Hrjálegt að viðum en⁸⁵ stæðilegt að veggjum. Gjörist álag 1 rd.
- 4 Eldhús, 7 [álnir] á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Lasið að viðum en fallið að hliðarveggjum. Gjörist álag 8 rd.
- 5 Skáli mót eldhúsdyrum ... lengd og breidd, 3 1/2 alin á hæð. Að veggjum og viðum mjög hrjalegt. Gjörist álag 3 rd., 48 sk.
- 6 Hlaða móti baðstofudyrum, 3 álnir á lengd, 2 1/2 á hæð, 3 álnir á breidd. Hrjalegt að viðum og veggjum. Gjörist því álag 2 rd., 16 sk.
- 7 Göng frá eldhúsdyrum til bæjardyra, 17 álnir á lengd. Upprefti sumt lasið, sumt nýtt. Álag 32 sk.
- 8 Bæjardyr hrjalegar að sumu upprefti og föllnum veggjum. Gjörist álag 4 rd., 32 sk.
- 9 Skemmukofi vestan undir bæjardyrum, nýbyggð og stæðileg, 7 álna lengd. Álagsfrí.
- 10 Fjárhús suður á velli, 5 álnir á lengd, 4 álnir á breidd, 4 álnir á hæð, með garða. Annar hliðveggurinn með kampi að dyrum, fallinn, lélegt að viðum. Gjörist álag 4 rd.

Álags summa 26 rd., 64 sk.

Til ofanálags er metið:

- 1 Fjalir í fjárhúsi, virtar á 2 rd.
 - 2 Heyhlaða, do., 2 rd., 32 sk.
 - 3 Sjómannabúð, do., 64 sk.
 - 4 Kofi sem fylgir búðinni, do., 1 rd.
 - 5 K...arskemma, do., 1 rd., 32 sk.
 - 6 Smiðja með belg, do., 2 rd.
 - 7 Steðji, do., 1 rd.
 - 8 2 hamrar, do., 80 sk.
 - 9 Smiðjukofi, do., 1 rd., 16 sk.
 - 10 Nýbyggð skemma austan undir b[æjar]dyrum, do., 5 rd.
 - 11 Skemmukofi austur á velli, do., 32 sk.
 - 12 Bygging innan í baðstofu, do., 2 rd., 48 sk.
 - 13 Bjargfesti 1/2, do., 8 rd.
- Ofanálags summa 28 rd., 16 sk.

9 Neðri-Sandvík

Úttekt á Neðri-Sandvík 14. maí 1856:

- 1 Baðstofa, 8 álnir á lengd, 5 álnir á breidd, 4 álnir á hæð. Undir 4 sperrum og tveimur langböndum. Brúkanlegir veggir. Fallin að viðum. Gjörist álag 22 rd.
- 2 Göng frá bæjardyrum til baðstofudyra, 13 álna löng. Álag 8 rd.

⁸⁵ Óljóst.

- 3 Eldhús, do., 48 sk.
- 4 Búrkofi nýbyggður. Ofanálagsfrí.
- 5 Bæjardyr nokkuð stæðilegar, do., 1 rd.
Álags summa 31 rd., 48 sk.

Til ofanálags ...:

- 1 Bygging innan í baðstofu, virt 6 rd., 48 sk.
- 2 Skemma austan undir bæjardyrum, 8 rd., 48 sk.
- 3 2 dyraumbúningar með hurðum, 48 sk.
- 4 Spýtur, 5 rd.
- 5 Fjánhús með 2 kofaræflum, 4 rd.
- 6 Hey, 1 rd.
Ofanálags summa 31 rd., 48 sk.

10 Borgir

Úttekt á Borgum 22. maí 1856:

- 1 Baðstofa, 7 álnir á lengd, 4 álnir á breidd og 5 álnir á hæð. Undir 4 sperrum og 2 bitum, með 4 hálfstöfum og 4 heilum. Með feysknu upprefti flestu. Ytri stafn farinn að síga inn. Gjöríst álag 19 rd.
- 2 Gangnaptur, þriggja álna langur. Fallinn að viðum og veggjum. Gjöríst álag 2 rd., 64 sk.
- 3 Búrkofi, 5 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með 2 bitum. Fallinn að viðum og lélegur að veggjum. Gjöríst álag 8 rd., 48 sk.
- [4] ... 7 álnir á lengd, 3 álnir á breidd og 4 álnir á hæð. Lasið að [viðum] en fallið að veggjum. Gjöríst álag 10 rd.
- [5] ... móti eldhúsdryum, 3 álnir á lengd og breidd [o]g 3 1/2 alin á hæð. Fallið að viðum og veggjum. Gjöríst álag 8 rd.
- 6 Hlaða móti baðstofudryum, 3 álnir á lengd, 2 1/2 alin á breidd, 3 á hæð. Fallið að viðum og veggjum. Gjöríst álag 6 rd.
- 7 Göng frá eldhúsdryum til bæjardyra, 15 álna lengd. Upprefti flest fúíð, lasnir veggir. Gjöríst álag 5 rd., 48 sk.
- 8 Bæjardyr nýbyggðar, 6 álnir á lengd, 3 álnir á breidd, 4 1/2 á hæð. Hallast dálítið fram. Gjöríst álag 1 rd.
- 9 Skemma vestan undir bæjardryum. Hríleg að viðum og veggjum. Gjöríst álag 3 rd.
- 10 Fjánhús, 5 álnir á lengd, 4 álnir á hæð, 4 álnir á breidd. Fallið að viðum og veggjum. Gjöríst álag 12 rd., 48 sk.

Álags summa 76 rd., 16 sk.

Til ofanálags:

- 1 Heyhlaða suður við hús, með kofaræfli, virt á 2 rd., 20 sk.
- 2 Bygging innan í baðstofu, 3 rd.
- 3 10 fjórð[unga] reisla, 3 rd., 48 sk.
- 4 Lóðavigt, 24 sk.
- 5 Dyrloft, vel um vandað, 8 rd.
- 6 Páll og reka, 1 rd., 24 sk.
- 7 Sleggja úr járni, virt ...
- 8 2 trossur ...
- 9 Skemma austan undir bæjardryum ...
- 10 Kista ...
- 11 Hálf tunnu pottur, 5 rd.
- 12 Kofi suður á bakka, 1 rd. 32 sk.
- 13 Spýtur 3 rd., 72 sk.
- 14 3 tunnur, 2 kaggar, skrína og hálf t[unna], 4 rd.

- 15 Smávegis rusl, smiðja, steinn⁸⁶ og langsög, 3 rd., 80 sk.
 16 Spýtur, 1 rd., 48 sk.
 17 2 mélkvartil, 40 sk.
 18 1 ær og geml[ingur], 7 rd., 48 sk.
 19 Geml[ingur] og hey, 5 rd.
 Ofanálags summa 64 rd., 68 sk.
 Eftir standa, sem Tómas lofar að borga í kaup tíð, 5 rd.
 Eftir standa sem viðtakandi, Guðjón Þorkelsson, gefur kvitt 7 rd.
 [Til jafnaðar] 76 rd., 68 sk.
 Ut supra,
 G. Jónsson
 Þessum virðingar- og úttektargjörning samþykkja undirskrifaðir,
 Kristján Sigurðsson og Jónatan Þorkelsson úttektarmenn
 Ut supra,
 Tómas Tómasson fráfarandi, Guðjón Þorkelsson viðtakandi

11 Sveinsstaðir⁸⁷

[Ár] 1863, þann 8. júní, komum við undirskrifaðir ... klausturjörðinni Sveinsstöðum í Grímsey ... til þess — samkvæmt aflögðum embættiseiði ... við þess háttar athafnir — að fyrir taka löglega [skoðun]ar, virðingar- og úttektargjörð á öllum húsum nefndrar jarðar og á þau álag að meta eftir því sem þau koma fyrir sjónir. Úttektargjörðin fór fram á þessa leið:

- 1 Baðstofa, 6 álnir á lengd, 4 álnir á breidd, 4 álnir á hæð. Undir 4 sperrum, 8 stoðum og 2 stafnbitum. Húsið álist gjorsamlega fallið að viðum, veggjum og þaki. Gjörist álag 17 rd.
 - 2 Eldhús, 4 álnir á lengd, 2 1/2 alin á breidd, 4 álnir á hæð. Byggt undir einum mænirás og 1 bita, með dverg á. Veggir nokkuð brúkanlegir nema hvað annar stafninn er nokkuð siginn á sig. Fyrir fyrningu hússins gjörist álag 2 rd., 64 sk.
 - 3 Búr, 3 1/2 alin á lengd, 3 álnir á breidd, 3 álnir á hæð. Undir 1 mænirás. Veggir stæðilegir en raftviður töluvert farinn að fúna. Gjörist álag 1 rd.
 - 4 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, 10 álnir á lengd, 1 1/2 alin á breidd, 3 álnir á hæð. Álítast stæðileg að veggjum og þaki en fyrir vantandi dyra umbúning og burt reitt af raftvið gjörist [álag] 2 rd., 64 sk.
 - 5 Bæjardyr, 5 álnir á lengd, 2 1/2 á breidd, 4 álnir á hæð. Húsið álist að mestu leyti stæðilegt. Fyrir fyrningu þess gjörist álag 1 rd.
 Álags summa 27 rd., 64 sk.
 Til ofanálags er metið:
- 1 Innanbyggingar fúarusl það sem í baðstofunni lafir, virt á 5 rd., 48 sk.
 - 2 Rekaviðarrusl, do., 2 rd., 48 sk.
 - 3 Skemma niðri á bakka, do., 5 rd.
 - 4 Hrutur veturgamall, do., 4 rd.
 - 5 Eftirstandandi 5 rd., 64 sk.
- Sem greiðist innan þessa árs októberloka.
 Ofanálags summa 22 rd., 64 sk.
 Sveinsstöðum sama dag,
 Jónatan Daníelsson; Kristján Sigurðsson úttektarmaður, Jónatan Þorkelsson úttektarmaður
 Upp á framan- og ofanskrifaðan úttektargjörning erum við undirskrifaðir sáttir,
 Árni Þorkelsson viðtakandi, Jón Halldórsson fráfarandi

⁸⁶ Óljóst.

⁸⁷ Afrit af þessari úttekt er í gögnum Möðruvallaklaustursumboðs í Þjóðskjalasafni, skráð þannig: ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Möðruvallaklaustur VII/1. Úttektir 1861-1870.

12 Sveinagarðar⁸⁸

Árið 1864, þann 2. júní, komum við undirskrifaðir saman á klausturjörðinni Sveinagörðum í Grímseyjarhrepp til þess — samkvæmt aflögðum embættiseiði okkar við þess háttar athafnir — að fyrir taka löglega skoðunar-, virðingar- og úttektargjörð á öllum jarðarhúsum nefndrar jarðar og á þau álag að meta eftir því sem það komi fyrir sjónir. Úttektargjörðin fór fram á þessa leið:

1 Baðstofa, 6 álnir á lengd, 5 álnir á breidd og 5 1/2 á hæð, í tveimur stafgólfum. Með 8 stöfum, ás góðum og ófúnum rekavið, 2 bitum, 4 sperrum með 4 skambbitum, þremur langböndum á hlið, 1 mænirás, öllu ófúnu og vel brúkanlegu. Reisifjöl feyskin og hrjálegr. Veggir nýir og nýlegir. Húsið rétt og ótilgengið. Fyrir lélega reisifjöl og sprungu á stafnhorni að utan gjörist álag 5 rd.

2 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, 9 álnir á lengd, 1/2 alin á breidd, 3 álnir á hæð. Undir einum mænirás og þremur bitum, þar af tveimur nýjum. Raftviður lítill og fánýtur. Göngin talsvert sigin saman. Veggir gamlir og partur sprunginn. Gjörist álag 4 rd.

3 Búr, 3 álnir á lengd, 3 álnir á breidd og 3 álnir á hæð. Hrjálegr að viðum og veggjum. Gjörist álag 2 rd.

4 Eldhús, 4 1/2 alin á lengd, 3 álnir á breidd og 3 1/2 alin á hæð. Undir einum mæniráskrafti, bita og stoð. Nýr hliðveggur. Allir viðir nýir og vænir en hinn hliðveggurinn ásamt stafni fúinn og moldrunnin. Gjörist álag 4 rd.

5 Bæjardyr, 5 álnir á lengd, 3 álnir á breidd og 3 1/2 alin á hæð. Undir 1 mænirás, 2 bitum og tveimur stoðum og tveimur sperrum. Með rafti og þili framan undir. Veggir fúnir og moldrunnir og mjög hrjalegir en geta þó staðið dálítið enn. Raftviður fúinn og lélegur en getur þó enst á mótis við veggina og þilið framan undir í sama máta. Þó er það lítt nýttast. Gjörist álag 4 rd.

6 Skemma sunnan undir bæjardyrum, 5 álnir á lengd, 3 álnir á breidd, 3 1/2 alin á hæð. Undir 1 mænirás, þremur bitum, þrennum sperrum og 6 stoðum. Með þili að framan undir, vel brúkanlegu, og raftviði í sama máta. Veggir gamlir og nokkuð hrjalegir. Húsið heldur farið að snarast en álist þó að geta staðið nokkuð lengi. Á fyrningu þess og skekkju gjörist álag 1 rd., 16 sk.

Álags summa 20 rd., 16 sk.

Til ofanálags er metið:

1 Innanbygging í baðstofunni, virt á 14 rd.

2 Fjórhuskofi upp á velli, do., 6 rd.

3 Borgað í öðru 16 sk.

[Alls] 20 rd., 16 sk.

Ofanálags summa 20 rd., 16 sk.

Að við höfum gjört svofellda úttekt, uppskrift og álag eftir okkar bestu sannfæringu og samvisku, vitnum við upp á okkar um þessi verk áður aflaðan eið, með okkar nöfnum,

Jónatan Danielsson; Kristján Sigurðsson úttektarmaður, Jónatan Þorkelsson úttektarmaður

Framan- og ofanskrifaðri úttektargjörð erum við samþykkir,

G. Guðmundsson fráfarandi, Þorbjörn Guðmundsson viðtakandi

13 Efri-Sandvík⁸⁹

Árið 1865, þann 13. júlí, komum við undirskrifaðir saman á klausturjörðinni Efri-Sandvík í Grímseyjarhrepp til þess — samkvæmt aflögðum embættiseiði okkar við þess háttar afhafnir — að fyrir taka löglega skoðunar-, virðingar- og úttektargjörð á öllum jarðarhúsum nefndrar jarðar og á þau álag að meta, eftir því sem þau komu fyrir sjónir, og fór úttektargjörðin fram á þessa leið:

⁸⁸ Afrit af þessari úttekt er í gögnum Möðruvallaklaustursumboðs í Þjóðskjalasafni, skráð þannig: ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Möðruvallaklaustur VII/1. Úttektir 1861-1870.

⁸⁹ Afrit af þessari úttekt er í gögnum Möðruvallaklaustursumboðs í Þjóðskjalasafni, skráð þannig: ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Möðruvallaklaustur VII/1. Úttektir 1861-1870.

- 1 Baðstofa, 9 álnir á lengd, 4 1/2 á breidd og kortar 5 á hæð. Undir 5 sperrum, 2 stafnbítum og þremur skammbitum. Langrefri yfir með skertum böfum. Baðstofan álist að viðum, veggjum og þaki mjög hrörleg. Gjörist álag 30 rd.
- 2 Göng þaðan frá baðstofudyrum til aðalgangna, 6 álnir á lengd, 2 á breidd, 2 1/2 á hæð. Mjög hrjáleg að viðum og veggjum og þaki. Álag 3 rd., 48 sk.
- 3 Göng þaðan frá til bæjardyra, 6 álnir á lengd, 2 álnir á hæð, 2 1/2 á breidd. Með 1 mænirás, þremur bitum með dvergum á, 6 stoðum. 1 dyraumbúningi með hurð, vel brúkanlegur. Veggir stæðilegir en upprefti lélegt. Álag þar á 1 rd., 48 sk.
- 4 Eldhús, 8 álnir á lengd, 4 1/2 alin á breidd, 4 álnir á hæð. Með 1 mænirás, 3 bitum. Veggir og þak mjög hrörlegt en upprefti brúkanlegt. Álag 10 rd.
- 5 Búrkofi, 6 álnir á lengd, 3 álnir á breidd, 4 álnir á hæð. Álist að viðum og veggjum gjörfallið. Álag 16 rd.
- 6 Bæjardyr, 4 álnir á lengd, 3 álnir á breidd, 4 álnir æð. Með þremur bitum, þrennum sperrum og 6 stoðum undir tveimur langböndum, einum á hvorri hlið. Nýjum raftvið. Þili framan undir og hurð á járnum. Húsið er nýbyggt, ótilgengið og álist stæðilegt. Gjörist því ekkert álag á það.
- 7 Skemma vestan við bæjardyr, 5 1/4 alin á lengd, 3 1/2 á beidd, 5 1/2 á hæð. Með 3 bitum og þremur stoðum undir, þremur sperrum, tveimur lausholtum og tveimur langböndum á hvorri hlið, 1 mænirás með nýju þéttu upprefti. Með þili framan undir og þar hurð á járnum. Húsið er nýbyggt og vel um gengið að viðum, veggjum og þaki. Álist því álagsfrítt.
- 8 Skemma fyrir austan bæinn, kölluð naust, 7 álnir á lengd, 3 álnir á breidd, 4 álnir á hæð. Undir 1 mænirás, 4 sperrum, 4 bitum og 1 langböndum á hlið hvörja. Upprefti nýlegt og veggir stæðilegir. En fyrir galla á þaki og þili gjörist álag 1 rd., 48 sk.
- 9 Fjárhús, 6 álnir á lengd, 4 1/2 alin á breidd, 3 1/2 alin á hæð. Undir tveimur mænirásum, með tveimur bitum með dvergum á. Raftviður allur brúkanlegur. 2 hurðir á járnum eru fyrir húsinu en veggir og þak mjög hrjálegt. Gjörist því álag 9 rd.
- 10 Heyhlaða áföst við fjárhúsið, 3 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, 3 1/2 alin á hæð. Undir 1 mænirás. Raftviðir feyskinn en þó brúkanlegur en annar hliðveggurinn saman fallinn. Álag þar á 2 rd.
- 11 Lambhúskofi skammt frá fjárhúsinu, 3 álnir á lengd, 3 álnir á breidd og 3 1/2 á hæð. Álist álagsfrí.

Álags summa 73 rd., 48 sk.

Metið til ofanálag[s]:

- 1 Innanbygging í baðstofu, virt á 10 rd.
- 2 Do. á nr. 7 af jarðarhúsunum, loft með naglföstum hillum og hurð að innanverðu með skrá, do., 6 rd.
- 3 Skemmukofi austan við bæjardyr með lofti, do., 9 rd., 48 sk.
- 4 Trjáviður, do., 15 rd., 48 sk.
- 5 Fiskbytta með tveimur árum, do., 28 rd.
- 6 Tunnuræflar 3, do., 2 rd.
- 7 Strokkur og mölunarkvörn, do., 2 rd., 48 sk.

[Alls] 73 rd., 48 sk.

Ofanálags summa 73 rd., 48 sk.

Jónatan Þorkelsson úttektarmaður, Sigurður Kristjánsson úttektarmaður

Framan- og ofanskrifuðum úttektargjörning samþykkir,

Benedikt Pétursson viðtakandi, Jónatan Daníelsson fyrir dánarbúsins hönd

Samhljóða Grímseyjarhreppsjarða úttektarbók,⁹⁰ Neðri-Sandvík 3. febrúar 1866,

Jónatan Daníelsson

⁹⁰ Sennilega er hér átt við úttektabók sem hefur tilheyrt umboðunum, Möðruvalla- eða Munkaþverárklausturs, öðrum eða báðum.

14 Neðri-Sandvík

Árið 1867, þann 12. júní, komum við undirskrifaðir saman á klausturjörðinni Neðri-Sandvík í Grímseyjarhrepp til þess — samkvæmt aflögðum embættiseiði okkar við þess háttar afhafnir — að fyrir taka löglega skoðunar-, virðingar- og úttektargjörð á öllum jarðarhúsum nefndrar jarðar og á þau álag að meta, eftir því sem þau komu fyrir sjónir, og fór úttektargjörðin fram á þessa leið:

1 Baðstofa, 7 1/2 alin á lengd, 4 álnir á breidd, 4 1/2 á hæð. Með 4 sperrum, 8 stoðum og 2 bitum. 4 1/2 alin baðstofunnar undir 2 lausholtum með áfellum á og tveimur langböndum með reisifjöl þar á. En 3 álnir baðstofunnar eru undir nýlegri súð. Reisifjölin í baðstofunum er mjög fúin og feyskin. Veggir stæðilegir en þakið sporað og mjög hrjálegt. Álag 14 rd.

2 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, 12 álna löng, 1 1/4 alin breidd, 2 1/2 á hæð. Undir þrísamsettum mæniás og þremur bitum. Veggir nokkuð stæðilegir en raftviður og þak lítt nýtt. Gjörist álag 4 rd.

3 Eldhús, 6 álnir á lengd, 4 álnir á breidd, 3 1/2 alin á hæð. Með tveimur mæniásum og 1 bita og 2 dvergum á. Raftviður góður og veggir stæðilegir en þak lítt nýtt. Álag 2 rd.

4 Búr 4 1/2 alin á lengd, 3 álnir á breidd, 2 3/4 alin á hæð. Undir einum mænirás. Veggir stæðilegir en raftviður og þak fremur lélegt. Álag 2 rd.

5 Bæjardyr, 4 álnir á lengd, 2 1/2 alin á breidd, 4 álnir á hæð. Undir tveimur bitum, fjórum stoðum, tveimur lausholtum með áfellum á, tvennum langböndum, tvennum sperrum, einum mænirás brotnum. Raftviðurinn er brúkanlegur. Veggir geta nokkuð staðið en annar þó farinn að snarast. Dyra umbúningur, þil og þak ónýtt. Álag 5 rd.

Jarðarinnar álags summa 27 rd.

Til álags er metið:

1 Innanbygging í baðstofunni, 12 rd.

2 Kofi fram í bæ, 1 rd., 48 sk.

3 2 dyraumbúningar með hurðum, 1 rd., 48 sk.

4 Skemma áföst við bæjardyr, 9 rd.

5 Fjánhús með molakofa⁹¹ við út á velli, 7 rd.

Ofanálags summa 31 rd.

Að við höfum gjört svofellda úttekt, uppskrift og álag eftir okkar bestu sannfæringu og samvisku vitnum við upp á okkar um þessi vor verk áður aflagða eið, með okkar nöfnum,

Jónatan Daniélsson hreppstjóri

15 Sveinsstaðir

Árið 1867, þann 10. júní, komum við undirskrifaðir saman á klausturjörðinni Sveinsstöðum í Grímseyjarhrepp til þess — samkvæmt aflögðum embættiseiði okkar við þess háttar afhafnir — að fyrir taka löglega skoðunar-, virðingar- og úttektargjörð á öllum jarðarhúsum nefndrar jarðar og á þau álag að meta, eftir því sem þau komu fyrir sjónir, og fór úttektargjörðin fram á þessa leið:

1 Baðstofa, 6 álnir á lengd, 4 álnir á breidd, 4 álnir á hæð. Undir 4 sperrum, 8 stoðum, 2 lausholtum, 1 bita. Með þver- og langrefti til beggja hliða. 3 gluggum og þar af 2 ónýtum. Húsið er að álíta sem við síðustu úttektargjörð, sjá bls. 15 hér að framan. Álag 17 rd.

2 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, 10 álnir á lengd, 1 1/2 á breidd, 3 álnir á hæð. Undir einaknum mænirás og tveimur bitum með dvergum á, og þverrefti af mæniás á vegg til beggja hliða. Fyrir fyrning og [g]alla á göngunum gjörist álag 2 rd.

3 Eldhús, 5 1/2 alin á lengd, 3 1/2 alin á breidd, 4 1/4 alin á hæð. Undir 1 mænirás, 2 bitum, 1 dverg. Þverrefti af mænirás á vegg til beggja hliða. Húsið álist vel byggt og stæðilegt en fyrir fyrningu þess gjörist álag 32 sk.

⁹¹ Verður helst lesið svo, kann þó að lesa eigi „malakofa.“ Er þetta myllukofi eða kofi til að merja sundur bein og fiskrusl til fódurs skepnum?

4 Búr, 3 1/2 alin á lengd, 3 álnir á breidd, 3 álnir á hæð. Undir 1 mænirás á stoðum beggja megin. Húsið álist að þurfa aðgjörðar á viðum og þaki. Álag þar á 1 rd., 64 sk.

5 Bæjardyr, 5 álnir á lengd, 2 1/2 alin á breidd, 4 álnir á hæð. Undir einauknum mænirás, 3 sperrum, 3 bitum, 6 stoðum, 2 vegglægjum, 1 langböndum á hlið. Með þverrefti á langböndum. Þil framan undir, dyrabúningur með hurð á járnum. Fyrir galla á húsinu gjörist álag 2 rd., 16 sk.

Summa 23 rd., 16 sk.

Til ofanálags er metið:

1 Baðstofugrindin, með raftvið og undirviðum, flest fúid og álitid lélegt til eldsneytis, virt á 4 rd.

2 Innanbygging í baðstofunni, pallur, þilviður, rúmstæði, borðræfill og slár, virt á 3 rd.

3 Skemma niður á bakka, do., 4 rd., 48 sk.

4 Frá fráfaranda borgaðir upp í skuld 9 rd.

5 Af viðtakanda borgað fyrir lóðarleigu 1 rd. 72 sk.

[Summa] 23 rd., 16 sk.

Að við höfum gjört svofellda úttekt, uppskrift og álag eftir okkar bestu sannfæringu og samvisku vitnum við upp á okkar um þessi vor verk áður aflagða eið, með okkar nöfnum,

Kristján Sigurðsson, Jónatan Þorkelsson úttektarmenn, Jónatan Daníelsson hreppstjóri

Að við séum framan- og ofanritaðri álitsgjörð samþykkir vitnum við undirskrifaðir,

Jón Guðmundsson viðtakandi⁹²

16. Sveinsstaðir

Anno 1874, þann 30. júní, komum við undirskrifaðir saman á klausturjörðinni Sveinsstöðum, til að fyrir taka löglega úttektar- og skoðunargjörð á öllum jarðarhúsum nefndrar jarðar og meta álag á þau eftir ástandi þeirra, eins og það kom fyrir sjónir, og fór úttektargjörðin fram á þessa leið:

1 Baðstofa, 6 álna löng, 4 álna breið og 4 álnir að hæð. Undir fernum sperrum, 8 stoðum, 2 lausholtum, 1 bita. Með þver- og langrefti til beggja hliða, þremur gluggum, þar af tveimur ónýtum. Húsið ber að álita sem við næstu úttekt hér að framan, sjá bls. 24. Álag var 17 rd.

Fyrir hækkun á daglaunum og trjáviðarkaupum, 3 rd.

2 Eldhús 5 1/2 alin á lengd, 3 1/2 á breidd, 4 1/2 á hæð. Undir 1 mænirás, 2 bitum, 1 dverg. Þverrefti af mænirás til beggja hliða. Húsið álist vel stæðilegt en fyrir fyrningu er álag 3 rd.

3 Búrið, 3 álnir á lengd, 3 álnir á hæð og 3 álnir á breidd. Húsið álist mjög hrörlegt og þarf bráðrar viðgjörðar. Gjörist því álag 2 rd., 32 sk.

4 Göng frá bæjardyrum til baðstofudyra, 10 álnir á lengd, 1 1/2 alin á breidd, 3 álnir á hæð. Undir einauknum mænirás og þverrefti af mænirás til beggja hliða. Fyrir galla á viðum, veggjum og þaki gjörist álag 5 rd.

5 Bæjardyr, 4 álnir á lengd, 2 1/2 alin á breidd, 4 álnir á hæð. Undir einauknum mænirás, 3 sperrum, 3 bitum, 6 stoðum, tveimur vegglægjum, 1 langandi á hlið. Með þverrefti á langböndum. Þil framan undir og dyrabúningur með hurðarræfli, allt gamalt og mjög lélegt. Gjörist álag 4 rd.

Álags summa 34 rd., 32 sk.

Til ofanálags er metið:

1 Allt viðarrusl með innanbyggingarnefnunni, á 5 rd.

2 Skemmuræfill niður á bakka, virt á 1 rd., 64 sk.

3 Spýtnarusl úr 2 kofum upp á velli, do., 1 rd. 64 sk.

4 Fyrir 4 spýtur niður á Rana⁹³ 2 rd., 64 sk.

5 Fiskibytta með árum, stýri, austurtrogi og segrám, 20 rd.

6 Umlíðið um 3 rd., 32 sk.

Ofanálags summa 34 rd., 32 sk.

⁹² Nafn fráfaranda vantar.

⁹³ Stendur svo, væntanlega örnefni.

Að við höfum gjört svofellda úttekt og álag vitnum við undirskrifaðir,
Jónatan Daniélsson hreppstjóri, Árni Þorkelsson, Guðmundur Kristjánsson úttektarmenn
Að við séum framan- og ofanritaðri úttektargjörð samþykkir vitnum við undirskrifaðir,
Jón Guðmundsson (handsalað) fráfarandi, Sæmundur Jónatansson viðtakandi

17 Ytri-Sandvík

Árið 1874, þann 27. júlí, komum við undirskrifaðir saman á klausturjörðinni Ytri-Sandvík, til að fyrir taka löglega úttektar- og skoðunargjörð á öllum húsum nefndrar jarðar og meta álag á þau eftir ástandi því er þau komu fyrir sjónir í, og fór úttektargjörðin fram á þessa leið:

1 Baðstofa, 6 3/4 alin lengd, 3 1/2 á hæð, 4 1/2 á breidd. Með 4 sperrum, 1 skambbita, 8 stoðum, 2 lausholtum. Undir súð og langrefsti, 2 gluggum, öðrum ónýtum. Húsið sýnist að vera rétt og ótilgengið og stæðilegt, en fyrir fyrningu á viðum og hrjáleika á þaki gjörist álag 5 rd.

2 Af göngum frá baðstofudyrum, 15 1/2 álina á lengd, 2 3/4 álnir á hæð, 1 1/4 á breidd. Undir þríauknum mænirás, fernum bitum, með þéttu þverrefsti. Veggir álitast stæðilegir nema 4 álnir annars vegar. Fremri partur gangnanna þar frá til bæjardyra, 5 álnir á lengd, álist alveg fallin. Fyrir fyrningu innra gangnartarsins og fall hins fremra gjörist álag 3 rd.

3 Búr 4 1/4 alin á lengd, 4 álnir á hæð, 2 3/4 alin á breidd. Annar hliðveggur og stafn lítt nýtur. Upprefsti lélegt og ónýtu þaki. Gjörist álag 5 rd.

4 Eldhús, 4 1/2 alin á lengd, 4 1/2 á hæð, 3 1/4 alin á breidd. Undir einum mænirás, þremur sperrum, tveimur lausholtum, 1 bita, tveimur stoðarnefndum. Þverrefsti brúkanlegu. Húsið álist stæðilegt með léttu viðgjörð. Gjörist álag 3 rd.

5 Bæjardyr, 5 1/4 alin á lengd, 4 álnir á hæð, 3 3/4 alin á breidd. Undir 1 mænirás, 3 sperrum, 6 stoðum, 2 lausholtum, 3 bitum, tveimur ásum á hlið, 1 langbandi hvoru megin. Raftviður á strjáli. Þil framan undir. Lítt nýtur hliðveggur og stafir. Þarf bráðrar aðgjörðar og þakið alls ónýtt. Gjörist álag 6 rd.

6 Skáli austan við bæjardyr, 6 álnir á lengd, 4 1/4 alin á hæð, 4 álnir breidd. Undir 1 mænirás, 3 sperrum, 3 bitum, tveimur lausholtum, 6 stoðum, 3 langböndum á hlið. Góðu upprefti. Húsið nýbyggt rétt og ótilgengið, metið álagsfrítt.

Álag summa 22 rd.

Til ofanálags er metið:

1 Innanbygging í baðstofu, virt á 5 rd. 32 sk.

2 Í öðru spýtnarusli, 2 rd., 64 sk.

3 Mélkvartil, 32 sk.

Samtals 8 rd., 32 sk.

Eftir standa ógoldnir 13 rd., 64 sk.

[Summa álags] 22 rd.

Að við höfum gjört svofellda úttekt og álag vitnum við undirskrifaðir,

Jónatan Daniélsson; Árni Þorkelsson, Guðmundur Kristjánsson

Að við séum framan- og ofanritaðri úttektargjörð samþykkir vitnum við undirskrifaðir,

Baldvin Guðmundsson viðtakandi, Guðjón Jónsson fráfarandi

[Á bls. 30 í úttektarbókinni er úttekt, virðing og uppboðsgjörð á ýmsum munum á Básam, í júlí 1883].

18 Efri-Sandvík

Mánudaginn þann 19. maí 1884 var á Möðruvallaklaustursjörðunni Efri-Sandvík gjörð svofelld úttekt. (Síðasta úttekt og byggingarbréf fráfaranda voru til sýnis. Úttekt þessi var gjörð að beiðni herra Einars Ásmundssonar í Nesi):

1 Baðstofa, 9 álnir lengd, 4 1/2 breidd, 4 3/4 hæð, 4 stafgólf og 3 gluggar. Fallin að viðum og veggjum. Gjörist álag 230,00 kr.

- 2 Göng frá baðstofu til bæjardyra, 12 álna löng, 2 álna breið, 2 1/2 alin hæð. Með 1 dyra umbúningi og hurð. Fallin að viðum og veggjum. Gjörist álag 80,00 kr.
- 3 Eldhús, 8 álnir lengd, 4 1/2 alin breidd, 4 hæð. 1 mænirás, 3 bitar og 6 stoðir. Fallið að veggjum og viðir gamlir, þó brúkandi að miklu [leyti]. Gjörist álag 50,00 kr.
- 4 Búrkofi, 6 álnir lengd, 3 álnir breidd, 4 álnir hæð. Fallið að viðum og veggjum. Gjörist álag 70 kr.
- 5 Bæjardyr, 4 álnir lengd, 3 álnir breidd, 4 álnir hæð, 2 stafgólf, án lausholta. Fallnar að viðum og veggjum. Álag 35,00 kr.
- 6 Skemma vestan við bæjardyr, 5 1/2 alin lengd, 3 1/2 alin breið, 5 1/2 alin há, 2 stafgólf og með lausholtum. Fallin að viðum, veggjum og þili. Gjörist álag 55,00 kr.
7. Skemma (áður naust), 7 álnir lengd, 3 álnir breidd, 4 álnir hæð, 3 stafgólf. Fallin að viðum, veggjum og þaki. Álag 75,00 kr.
- 8 Fjánhús, 6 álnir lengd, 4 1/2 alin breidd, 3 1/2 alin hæð. 2 mænirásar, 2 bitar, 2 hurðir á járnum. Horfið, en kemur í staðinn fjárhúskofi 5 1/2 alin lengd, 4 3/4 alin breidd, 3 1/2 alin hæð. Stæðilegur en gjörist þó álag 15,00 kr.
- 9 Heyhlaða, 3 1/2 alin löng, 3 álnir breidd, 3 1/2 alin hæð. Horfin, en kemur í staðinn skemmukofi austast á hlaði, 5 álna langur, 3 álnir breidd, 3 1/2 hæð. Álist fullnægjandi.
- 10 Lambhúskofi, 3 álnir lengd, 3 álnir breidd, 3 1/2 alin hæð. Álist að vera stæðilegur. Gjörist þó álag 5,00 kr.

Í byggingarbréfi fráfaranda var engin jarðabót ákveðin. Er þá álag á jörðina 565,00 kr.

Til álags metið:

- 1 Viðauki við baðstofu, 4 álnir lengd, 6 álnir breidd, 4 álnir hæð. Með lausholtum, bitum og 3 sperrum, virt á 30,00 kr.
 - 2 Innanbygging í baðstofu og ruslið úr henni, 15,00 kr.
 - 3 Loft í skemmu, með dyra umbúning, hurð og skrá, virt á 6,00 kr.
- Fráfarandi kvaðst ekki geta vísað á aðra fjármuni til ofanálags. Er því sem greitt álag 51,00 kr. Vantar á lagið 514,00 kr.

Að úttekt þessi sé gjörð eftir okkar bestu þekkingu og samvisku vottum við hér með, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Kristjánsson úttektarmenn
 Þessari úttekt erum við samþykkir,
 Pétur Guðmundsson (fyrir hönd viðtakanda), Jónatan Daníelsson fráfarandi
 Efri-Sandvík 19/5 1884,
 Árni Þorkelsson

19 Ytri-Grenivík

Þann 1. júní 1885 var tekin út klausturjörðin Ytri-Grenivík og féll úttektin þannig:

- 1 Baðstofa 5 3/4 [alin] lengd, 4 1/2 breidd, 3 3/4 hæð. Fallin að mestu. Á að vera í 3 stafgólfum, með 2 gluggum tveggja rúðna. Gjört álag 24,00 kr.
 - 2 Göng, 18 álnir lengd, 1 1/4 breidd, 2 3/4 hæð. Með 2 stoðum. Álag 8,00 kr.
 - 3 Búr, 4 1/2 alin lengd, 3 1/4 breidd, 4 hæð. Stæðilegt. Álag 4,00 kr.
 - 4 Eldhús, 4 1/2 alin lengd, 3 1/4 breidd, 4 hæð. Fallið. Álag 16,00 kr.
 - 5 Bæjardyr, 5 1/4 alin lengd, 3 3/4 breidd, 4 hæð. Nýjar.
 - 6 Skáli, 6 álnir lengd, 4 breidd, 4 1/4 hæð. Fallinn. Álag 20,00 kr.
- Allt álag 72,00 krónur.
 [Skipt í tvennt:] 36,00 kr.
 Til álags metið:
- 1 Innanbygging í baðstofu, virt á 2,50 kr.
 - 2 Spýtna- og borðarusl við bæinn, virt á 5,00 kr.
 - 3 1/4 óskiptra spýtna, virt á 1,00 kr.

Það sem eftir stendur lofar fráfarandi, Jóhannes Gunnarsson, að greiða út úr reikningi sínum á Húsavík á þessu sumri, að upphæð 27,50 kr.

Að við höfum orðið ásáttir um úttektina votta okkar undirskrifuð nöfn,
Jóhannes Gunnarsson fráfarandi, Baldvin Guðmundsson viðtakandi
Að við höfum gjört þessa úttekt eftir sannfæringu okkar, vottast hér með,
Friðrik Jónatansson, Guðmundur Kristjánsson (úttektarmenn)

20. Syðri-Grenivík

Þann 27. júní 1887 vorum við undirskrifaðir komnir saman í Syðri-Grenivík (jörð Munkaþverárklosturs) til að fyrir taka og framkvæma úttekt á téðri jörð er féll þannig:

1 Baðstofa, á að vera 36 ferálnir⁹⁴ á gólfi, er 51 feralin. Undir 5 sperrum og súð á tveim höfuðbitum og 2 lausholtum, stoðir 10, signar í gólf og lausholt brotin enda súðin blaut og líklega feyskin út. Gjörist álag 30,00 krónur.

2 Búr, á að vera 27 ferálnir á gólfi en er ekki nema 17. Allgott en fyrir því hvað húsið er of lítið og fyrir fyrningu gjörist álag 12 krónur.

3 Eldhús, á að vera 18 ferálnir en er 28. Viðir góðir en veggir vondir. En vegna stærðarmuns er álag 5,00 krónur.

4-5 Tveir kofar fram á bæ, 10 1/2 [alin] og 10 1/2 að gólfmáli. Kemur í staðinn 1 kofi 24 1/2 [alin] að gólfmáli, fram í bæ, nýr. Gjörist ekkert álag.

6 Göng, 11 álnir á lengd og 1 1/2 á breidd. Eru nú 16 álnum lengri, léleg. Gjörist álag 2 krónur.

7 Bæjardyr, lengd 4 1/2 [alin] og breidd 3 álnir að fornu, en eru nú 6 á lengd, 4 1/2 á breidd, með porti 3/4 álnar.

8 Skemma, 5 3/4 [alin] á lengd, 3 1/2 á breidd, með 3/4 álnar porti. Þessi 2 númer ofanálagsfrí vegna húsbótar.

9 Önnu skemma 5 3/4 álna lengd, 4 1/3 álnar breidd. Gott hús. Einnig álagsfrítt af húsauka enda nýtt.

10 Fjánhús, á að vera 31 1/2 [ferálnir] að gólfmáli en er nú 9 álnir á lengd og 6 á breidd. Stærðarmunur gjörir að álag er 3 kr.

11 Hlaða, 7 álna löng, 5 álna breidd. Fallin að miklu og gjörist því álag 16,00 krónur.

12 Fjánhúskofi 4 1/2 alin á lengd og 3 1/2 á breidd. Viðir vondir. Álag 8,00 kr.

13 Kofi hjá skemmu horfinn, átti að vera 4 álnir á lengd og 3 á breidd. Kemur í staðinn búð niður við sjó, 6 álnir á lengd og 3 3/4 breidd. Með 3 sperrum og þili, hurð á járnum með hespu og keng. Gott hús, metið 8,00 krónum betra en hitt var og þar með greitt álag á númer 12.

Er þá allt ógreitt álag á jörðina 68,00 krónur. Upp í þær metið til Ingvars, sem á 1/2 álagsins = 34,00 krónur, ýmislegt af munum búsin er gjörði alls 28,40 kr. Eru þá eftir sem sr. Pétur geldur af eign búsin 5,60 = 34,00.

Til Kristmundar gengur af munum búsin í álag ýmislegt metið á 34,00 og ofanálaginu þar með fullnægt.

Guðmundur Kristjánsson⁹⁵
Syðri-Grenivík 27. júní 1887,
Árni Þorkelsson

21 Sveinagarðar

Þann 25. júní 1887 vorum við undirskrifaðir komnir saman á Sveinagörðum (jörð Möðruvallaklosturs) til að taka út téða jörð og féll það þannig:

1 Baðstofa. Eftir síðasta úttektar eftirriti 6 álnir á lengd, 5 á breidd, 5 1/2 á hæð. Með 2 bitum, 4 sperrum, 2 skambitum. Álag metið 20,00 kr.

2 Göng, 9 álnir á lengd, 1 alin breidd, 3 álnir hæð. Fallin að viðum og veggir slæmir. Álag 14,00 krónur.

⁹⁴ Sýnt með ferning og orðinu „álnir.“

⁹⁵ Vantar aðrar undirskriftir en ritað fyrir neðan: „úttektarmenn; viðtakendur; fyrir hönd fráfaranda.“

- 3 Búr, 3 álnir lengd, 3 á breidd og 3 á hæð. Lélegt að viðum og veggjum. Álag 12,00 kr.
- 4 Eldhús, 4 1/2 [alin] á lengd, 3 á breidd og fjórar á hæð en er nú meira en tvígilt að stærð og er þess vegna metið ofanálagsfrítt.
- 5 Bæjardyr, 5 álnir á lengd, 3 á breidd, í 2 stafgólfum. Viðir grannir og gamlir. Álag 8,00 krónur.
- 6 Skemma, 5 [álnir] á lengd og 3 á breidd, í 2 stafgólfum. Þarf að rífa fyrir skekkju á viðum og veggjum. Álag 24,00 krónur.
Allt álag 78,00 krónur.
Til ofanálags er metið innanbygging í baðstofu á 6,00 kr. Fjánhús 22,00 krónur og raftar í for⁹⁶ 6,00 krónur. Það sem þá er eftir borgist í innskrift eða vörum.
Eftir vitund okkar og samvisku,
Friðrik Jónatansson, Guðmundur Kristjánsson; þessu erum við samþykkir, S. Þorbjörn Guðmundsson fráfarandi, Jón Sigurðsson viðtakandi; Árni Þorkelsson

22 Eiðar

Þann 25. júní 1887 vorum við undirskrifaðir til staðar á Eiðum (jörð Munkaþverárklausurs) til að taka út téða jörð og féll það þannig:

- 1 Baðstofa, að fornu 8 álnir á lengd og 3 á breidd, en nú 8 álnir á lengd og 5 1/2 á breidd. Farin að fúna. Ofanálág gjörist húsaukinn og 32,00 krónur.
- 2 Búr, að fornu 5 1/2 alin á lengd og 3 á breidd. Fallið að viðum og veggjum. Gjörist álag 16,00 krónur. [Er] 16 1/2 feralin.
- 3 Eldhús, 6 álnir á lengd og 3 á breidd og þannig 18 ferálnir, en er nú 42 1/2 [feralin] og er lagt fyrir eldhúsi því sem var og öðrum kofa við bæinn sem var 10 1/2 feralin. Húsið er gott að viðum en galli á veggjum. Álag 2,00 kr.
- 4 Göng til bæjardyra, 13 álnir á lengd. Fallin að viðum og veggir hrjálegir. Gjört álag 8,00 krónur.
- 5 Bæjardyr hafa engar verið en fyrir hús hér á Rananum, sem var 21 feralin að rúmi, koma bæjardyr sem nú eru 24 ferálnir, í 2 stafgólfum. Gjörist álag 4,00 krónur.
- 6 Skemma, að fornu 12 1/2 feralin að gólfmáli en er nú 27 ferálnir, með 1/2 álnar porti. Húsaukinn metinn á 8,00 krónur og færður til álags.
- 7 Fjánhús, að fornu 20 ferálnir en nú 39 ferálnir. Gjörist álag 10,00 krónur.
Er þá allt álag 72,00 krónur.
Þar upp í kemur húsauki á skemmu 8,00 krónur, viðir úr fjárhúsi á 6,00 krónur, spýtnarusl í saltbyrgi á 3,00 krónur, spýtur í skemmu 7,00 krónur, kerhald í búri 3,50, innanbygging í baðstofu 24,00 krónur. Samtals 51,50 krónur. eru þá eftir 20,50 krónur sem greiðast í sumu af munum búsinns eftir uppboðsverði.

Eftir bestu vitund og samvisku,
Friðrik Jónatansson, Guðmundur Kristjánsson; þessari úttektargjörð erum við samþykkir, fyrir hönd fráfaranda Pétur Guðmundsson; S. Guðmundsson viðtakandi; Árni Þorkelsson

[Virðingar- og uppboðsgjörð í Syðri-Grenivík 25.-27. júní 1887].

23 Sveinagarðar

Þann 30. maí 1890 vorum við undirskrifaðir kvaddir til úttektar á klausturjörðunni Sveinagörðum í Grímsey til að taka út téða jörð, og fór úttektargjörðin þannig:

- 1 Baðstofa, með sömu stærð og næst áður og sama bita- og sperrutölu, enda að öllu óbreytt en eldri. Gjörist því álag 28,00 kr.
- 2 Göng, að stærð og útliti sem við síðustu úttekt. Álag 14,00.
- 3 Búr, í sama ástandi og við síðustu úttekt. Álag 16,00.

⁹⁶ Stendur svo og er víðar tekið svo til orða.

- 4 Eldhús. Álag 8,00.
- 5 Bæjardyr. Álag 11,00.
- 6 Skemma, sama og var en hefur verið rétt og hallast þó. Álag 24,00.

Allt álag 101,00 [krónur].

Til ofanálags er metið:

Innanbygging í baðstofu 6,00.

Fjárhúskofi 22,00.

Raftar í for 5,00, saltbyrgi 4,00 = 9,00.

Heyleifar 30,00.

[Samanlagt] 65,00 [krónur].

Hinar eftirverandi 36,00 kr. borgist í innskrift á Húsavík.

Samkvæmt embættiseiði okkar,

Friðrik Jónatansson, Guðmundur Kristjánsson úttektarmenn; framanskrifaðri úttekt erum við samþykkir, Jón Guðjónsson (fráfarandi), Guðmundur Guðmundsson (viðtakandi); Árni Þorkelsson

24 Borgir

Þann 13. júní 1890 vorum við undirskrifaðir staddir á Möðruvallaklaustursjörðinni Borgum til að taka út tæða jörð og féll úttektin þannig:

- 1 Baðstofa, 10 álnir lengd, 5 1/2 alin breidd, 5 álnir hæð. Gjörist álag 50,00 kr.
- 2 Göng, 8 álnir lengd, breidd 1 1/2 alin, 3 álnir hæð. Álag 2,00 kr.
- 3 Búr, 5 álnir lengd, 5 1/2 breidd, 3 1/2 hæð undir bita og þannig 13 ferálnir rúmmeira á gólfi en við síðustu úttekt, er því tekið fyrir búið frá síðustu úttekt og hlöðukofa, 9 ferálnum að grunnmáli. Gjörist álag 24,00 kr.
- 4 Eldhús, 8 álnir lengd, 5 3/4 alin breidd, 3 1/2 alin hæð og þannig 46 álnir að grunnmáli og því 25 álum stærra en við síðustu úttekt. Er því látið gilda fyrir eldhúsið og hlöðukofa sem til samans voru 28 1/2 alin að grunnmáli. Gjörist álag 15,00 kr.
- 5 Bæjardyr. Öll stærð eins og við síðustu úttekt. Húsið vegna gæðamunar álitid ofanálagsfrítt.
- 6 Skemma, 5 2/3⁹⁷ alin lengd, 4 1/4 alin breidd, 4 1/2 alin hæð. Gjörist álag 12,00 kr.
- 7 Fjárhús, 5 álnir lengd, 5 1/2 alin breidd, 4 álnir hæð, do., 10,00 kr.

Þannig allt álag 113,00 krónur.

Til álags er metið:

Innanbygging í baðstofu 60,00 krónur.

Hlaða við fjárhús 11,00 kr., kofi upp á velli 11,00 kr. = 22,00.

Spýtur í for 3,00 kr., saltkofi 11,00 kr. og beinakofi 2,00 kr. = 16,00.

Hinar eftirstandandi 15,00 kr. greiðast í næstu kaup tíð = 15,00.

[Samtala] 115,00 kr.

Pétur Guðmundsson, Guðmundur Kristjánsson úttektarmenn; fráfarandi Guðjón Þorkelsson, viðtakandi Jón Guðjónsson.

Borgum 18. júní 1890, Árni Þorkelsson

[Uppskrift á dánarbúi Guðmundar Kristjánssonar á Básum 20. maí 1890].

25 Básar

Þann 20. maí 1891 vorum við undirskrifaðir úttektarmenn komnir að Básum í Grímsey til þess að taka út tæða jörð og féll það þannig:

- 1 Baðstofa ný, lengd 9 3/4 alin, breidd 5 1/5 alin, í 5 stafgölfum. Með 2 fjöggra rúðu gluggum og undir nýrri súð. Hæð af þilgólfi í mænin 4 1/2 alin. Álagsfrí.

⁹⁷ Það stendur raunar „3/2“ en hlýtur að eiga að vera „2/3“ eða „1/2.“

- 2 Búr nýtt og í 2 stafgólfulum, 4 álnir á lengd, 5 1/5 breidd, 5 á hæð undir súð en úr gömlu. Með fjögura rúðu glugga og kemur fyrir 3 eldri smákofa. Gjört álag 17,00 [krónur].
- 3 Eldhús nýtt, lengd 7 álnir, breidd 4 álnir, hæð 5 álnir undir mænir. Kemur fyrir 2 eldhús og gjörist því álag 14,00.
- 4 Göng, a) frá baðstofu til bæjardyra og b) frá eldhúsi til bæjardyra, til samans 3 3/4 alin, ný en vantar hurðir og járn. Gjörist því álag 10,00.
- 5 Bæjardyr, lengd 8 álnir, breidd 3 1/2 alin, hæð 3 1/2 undir lausholt, í 4 stafgólfulum. Með 5 þverbitum. Meira hús en jörðin átti og því álagsfrítt.
- 6 Skemma, lengd 5 álnir, breidd 3 álnir, hæð undir mænir 4 1/4, í 2 stafgólfulum. Fallið að viðum og veggjum. Gjörist álag 50,00.
- 7 Skemma, lengd 4 álnir, breidd 3 álnir, hæð 4 1/4, gömul og hrjáleg. Leggst ofan á 3, skemman og 3,00.⁹⁸
- 8 Fjánhús, lengd 7 1/2 alin, breidd 5 3/4. Álag 22,00.
- 9 Heyhlaða, vantar en kemur í staðinn fjárhúskofi 6 álna langur, 5 álna breiður en gamall og hrjálegur, einkum að veggjum. Álag 27,00.
- 10 Smiðja fallin, en kemur í staðinn annað hús 5 álna langt og 3 álna breitt. Álag á það viðarruslið úr smiðjunni.

Allt álag er þá 133,00 [krónur].

Til ofanálags er metið:

1. Innanbygging í baðstofu að rúmstæðum meðtölum, virt á 70,00.

2. Spýtnarusl, bæði úr húsum og laust, 54,50.

3. Bjargtrossa 15,00; 4. Kalkfat 5,00 = 20,00.

Þetta gjörir 144,50 [krónur].

Skuldar þá viðtakandi búinu 11,50 [krónur].

Þessari úttekt erum við samþykkir,

Valdimar Guðjónsson fyrir hönd fráfaranda, Jakob Jónsson viðtakandi

Ennfremur gjörðum við undirskrifaðir fyrir:

1. Vantandi túngarð samkvæmt framlögðu byggingarbréfi fráfaranda. Álag til landsjóðs 34,00.

2. Ofanálág á túngarðinn til viðtakanda 9,50.

Árni Þorkelsson, Friðrik Jónatansson úttektarmenn

[Uppskrift vegna uppboðs á Básum 2. júní 1891].

26 Sveinagarðar

Þann 15. júní árið 1892 komum við saman á Möðruvallaklaustursjörðunni Sveinagörðum til þess að taka út téða jörð. Byggingarbréf hins látna var við höndina og féll úttektin eins og hér segir:

1 Baðstofa, 6 álna löng, 5 álna breið, 5 1/2 á hæð. Undir 4 sperrum, með 2 skambbitum, með 2 gluggum, farin að fúna. Álag 24,00.

2 Göng, 9 álnir á lengd, talin á breidd 3 álnir, á hæð næst falli.⁹⁹ Álag 14,00

3 Búr, 3 álnir á hvern veg og næst falli. Álag 14,00.

4 Eldhús, 4 1/2 alin á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Slæmt að veggjum en meira en helmingi stærra en það átti að vera. Álag 10,00.

5 Bæjardyr, 5 álnir á lengd, 3 á hæð, í 2 stafgólfulum. Viðir slæmir. Álag 10,00.

6 Skemma, 5 álnir á lengd, 3 á breidd, hallast. Álag 24,00.

Allt álag 96,00 [krónur].

⁹⁸ Stendur svo.

⁹⁹ Stendur svo.

Til ofanálags er metið:

- 1 Innanbygging í baðstofu á 5,00.
- 2 Fjórhuskofi 20,00 og söltunarbyrgi 4,50 = 24,50.
- 3 Raftar í for, 3,00; klukka 5,00 = 8,00.
- 4 Ýmislegt rusl 26,00.
- 5 2 ær og 1 gemlingur 32,50.

[Hér hafa tvö blöð límst saman. Það vantar því niðurlagið á þessa úttekt, hugsanlega einhverja aðra úttekt í heild eða þá meginhluta úttektar sem lýkur efst á næstu blaðsíðu á eftir með undirritun nafna. Forverðir á Þjóðskjalasafni telja mjög hæpið að unnt sé að ná þessum blöðum sundur].

Þessari úttekt er ég samþykkur, viðtakandi Eiríkur Jónsson; Friðrik Jónatansson, Sæmundur Jónatansson úttektarmenn; Árni Þorkelsson

27 Sveinagarðar og Syðri-Grenivík

Þann 1. maí 1894 vorum við Friðrik Jónatansson úttektarmenn¹⁰⁰ komnir saman á landsjóðsjörðunum Sveinagörðum og Syðri-Grenivík til þess að framkvæma hina lögskipuðu skoðunargjörð er til er tekin í lögum um úttektir. En með því að Sveinagarðar voru teknir út árið 1892 og síðan aðeins 2 ár álitum við rétt að láta þá úttekt gilda, en ákveða hæfilega leiguliðabót 10,00 kr. hvort árið. En með því að ábúandi hafði byggt eldhús að nýju minnkaði ofanálagið þar um 10,00 kr. og varð þá allt ofanálagið 106,00 kr.

Með því að hús voru öll hin sömu og við síðustu úttekt, samt ekkert fleira við þau að athuga.

Til ofanálags komu hús þau er til þess voru metin í næstu úttekt, nefnilega fjórhus og söltunarkofi á 22,00 kr., 10 borð á 1,15 hvert og ofanálag í rúmstæðum og þiljufjöllum 5,00 kr. Voru þá ógreiddar af ofanáluginu 67 kr. og 50 aurar.

Í Syðri-Grenivík féll úttektin þannig: Fyrst var aðgætt hver mörg og hve stór hús jörðunni áttu að fylgja samkvæmt eldri úttektum, voru þau þessi:

- 1 Baðstofa fyrir skömmu byggð en þó ekki sem best og því álag 20,00 kr. Baðstofan er lík að stærð og stafgólfin því er á að vera.
- 2 Búr nýlega byggt en minna en átti að vera. Þess vegna álag 8,00 kr.
- 3 Eldhús í allgóðu standi, nýlega byggt. Ofanálag 2,00 kr.
- 4 Göng, 12 álnir á lengd. Léleg að viðum. Álag 4,00 kr.
- 5 Bæjardyr eins og við síðustu úttekt. Raftar feysknir. Álag 5,00 kr.
- 6 Skemma af sömu stærð og nr. 8 í síðustu úttekt, er flutt og er í góðu standi. Álag 2,00 kr.
- 7 Önnur skemma, nr. 9 í næstu úttekt. Upprefti fúíð og því álag 10,00 kr.
- 8 Fjórhus. Raftviður slæmur en stærðin eins og í síðustu úttekt. Álag 12,00 kr.
- 9 Fjórhuskofi, nr. 12 í eldri úttekt. Í góðu standi. Álagsfrí.
- 10 Sjóbúð, nr. 13 í eldri úttekt. Álag 4,00 kr.
- 11 Hlaða nr. 11 í eldri úttekt. Illa reft. Álag 8,00 kr.
- 12 Kofi, nr. 4 og 5 í eldri úttekt. Fallinn. Álag 30,00 kr.

Ofanálagið greitt með:

1. Innanbyggingu í baðstofu 15,00 kr.
2. Spýtum 10,00 kr.
3. Húsum og fl. 20,50.
4. Eftir af Sveinagarða álagi 67,50 kr.

Við úttektina var haft tillit til næstu úttektar á undan, dagsett 27. júní 1887, sjá hana hér í bókinni.

Á byggingarbréf og jarðabótaskyldu téðra manna var litið og kom þá fram að þeir Eiríkur og Ingvar höfðu fullnægt byggingarskilmálum í því efni. Þar á móti vantaði alla jarðabót ekkjunnar

¹⁰⁰ Stendur svo.

megin: Að slétta 15 ferfaðma á ári eða 105 ferfaðma fyrir 7 árin. Var álitid að til þess mundi þurfa 20,00 kr. og tók viðtakandi að sér að vinna jarðabótina fyrir það verð fyrir næstu fardaga.

Að þetta sé rétt bókað vottum við undirskrifaðir,

Friðrik Jónatansson, Árni Þorkelsson

Framanskriðuðum úttektum erum við samþykkir og því til staðfestu eru okkar undirrituð nöfn,

Ingvar Guðmundsson, Eiríkur Jónsson

[Hér næst kemur uppskrift vegna dánarbús Kristmundar Guðmundssonar á Aratóftum 1894 og síðan á Eiðum 30. júní vegna dánarbús Sigurðar Guðmundssonar].

28 Neðri-Sandvík

Árið 1905, fimmtudaginn 13. dag júlímánaðar, var hreppstjórinn í Grímseyjarhreppi, Björn bóndi Guðmundsson á Básam, staddur í Neðri-Sandvík ásamt úttektarmanni Sæmundi Jónatanssyni á Sveinsstöðum til þess að taka út téða jörð, sem nú er orðin eign hlutafélagsins Örum og Wulff í Kaupmannahöfn. Fyrir hönd fyrrverandi eiganda jarðarinnar, ekkjunnar Kristjönu Guðmundsdóttur, er mættur sonur hennar, Þorkell Árnason, sem afhent hefur jörðina að 3/4 hlutum, en býr þetta ár á 1/4 parti, ennfremur viðstaddur Frímánn Benediktsson af Húsavík er gjörðist ábúandi að 3/4 jarðarinnar í vor. Fyrir hönd Örum og Wulffs er verslunarmaður Bjarni Benediktsson á Húsavík. Ennfremur er sr. Matthías Eggertsson í Miðgörðum viðstaddur úttektina. Síðasta úttekt, sem fram hefur farið á jörðinni, er dagsett 12/6 1867 en með því að hús eru nú allt önnur en þá var verður ekkert byggt á þeirri úttekt. Kaupandi og seljandi hafa komið sér saman um að kaupverðið, 1700,00 kr., greiðist fyrir jörðina eins og hún er þegar hún er afhent án þess að fráfaranda sé gert að borga álag. Það álag sem nú verður gert er til þess að höfð sé hliðsjón af því við síðari úttektir.

Fór svo úttektin fram [sem] fylgir:

- 1 Baðstofan, 12 álnir á lengd, 5 1/2 alin á breidd, hæð upp í mæni 6 álnir. Með 6 sperrum, 12 stoðum, 4 bitum, alþiljuð í hólf og gólf. Afþiljað hús er vestri endi hennar með lofti í. Hurð á járnum skrálæstri. 2 gluggum niðri undir og 1 sex rúðu gluggi uppi. Hurð á járn er fyrir aðalbaðstofunni, með klinku. 4 föst rúmstaði eru í baðstofunni. Í baðstofunni eru brotnar átta rúður. Viðir virðast vera allgóðir. Veggir lítt stæðilegir. Þak lélegt. Baðstofan er á að giska 15 ára gömul. Fyrir fyrning gerist álag kr. 60,00.
- 2 Göng frá eldhúsi til bæjardyra 3 1/4 alin á lengd, 3 álnir á hæð, 3 álnir á breidd.
- 3 Göng frá baðstofu, í eldhúsgöngum 3 1/4 alin á lengd, 3 álnir á hæð, 1 3/4 alin á breidd. Fyrir fyrningu á göngunum gerist [álag] kr. 10,00.
- 4 Eldhús, 6 álnir á lengd, 4 álnir á breidd. Undir 2 mæniásam, 2 bitar, árefti gott. Álag kr. 4,00.
- 5 Búr, 5 1/2 alin á lengd, 4 1/2 alin á breidd, hæð undir bita 2 3/4 alin. 3 sperrur. Búrið er nýtt, vel súðað, gólf lélegt, suðurhliðin þiljuð. Álag kr. 5,00.
- 6 Forarhús austur úr eldhúsinu, 5 1/2 alin á lengd, 2 álnir á breidd, 2 álnir á hæð. 2 bitar, árefti gott. Álag kr. 2,00.
- 7 Bæjardyr, 5 1/2 alin á lengd, 3 1/4 alin á hæð, 2 1/2 alin á breidd. Skellihurð að göngum, 2 hurðir á járnum. 1 tveggja rúðna gluggi. Stigi upp á loftið, 1 alin undir porti. Loftið 3 álnir á lengd, 2 1/2 alin á breidd. 2 sperrur. Álag kr. 6,00.
- 8 Fjós norður úr eldhúsinu, 5 álnir á lengd, 2 1/4 alin á breidd, hæð 4 1/2 alin upp í mæni. Mænirás, 1 stoð, reft á. Álag kr. 2,00.
- 9 Stofuhús vestur úr bæjardyrum, 5 1/2 alin á lengd, 4 1/2 alin á breidd, hæð 3 álnir. Nýjar þiljur á 3 vegi og gólf. 2 hurðum skrálæstum. 1 sex rúðna gluggi. 4 bitar, 8 stoðir. Vestur úr stofunni bakhús, lengd 3 1/4 alin, breidd 5 1/2 alin, hæð 3 1/4 alin. 2 bitar, 4 stoðir. 1 sex rúðna gluggi. Loft uppi yfir og stigi. 1/2 álnar porthæð, þiljað að neðan, 1 fjöggra rúða gl[uggi]. Uppi yfir

stofuhúsinu er kvistur, 4 1/2 x 5 1/2 x 3 1/2. 1 sex rúðna gluggi. Þiljað á alla vegu. Álag á stofuhúsið með bakhúsi og porti kr. 25,00.

10 Smiðja fyrir vestan bæinn, 6 álnir á lengd, 4 álnir á breidd, 3 3/4 álnir undir bita. 4 sperrur, 8 stoðir, 3 bitar. Þil að framan, 1 hurð á járnum. Árefti lélegt. Álag kr. 2,00.

11 Fjánhús austur á velli fyrir 16 kindur, garðinn 3 3/4 alin á lengd, hæð undir lausholt 2 1/2 alin, hæð upp í mæni 3 1/2 alin. Húsið sjálft og árefti lélegt. Hlaða er áföst við húsið, 4 1/2 alin á lengd, 3 álnir á breidd, 4 álnir á hæð undir mænirás. 1 stoð, árefti lélegt. Veggur að austan kominn að falli. Álag kr. 14,00.

12 2 fjánhús og hlaða út á velli. Austurhúsið fyrir 24 kindur fullorðnar, garðinn 6 1/2 alin, hæð á vegg 2 álnir, hæð undir mæniása (tvo) 3 álnir. 6 stoðir, viðir allgóðir. Einn veggur kominn¹⁰¹ að falli. Vesturhúsið (jötukofi), jatan 7 álnir, breidd hússins 3 álnir, hæð 3 álnir. 1 mænirás og 1 stoð. Kofinn lélegur. Hlaðan reft á vegg, 1 mænirás, 1 stoð. Húsið nýlegt. Ofanálag kr. 24,00.

13 Saltfiskbyrgi 3 fylgja jörðinni, 2 sunnan við salthúsið, 1 út og niður í hrauni.¹⁰²
Seljandinn, Kristjana Guðmundsdóttir, biður þess getið í úttektinni, að hún krefst þess að réttur sá Efri-Sandvík hefur haft til reka í Gjögnum (helmingur reka) standi óhaggaður eftirleiðis.
Framanskrifað staðfestist með samþykkingandi undirskriftum hlutaðeigandi,
Björn Guðmundsson, Sæmundur Jónatansson (handsalaði) úttektarmenn; fyrir hönd hlutafélagsins Örum og Wulff Bjarni Benediktsson; fyrir hönd Kristjönu Guðjohnsen Matthías Eggertsson; Þorkell Árnason

[Í lok bókarinnar eru fimm gjörningar: 21. júní 1906 er uppboð á Miðgörðum á ýmis konar smádóti. 3. maí 1907 er uppboð á kindum úr búi Sigurbjarnar Guðjónssonar. 6. maí 1907 er uppboð á munum úr búi Halldórs Þorsteins Guðmundssonar og Sigurbjarnar Guðjónssonar. 12. júlí 1907 er uppboð á munum Margrétar Aradóttur og Sigurbjargar Bjarnadóttur. Loks er uppboð á dánarbúi Einars Jónssona sem lést 10. júlí 1907].

Syðri-Grenivík 1917

Árið¹⁰³ 1917, þriðjudaginn 12. dag júnímánaðar, vorum við undirritaðir úttektarmenn staddir í Syðri-Grenivík í Grímsey ásamt St. E. Geirdal Efri-Sandvík, er mætti fyrir fráfaranda, og Sigmundur Hjálmarsson Básur fyrir hönd viðtakanda. Hin lögskipaða úttekt fór fram er hér fer á eftir:

- Virðing á húsum:
- 1 Baðstofa sama og áður, álag 138,00 kr.
 - 2 Búr, álag 39, 50 kr.
 - 3 Eldhús, álag 27,00 kr.
 - 4 Skemma sunnan við bæjardyr, álag 26,00 kr.
 - 5 Göng, álag 2,00 kr.
 - 6 Bæjardyr, álag 22,00 kr.
 - 7 Fjánhús, 6+8 álnir, álag 24,00 kr.
 - 8 Fjánhús, 21 feralin, álag 8,00 kr.
 - 9 Hlaða, 7 + 2 1/2 alin, álag 26,00 kr.
 - 10 Saltbyrgi, álag 0,50 kr.
- Alls álag 313,00 kr.
- Upp í þetta álag er til á jörðinni:

¹⁰¹ Óljóst.

¹⁰² Verður helst lesið svo.

¹⁰³ Þessi úttekt liggur með nokkrum öðrum skjölum frá Grímsey, merkt: HskjAk. H-1/30, þar sem eru byggingarbréf og lýsingar á jörðum á eyinni frá 1877-1921 og fylgja nokkur skjöl úr því skjalanúmeri hér á eftir. Þetta skjal á betur heima með úttektargjörðunum úr úttektarbókinni.

- 1 Hurð fyrir skemmu, 4,00; trjáviður, 7,40 = 11,40 kr.
- 2 Girðing í kringum tún, 43,50 kr.
- 3 Innanþiljur í búi og bekkur, 4,50 kr.
- 4 Gólf í skemmu, 8,00 kr.
- 5 Bjarghjól, 3,00 kr.
- 6 Dyrumbúningur í göngum, 2,00 kr.

[Samanlagt] 72,40 kr.

Eftirstöðvar af álagi 240,60 kr.

Jarðabætur engar unnar árið 1916 og túnið sama og áburðarlaust og áburður alls enginn til á jörðinni.

Hér með er úttektinni lokið.

Úttektarmenn Helgi Ólafsson (trésmiður), Frímann Benediktsson; fyrir hönd fráfaranda St. E. Geirdal; viðtakandi Hallgrímur S. Jóhannesson

Úttektir kirkju og staðarhúsa í Grímsey¹⁰⁴

[Miðgarðar 1757]

Anno 1757, þann 8. júní, var prófasturinn sr. Hallgrímur Eldjárnsson nálægur í Grímsey, að úttaka kirkjuna sama staðar, að fráföllum sr. Þorláki Þórðarsyni, en viðtakandi sr. Eyjólfur Bjarnasyni, eftir honum útgefnu collationsbréfi af amtmanninum, Magnúsi Gíslasyni, af dato 29. desember 1756, og var hennar sérhvört ásigkomulag sem eftir fylgir.

Kirkjan sjálf 3 stafgólf, með 3 bitum undir sperrum, með syllum og áfellum, tvennum langböndum karlmannamegin, gegnfúin reisisfjöl þar yfir í 2 innri stafgólfulum en í fremsta stafgólfi tekin að fúna, en þó nokkuð varanleg. Hinu megin súðfjöl nýleg í fremsta stafgólfi, þó að ofanverðu niður hlaupin og þarf aðgjörðar. Í hinum 2 innri stafgólfunum er súðfjölín fúaleg og í miðstafgólfinu helst vatnsrunnin. Gömul mænitróða tekin að fúna. Standþil beggja vegna nýtilegt með tvísettum syllum að neðan, tekur standþilið báðu megin að hallast, þó helst að norðanverðu. Stafirnir eru að neðanverðu inn gengnir og teknir að fúna. 4 stólar með brikum og bakslám, 12 þverbekkir þar að framan með stökkum, öllu þessu illa og ólaglega fyrir komið. Lítils háttar fúaslitur í framkirkjugólfi milli stóla og kvennamegin. Gisið gamalt standþil og bjórþil framan undir kirkjunni með skambbitum og aurstokk að neðan. Hurð á 2 lömum, annarri brotinni, koparhringur skrapir í hurðinni, brotinn lykill, fánýt skrá, lasnar og lausar dróttir.

¹⁰⁴ Úttektir bæjarhúsa og kirkju í Grímsey eru í þremur heimildaflokkum í Þjóðskjalasafni: 1. Skjalasafn prófaste. Eyjafjarðarprófastsdæmi AB/1. Úttektir staða og kirkna 1746-1881. 2. Skjalasafn prófaste. Eyjafjarðarprófastsdæmi AA/2. Vísitásiubækur 1751-1862 og 3. Kirknasafn. Miðgarðar í Grímsey AA3. Kirkjustóll 1757-1839 og AA/4. Kirkjustóll 1839-1937. Samband þessara þriggja heimildaflokka er ekki alveg einfalt. Eðlilegast er að telja það sem skráð er í vísitásiubók prófaste sem fyrstu (upprunalegustu) heimildina og það sem er skrifað í kirkjustólinn sem afrit af því og væri þá afleidd heimild. En svo virðist sem sumar úttektirnar í AB/1 séu fyrsta heimild, þ.e. skráðar á staðnum en afrit (eða hreinrit) rituð í kirkjustólinn og stundum líka vísitásiubók prófaste. Hins vegar, einkum þegar á líður, er tekið fram að sumar úttektir í AB/1 eru afrit af úttektum í kirkjustól. Ekki hefur að þessu sinni verið reynt að greina hvernig þessu sambengi er háttáð.

Úttektalýsingarnar í AB/1 eru lagðar til grundvallar en höfð hliðsjón af hinum heimildunum þar sem eru eyður eða torskiln orð. Þegar eru eyður í AB/1 var ýmist farið eftir þeirri gerð sem er í skjalasafni prófaste eða kirkjustólnum en raunar vantar eitthvað í alla þessa heimildaflokka, mest í vísitásiubók prófaste enda langt fyrir hann að fara út í Grímsey. Ekki var gerður fullkominn samanburður milli þessara mismunandi skjalaflokka enda eru allar þessar heimildir ávallt samhljóða efnislega þótt stöku sinnum sé smávægilegur orðamunur. Ef lesendum sýnist eitthvað vafasamt er hægt vandi að kanna frumheimildirnar.

Þess skal getið sérstaklega að ritháttur á efni í dúkum og höklum og öðru slíku, efni sem oft er af erlendum uppruna, er með ýmsu móti og ekki samræmt hér (t.d. „flanel, flauel, flanjel“ o.s.frv.).

Rétt er að taka fram að í kirkjustólnum eru reikningar kirkjunnar og þar kemur stundum fram ýmislegt forvitnilegt um viðhald húsanna, einkum verðlag á efni sem keypt er til viðgerða eða endurbóta. Ekkert af því er skrifað upp hér.

Kórinn er eitt stafgólf með 2 bitum og skambita, 2 sperrum og höggsperrum einum. Báðum megin gömul súðfjöl en sumstaðar að vatnsrenna. Aursyllur og standþil beggja vegna, lasnar og fúnar að norðanverðu, aursyllan af fúa inn hlaupin og standþilið burt dottið sumpart. Þeim megin endastafur kórsins burt dottinn og grautfúinn, einninn sama megin stafurinn milli kórs og kirkju, líka syllan þar yfir og sperrutáin vatnsrunnið og fúid. Þjórþil milli kórs og kirkju stæðilegt. Standþil milli kórs og kirkju norðan fram gamallet. Þverslá þar yfir og 4 skornir lítillfjörlegir þilárar. Hinu megin þverfjöl og smáspýtur undir standandi. Þar fyrir ofan skrúðaskápur í þil stað. Stafur undir bita við prédikunarstól. Fjalagólfsslitur í kórnum lítillfjörlegt.

Vindskífur framan að kirkju og að korbaki. Spóntjald gallað báðum megin í kórnum sem fyrri uppskriftir um geta. Dróttir milli kórs og kirkju og dyrastafir beggja vegna.

Öll bygging kirkjunnar hláleg og ósæmilega útlítandi einu guðshúsi. Hefur langalengi engin reparation við kirkjunnar bygging fram farið þar inntektir hennar eru mjög litlar sem síðar segir. Hefur því prófasturinn í ráði þessarar svo fátæklegu kirkju stóru bresti og nauðsyn, að bera fyrir háyfirvöldum og hennar patroner, hvar um hún mundi kunna að uppbyggjast svo Guðs orð mætti hneykslilaust þar í kennast, sóknarfólksins ásigkomulag svo fátæklegt, þar fyrir utan 2 menn er enginn í skiptitíund, að það sýnist ei kunna til kirkjunnar að leggja nema hvað það kynni að hennar uppbygging að þéna ef nokkur efni til fengist.

Ornamenta og instrumenta eru þessi:

Eitt rykkilín gamalt, þó sæmilegt. Fyrir það annað sem frá er gengið tilleggst nýtt rykkilín, í hvört gengið hafa 12 fiskar af lérefiti á 12 fiska. Hökull af rauðþrykktu lérefiti fóðraður, með krossi af tvíofnu töji rauðleitu. Annar af rauðþrykktu lérefiti og bláleitum krossi af sama, gagnfúid fóður undir, því án aðgæslu og umhugsunar er hætt við vegna eyjarinnar raka, að fljótlega skemmist þess háttar. Altarisklæði af rauðþrykktu kattúni með viðfestum altarisduk fánýtum nema til fóðurs undir klæðið, hvar við bætist nokkuð af því fúna rykkilíni, af hvörju skal takast í altarisduk sem prófasturinn tilsegir sr. Eyjólfu að láta það fyrsta ske. Annað altarisklæði af rauðþrykktu lérefiti slitid, þó nokk brúkanlegt, fylgir slitinn altarisdukur af rauðdröfnóttu lérefiti, lítt brúkandi. Kaleikur af silfri með patínu gylltri, af sama. Gamall korpóralsdúk af silki með vírkrossi. Baksturstokkur með dragloki tilhlýðilegu. Afgamalt skírnarfat af messing, brytt með eiri brostnu. 2 messings kertapípur, önnur heil, hin brostin á stéttinni og brotin um skrúfurnar, þriðja áður skrifuð forskrúfuð en nú með tré leiðrétt. Lítilsháttar ljósberi loklaus. Yfir kórðrym stykki af segglérefiti, gamalt og hrjáð, með álímdum rósarfarva. Klukka rifin og kólflaus sem í land þyrfti flytjast, framsenda og umsteypast. Önnur minni og rifin, hljóðlaus með kólfi. Þriðja lítill bjalla. Allar þessar á rambhöldum. Járnkarl lítillfjörlegur og óbrúkandi án aðgjörðar. Lítil reka varlaus. Rífrildi fúid af forordningum nokkrum fylgir kirkjunni.

Veggir kirkjunnar lasnir og hrörlegir. Þakið gamalt. Garður stæðilegur. Bækur fylgja öngvar kirkjunni nema Biblíukjarninn. Grallara xv. edit. tilleggur ekkjan, mad. Þórhildur, kirkjunni ásamt því áður skrifaða nýja rykkilíni.

Reikningur kirkjunnar í þau 2 1/2 ár sem sál. sr. Þorlákur henni þjónaði og allt til fardaga 1757 er sem næst verður komist slíkur:

f. ¹⁰⁵	Fasteignartíundir öngvar þar allar jarðir í sókninni eru klaustranna	0
	Lausafjártíundir	18 f.
	Ljóstollar eftir sem næst komist verður	
	í þau 3 ár hafa verið talsins hér um 20	1 # 40 f.
	Legkaup sem menn víst vita að kirkjunni eru goldin	36 f.
	Summa	1 # 94 f.

¹⁰⁵ Þessi skammstöfum mun væntanlega merka „fiska“ og væntanlega talið í stórum hundruðum (þ.e. 120). Heildartekjur kirkjunnar þetta tímabil, 1 # og 94 fiskar, jafngildir þá 120 + 94 = 214 fiskum. Algengara var þó að reikna í álnum en í alin voru 2 fiskar. Tekjurnar hefðu þá í álnareikningi talist 114 álnir.

Hér upp í færast kirkjunni til reiknings:	
Fyrir 6 potta víns og bakstur í 3 ár	34 f.
Til lýsingar kirkjunni og prestinum 15 ljóstollar	60 f.
Legkaup	18 f.
Grallara áður innfærðan	30 f.
Rykkilínið tilbúið	1 # 40 f.
Summa	2 # 62 f.

Hefur svo ekkjan til góða hjá kirkjunni upp á þennan reikning 80, hverju hún við kirkjuna vill ei reikna vegna hennar fátæklega ásigkomulags. Víðara af ekkjunni að heimta til uppbótar kirkjunni, þar hún á hana ekkert álag fékk, sleppir prófasturinn að þessu sinni.

Glergluggi margbrostinn er yfir settur altarinu sem er ófóðrað til hliðanna. Lítilfjörlegur prédikunarstóll, gráða fyrir altari og knéfull, langbekkir beggja vegna í kórnum, ófóðraðir að mestu, þrír bekkir við kórdir beggja vegna, þversæti annars vegar við altari hinu megin. Skriftarsæti með brikum til beggja hliða. Skrúðaskápur með 2 hólfulum og hurð fyrir á hjörum.

Framan og ofan skrifuðu til staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn, anno, die et loco ut supra, Hallgrímur Eldjárnsson, Eyjólfur Bjarnason, Antoníus Jónsson, Jón Ormsson

Anno 1757, þann 8. júní, var Miðgarðastaður í Grímsey og afhentur prestinum, sr. Eyjólfu Bjarnasyni, af prófastinum sr. Hallgrími Eldjárnssyni meðfylgjandi kúgildum sem hér segir:

1 Baðstofa í 3 stafgólfulum, með 3 bitum, 3 sperrum, syllum og áfellum, langböndum og beggja vegna, upprefti af greni. Dyrastafir og hurð á járnum. Aursylla í 2 stafgólfulum með lítilvægu standþili öðru megin og smáfjöllum öðru megin.

Önstofa inn af baðstofu, 1 stafgólf, með 2 bitum, 2 dvergum, heilli mænirtróðu, syllur til beggja hliða. Uppreftið af greni.

Hús upp af baðstofu, 1 stafgólf, með 2 bitum, 2 sperrum, bjórþilkorni til beggja enda og gisnu standþili gagnlitlu, einnin úr föllum 3 fjöllum. 2 langbönd og mænirtróða. Reisifjala upprefti af greni. Dyrastafir með hurð á járnum. Bekkjarkorn fylgir húsinu og baðstofunni 2 pallstokkar og 5 pallfjalir. Álag sýnist ei meira kunna gjörast en 1#. Veggir gamlir, þó nokkuð stæðilegir.

2 Eldhús, með 4 bitum, 5 stöfum, 2 hliðásum undir 6 dvergum. Reft á veggglægjur. Endabiti hússins farinn hallast til norðausturs. Húsið sámilega standandi, veggir varanlegir.

3 Búr, með 1 bita, auknum ás, tvöföldum dverg. Upprefti af greni og ólíðlegum veggglægjum. Hurð á járnum með hespu og keng. Veggir í meðallagi. Uppreftið víða fúíð og í sumum stöðum brotið. Álag 20 álnir.

4 Hús suður af bænum, með auknum ás, 1 stoð. Upprefti sámilegt. Veggir stæðilegir. Dyrastafir með krókum og lausri hurð fyrir.

5 Hús annað suður af bænum, áður skrifað eldhús en nú brúkað fyrir hlöðu, með 3 bitum, tvennum sperrum, einar burt brotnar, 5 stöfum, sjötta ónýtum undir, með bita, langböndum og mænirtróðu. Uppreftið sumpart fúna tekið. Væn sylla annars vegar, hinu megin ónýtt af fúa. Framan undir húsinu standþil með lösnum aurstokk og miðslá, gisið og lasið. Bjór burt fallinn en dvergar undir sperrum settir, líka stakkdvergar á hinn endabitann. Dyrastafir með hurð á járnum mjög lasinni. Veggir gamlir. Álag 16 álnir. Þetta hús áður kallað skáli.

6 Stofa þar á móts við, 2 stafgólful, með 6 stöfum, 3 bitum, þrennum sperrum, syllum og áfellum, mænirtróða aukin. Uppreftið beggja vegna grautfúíð og fánýtt. Standþil annars vegar, hinu megin í öðru stafgólfinu en í öðru burt komið. Rúm með stöfum, stokk, skör og brikum, 3 þverslám og mörum. Hinu megin stafur undir bita sem afmarkar annað rúmstæði með rúmgafli, þverbekk og langfjöl. Til beggja enda standþil og bjórþil. Dyrastafir með hurð á lómum, skrá og lykli. Veggir nýtilegir. Álag 50 álnir.

7 Göng frá baðstofu til bæjardyra með 7 bitum, 5 dvergum, 8 stöfum, langböndum milli stofu og húss þar á móts við. Uppreftið tilhlýðilegt. Hurð fyrir bænum á járnum með klinku. Skellihurð

fyrir framan baðstofudyr. Standfjöl sérhvörju megin dyrastafa, bjór þar fyrir ofan. Veggir stæðilegir nema skot fyrir framan eldhúsdyr. Álag 2 álnir.

8 Skemma fyrir sunnan bæinn, með 5 bitum, þrennum sperrum, 6 stöfum, syllum beggja vegna, langband á aðra hlið og hinu megin í öðru stafgólfi. Aukin mænitróða, uppreftið af greni. Veggir gamlir. Bjórþil og standþil, hurð á jarnum með hespu og keng.

9 Höfðahús kallað, með 3 bitum, 6 stöfum, einlægum syllum, einlægum ás, ofan á syllur þaðan reft með vænu upprefti. Húsið til víða stæðilegt. Hurð á jarnum með hespu og skrá. Veggir sæmilegir.

10 Fjánhús út á velli, tekur 16 kindur, með 8 stoðum, 2 ásum, öðrum nær einlægum, hinum auknum á fremstu stoð, nýju greni upprefti. Dyratré og stafur, hurð jarnalaus. Veggir á aðra hlið af fallnir, hins vegar stæðilegir. Álag 6 álnir.

Þau 3 kúgildi sem þessu beneficio eiga að fylgja afgreiðast þannig: 9 ær með lömbum í ullu og gjaldi, 3 ær lamblausar sem bætast með 15 fiskum. 1 kýr, 5 vetra, kálflaus, stendur til sæmilegrar nytjar, uppþætt með 20 álnir.

Er svo allt álag staðarins húsa og kúgildanna 2 #, 1 1/2 alin, hvar upp í prestinum sr. Eyjólfí afgreiðist þetta eftirfylgjandi: Gömul peysa hnappalaus 4 álnir, nærbuxur 5 álnir, sokkar og vettlingar 2 álnir, hamar og töng 7 álnir, 2 hnífar, 2 nafrar og þjalarstúfur 2 álnir, 3 spíkur og orf 4 álnir, langsög og handsög 11 álnir, skriffæri 3 álnir, páll 2 álnir, kerald tekur 2 1/4 t[unnu], 35 álnir, annað tekur 14 t[unnur], 15 álnir; 3 tunnur 21 alin, rúm í húsinu með bríkum, stokk og bekkjum 7 álnir, af ólarvaðnum til 10 álana; pottflaska 2 álnir, 3 askar 6 álnir, skál 3 álnir, 3 lýsiskerhöld 5 álnir, 2 trog 4 álnir, skinndýna 7 1/2 alin, Biblíá 50 álnir, blákembd peysa 25 álnir, 3 fjórðungar fiska 7 1/2 alin, 2 lás[ar] 3 álnir. Summa 2 #, 10 álnir.

Áminnti prófasturinn prestinn að hann eftir lögunum af fremsta afli ástunda vildi staðnum og kúgildunum við að halda forsvaranlega hefð og háttalag, og með milliferðum láta sig vita hvörnir á slíku standi fyrir honum.

Framan og ofan skrifuðu til frekari staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn, anno, die et loco ut supra,

Hallgrímur Eldjárnsson, Eyjólfur Bjarnason, Antoníus Jónsson, Jón Ormsson
Vide infra pagin 15.¹⁰⁶

[Miðgarðar 1773]

Anno¹⁰⁷ 1773, þann 10. júní, að Miðgördum í Grímsey var ég undirskrifaður beðinn af velæruverðugum prófastinum, sr. Erlendi Jónssyni að Hrafnagili, að uppskrifa með tveimur dánumönnum hér nýsmíðaða kirkju, sem eftir fylgir:

Á lengd hálf þrettánda alin, á breidd 5 og hálf. Með 10 stöplum, 5 bitum og sperrum yfir og einum höggsperrum í kórnum. Einlægum syllum með áfellum á hvora hlið, með tveimur langböndum á syðri hliðinni, með reisifjöl yfir að kór að norðanverðu. Súðþil á kirkjunni og báðum megin á kórnum og mænitróðu að kór. Slagþil framan og aftan undir með rásum. Bjórþil yfir kórsdyrum. Standþil að norðanverðu á milli kórs og kirkju, vel vítt til miðs, 2 dyrustöfum og einum staf við prédikunarstól og litlu þili. Altari þiljað á þrjá vega og gráður. Bekkir allt í kring í kórnum — fóðraðir — og þili, gólfi með aursyllu og 4 bríkum við bekkjaendana. 2 stólar karlmannamegin, með bakslám, 5 þverbekkir með bríkum, 4 stólar kvenmannamegin með bakslám og 3 þverbekkjum, þili, gólfi með 2 langstokkum undir stólum. Aurstokkar framan- og aftanverðir, 2

¹⁰⁶ Ritað á spássíu í kirkjustólum.

¹⁰⁷ Er á stöku blaði sem fylgir úttektinni frá 1783 (Eyjafjarðarprófastsdæmi AB/1).

dyrastafir með hurð og lömum og lítilfjörlegri skrá og prédikunarstól, sem presturinn gefur¹⁰⁸ kirkjunni.

Glergluggi yfir altari með 9 rúðum. Annar yfir prédikunarstól með einni rúðu.

Skrúðaskápur með 4 hólfum.

3 ljósapípur úr messing.

Skírnarfat. Þetta allt gamalt og lasið.

Altarisklæði annað, rauðþrykkt en annað rautt, bæði gatslin.

Rykkilín gamalt en þó brúkanlegt.

Hökull brúkanlegur, rauðþrykktur.

Önnur messuklæði, rykkilín nýtt. Hökull rauðþrykktur með blámerktum kross.

Kaleikur með patínu.

Bækur sem kirkjan á: 1. Steinsbiblía lasin, í bandi með skrifpappír. 2. Biblíukjarni. 3. Graduale. 4 Rambæk.

Ein klukka stór, rifin. Önnur minni og svo rifin. Þriðja klukka heil.

Kirkja af vænum viðum vel gjörð, með nýjum veggjum.

Eiríkur Bjarnason, Oddur Gottskálksson, Halldór Halldórsson, Árni Brandsson

Miðgarða kirkju og beneficii uppskrift 1777

Anno 1777, þann 10. júní, var Miðgarða kirkja og beneficium úttekin, þá æruverðigur kennimann sr. Eyjólfur Bjarnason við skildi, af prestinum sr. Jóni Jónssyni eftir honum gefinni fullmakt af velæruverðigum prófastinum í Vöðlusýslu, sr. Erlendi Jónssyni, með kirkjunni tilheyrandi kúgildum sem eftir fylgir:

Framkirkjan með 3 bitum, 6 stöfum, syllum og áfellum beggja vegna, þrennum sperrum yfir bitum. Með standþili umhverfis ofan að skammsyllum niður að sætum. Með súðþili á norðari hlið en reisifjöl á syðri í rjáfri og 2 langböndum, öðru einaknu á syðri hlið en hinu einlægu og einlægri mænitróðu. Kirkjan að framanverðu er með slagþili utan yfir fremsta bita og rámuð upp og ofan, með vindskífum. Bjórþil er og yfir fremri kórbita sem aðskilur kór og kirkju. Kórinn er eitt fullkomið stafgölf undir sama formi og kirkjan, með súðþili beggja vegna í rjáfri og einum höggsperrum. Sömu syllur eru undir kór sem kirkju, með áfellum. Standþil umhverfis til hliða frá syllum til skammsyllna ofan að sætum. Milli kórs og kirkju er að norðanverðu þiljað frá miðsyllu fyrir neðan bita ofan í aursyllu. Milli kórstafs og kórdrastafs að sunnanverðu, milli prédikunarstóls og kórdrastafs er milli aursyllu og miðsyllu þiljað með fjöllum. Kórdrastafir 2 með einni drótt yfir dyrum og hornstykki. Bjórþil kórsins á baka til er slegið langsetis upp og niður, eins sem að framanverðu með rámu.

Fjögra rúða gluggi er yfir bita á kór en 2 af þeim eru brotnar, með 2 þverslám yfir og undir glugganum negldar að innanverðu á bjórinn allt út að sperrum. Fyrir neðan endakórbita er og annar gluggi með 9 rúðum smáum, 2 af þeim brostnum. Aurstokkur er að neðanverðu bakatil við kórinn. Í framkirkjunni eru 4 bekkjarsæti, bríkarlaus, með krókbekk karlmannamegin og 3 með brikakornum og einu við kórstaf að framanverðu, föstu með brík undir prédikunarstól og 2 af þeim innstu eru með bakslám. Fjögur bríkarsæti með bakslám eru kvennamegin og 1 við kórdrastaf föstu, með brík. Einnin 3 bekkjarsæti með krókbekk án bríka. Einlægur stokkur er undir öllum kvenmannastólum en einaknum undir karlmannasætum. Þilgölf er í allri framkirkjunni með stokkum undir hverjum, svo vel undir sætum öllum sem á kirkjugólfinu milli sæta. Hliðarbekkur í kórnum að sunnanverðu sem og þverbekkur að altari eru alfóðraðir, en frá prédikunarstól til kórdrá ófóðrað með brík við kórdrastaf. Trétrappa laus er á gólfi fyrir prédikunarstól. Á norðurhlið er langhliðar bekkur og þverbekkur kórsins að kórstaf með einni brík alfóðraður, en

¹⁰⁸ Þetta blað er illlæsilegt. Ekki er fullljóst hvort presturinn hefur gerið kirkjunni prédikunarstólinn eða gluggann yfir altarinu en líklega á að skilja það svo. Kirkjustólinn er næstum því ólæsilegur á þessum árum og vantar líka í hann svo torvelt er að skera úr um þetta.

Þverbekkur að altari hálfur fódraður ofan í gegn. Kórgólf allt þiljað með þverfjöllum og stokkur undir.

Dyr kirkjunnar eru með vænum dyrastöfum, aurstokk, þrepskildi, að ofanverðu með hornstykki, drótt og hillu að innanverðu yfir hurðu. Hurð með skrá, laufi, lykli og nær sundur ryðguðum hurðarjárnnum.

Skambiti er milli höggsperra í kórnum og brík við altari áföst við þversæti að sunnanverðu.

Hurðarhringur af messing með messingshólk utan um hringinn fylgir hurð kirkjunnar, hvör nú er laus og presturinn eður sonur hans lofar að láta hið fyrsta í hurðina festa, sem og til setja vindskífur austan á kórin sem enn nú eru ei á komnar.

Allir veggir kórs og kirkju, sem og þak yfir hvöru tveggju, eru allir nýir, vænir og vel standandi. Kirkjan og sjálf er öll ný, væn og vel standandi af sterkum og góðum viðum byggð og smíðuð.

Ornamenta og instrumenta eru þessi:

Altari af tré alfóðrað að framanverðu en hálfjóðrað til hliðanna, með gráðu fódraðri allt um kring. 3 altaris ljósapípur af messing, ein þeirra með trétöflu, rifin og mjög lasin og allar þær að sjá mjög gamlar og þunnar. Silfurkaleikur með gylltri silfur patínu og korpóraldúk af gulröndóttu silki, gömlu, með knipplingakrossi. Baksturstokkur með hleypiloki. Altarisklæði af hvítum og rauðum dúk, þrykktur, með áföstum altarisdúk rauðdropóttum, fódraður með lérefti, gamalt þó vel brúkanlegt. Hökull rauðþrykktur úr lérefti, með bláleitum krossi þrykktum með rauðum dropum, fódraður með lérefti. Annar hökull hvítur og rauður, með grænleitum damaskskrossi, með gömlu og upplituð rósadamask fódri annars vegar en mjög léttvægu léreftsfóðri annars vegar. Þessi hökull er gamall og upplitaður og nær útslitinn. Rykkilín úr góðu og gömlu duggulérefti, vænt og stór og ógallað. Annað rykkilín úr góðu lérefti, og svo vænt, nýlegt og stórt. Ljósberi af tré. Skápur stendur sunnan fram við kórdrastaf með 4 hólfum og lausri hurð fyrir sem kirkjunni tilheyrir. Prédikunarstóll af 4 fjöllum samansettur með panelverki og bryggju að ofan, farvaður með rauðu á langsetis og þverrámmum, með einum tréstólpa undir. Ein glerrúða er yfir prédikunarstól fyrir glugga. Spóntjald er að norðanverðu í kórnum frá altarishorni nær því til kórstafs, hér um 5 álnir á lengd en vel alin á breidd, rífið nokkuð á báðum jöðrum í miðjunni. Annað er að sunnanverðu, 3 álnir á lengd en 5 kvartel á breidd, rífið og rotið í miðjunni. Ein klukka ný tilheyrir kirkjunni og 2 smábjöllur, allar á rambhöldum karlmannamegin við kirkjudyr. Gamalt skírnarfat af messing þúklað í botninum, ryðguð beitin á börmunum í tveim stöðum.

Bækur kirkjunnar eru þessar: Steinsbiblía í 2 tomis, rotin, hrjáð og úr bandi, þó einkanlega fyrri tomis. Lasseni Biblíukjarni rotinn, úr bandi.

Í graftólum á kirkjan: Einn lítilfjörlegan járnkarl en sonur prestsins lofar að gefa kirkjunni eina reku og pál.

Þessi Steinsbiblía áður skrifuð er ekki kirkjunnar eign þar uppskriftin af 1757 vísar hún hafi verið afgreidd prestinum sr. Eyjólfí í álag staðarins og honum reiknuð fyrir 50 álnir.

Staðarins uppskrift

1 Baðstofa í 3 stafgólum, með 3 bitum og 3 sperrum, syllum, áfellum, langböndum beggja vegna til hliða, einu á hvörja hlið. Upprefti allsæmilegt, allt af greni. Dyrastafir og hurð á járnnum með aurstokk og sinni fjöl hvörju megin dyrastafa.

Ónstofa innar af baðstofu með 4 stöfum, 2 bitum, dvergum 2, heilli mænitróðu, syllu til beggja hliða, upprefti af greni nýlega endurbætt og uppgjörð. Hús upp af baðstofu, 1 stafgólf, með 2 bitum, 4 stöfum, langbandi, einu á hvörri hlið, bjórþil til beggja stafna með reisifjöl í rjáfri og þiljað ofan til miðs báðu megin dyra. Dyrastafir með hurð á járnnum. Bekkjarkorn fylgir húsinu. 2 götupallar með 7 pallfjöllum með 2 pallstokkum, 2 götustöfum undir bita og götu til húsdýra með 2 fjöllum. Veggir undir húsinu nýir og stæðilegir og undir baðstofunni og ránni allt til baðstofudýra, en hrjáðir í vestasta stafgólfi.

2 Eldhús í 2 stafgólfulum, með einum bita undir dverg og einlægum ás, upprefti allt af nýju greni. Húsið þetta er ný uppgjört og vel standandi að veggjum og viðum.

3 Búrhús í 3 stafgólfulum með 2 bitum, 2 hliðásum, 2 dvergum undir einlægum greniás, upprefti af greni, veggir stæðilegir á 2 vega, annar hliðarveggur og stafnveggur; annar hliðarveggur laslegur. Hurð á járnum með 2 dyrastöfum og þrepskildi.

4 Skáli með 2 stafgólfulum, 3 bitum, 6 stöfum, 3 sperrum, 2 syllum, mænitróðu og upprefti allt af nýju langrefti. Standþil undir bita að framan með dyrastöfum og aurstokk framan undir. Hurð á járnum með hespu og keng. Veggir allir vel stæðilegir fyrir utan hliðarvegg í öðru stafgólfi moldrunninn og gamlan. Þetta hús er nýlega tekið og uppgjört.

5 Stofa í 2 stafgólfulum, fallin til viða og veggja, hvörja mr. Guðmundur lofar að taka og uppbyggja föður síns vegna og svara í reiðilegu standi.

6 Hlaða í bæjargöngum í 3 stafgólfulum, með 2 bitum, dvergum undir mænitróðu, dyra umbúningur af greni, upprefti af nýju greni. Veggir vel standandi. Þetta hús er ný uppgjört.

7 Göng frá baðstofudyrum til hlöðudyra, með einum bita, einni grenistöð undir. Dvergur undir mænitróðu. Upprefti af nýju greni. Veggir stæðilegir. Fyrir framan bæjardyr er dyraumbúningur af greni, með skellihurð á járnum. Göng frá hlöðudyrum til stofudyra með 1 grenistöð og 2 bitum. Upprefti lasið og að falli komið. Annar langhliðarveggur stæðilegur en annar fallinn.

Bæjardyr í 2 stafgólfulum með 4 stöfum, syllum í öðru stafgólfi, 3 bitum, 3 sperrum og dverg undir mænitróðu í fremra stafgólfi. Upprefti allt af nýju greni. Veggir vel stæðilegir. Dyrastafir með hurð á járnum og járnhring, aurstokk og þrepskildi og sinni standfjöl hvörju megin dyra, með bjór yfir bita.

8 Skemma í 2 stórum stafgólfulum, með 6 stöfum, 3 bitum, 2 syllum, annarri einaukinni, 3 sperrum, einu langbandi á hvörja hlið. Upprefti allt af nýju greni, með greni mænitróðu. Slagþil framan yfir bita upp og niður í gegn, með aurstokk, dyrastöfum, hurð á járnum með hespu og keng, þrepskildi og hillu yfir dyrum. Veggir allir stæðilegir. Þetta hús er allt nýtekið til viða og veggja, til helminga stækkað og mikið endurbætt.

9 Höfðahús með 3 bitum, 6 stöfum og einlægum greniás, upprefti allt af greni, 2 syllum, 8 röftum burt úr annarri hliðinni. Dyrustafir með hurð á járnum, hespu og keng. Húsið að öðru stæðilegt að veggjum og viðum.

10 Fjánhús út á velli, tekur 20 ær. Með 4 stoðum, einlægum greniás og upprefti af greni. Dyra umbúningur af greni, með grenihurð á járnum. Húsið ný uppgjört og vel standandi að viðum og veggjum.

11 Kofi innar af fjárhúsinu, tekur 5 kindur fullorðnar, reftur allur af greni. Þennan kofa leggur mr. Guðmundur staðnum til.

Þau 3 kúgildi sem þessu beneficio eiga að fylgja afgreiðast þannin: Kýr að þriðja kálfi, með lítilli nyt, á að bera þegar 5 vikur eru af vetri. 6 ær með lömbum, allar í ullu og góðu standi; 1 tvævetur, svarthosótt, önnur fimm vetra hvít hornótt og móhosótt, svartkollótt sex vetra, svarthornótt 8 vetra og 1 grákollótt 9 vetra. Fyrir þriðja kúgildið afhendist bátur gallalaus, með 3 árum, einu austurtrogi, nú vel til passaður og bræddur utan sem innan, með nýju dragi og hálsnum, 11 álnir og qvartel að lengd á borð.

Þetta ásauðarkúgildi, sem nú er fram vísað og téður bátur verður hvöru tveggja í umsjón og ansvari mr. Guðmundar Eyjólfssonar, þar til sá tilvonandi prestur við tekur og hagnýtir hann mjólk áнна og hirðir ullina þeim viðtakandi til gagns og nota.

Presturinn sr. Eyjólfur tilleggur kirkjunni að gjöf áðurskrifaða Steinsbiblíu.

Álag á staðarins hús sýnist ekki vera gjörandi þeim burt víkjandi þar hann er nú nýlega að mörgu við hresstur og endurbætt en þau sem hrörleg eru lofar Guðmundur sonur prestsins að endurbæta áður en við skilur.

Framan og ofan skrifuðu til frekari staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn, anno, die et loco ut surpa,

Jón Jónsson, Oddur Gottskálksson, Markús Markússon

[Miðgarðar 1778]

Anno 1778, þann 30. maí, var Miðgarðastaður í Grímsey uppskrifaður þá presturinn, sr. Jón Stefánsson, tekur við honum, og fyrirfannst hann sem fylgir.

1 Baðstofa með 3 stafgólfum. Með þrennum sperrum, 3 bitum og stöfum undir. Annars vegar tvíbrotin sylla, hins vegar einbrotin, áfellur ofan á syllunum, langbönd beggja vegna, upprefti stæðilegt af greni. Hús upp af baðstofunni fallið að viðum. Ónstofa innar af baðstofudyrum, eitt stafgólf, með 2 bitum og 2 dvergum, reft um einn ás, með 2 syllum. Upprefti annars vegar stæðilegt, hins vegar hrörlegt. 2 götupallar með 7 pallfjöllum, 2 pallstokkum og 2 götustöfum. Tveimur hurðum á járnum með dyrustöfum og fjöllum beggja vegna við baðstofudyr, báðir dyra umbúningar hallfleyttir. Húsinu fylgir hurð á járnum, rúm, bekkur og borð með stólum. Veggir undir húsinu stæðilegir, ónstofuveggur stæðilegur. Frá húsinu að baðstofudyrum veggur stæðilegur, hinu megin frá húsdyrum til ónstofu veggur hrörlegur, hinir fallnir.

2 Eldhús stæðilegt, reft um einn ás með dverg og bita undir.

3 Búr, fallið að viðum og veggjum annars vegar, hins vegar stæðilegur veggur.

4 Hlaða reft um einn ás með 2 bitum og tveimur dvergum, 4 stafir, upprefti sumt nýtt, sumt gamalt, dyr fallnar.

5 Skáli vel stæðilegur, með tveimur stafgólfum, tveimur syllum, þremur bitum, og þrennum sperrum og 8 stafir, langband sitt hvörju megin og fyrir neðan bita lítilfjörlegt. Hurð á járnum með dyrustöfum. Upprefti nýtt. Tveir þriðjungar veggja stæðilegir, einn þriðjungur fallinn.

6 Stofa enn nú ei uppbyggð.

7 Göng frá baðstofu til hlöðudyra, stæðilegt til víða með bita við þær föllnu hlöðudyr, reft um einn ás með sémilegu upprefti. Frá hlöðudyrum til stofudyra fallið til víða, frá baðstofu til bæjardyra með 4 bitum, tvennum sperrum, tveimur syllum, 4 stöfum. Þessi partur sémilega standandi. Hurð á járnum fyrir bæjardyrum með dyrustöfum og tveimur fjöllum beggja vegna, björpil fyrir ofan bita. Veggir fyrir framan stofudyr stæðilegir en hinir allir að mestu leyti fallnir.

8 Skemma með tveimur stafgólfum stórum. 6 stöfum, 3 bitum og þremur sperrum, tveimur syllum, einum langböndum og mænirtróðu. Upprefti nýtt, hurð á járnum með hespu og keng og dyrustöfum. Slagpil framan undir, þó gisið og rámulaust. Þetta hús er vel standandi, bæði að viðum og veggjum.

9 Höfðahús, í tveimur stafgólfum, með þremur bitum, 6 stöfum, 2 syllum, 2 dvergum, upprefti nýtt af greni en þó 12 röftum burt teknum. Hurð á járnum með hespu, keng og dyrustöfum. Veggir sémilegir.

10 Fjánhús verður nú ei uppskrifað sökum snjós og klaka, af hvörju það fullt er, en verður þó ei hreinsað að svo komnu.

Staðurinn var á sig kominn þá presturinn kom sem fylgir: Bæjardyr fullar með snjó og klaka. Í eldhúsi fönn mikil og klaki nokkur. Hlaða full í mænir með fönn og klaka, sömuleiðis húsið upp af baðstofunni fullt með snjó og klaka og borðið undir fönninni brotið og borðstólarnir sundur sligaðir. Húsin að utanverðu að torfi rifin og hrjád af veðrum. Tún víða fordjarfað og skorið af þeim það yrktu á næstliðnu sumri, svo það horfist til stórs бага framvegis. Kúgildin hefur presturinn meðtekið 2, bátinn virtan í 1 #, og 6 ær.

Framan og ofan skrifuðu til frekari staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn,
Loftur Bergsson, Sigfús Bergsson Oddur Thorvaldsson

[Miðgarðar 1757]

Þetta eftirskrifað er postskrift, við staðar úttektina af 1757, vide supra, paginam 7^m.

Af fyrri visitatium er að sjá að Miðgarða beneficio hafi átt að fylgja 4 kúgildi. Fyrir það eina segir specificationen yfir Vaðlasýslu prestaköll, að staðnum fylgt hafi bjargfesti anno 1719, sömuleiðis staðar úttekt sú er skeði 1710, en nú fylgir hvörki það fjórða kúgildi né neitt í stað þess,

ei heldur þá sál. sr. Þorlákur Þórðarson við tók, og býst ég við að fyrir spyrja mig hér um hjá þeim er til vitað hafa, nær þetta kúgildi muni hafa úr fallið,

H. Eldjárnsson

Þessa festi úr gengin í tíð sál. sr. Jóns Jónssonar, hafði hann haft hennar mesta hluta í land með sér, þá hann drukknadi, en hitt af sr. Ólafi Þórarinssyni, fært prófasti sál. sr. Þorsteini, hvar fyrir hann tillagði rykkilín.

Framan og ofan skrifaðar Grímseyjarkirkju og beneficii úttektir og uppskriftir eru orðrétt innfærðar, eftir undir höndum hafandi originaler, testerar,

Erlendur Jónsson

Visitatian af 1757, hér að framan innfærð, getur nú að kirkjunni fylgi ein klukka rifin og kólflaus, sem þyrfti að flytjast í land, framsendast og umsteypast, samt önnur minni, rifin og hljóðlaus, vide pag. 3. Sú fyrri var af mér undirskrifuðum framsend með kaupmanni hr. H. Sörensens árið 1773, að vigt 75 pund. Árið eftir, 1774, kom önnur ný klukka með kólfi, að vigt 28 pund, hvört pund anfært á 3 mk. og kólfurinn 3 mk., er 14 rd., 3 mk.

Þar upp í gekk sú gamla klukka 75 pund á 16 sk., er 12 rd. 3 mk.

Restera 2 rd. sem sr. Eyjólfur betalaði.

Sú minni klukkan, að vigt 18 pund, fengin hr. lögmanni Sveini Sölvasyni, hvört pund antekið á 8 fiska, 1 #, 24 fiskar.

Þar upp í er af mjög velnefndum hr. lögmanni tillátin lítil klukka, heil og ógölluð, að vigt 9 pund, á 12 fiska pundið, er 108 fiskar.

Færist til reiknings fyrirhöfn fyrir klukkanna anvirðingu, ráðstöfun og transporte frá og til 18 álna, er 36 álnir.

Testerar,

Erlendur Jónsson

Þar sem presturinn, sr. Jón Stefánsson, þegar ankom til Miðgarðastaðar um vorið 1778, þá staðurinn hafði árlangt í eyði staðið, fyrirfann beneficium ekki í sama standi og uppskriftin af 10. júní 1777 með sér færir, heldur eftir því sem uppskriftin af 30. maí 1778 útvisar, og þar að auki var kýrin sem fylgja átti í kúgildi dauð fyrir fódurskort og báturinn, sem eftir hafði verið skilinn með staðnum fyrir annað kúgildið svo fordjarfaður fyrir umhirðingarleysi, að ei virtist þá upp á kúgildi antakanlegur fyrir meira en 60 álnir. Einasta voru 6 ær af staðarkúgildum í tilbærilegu standi.¹⁰⁹

[Miðgarðar 1783]

Anno 1783, þann 9. maí, var Miðgarðastaður í Grímsey uppskrifaður þá presturinn, sr. Jón Stefánsson, afhenti hann og fyrirfannst¹¹⁰ sem eftir fylgir:

Badstofa með 3 stafgólum. 3 sperrum, bitum, hálfstöfum undir, annars vegar tvíbrotin sylla, hins vegar einbrotin, áfellur ofan á syllum, langbönd beggja vegna. Upprefti af greni.

Hús upp af badstofunni í tveimur stafgólum. Með 6 stöfum, 2 syllum með áfellum yfir, 2 bitum, þrennum sperrum, einu langbandi á hvörja hlið og mænirróðu. Reisifjöl fyrir upprefti. Þil með annarri langhlið og stafni fyrir ofan og neðan bita. Þil undir bita fyrir hálfum stafninum öðrum. Rúm í húsinu með stökk og bríkkum, grópað í stafi, með þremur fjölum í botni og skör fyrir framan. Borð með borðstólum. Hurð á járnum. 2 gluggar með gluggkistum, annar glugginn með 5 rúðum en hinn fjórum.

Önstofa innar af badstofu. Með 2 bitum, 2 dvergum, einum greniás, með 2 syllupörtum, gamalt og hrörlegt að viði og veggjum og öll badstofan gömul og undir fall komin. 2 götupallar með 7 fjölum, 2 pallstökkum og 2 götustöfum og einni götufjöl. Hurð á járnum ný, með klinku.

¹⁰⁹ Þessu síðasta málgrein var bútur neðst á síðu í kirkjustólnum og skiptir líklega ekki máli hér, á við efni síðar.

¹¹⁰ Hér er leiðrétt eftir kirkjustólnum, en þess skal getið að endranær er ekki tekið fram þegar leiðrétt er á þann hátt.

Göng fyrir framan baðstofudyrnar, svo sem eitt stafgólf, reft um 1 ás, með 1 hurð og dyrastöfum, nýrri hurðu og tréhjörum á.

Göng til bæjardyra, með 3 bitum, 2 stöfum og upprefti af greni, sámilega stæðilegt að viðum og veggjum, fyrir utan einn lítinn part fyrir innan skáladyr.

Hlaða með 2 bitum og 2 stoðum, reft um einn ás, nokkurn veginn stæðileg að viðum og veggjum.

Eldhús með 1 bita, dverg undir einum ás og upprefti stæðilegt að veggjum og viðum.

Búr með 4 bitum, dvergunum á bitum og veggleggjum allt í kring, nýlega uppgjört, reft um 1 ás og sámilegum veggjum.

Skáli í 2 stafgólfum, með 6 stöfum, 3 bitum, tveimur syllum — önnur aukin annars vegar — þrennum sperrum og upprefti af greni. Veggjum hrörlegum en þó stæðilegum utan í öðru stafgólfi annars vegar. Dyrastafir með hurð og járnum, hespu og keng og lítilfjörlegu þili á öðru megin dyranna.

Stofa í 2 stafgólfum, með 6 stöfum, 3 bitum, syllum með áfellum, þrennum sperrum, 1 langband á hvorri hlið, einni mænirtróðu. Upprefti af greni. Þiljuð á 3 vega í innra stafgólfi. Þil framan undir fyrir neðan bita, hurð með tréhjörum, með skrá og lykli. Húsið vænt og vel stæðilegt að veggjum og viðum. Á og einninn að fylgja þeirri fyrri uppskrift.

Bæjardyr, 1 stafgólf. Með 4 stöfum, 2 syllum, reft um einn greniás, hurð á járnum með sinni fjöl hvörju megin og bjórþili yfir bita.

Skemma í 2 stafgólfum, með 6 stöfum, 2 syllum — aukin annars vegar — 3 bitum, þrennum sperrum, 1 langband á hvörja hlið, mænirtróðu og upprefti. Slagþil framan undir, hurð á járnum með hespu og keng. Veggir sámilegir. Húsið nýtt og vel stæðilegt að viðum.

Skreiðarhús, með 3 bitum, 6 stöfum, 2 syllum, 2 dvergunum. Upprefti gamalt, 12 röftum í burt teknum eins og áður var á hinni fyrri uppskrift. Ný hurð með tréhjörum, hespu og keng.

Fjánhús fyrir 20 kindur, reft um 2 greniása. Með 4 stoðum. Húsið stæðilegt að veggjum og viðum. Hurð á járnum með dyrastöfum. Kofi út af fyrir 6 kindur. Annar kofi dálíttill fyrir undirburð.

Með því staðurinn yfir höfuð álist og virðist í betra standi og ásigkomulegi en hann var þá prestur, séra Jón Stefánsson, við honum tók, þá afsegir hann álagi að svara, einkum þar hann bætir við þessu eftirfylgjandi: 5 álna langur bekkur með brík í stofunni, skrá fyrir henni með laufi og lykli. Tveir fjalastokkar beggja megin götunnar í baðstofunni. 2 garðastokkar í fjárhúsinu. Molakofi¹¹¹ og forskyggni fram af því sama.

Þessu til staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn, að Miðgörðum d. 9. maí 1783,

Jón Stefánsson, Árni Bjarnason, Oddur Gottskálksson, Grímur Þorgrímsson

Þau 3 staðarins kúgildi, sem presturinn afhendir frá sér er: 1. Festi virt á 100 álnir. Annað bátur fyrir 7 rd. og 5 ær. Þetta, staðurinn, kirkjan og kúgildi, afhent bændunum Árna Brandssyni og Grími Þorgrímssyni til vöktunar og uppápössunar af prestinum séra Jóni Stefánssyni síðast þá hann burt vísur frá eyjunni, til afhendingar prestis sem hingað aftur kemur, mót kvitteringu.

Þessu framan og ofan skrifuðu til staðfestu eru vor undirskrifuð nöfn, að Miðgörðum 11. maí 1783,

Jón Stefánsson, Oddur Gottskálksson, Árni Bjarnason, Grímur Þorgrímsson

Anno 1783, þann 9. maí var Miðgarðakirkja og beneficium úttekin þegar presturinn, séra Jón Stefánsson, sagði sig frá.

Frankirkjan, með 3 bitum, 6 stöfum, syllum og áfellum báðu megin, 3 sperrum yfir bitum. Með standþili umhverfis ofan að skammsyllum niður að sætum, með súðþili á norðari hlið en reisifjöl á syðri í rjáfri og 2 langböndum — öðru einauknu á syðri hlið — og einlægri mænirtróðu. Kirkjan að framanverðu er með slagþili utan yfir fremsta bita og rámað upp og ofan, með skornum vindskífum. Bjórþil er yfir fremra kórbita sem aðskilur kór og kirkju.

¹¹¹ Stendur svo, þessi kofi er nefndur oftár.

Kórinn er eitt fullkomið stafgólf undir sama formi og kirkjan, með súðþili beggia vegna í rjáfri og 2 höggsperrum. Sömu syllur eru undir kór sem kirkju, með áfellum. Standþil umhverfis til hliða ofan að bekkjum. Milli kórs og kirkju er þiljað frá miðsyllu fyrir neðan bita að aursyllu en upp frá miðsyllu og upp að bita er gegnskorið þil með eikarskurð milli prédikunarstólsstafs og kórdrastafs að sunnanverðu. Þiljað með tveimur miðsyllum, standþil á því neðsta en á miðplássinu 3 skornar fjalir en í því efsta gegnskorinn eikarskurður. 2 kórdrastafir, með tveimur gegnskornum dróttum, nýjum, og fjöl yfir með sama verki. Bjórþil kórsins á baka til er slegið langsetis upp og niður, með útskornum vindskeiðum eins sem að framanverðu, með ránum og 3 glergluggum, með 4 rúðum hvör. Aurstokkur baka til við kórinn.

Í framkirkjunni eru 3 bekkjarsæti með krókbekk karlmannamegin og 3 lítillfjörlegum bríkarsætum og 1 við kórstaf að framanverðu. Tvö þau innstu með bakslám. 4 bekkjarsæti með bakslám eru kvenmannamegin og við kórdrastaf bekkur með lítilli brík. 2 sæti að framanverðu kvenmannamegin bekkjarlaus. Einlægur stokkur er undir öllum stólum kvenmannamegin en einaukinn undir stólunum karlmannamegin. Lítilfjörlegt þil á gólfi undir framkirkjunni. Hliðarbekkur í kórnum að sunnanverðu, sem og þverbekkur að altari fóðraður að gólfi en frá prédikunarstól að kórdrum ófóðraður, með brík við kórdrastaf. Að norðanverðu er langhliðarbekkur og að kórdrum með brík, fóðraður að gólfi. Þverbekkur að altari, hálfur fóðraður ofan í gegn. Kórgólf allt fóðrað með þverþili og stokkum undir.

Dyr kirkjunnar eru með vænum dyrastöfum, aurstokk og þröskuldi, dróttum og þverfjöl með lettri. Hurð með lómum, koparhring, skrá, laufi og lykli. Skambiti milli höggsperranna í kórnum og bekk við altari áfast við þversæti að sunnanverðu.

Veggir kirkjunnar stæðilegir það menn sjá til. Súðþilið á kirkjunni að norðanverðu, sem og einninn kórnum, fúíð víða og brostið, einninn reisifjölin að sunnanverðu, þó minna skemmt.

Það sem kirkjunni fylgir er þetta eftirfylgjandi:

Altari nýtt með panelverki, hólfað í sundur, og altaristafla útskorin með stykkjum.

Skrúðaskápur með 3 hólfum og dragskúffu og fjórum skornum stykkjum.

Ljósberi með eikarskurði og tveimur glertöflum, önnur brotin.

Gráða fyrir altari, fóðruð í kring.

Ljósastjaki með 2 pípum og 2 liljum, skrúfað ofan á einn ás.

2 ljósapípur gamlar og lítillfjörlegar.

Silfurkaleikur með gylltri silfurpatínu og dúk yfir af gulröndóttu silki.

Baksturbaukur málaður.

Altarisklæði rauðþrykkt, með áföstum altarisdúk rauðdroppóttum, gamalt og fornt.

Hökull rauðþrykktur, með bláleitum krossi, lasinn og gamall.

Annar hökull úr svörtu og rauðu flaueli, hvört bændurnir hafa gefið kirkjunni í áheit, fóðraður með þeim gamla hökli með silkidamask krossi.

Rykkilín úr góðu og gömul duggulérefti, vænt og stórt og ógallað, annað rykkilín úr góðu lérefti.

Altarisdúkur úr hvítu og rauðu katúni, fóðraður með hvítu lérefti.

Prédikunarstóll af fjórum fjölum, samsettur með panelverki og bryggju að ofan, með einum tréstólpa undir.

Gluggi yfir prédikunarstól, með fjórum rúðum.

Spóntjald er að norðanverðu í kórnum, hér um 5 álnir á lengd, annað er að sunnanverðu, 3 álnir á lengd, rífið og rotið.

Ein klukka tilheyrir kirkjunni og tvær gamlar smábjöllur á rambhöldum.

Gamalt skírnarfat af messing.

Leirkrús með tinloki.

Stóll fyrir einn mann.

Bækur kirkjunnar eru þessar: Steinsbiblía í tveimur pörtum, nýr Grallari og handbók.

Í graftólum á kirkjan: Einn lítillfjörlegan járnkarl og 1 reku.

Það sem velnefndur presturinn, séra Jón Stefánsson, hefur kirkjunni tillagt er fyrst áður skrifað altari og altariastafla, skrudaskápur, ljósastjaki, glergluggi yfir prédikunarstól, áður nefnt útskorið þil beggja megin og yfir kórdyrum, ljósberinn, lamir og skrá á kirkjuhurðina, dróttir og þverfjöl í kirkjudyrum, skírnarkrús, vindskífur framan og aftan á kirkjunni með vindhönum, altarisdúkur og hökull. Þetta allt saman afhent ásamt kirkjunni bændunum Árna Brandssyni og Grími Þorgrímssyni til vöktunar og umhirðingar til væntanlegs prests tilkomu.

Þessu til merkis er vor nöfn,

Oddur Gottskálksson, Árni Brandsson, Jón Stefánsson, Grímur Þorgrímsson

Eftir¹¹² begeringu og beiðni prestsins, séra Þórarins Sigfússonar, virtum við undirskrifaðir, eftir sem frekast höfum vit á og viljum forsvara fyrir guði og mönnum, bátinn fyrir 6 rixdali en ekki meir því 2 borð í honum eru brostin og sundur rifin frá austurrúmsborði og fram í barka, og þurfa aldeilis úr honum að takast ef hann skal sjófær verða. Þeim má með hendinni að mestu leyti út hrinda.

Badstofa fallin að viðum og veggjum og ei þar inni verandi ef öðru yrði á¹¹³ komið.

Heyhlaða öngvan veginn stæðileg því hún er mjög grannviðuð og veggur undan henni snaraður.

Í skála veggleggja fúin og brotin og sylla brotin og fúin, með keng ónýtum og hurðinni og lítulfjörlegri.

Göng frá badstofudyrum til eldhúss mjög hrörleg en til útidyra nokkuð skárri, þó vantar í 7 rafta.

Hitt annað að undanteknu festinni álitum við að vera nokkurn veginn eftir hinni fyrri uppskrift.

Til merkis okkar undirskrifuð nöfn, að Miðgörðum d. 9. júlí 1783,
Jón Bergsson, Þórður Pálsson, Jón Flóventsson, Jón Jónsson

[Miðgarðar 1787]

Þann 11. júní 1787 voru Miðgarða staðarhús í Grímsey uppskrifuð að viðverandi frátræðende prestinum, séra Þórarinum Sigfússyni, og tiltræðende prestinum séra Árna Illugasyni, að tilkölluðum undirskrifuðum úttektarmönnum, og fyrirfundust þau sem hér fylgir:

1 Badstofa í 3 stafgölfum. 4 sperrum og bitum, 9 stöfum, 2 syllum — annarri einlægri, en annarri með litlum auka — með áfellum yfir endilöngu báðum megin, sínu langbandi á hvörja hlið einlægum, aukinni mænitróðu. Í einu stafgölfu er reisifjöl en í tveimur þéttreft, með raftvið, sumu nýju, sumu gömlu. 3 gluggar með gluggslíðrum. 2 götustafir, 1 götustokkur, 2 götufjalir, 1 pallstokkur, 2 fjalir fyrir framan götupalla og sinn flaki við hvorn enda pallanna. Í pallinum sjálfum eru 6 fjalir og 2 fyrir utan stafi, sinn á hvörja hlið, enn nú götustokkur með hlið.

2 Hús upp af öðrum badstofuenda, í 2 stafgölfum. 3 sperrum, 6 stöfum, 2 bitum, einum langböndum, reisifjöl yfir syllum og áfellunefnum. 2 dyrastöfum, þil öðru megin dyra, lítulfjörlegt en öðru megin ekkert. Við annan stafn er standþil undir og yfir bita undir aurslá, eins með hliðvegg. 2 glergluggar, annar með 6 rúðum smáum, annar með 5 sem og gluggkistum, hillur 2. Önnur lítulfjörleg millum langbanda, önnur milli syllna. Rúm með bríkum, skörum og rúmstokk, hvörutveggju gömlu og 3 fjalir í botni og tvær fyrir framan rúmið, og litlum stiga. Veggir badstofunnar eru nýlegir, að undanteknum stafnvegg sem er þó vel stæðilegur. Veggir hússins innar af eru gamlir, þó stæðilegir. Badstofan er yfir höfuð byggð fyrir tveimur árum með tilhlýðilega góðum við og veggjum, en húsið innar af er gamalt, þó stæðilegt. Badstofunni fylgir og hurð á járnum sæmileg en gömul, með dyrastöfum tveimur.

¹¹² Er á stöku blaði sem fylgir úttektni frá 1784 (Eyjafjarðarprófastsdæmi AB/1).

¹¹³ Verður helst lesið svo.

- 3 Göng frá baðstofudyrum að skellidyrum. Með tveimur stöfum, bita einum, mæniás einlægum og vegglægju annars vegar. Upprefti tilhlýðilegu og tveimur þverröftum fyrir framan baðstofudyr og eins fyrir innan skellidyr og hurð sæmileg með tréhjörum. Veggir báðir stæðilegir.
- 4 Göng frá skellidyrum til eldhúsdýra. Með 2 bitum, 2 vöglum, mæniás tvíaukunum. Upprefti sumstaðar nýtt en sumstaðar fúid og gamalt, vegglægjupartur í einum stað. Veggir laslegir. Göngin hálfpart stæðileg en hálfpart undir fall komin.
- 5 Hlaða í göngum. Með tveimur bitum, tveimur vöglum, vegglægjum lösum, tveimur stöfum. Upprefti víðast vel brúkandi nema í einum stað vantar í raft og brotnir af fúa 2 raftar í öðrum stað. Veggir sumstaðar moldrunnir, þó víða brúkanlegir. Húsið að nokkru leyti stæðilegt en þarf þó uppbotar við.
- 6 Búr í 3 stafgölfum. Fjórum vöglum og bitum, 3 stöfum, vegglægjum á báðum hliðum — hálfar nýjar en hálfar gamlar og fúnar — mænitróða aukin, í tveimur stafgölfum fúin en í einu nýleg. Upprefti víðast gamalt og lasið. 2 dyrastafir með þröskuldi og hurð með tréhjörum lítilfjörleg, hespu og keng. Veggir að hálfu leyti stæðilegir en hálfir lasnir. Húsið er yfir höfuð fallið að hálfu að viðum og veggjum, en hálfparturinn álist að byggja það upp aftur að viðum.
- 7 Eldhús. Með 3 bitum og dvergum, 5 stöfum og einlægum mænirás, vegglægjum allt í kring. Upprefti góðu. Veggir vel stæðilegir. Húsið að öllu vel stæðilegt.
- 8 Göng frá þvergöngum til stofudýra. Með 3 bitum, 2 stöfum, 3 dvergum, vegglægja annars vegar, fúin. Upprefti sem til er fúid og ónýtt, sem og mænitróða. Veggir stæðilegir — göngin þurfa strax ofan að takast — frá stofudyrum til útidýra, með 2 bitum, 4 stöfum, syllum og vegglægjum í einu stafgölfi, einum sperrum, einum langböndum, einlægri mænitróðu, dverg á innra bita með 2 máttarröftum. Upprefti nýju. Slagbil framan undir fyrir ofan og neðan bita nýtt, 2 dyrastöfum og aursyllu, samt þrepskildi og hurð á járnum, með keng og tilhlýðilegum vindhana og vindskífum. Veggir stæðilegir. Dyrnar allar eru í góðu standi og nýlega uppbyggðar.
- 9 Skáli í tveimur stafgölfum. Með 3 bitum, 3 sperrum, 6 stöfum, 2 dyrastöfum, aursyllu lasinni.¹¹⁴ Yfirviðir hússins eru nýlega í látnir og í góðu standi. Syllur eru báðum megin hússins. Veggir hálfpart stæðilegir en hálfpart lasnir.
- 10 Stofa í tveimur stafgölfum. 6 stöfum, 3 bitum og sperrum, syllum með áfellum, einu langbandi á hvörja hlið, aukinni mænitróðu. Upprefti nýlegt, þó grannt. Standbil með aursyllum undir bita og syllum í innra stafgölfi, en ekkert í því fremra. Framan undir er standbil fyrir neðan bita og aursylla, 2 dyrastafir með hurð á tréhjörum, skrá, laufi og lykli. Gluggar 2 með gluggkistum, annar með 4 rúðum litlum, en annar með 3 rúðum brostnum. Bekkur 7 álna langur með brík og borðskífa, lítilfjörlegt með borðstólum. Veggir stæðilegir og húsið að öllu leyti.
- 11 Skemma í tveimur stafgölfum. 6 stöfum, 3 bitum og sperrum, syllum báðum megin — önnur aukin í miðju — einum langböndum, aukinni¹¹⁵ mænitróðu. Upprefti nýlegu, þó grönnu. Slagbil framan undir gisið, með aurslá, dyrastafir með hurð á járnum, hespu og keng. Veggir stæðilegir nema stafurinn slútir inn. Húsið álist stæðilegt að viðum og veggjum að öðru.
- 12 Höfðahús, í tveimur stafgölfum. 2 bitum, 6 stöfum, þremur vöglum, mænitróðu heilli, syllum báðum megin. Upprefti sem svarar annarri hlið brúkanlegt en í hinni ekkert og inn dottið. Dyrastafir með hurð á tréhjörum, hespu og keng. Veggir gamlir og hrörlegir. Húsið yfir höfuð þarf strax ofan að takast og upp byggjast.
- 13 Fjánhús fyrir 20 kindur. Vel í standi og uppbyggt að viðum og veggjum.
- Kúgildi staðarins eru 3, nefnilega 6 ær loðnar og lembdar í góðu standi upp á aldur og ull. Bátur 100 álnir. Þriðja kúgildi er bjargfesti fimmföld, hvar af eru 2 þættir nærri nýir, en aðrir 2 eldri og sá fimmti mjög dreginn og hnýttur. Hér að auki fylgir festinni fertugur ólarvaður og húð sem vegur 1 1/2 fjórðung. Þessi festi var virt af velflestum eyjarbændum fyrir 15 króner og 2 mark, eða 3 #, 105 fiska, hvar af dregst til uppbotar bátsins 20 álnir eða 40 fiskar. Resterar allt svo af festarverðinu 65 fiskar sem koma upp í álag staðarins.

¹¹⁴ Óljóst.

¹¹⁵ Óljóst.

Var svo alls lagt ofan á staðarins brostfeldiga hús 50 álnir, með hvört ofanálag báðir partar er voru vel sáttir, svo staðurinn með kúgildum er nú í forsvaranlegu tilstandi. Hér upp í ganga þeir 65 fiskar sem eftir stóðu af festarverðinu, en hinar 17 1/2 álnir betalaði presturinn séra Þórarinn með öðru, svo hann er kvittur við staðinn skilinn að öllu leyti.

Þetta staðfesta vor undirskrifuð nöfn, sama stað, ár og dag sem fyrr segir.

Þórarinn Sigfússon, Árni Illugason, Árni Brandsson, Jónas Jónsson, Hálfan Jónsson

Þann 21. júní 1787 var Miðgarðakirkja uppskrifuð af tilkölluðum Grímseyjar innbyggjurum að viðverandi báðum prestunum, frátræðende séra Þórnari Sigfússyni og tiltræðende séra Árna Illugasyni, og fyrirfannst hún með sínum inventariis og ornamentis sem fylgir:

Framkirkjan í 3 stafgölfum, 3 bitum, 6 stöfum, 3 sperrum með einlægum syllum undir kór og kirkju og áfellum yfir, sumstaðar farnar að fúna. Standþil umhverfis ofan að aursyllum báðum megin, mestpart annars vegar af gömlum við, nema í einu stafgólfi öðru megin, eru þó að sjá varanlegir.

Kirkjan að framanverðu er með rámuðu slagþili utan yfir bita, með útskornum vindskaiðum og vindhana, samt skornri¹¹⁶ fjöl yfir kirkjudyrum og dróttum að neðan skornum, með þrepskildi að neðan og aurslá, samt 2 dyrastöfum. Í öðrum er kengur en í öðrum eru 2 krókar sem halda hurð á járnum, með skrá, laufi og lykli, samt koparhring með tilheyrandi keng. Þetta allt er gamalt en þó í sæmilega góðu standi.

A millum kórs og kirkju er bjórþil yfir bita, gisið og gamalt, en undir bita öðru megin er þil af gömlum við undir miðslá að aurstokk sem nær yfir þvera kirkjuna en fyrir ofan miðslá er gegnskorið þil með eikarskurð, en hvors vegar eru 3 fjalir að staf, sem er við prédikunarstól, frá aurstokk að miðslá, en þar fyrir ofan er þil með eikarskurð gegnskorið. Dyrastafir 2 með gegnskornum dróttum og skúrfjöl, yfir hvörri og svo er fjöl gegnum skorin.

Kórinn er með 2 bitum, sperrum og 3 höggsperrum lítillfjörlegum og skammbita millum, með standþili undir syllum af gömlum við, en þó sæmilega stæðilegt og tilhlýðilegum aursyllum. Við kórstafn er slagþil upp og ofan, með rámu, er þó orðið gisið, hér með eru skornar vindskífur með útskornum vindhana og aurstokk neðan undir. Hér með fylgja 3 glergluggar með 4 rúðum hvörra 1 er brostin, með rámu.

Yfir kórnum er súðpak öðru megin nýtt, en þó víða illa fellt, en á aðra síðuna er gömul súð en þó í sæmilegu standi. Í einu stafgólfi framkirkjunnar er nýtt súðpak að norðanverðu, en reisifjöl að sunnan í tveimur og 2 langbönd eftir endilangri kirkjunni. Annars er í 2 stafgölfum að norðanverðu súðin mestpart gömul, sumstaðar vatnsrunnin en að sunnanverðu í einu stafgólfi reisifjöl, og svo gömul. Mænitróða fylgir endilöngu húsinu, sumstaðar ný en sumstaðar gömul. Gólfid í kirkjunni er gamalt, fúid og lasið og víðast laust hvort frá öðru, en er þó víðast til.

Í framkirkjunni eru 3 lítillfjörleg bríkarseti og önnur 3 bríkarlaus, sem og bekkpartur með brík við prédikunarstól, en kvenmannamegin eru 4 bríkarstólar með bakslám og við kórstaf bekkur með brostinni brík, en þar fyrir framan eru 2 sæti bríkarlaus, slár undir stöfum báðum megin, annars vegar aukin.

Í kórnum er bekkur frá altari að sunnan í kring til prédikunarstóls, sæmilega vænn og fóðraður í gólf, þaðan til kórstafs einfaldur. Kvenmanna megin frá altari í kring til fremra horns hrörlegir, þó fóðraðir, en frá horni til kórstafs er bekkur vænn með brík og fóður.

Inventaria og ornamenta kirkjunnar:

Altari nýlegt með panelverki, hvolfað í sundur, með hurð á tréhjörum með trélæsing. Gráða fyrir framan lítillfjörleg. Yfir altari er tafla útskorin, með gagnskornum stykkjum. Prédikunarstóll með panelverki og bryggju, með glugga yfir með 4 rúðum. Skrúðaskápur með 3 hvolfum og skúffu með 3 gagnskorkum stykkjum. Ljósberi með eikarskurð og 2 rúðum, önnur brostin. Ljósastjaki af messing, með 2 pípum og liljum, skrúfuðum á einn ás. Hér að auki 2 ljósapípur af messing, önnur í sæmilegu standi en önnur lítt nýtt. Silfurkaleikur með gylltri silfurpatínu og korpóraldúk af gömlu

¹¹⁶ Stendur svo.

silki og vírkross, mjög lasið og gamalt. Baksturbaukur málaður af tré. Altarisklæði af blómguðu lérefti alla vega litu, nýju og tillögðu af prestinum, séra Þórarinum Sigfússyni, fóðraður með því gamla altarisklæði. Messuskyrta af sterku lérefti gallalaust nema í einum stað er neðan til lítið gat af óhöppum á komið. Hökull þar við úr svörtu og rauðu flaueli, nýr og vel umvandaður, fóðraður með gömlu rauðmerktu lérefti en krossinn er af gulu og bláu silki damaski. Annað rykkilín finna, úr gömlu lérefti, brostið kringum hálsinn og báðum megin undir höndunum. Hökull af rauðþrykktu lérefti, gamall og lasinn, með bláþrykktum krossi. Altarisdúkur af rauðþrykktu lérefti, fóðraður með hvítu 15 skildinga lérefti, í góðu standi. Skírnarfat af messing púklað, gamalt og brostið, og leirkrús með tinloki. Klukka ein og 2 smábjöllur á ramböldum. Hér með fylgir hjónastóll fyrir 4 menn, nýlegur. 2 járnkarlar, annar vænn og nýr en annar lítilfjörlegur og lítt nýtur. Einnin 3 varrekur, sæmilega vænar.

Í bókum á kirkjan:

Fjórir grallarar, 2 af þeim nýlegir en 2 gamlir. Dominicale í góðu standi. Rotið, fúíð og illa til passa fragment af Steinsbiblíu, 2 tomis, allt í sundur laust, sem til einkis gagns sýnist að liggja við kirkjunna þar það er hartnær ólesandi, helst fyrri parturinn. Hér með fylgir og secretaira Olavii Rejsebeskrivelse yfir Ísland, annað Vegleiðsla til talnalistarinnar, útgefin af sama Olavio, þriðja er ejusdem authoris Urtagarðsbók, útgefin 1778. Grasnytjabók séra Björns Halldórssonar, ederuð 1783. Tvennir akuryrkjuþankar incerti authoris, útgefnir 1771.

Að þetta ofan og framan skrifað hafi svo passerað, vitna undirskrifaðir, sama stað, ár og dag sem fyrr segir,

Þórarinn Sigfússon, Árni Illugason, Benedikt Magnússon, Benedikt Magnússon,¹¹⁷ Halldór Jónsson

[Miðgarðar 1795]

Anno 1795, þann 4. júní, voru Miðgarðastaðar hús í Grímsey, eftir begjering prófastsins í Vaðlasýslu¹¹⁸ — að viðverandi prestinum, sr. Árna Illugasyni svo sem burtvíkandi, og prestinum sr. Bóas svo sem að tilkomandi tilkölluðum — af þeim undirskrifuðum úttektarmönnum úttekin. Og fyrirfundust þau sem hér eftir fylgir:

1 Badstofa í 3 stafgólfum. Fernum sperrum og bitum, 8 stöfum, tveimur syllum — annarri einlægri en annarri með litlum auka — með áfellum eftir endilöngu — annarri tvíaukinni, annar[ri] einaukinni — sínu langbandi á hvörja hlið einlægum, tvíaukinni mænirtróðu. Í einu stafgólfi er reisifjöl en reisiraftviður af greni. 4 gluggar með 2 gluggkistum og 2 gluggflyðrum.¹¹⁹ Pallur með einum pallstokk, nýlegum, og 13 pallfjöllum, vart 3 álnum, sumpart gagnlegum, sumpart lélegum. Stigi með 3 rimum gagnlegur, hins vegar einn pallstokkur. Dyrustafir 2 með dyratré og þrepskyldi, hurð á járnum sæmileg. Veggir badstofunnar; annar staðilegur en annar hrjálegur, stafnveggurinn gamall og nær fallinn. Upprefti gamalt en staðilegt, 3 fjalir lélegar að auki.

2 Hús upp af öðrum badstofuenda í 2 stafgólfum. 3 sperrum, 6 stöfum, 2 bitum, einum langböndum, reisifjöl yfir, syllum og áfellunefnum. 2 dyrastöfum, þili öðru megin dyra lítilfjörlegt en öðru megin fleka gagnlegum. Við annan stafn er standpíl yfir og undir bita, með aurslá, eins með hliðvegg 2 glergluggar, annar með 7 rúðum smáum, annar með 4 — tvær brostnar — og gluggkistum. Hillur 2, önnur lítilfjörleg millum langbanda, önnur undir syllum. Rúm með bríkum skornum og rúmstokk nýjum en bríkur gamlar og bæklaðar, 3 fjalir í botni og 2 fjalir fyrir framan rúmið. Veggir hússins, stafnveggur fallinn en hliðveggur og annar stafnveggur gamlir en þó hrörlegir. Húsið er gamalt og hrörlegt að viðum og margt af því fúíð og ónýtt en þó meira part aftur brúkanlegt.

¹¹⁷ Nafnið er tvíritað en líklega er þetta aðeins einn maður.

¹¹⁸ Ofar línu stendur (óljóst): „Eftir hans skjali af 23 maí var undirritaður ...“ Niðurlagið óljóst.

¹¹⁹ Stendur svo. Er útbúnaður við skjáglugga.

- 3 Göng frá baðstofudyrum til skellidyra. Með þremur þvertrjám, vagl á einum bita, mænirtróða einaukin, reisiraftviður af greni, 7 fúnir og brotinn einn en hinir brúkanlegir. Hurð á tréhjörum brúkanleg og 2 dyrustafir.
- 4 Göng frá skellidyrum til eldhúsdyra. Með 2 bitum, 2 vöglum, einaukinni mænirtróðu, upprefti lélegt en þó ófúid. Annar¹²⁰ veggur frá baðstofudyrum stæðilegur til baðstofudyra en hinn parturinn er stæðilegur að fráteknum hálfum faðmi klofnum. Veggir á hinum partinum mestan part fallnir.
- 5 Hlaða í göngum. Með einlægum mænirás, 7 álna löngum, stoð undir ásnum. Upprefti af greni, gisið og grannt en þó nýlegt, í látið af sr. Árna. Veggir allir stæðilegir og nýir. 3 dyrutré, eitt brotið og hin grönn.
- 6 Búr í 3 stafgólum. 4 bitum, 3 vöglum, þremur stöfum, einaukinni mænirtróðu, einn bitinn er brotinn að neðan og upp að mestu. Veggglæjia í 2 stafgólum á báðar hliðar, einaukin, ófúinn einn partur, annar partur grautfúinn en 2 moskvaðir. Húsið er hálfpartinn gagnlegt en hálfpartinn fallið. Lítilfjörleg hurð á tréhjörum með hespu og keng, 2 dyrustöfum, þrepskildi, stafirnir eru brúkanlegir. Veggir gamlir, hálfir stæðilegir en hálfir lasnir af snarhalla að ofan út.
- 7 Eldhús með þremur bitum, 3 vöglum, 5 stöfum, einlægri mænirtróðu, veggglægjum á báðum hliðum einauknum, upprefti góðu. Veggir hrjálegir, þó nokkuð [í] standi. Húsið er að öðru vel stæðilegt.
- 8 Göng frá hlöðudyrum til stofu. Með 2 bitum, einum vagli lélegum, tvíaukinni mænirtróðu, upprefti grannt en þéttreft og byggt af sr. Árna. Annar veggur er gamall en stæðilegur en annar veggurinn gamall og þó brúkanlegur, óstæðilegur af honum einn faðmur. Yfirgrindin í þessum parti stæðileg, þó með halla.
- 9 Skáli með 2 stafgólum. 3 bitum, 3 sperrum, 6 stöfum og 2 dyrastöfum, 2 syllum — önnur einlæg en önnur með litlum auka — veggglægjum á báðum hliðu[m] — annarri aukinni, önnur einlæg — 2 langböndum einlægum, einlæg mænirtróða. Upprefti af greni gott og skálinn að viðum stæðilegur. Aursylla lítt nýt, dyrustafur með 4 krókum lélegum og annar með keng. Veggir hálfpartinn, annar hliðveggur fallinn en hinir að mestu stæðilegir.
- 10 Stofa í 2 stafgólum. 6 stöfum, 3 bitum 3 sperrum, syllum og áfellum, einlægum syllum en auknum áfellunum, ein langbönd, annað einlægt en annað aukið. Standþil yfir og undir bita, með aursyllu, hurð á tréhjörum með skrá, lykli og laufi og keng. Upprefti ófúid, mænirtróða aukin. Vantar í þrjá rafta en húsið er að þessum viðum stæðilegt. Glergluggi með 7 litlum rúðum — ein brostin — tvær gluggkistur, önnur með skjá, þar áður var glergluggi með fjórum rúðum. Standþil undir bita á stafni, með aursyllu. Standþil í innra stafgólfi undir syllum og líka bekkur 7 álna langur, er stofunni átti að fylgja, með bekkjarbrík segist presturinn sr. Árni ei hafa meðtekið og kunnir ei því til hans að svara. Borðskífa með borðstólum, lítilfjörlegt. Veggir sémilegir að stofunni.¹²¹
- 11 Bæjardyr. Með 2 bitum, 4 stöfum, einum sperrum, lausasperrum á innri bita og dverg á bita, einlægur mæniás, einlæg langbönd, einlægar syllur. Þetta er eitt stafgólf. Skikkanlegt upprefti. Viðir og veggir í góðu standi. Hurð á járnum með keng og trésnerli, aurstokk, 2 dyrustafir, slagþil með vindskífum og vindhana.
- 12 Skemma með 2 stafgólum. 3 bitum, 6 stöfum, 3 sperrum, syllum — önnur einlæg, önnur aukin — langbönd tvílögd á öðru stafgólfi en ein á öðru — bæði um sperrur aukin — mænirtróða aukin, upprefti allt nýtt og sémilegt. Húsið hallast á hlið og þarf viðréttingar en að viðum vel stæðilegt. Hurð á járnum með hespu og keng, slagþil framan undir, gisið og fúid, dyrustafir með aursyllu. Lítt nýtir veggir, annar hliðveggur stæðilegur, annar gamall, hrjalegur, stafnveggur slútir inn að ofan.
- 13 Í staðinn fyrir Höfðahús, sem kallað var í þeirri fyrri uppskrift, er húsið kallað Hjallhús, í sama stað og sama formi og stærð er hitt var. Það er með 3 bitum, 6 stöfum, 3 sperrum, langbönd ein á hlið — annað einlægt, annað aukið — mænirtróða aukin. Raftviður allur af greni í sémilegu

¹²⁰ Ofar línu stendur (óljóst): „Uppreftið á göngum er af prestinum tekið.“

¹²¹ Ofar línu er ritað: „Standþil yfir bita hefur sr. Árni af ... til.“ (Niðurlagið krabbað og óljóst).

standi. Dyrastafir með slám og aurstokk undir, pilar gisnir undir bita. Í góðu standi allir veggir. Hurð af fjöllum með járnhjörum, hespu og keng.

14 Fjárhús yfir 20 kindur. Með 5 stöfum, 2 mænirásam frá garða, auknum af garðahöfði á stafn, tilhlýðilegt upprefti af greni ófúid. 4 dyratré, 2 dyrastafir, nýleg hurð á járnum. Annar hliðveggur og stafnveggur til tóftar nýir og í standi en hliðveggur annars vegar moldrunninn og slútir inn, stafnveggur annar moldrunninn en virðist þó muni nokkuð standa. 2 raftar innarlega á vegg og hætt við að inn af sleppi.

Er svo staðurinn upp skrifaður og af okkur ofan á lagt staðarins hús 5 rixdalir courant, og svo við blífur,

Jónas Jónsson og Jón Björnsson, Friðleifur Bergþórsson

Þó presturinn, sr. Árni fram bjóði 4 rd. coruant, er ég þó ei fornægður nema 5 hvert¹²² og mr. Jónas hefur ályktað,

Bóas Sigurðsson

Þá 4 rixd. coruant sem presturinn, sr. Bóas, hér nefnir býð ég hér strax fram útbetalða, en læt með nauðung þann fimmta ef láta skal.

Annars er ég fornægður með hinar aðrar aðgjörðir virðingar- og úttektarmanna, test[erar] Árni Illugason

Anno 1795, þann 5. júní, var af okkur undirskrifuðum álitin Miðgarðakirkja eftir veðla hr. prófestsins, sr. Erlendar Jónssonar, begjeringu, að viðverandi velæruverðugum prestinum, sr. Árna Illugasyni svo sem fráverandi, og prestinum, séra Bóasi Sigurðarsyni svo sem væntanlegum tilkomandi.

Framkirkjan er með 3 bitum, 6 stöfum, 2 syllum óauknum, áfellum tvennum í tveimur stafgólfum á syðri hlið en einni í einu — í þrennu lagi sú neðri en tvennu lagi sú efri — en að utan ein áfella. Í þriðja lagi sperrur þrennar, mænirtróða í 2 pörtum, langbönd á syðri hlið tvenn, tvílagt í einu stafgólfi á neðra langbandi en einlagt hitt. Einaukið þaðan í frá en einlegt það neðra. Reisifjöl, á allri syðri hlið einlæg. Gluggi yfir prédikunarstól af gleri, með tveim ráfum og 8 rúðum smáum, ein þó brostin, gluggkistur. Aursyllur tvennar í tveimur stafgólfum milli stafa en ein í einu og standþil yfir. Prédikunarstóll með einum stöpli undir og strikuðum ráfum, álist ógallaður, utan vantar einn nagla.

Setustólar 4 með bríkum en einn með bakslá í tvennu lagi og slá undir þremur óauknum og klömpum á bríkum stólanna þéanlegir, ófúnir. Fjórum bekkjum, bríkarlausum, með aurstokk undir öllum sætum og bekkjum utan krókbekk í tvennu lagi, ófúinn og gallalaus. Bekkirinn 3 með stólpum undir báðum endum, ófúnir og þéanlegir en krókbekkurinn er laus og gamall, samt ófúinn, og þarf viðréttingar. Ytri hlið kirkjunnar með súð en öngum langböndum, aursyllur einar millum stafa og standþil yfir innsta sæti í kirkjunni undir ytri hlið með útskorinni brík, 3 bakslám strikuðum, samt einni skornri¹²³ og bekk strikuðum og pilum útskornum, 12 flötum, 21 sívölum, einum klampa á brík, útskorin brík lítil við forsæti og bekkurinn í tvennu lagi með einum klampa. Sætið er nýtt og í góðu standi, það innsta. Þar að auki eru 3 stólar með skornum bríkum gömlum og ógölluðum, bakslám samt einni skornri,¹²⁴ gamlar og gallalausar. Sætisfjalir gamlar og gallalausar. Allar bríkur með klömpum og slá undir öllum sætum á öðrum enda, einaukinni, sætin öll í forsvaranlegu standi. Bekkir 2 fremst með stólpum undir báðum endum, ófúnir í forsvaranlegu standi. Aurstokkur undir, ófúinn og gallalaus en krókbekk vantar þeim megin.

Framan undir kirkjunni slagþil með ráfum, þarf litla endurbót þar rámur eru frá nöglum rifnar sumstaðar og þilið þar fyrir með rifum gisnum í 5 stöðum. Útskornar vindskífur gallalausar,

¹²² Mjög óljóst.

¹²³ Stendur svo.

¹²⁴ Stendur svo.

með vin[d]hana ofan á og trúfugli og langri stöng með klampa skornum og járnhólk. Vindhaninn er sæmilegur.

Yfir kirkjudyrum er útskorin fjöl með dróttum í sama máta. Dyrustafir með keng og krókum í góðu standi, samt aurstokk og þrepskildi gallalaus en þrepskjöldurinn er stuttur og flýgur með rekk¹²⁵ en hurð með lömum og rásum á 3 vega og koparhring og sylgju og járnkeng, skrá með laufi og lykli, þéanlegum járnkrók í sætisstólpa á hurðarbak og kengur í hurð og stólpa. Hurðin er gallalaus utan vantar á hana rámu.

2 slár er klukkum halda í fremsta stafgólfi þéanlegar. Glergluggi lítill yfir kirkjudyrum, með einni rúðu brostinni í 2 stöðum en rámu á öðrum. Reisifjöl á syðri hlið framkirkjunnar, á syðri hlið,¹²⁶ sumpart fúin en sumpart brúkanlegt, á syðri hlið langbönd, áfellur, syllur, standþil og aursyllur, ófúid og gallalaust. Súð á ytri hlið lítt betri og inn sveigð á millum sperra, áfellur fúnar, sumpart fúnar¹²⁷ og gallaðar en syllur, standþil og aursyllur ófúnar og gallalaustar utan í einum stað mjög lítið. Fjalagólf í framkirkju smátt, fúid, gamalt og gróid¹²⁸ mest part og þarf strax endurbótar við. Sperrur, bitar og stafir ófúid og gallalaust.

Kórinn með 2 bitum, 4 stöfum, 2 sperrum og einum höggsperrum, með skammlá í millum, syllum ófúnunum, samt stöfum og sperrum að fráteknum sperrulegg á ytri hlið. Millum kórs og kirkju er fúin er í á tré.¹²⁹ Áfella á ytri hlið fúin að ofan víðast en á syðri hlið gallalaus. Yfir kórnum á báðum hliðum er súð, 6 fjalir af þeim fúnar og ónýtar en 10 af þeim ófúnar og flestar nýlegar. Mænirtróða aukin við sperrur ófúin nema í annan enda vatnsrunnin. Þil undir syllum gallalaust og aursyllur að mestu ófúnar. Bekkur fyrir sunnan fram við altarið, samt með hlið þeim megin fóðraður og gallalaus. Bekkur þeim megin við kórinn ófóðraður og trappa til prédikunarstóls, gallalaust. Fyrir utan fram við altarið bekkur fóðraður gallalaus. Með hlið þeim megin lélegur, hálf fóðraður þeim megin til kórduyrna bekkur með skorinni brik, fóðraður, í standi. Standþil yfir bita milli kórs og kirkju ófúid og gallalaust. Undir bita beggja vegna kórstafa er gegnskorid þil með eikarskurð en undir miðslám þil gamalt ófúid með tveimur dyrastöfum. Fjöl yfir kórduyrum gegnskorin, með dróttum í sama máta og skúrfjöl léleg, í millum stafur sem að heldur prédikunarstól, gallalaus. Aurstokkur þversum fyrir framan kórinn gallalaus. Ráma strikuð og raddleg¹³⁰ og annað stykki yfir kórduyrum með bíldhöggie, lélegt.

Slagþil á korbaki vel rámað og gallalaust, með útskornum vindskífum og vindhana upp af. 3 glergluggar á þessu þili, hvör með 4 rúðum, 1¹³¹ brostnum í einum glugga og 1 í öðrum. Fjalagólf gamalt, sumt fúid en sumt ófúid, gisið en þó flest til og þarf endurbótar. Sylla lítill við.

Kirkjunnar instrumenta:

Altari nýlegt, strikað með svokölluðu panelverki eftir fyrri uppskrift gjörð, illa smíðað og illa fellt, með hurð á tréhjörum og trésnerli og hillu í miðju og fjöl.

Altarisbrik með gagnskornum stykkjum og skurði í kring, samt listum utan með strikuðum og 2 útlenskum billeder.

Ljósastjaki á altari úr messing með 2 ljósapípum og liljum skrufaður á einn ás, hér að auki 2 ljósapípur af messing, önnur í sæmilegu standi en önnur lítt nýt.

Ljósasöx af járn gallalaus.

Skírnarfontur úr messing, brostinn á röðum¹³² en púklaður, gamall, og kanna af leir með tinloki ógallað.

Ljóslukt af tré skorin og gömul með einu glerauga.

Grátur nýlegar og í standi, knéfall nýlegt með grænum og svörum dúk yfir, deilt og útskorið.

¹²⁵ Verður helst lesið svo en er mjög óljóst.

¹²⁶ Stendur svo.

¹²⁷ Stendur svo.

¹²⁸ Óljóst.

¹²⁹ Mjög óljóst.

¹³⁰ Verður helst lesið svo, á kannski að vera „léleg.“

¹³¹ Tölustafurinn er mjög krabbaður og óvíst hvað á að standa.

¹³² Stendur svo.

Svokallaðar kertapípur 4 af tré, 2 af járni, lélegar.

Þrjár klukkur; 2 smáar bjöllur og 1 stærri, allar á ramböldum.

Hjónastóll fyrir 4 menn, nýlegur.

Kaleikur af silfri með patínu af sama, gylltur að ofan. Korpóraldúkur þar yfir af rauðu silki, fóðraður með gulu, og gömlum vírborðakrossi, 4 skífum og tölum á.

Oblátustokkur danskur, málaður.

Lítill hókull af rauðu rósaflúri með kross á baki, er af libriborða, fóðraður með rauðu og hvítu lérefiti gömlu.

Messuskyrta þar við af hvítu lérefiti, gallalaus.

Altarisklæði af ullartaui, röndóttur, ógallaður.

Altarisdúkur af rauðu og hvítu lérefiti, fóðraður með hvítu.

Annað altarisklæði [af] svörtu, hvítu og rauðu lérefiti, með rifnu og lítilfjörlegu fóðri.

Hókull af rauðu og svörtu flaneli með bláum og grænum ulldamask kross, bryddur að ofan með gulu raski, fóðraður með rauðu og hvítu lérefiti, gömlu og slitnu.

Messusloppur annar með brydding, brostinni að ofan og brostinn saumur á erminni um fáein spor.

Skrúðaskápur með þremur hólfum og skúffu og 3 gagnskörnum stykkjum og járnlömum.

Járnkarl vænn og 3 rekur með lélegum vörum.

Bækur:

Biblía trosnuð í bandi og skinn gallað, dönsk.

4 graduale, 3 gamlir, einn lítt gallaður, annar ógallaður, þriðja vantar framan og aftan af, sitt ark hvörju megin, en hitt brúkanlegt, í bandi, einn í blöðum, fúinn og rotinn.

Handbók í skikkanlegu standi.

Reisubeskrifelse hr. Ólafs Ólafssonar, vantar aftan af nokkuð lítið og úr bandi. Annað Vegleiðsla til talnalistarinnar af sama Ólafi [útgefin], hvör resturinn sr. Árni segir sé forlorað.

Þriðja þess sama Urtagarðsbók, útgefin 1778, í bandi en vantar utan af.

Grasnyttjabók sr. Björns Halldórssonar, útgefin 1773 í bandi.

2 akuryrkjuþankar útgefnir 1772, hvor tveggja úr bandi.

Enn nú Yfirsetukvennaskóli, sagður hjá yfirsetukonunni, Guðrúnu Gunnarsdóttur á Básum.

Kirkjan hallast öll suður, helst miðpartur af henni, og meinast að svo hafi mest í fyrstu sett verið.

Moldir kirkjunnar; veggir í sémilegu standi að fráteknum ytra kampi að framan alinnar og hálftrar sem er til lykta¹³³ fallinn. Þak kirkjunnar að norðanverðu sémilegt en að sunnan brunnið og trosnað.

Leggjum við svo ofan á kirkjunnar brostfeldugheit að viðum og smíði 6 rd. courant.

Jónas Jónsson

Með framanskriafaða Miðgarða kirkju úttekt er ég fornægður, Bóas Sigurðsson

Þótt harðlega þyki að gengið þá læt ég mér þó lynda hér að framan skrifaða kirkjunnar úttekt og ofanálág, Árni Illugason

Kúgildi staðarins 3, nefnilega:

1. 6 ær í góðu standi.

2. Bátur [með] 4 árum og austurtrogi einu.¹³⁴

3. Bjargf[esti] fimmföld.¹³⁵

Ofanskriфуð qvildi 3 meðtekur undirskrifaður ánægður, Bóas Sigurðsson

Það sama er ég og ánægður, Árni Illugason

Kirkjan og kúgildin voru af okkur undirskrifuðum álitin og út tekin,

¹³³ Stendur svo.

¹³⁴ Hér aftan við er ritað með dauðu bleki: „5 rd. courant.“

¹³⁵ Hér aftan við er ritað með dauðu bleki: „6 rd. courant.“

Jónas Jónsson, Björn Hallsson, Guðni Þórarinsson, Jón Björnsson, Friðleifur Bergþórsson

Eftir¹³⁶ begjering prófestsins, sr. Erlends Jónssonar, álitur reparation Miðgarðakirkju undirskrifaður og virðir og fyrirfinnur sem fylgir:

Nýaukinn bita millum kórs og kirkju og aurstokkur af sama við sama staðar, 4 mk.

2 bitaendastafir og 2 prédikunarstólsstafir og 2 kórdrastafir, 4 mk., 8 sk.

Umbúning dyranna kórs og prédikunarstóls, 1 mk., 8 sk.

2 sætisbríkur að innanverðu við kórstafi, 2 mk., 4 sk.

Tilsettir pílur millum kórs og kirkju, 2 sunnan megin undir bita, 14 að tölu, 1 rd., 1 mk.

Enn nú tilsettir pílur millum kórs og kirkju karlmannamegin undir bita, 6 að t[ölu],¹³⁷ 1 mk., 8 sk.

10 pílur yfir kórdrum og þeim fylgjandi búnaður, 1 rd.

Kirkjunnar burt sagði biti flettur í tvennt, lagður í kórs bekk að norðan, með tveimur þverbekkjum af kirkjunnar gömlu viðum, reiknast ómakið 2 mk.

Sæti 2 nýgjörð, mestpart með einlægum undirstokk að innan til kirkjudyra, tveggja álna háum uppstöndurum að innan með nýrri öflugri aursyllu undir innsta stafngólfi, 1 rd., 1 mk., 8 sk.

2 glergluggar beggja megin altaris, hvör með 9 rúðum, 1 rd., 3 mk.

Nýjar fjalir lagðar í kórsgólf, að tölu 10, að lengd fjórar álnir, 2 rd., 3 mk.

Aðgjörð á prédikunarstól, 2 mk.

S[umm]a 16 rd., 3 mk., 6 sk.

Framan gjört álit og virðing sýnist undirskrifuðum nauðsynlegt, Miðgörðum d. 7. júlí 1797, Vigfús Jónsson, Sigurður Jónsson

Framanskrafaðri virðing og áliti Miðgarðakirkju er ég samþykkur,

B. Sigurðsson

[Miðgarðar 1803]

Anno¹³⁸ 1803, þann 4. júlí, tók prófasturinn í Eyjafjarðarsýslu Magnús Erlendsson Miðgarðastað í Grímsey til álits og fullkominnar uppskriftar eftir dauðlegan afgang prestsins, sr. Bóasar Sigurðssonar sem við því prestakalli tók af prestinum sr. Árna Illugasyni 1795. Þess hingað aftur væntanlega prests fullmeztugur er hreppstjórinn, mr. Þorsteinn Gunnarsson, að Eiðum hér í eyjunni; ekkjunnar madme Guðrúnar Sveinsdóttur, nú sjúkrar og sængurliggjandi, svari uppi heldur að interim velþekktur maður og góðu skini gæddur, mr. Vigfús Jónsson að Litladal í Eyjafirði. Álitsmenn eru mr. Jón Halldórsson að Básum og bóndinn mr. Guðmundur Þorláksson að Sandvík, báðir ráðvandar og innsveitis hér. Svoleiðis er þá þessi forretting byrjuð í fölg forordningen af 24. júlí 1789, og fyrirtekin:

1 Baðstofan. Hún er í 3 stafgölfum stuttum. Með 8 stöfum, þremur bitum og einum sundur söguðum, með styttum undir fjórum sperrum, syllum, einlægri norðari megin en aukinni hins vegar, einum langböndum á hvörja hlið. Áreftis spýtur sémilega þétt settum, álagsfjöllum utan og sunnan megin í tveimur stafgölfunum, þrem austari fyrir ofan syllur og eins í því vestasta, sem hefur reisifjalatetur, mænirtróða er hér aukin. Pallstokkar eru 2 í baðstofunnar vestari enda og á austari einn til syðri götustafs; frá þessum og norðari götustafnum til hliðstafs eru 5 fjalir misjafnar að vænleik. Við rúmstæðis inngafli hér eru 4 þverfjalir undir hvörum slá stendur. Baðstofan hefur 4 gluggforma, með kistutetri í tveimur. Dyrnar mynda 2 stafir, þrepskjöldur, dyratré, fjalahurð á ryðbrunnum og því nær ónýtum hjörum. Norðurveggur húss þessa er stæðilegur, hinn hrörlegur

¹³⁶ Er á stöku blaði sem fylgir úttektinni frá 1795 (Eyjafjarðarprófestsdæmi AB/1). Hér með liggur annað blað frá sama tíma með sömu eða svipuðum upplýsingum.

¹³⁷ Óljóst.

¹³⁸ Tillit hefur verið tekið til afrita af þessari úttekt en eins og annars staðar er Skjalasafn Eyjafjarðarprófestsdæmis AB/1 lagt til grundvallar.

en stafninn vesæll og hrumur að neðan. Byggingarásigkomulag baðstofunnar er að viðunum svoleiðis: Mænirtróðan í hennar tveimur austari stafgólfum er brotin, langbandapartar austast eins og uppreftið yfir höfuð gamalt og í bland annars lélegt, þó ekki gisið sé. Hér þykir álitismönnunum ekki rétt þægilegt að meta álag á, þegar þeir sjá og lesa þá síðustu úttektarnefna þessu húsi viðvíkjandi, þó tilnefna þeir 3 rd., 64 sk.

Austur af baðstofunni er hús, 1 1/2 stafgölf. Með 6 stöfum, 2 bitum, 2 sperrum og einum niður höggnum á miðstafi, einlægum syllum, áfellum, einum langböndum norðan fram einauknum, reisifjöl undir einlægri mænirtróðu. Standþil er hér til beggja hliða að neðri syllum, eins og að framan af aurstokk undir bita til dyrastafs, og við gaflinn til aursyllu. Fyrir ofan bitann er og bjórþil upp í gegn. Það austara hefur lítinn þverlista yfir auknum fjöllum. Við fremri stafn hússins er rúm með 3 gafflfjöllum til uppistandara við þverslá, langbandi milli, stokk tvöföldum, listuðum, brikum og kálfi. Önnur rúmbríkin með strikum er negld í stafi við syllu. 2 skararfjalir fylgja rúminu, undir hvörjum slár eru til miðstafa og stytta undir þeirra fremri. Rúmbotninn hefur eina fjöl og 3 spýtur eftir endilöngu sem styðjast við slár til beggja enda. Fjöl með ánegldri tröppu liggur við skararfjalirnar. Hillur 2 með kröppum eru við rúmhlíðina og do. lítil við annan gafl þess. Þar hjá er tréslíðra og önnur á norðara langbandinu. Útskorin slá er milli höggsperranna. Austan megin hér við mænir er gluggi í tréránum, með 4 rúðum og formur til annars hins vegar fyrir 2, með kistu. Veggir eru hér allgóðir. Þessa húss góða endurbót lýsir þrifnaði hins fráfallna og því er það látið álagslaust vera.

2 Búrhús móti baðstofudyrum, 2 faðmar. Með 2 stöfum, 1 bita og dverg til einlægs mæniáss, vegglægjum auknum og upprefti af þéttsettu allsæmilegu greni. Dyrnar hafa 2 stafi, dyratré og þenlegt árefti til vegglægju, syllufjöl og fjalahurð á járnum með hespu og keng. Hliðveggur sá norðari er nýr, hinn gamall að neðan, þó stæðilegur, en stafnveggir eru hrörlegir. Hér gjörist álag 64 sk.

3 Eldhús, rúmt 3 faðmar. Með 5 stöfum, 2 bitum, 1 dverg á þeim syðri, stoð undir einauknum ás, vegglægjupartir á austari hliðinni, á- og upprefti er hér ólastanlegt. Vestari hliðveggur hér er sæmilegur að sjá, hinn hrörlegur. Syðri stafnveggurinn er stæðilegur fyrst um sinn en sá norðari (hvar presturinn sr. Árni Illugason skal hafa hlöðugrey haft og tóftin af hans eftirmanni í prestakalli þessu, sál. sr. Bóas, er umrótað við þessa húss endurbygging og aukning) lélegur og endurbótar þurfandi. Álag sökum veggjana mest 48 sk.

4 Göng frá baðstofudyrum til skellidýra. Með 2 bitum, dvergi, stoðir undir þeim fremri, einauknum mæniáss, hvörs fremra parts fremri endi stendur á dverg og yfir skellidýranna yfirtré, undir hvörju 2 stafir eru. Upprefti þessara ganga parts er sumpart af gömlum, sumpart af nýlegum grenispýtum þéttlögðum. Veggir beggja vega líta allvel út, sá austari hefur afhlaðinn lítinn skans, yfirreftan. Sakir víða fyrningar leggst hér ofan á 16 sk.

5 Göng þaðan frá að búrdyrum, cirka 2 faðmar að lengd. Með 2 bitum, liggur trékubbur ofan á þeim fremri undir einlægum mænirás. Uppreftið er að sjá ekki mjög gamalt og þéttlagt. Austur úr þessum göngum liggja önnur, rúmlega faðms löng, til eldhúss. Með einu þvertré að innan, einlægum ás til hins sem næst skrifuðum göngum uppi heldur. Upprefti rétt vel sæmilegt og veggir eins. Hér er ekkert álag gjört þar bæði er byggingin nýleg og þar að auki vönduð.

6 Göng enn nú, frá þeim sem til búrdýra vita, liggja með litlum krók til andýris. Með 2 þvertrjám. Undir því fremra eru 2 dyrastafir, hér er einlægur mænirás allvel stöðvaður á þeim sem næstu göngum þéna. Upprefti af greni, allvel brúkanlegt. Hér fram frá er dyraformur með 1 dyrastöfum við bæjardyr, þrepskildi og þvertrjám. Upprefti tilhlýðilegu yfir nýjum veggjum, hér fylgir hurðarflak í tveimur pörtum. Suður héðan er dyraformur sem atlaður skal hafa verið að byggingu einhvörs húss, með átta spýtum undir torfi. Syðri veggur innri ganganna er þegar fallinn en hinn framan til frá öðrum nýrri gliðnaður. Álag á veggja gallanna 1 rd.

7 Bæjardyr, 2 stafgölf, rúmur faðmur eður 3 álnir á breidd. Með 6 stöfum, 3 bitum, einlægum syllum, 3 sperrum, einauknu langbandi á syðri hlið en tveimur og svo auknum á hinni. Þéttu og vel lögðu upprefti til einlægrar mænirtróðu af greni. Framan fyrir dyrunum er aurstokkur, þrepskjöldur milli stafa, dróttir, slagþil, vindskeiðir, fjalahurð á járnum með auknum lista, þremur bakslám og 2 læsingarlokom af tré. Hér eru veggir nýir og vænlegir. Sökum þess að byggingin hér er góð og

vönduð gjörist ekkert álag. Þak bæjarhúsanna er allvíðast sæmilegt, nema vestan til á eldhúsi er það veðurbarið, þó er hér ekkert álag gjört.

8 Skemma syðst á hlaðinu, 3 stafgölf. Með 8 stöfum, 4 bitum, fernum sperrum, syllum — einlægri á syðri en einaukin á norðari hlið — langböndum þénlega tvílögðum í hússins fremra parti, en einlægum innan til. Mænirtróðan er tvíaukin, upprefti sumstaðar gisið en óvíða mjög gamalt. Fyrir húsi þessu er aurstokkur með þrepskildi milli stafa, þili ólistuðu, gisnu til mænis, gluggformi á bjór með listum ofan og neðan um þvert. Þverfjöl yfir dyrunum, hurð á járnum með 2 bakokum, 2 renningum framan á fjala samkomum og skrá gamalli með lykli, laufi og keng sem áður hangði fyrir kirkjunni. Veggir eru hér nýir og viðunanlegir, þak er nokkuð hrjád sunnan megin. Til þessa húss forbetrunar, sem stór er, hefur gengið mikið af þess gamla fallna skála viðum, eins og stofugarminn, sem kunnugir nærverandi svo að kveða, byggði upp að nokkru leyti þær ný tilbúnu þénlega og anstæðigu bæjardyr. Þó sakir gisins þils gjörist hér álag 1 rd., 32 sk.

9 Fjánhús suður og upp á velli fyrir 20 kindur. Með 2 ásum yfir 5 stoðum af garða, 2 áspörtum frá garðahöfði til stafns. Húsið hefur þver- og langrafta, ekki víða slæma, þó gisna. Dyrnar mynda 2 stafir, þrepskuldur, dyratré og fjalahurð á járnum. Inngangur til hússins hefur yfirrefti þénlegt og ganglegt. Veggir eru til hliða og vestan megin sæmilegir en stafnveggurinn austari er ótryggilegur. Þak er hér viðverandi.

Af góðfýsi sinni tilleggur ekkjan, húskofa þessum til fullkomnunar, annan kofa byggðan út úr suðurhliðinni fyrir 8 kindur, með einum ás, upprefti, dyrastöfum, 2 dyratrjám, öllu af greni, rétt félegan. Veggir og þak hans eru í sæmilegu standi. Kofinn er virtur og vel antakanlegur fyrir 1 rd. og svo er hér frá gengið.

10 Höfðahús, 2 1/2 faðmur vart á lengd. Með 2 bitum og stoðum undir, dvergum og ás, lítið auknum norðan megin. Upprefti er hér tilhlýðilega hagað, af greni. Dyrnar hafa 2 stafi, þrepskjöld, 4 dyratré og hurð á járnum, með 2 þverokum og skakksettum renningi milli. Veggir eru hér stæðilegir kallaðir, með vindgluggum sínum. Þakið er nú óaðfínanlegt. Þetta hús er sagt að öllu leyti betra en það sem áður er hér skrifað og af prestinum, sr. Árna, ekki svo reglulega við skilið.

Álag á framanskriðuð staðarhús hleypur í allt til 8 rd., 32 sk., og þar upp í er útlagt:

Lítill skemma við bæjardyr í 2 stafgölfum. Með 6 stöfum, 2 syllum, 3 bitum, langböndum einum, 3 sperrum, mænirtróðu, upprefti af greni. Aurstokk, standþili og bjórþili, dyrastöfum, hillufjöl, hurð á járnum með hespu og keng, 2 rd., 32 sk.

Húskofi suður úr fjárhúshlið, áður mentionerað, 1 rd.

Tveggja tunnu kerhald með hlemm, 2 rd.

Vatnsfötur 2, vatnsberi, kálfloti með járn og mjólkurtrog nýlegt, 1 rd.

Rekasþýtur 24, stærri og smærri, 1 rd., 56 sk.

Strokkur alfær, 40 sk.

Summa 8 rd., 32 sk.

Kúgildi eiga staðnum 3 að fylgja og þeim er nú fyrir það fyrsta svoleiðis fullnægt:

1. Með 6 ám loðnum og lembdum í skikkanlegu standi.

2. Bát með fjórum árum, austurtrogi, önglalagi og fjórum¹³⁹ skorðum. Hann er bræddur utan.

3. Lagvaðstrjám tveimur, 1 rd.

Kaðaltrossu 28 faðma langri til yfirvarps og í utan með klær, 40 sk.

Miðklóarkaðli, 6 föðmum, 64 sk.

Hákarlasóknum 2 með hlekkjum, 2 rd.

Færatrossu fimmtugri, 4 rd., 64 sk.

Fullkomnum stjóra nýjum, 24 sk.

Lagvaðs duflum, 13 tals, 32 sk.

4. Potti til 30 marka, með hlemm, 2 rd.

Og 5. Í contant, 64 sk.

¹³⁹ Stendur svo.

Svoleiðis er þá þessa staðar úttekt lokið og mr. Þorsteinn Gunnarsson ásamt mr. Guðmundi Þorlákssyni og mr. Tómasi Steinssyni alúðlega beðinn staðinn með tilheyrandi í umsjón og mögulegustu vöktun að taka, til þess sá væntanlegi prestur kemur, og hans gagn stunda í einu og öllu sem best, hvar til góður styrkur og fylgi mr. Jóns Halldórssonar á Básun og mr. Vilhjálmis Jónsson að Grenivík vinsamlega æskist og eftir væntist.

Actum ut supra,

Magnús Erlendsson, Þorsteinn Gunnarsson, Guðmundur Þorláksson, Tómas Steinsson Jón Halldórsson; vegna ekkjunnar undir tekur Vigfús Jónsson

[Úttekt af kirkjunni, sem mun hafa verið gerð 27. júlí árið 1803 sbr. vísitásiu 1806, er ekki í vísitásiubók prófests og ekki heldur í úttektasafninu í skjalaflokknum AB/1. Það vantar í kirkjustól Grímseyjar þetta ár].

[Miðgarðar 1806]

Anno 1806, þann 18. júní, eftir það prófasturinn í Eyjafjarðarsýslu, Magnús Erlendsson hafði þann 15. næst áður embættisgjörð flutt, fólk til altaris tekið og framliðna jarðað og fullnægt því öðru sem þar undir eins fyrir kom í Grímseyjar kirkju, byrjaði hann með Miðgarðastaðar úttekt, að burt dauðum þann 13. desember f.á., prestinum sr. Jóhannesi Jónssyni, sem til þess prestakalls kom í stað sál. sr. Bóas Sigurðssonar í maímánuði 1804. Undandráttur á hans meinlega seinlegu tilkomu orðsakað meðal annars nokkuð seinlega útgefið kollatsbréf undir 30. ágúst 1803, af þá konstitueraðum stiftamtmani yfir Íslandi, hr. L. Erichsen, og eins seinleg meðtekning þess, þann 6. janúar ári eftir.

Hér er nú þess væntanlega prests vegna útnefndur til að líta eftir staðarhúsanna svo reglulegri afhendingu sem vordíð getur, valinkunnur bóndi eyjarinnar, mr. Tómas Steinsson á Sveinagörðum. Sú afgreiðandi ekkja, madme Sigríður Ólafsdóttir, kýs sér til svaramanns hreppstjórnann, mr. Jónas Jónsson frá Garðsvík í Norðursýslu. En álits- og úttektarmenn eru valdir héraenskur bóndi Hermann Jónsson á Borgum og annar frá fastalandinu, mr. Jakob Þorvaldsson að Kaupangi í Eyjafirði. Þannin byrjast þá þessi forretting eftir samkomulagi, í samburði við næst áður gjörða, í fölg forordning af 24. júlí 1789 á:

1 Badstofunni. Hún er að byggingarformunum og máttarviða tölunni — eins og innanbyggingu og viðafjöldanum, sem nú er greindur sér í lagi, og veggjum umhverfis, hvar með meinast dyranna umbúningur — mikið lík því sem síðasta úttekt sýnir. Hér sjást nú 2 stafgólf norðan og 1 sunnan megin í austari endanum allsæmilega að ofanverðu endurbætt, eins og hurðar...¹⁴⁰ annað. Húsið hér austur af auk nokkurrar viða fyrningar mismunar nú frá næst áður skrifuðu að þessu: Sá eini gluggi sem hafði 4 glásrúður geymir eina brostna, en önnur er frá. Álag gjörist hér sem stendur fyrir það heila 3 rd., 64 sk. Þessu næst kom til skoðunar:

2 Búrhús, í sama stað og áður var, í sama formi og sama ásigkomulagi nema hvað fyrningin er stór og því er álag gjört 1 rd., 64 sk.

3 Eldhús, rétt eins og seinast segir. Álag nú líkt og í fyrra tilliti, gjörist 48 sk.

4 Göngin undir sama nr. í næst áðurgjörðri úttekt. Mega segjast að áreftinu fallin frá badstofudyrum að miðbita, að öðru eru þau sem fyrri. Álag 1 rd., 16 sk.

5 Göngin undir sama nr. næst áður halda sínum formi og yfirbygging, þó nú hafi nokkurri fyrning tekið síðan. Álag 16 sk.

6 Göng enn nú frá þessu nr. næst áður, eru að viðum eins og þá. Syðri hliðveggurinn með dyraformunum eru upp hlaðinn af nýju en faðms langur partur þar innar frá er að falli kominn. Annars er hér annað stæðilegt. Álag í þessu tilliti 64 sk.

7 Bæjardyr eru nú álitnar eins og áður en vegna innstu sperrutopps nokkurrar bilunar, hvar þó er þverslá á negld, gjörist álag 16 sk.

¹⁴⁰ Ritað ofar línu og mikið krabbað, hugsanlega á að lesa „hurðarjárníð“ en þó óvíst.

Þak þessara húsa, nema á eldhúsi og fallins gangaparts að upprefti framan baðstofudyr, er sem stendur allsæmilegt. Álag 16 sk.

8 Skemma við sama nr. næst áður, eins og þá nú á sig komin að formi byggingarinnar, er þenlega að yfir smíðinni lækkuð. Hún hefur nú nýtt allgott þak en langbönd þyrftu 1 í hvört stafngólf af tveimur þeim fremstu og 1 do. í miðstafngólfi sunnan megin. Svo vantar hér að lista framþilið. Hlerahurð laus, með tveimur okum, fylgir nú hleraforminum. Þessum litlu göllum og tilvöntun gjörist álag 1 rd., 16 sk.

9 Fjánhús undir nr. sama og síðast. Álitast, þó endurbætt sé nokkuð, ásamt kofunum þar suður af, nú svo vel antakanlegt að ekkert álag rýmilega megi þar á leggjast.

10 Höfðahús undir sama nr. og sama formi sem seinast segir, hefur enga skaðlega umbreyting tekið frá næstu uppskrift heldur fengið 2 stafi undir sína 2 bita. Þó sökum trosnaðs þaks á vestari hliðinni er álag gjört 16 sk.¹⁴¹

Svleiðis eru hús þessi uppskrifuð, hvörra uppbót reiknast til 9 rd., 48 sk.

Og þar upp á útleggst eftirfylgjandi contant 9 rd., 48 sk.

Hér að auki eru inn til víðara 28 stærri og smærri spýtur eftirskildar og virtar 4 rd.

Þeim 3 kúgildum, sem hér hafa lengi fylgt, svarast nú með 12 ám, hvar af 6 verða í landi, loðnum og lembdum og í allgóðu standi. Hvar til koma því þriðja til fullnustu 12 rd. courant, þar sá gamli bátur er nú ekki frammar, einungis ekki antakanlegur og enn þó uppbættur væri ekki átreystanlegur til árs, svo sem ekki er annað vissara en hann gagnlaus uppi standi þetta sumar, gisni og fordjarfist.

Þannin er þá þessari úttekt að þessu sinni lokið, með þeim hætti að mr. Tómas Steinsson tekur á móti nú gjörðu staðarins álagi í peningum, 9 rd., 48 sk., og hirðir þær 28 spýtur undir 4 rd. vurdering, sem eftir skildar eru inntil víðara. Auk þessa býðst vinsamlegast og annars tilskyldast í móti reglulegum reikningi til betalings af hlutaðeiganda næst væntanlegum presti undir hans prófasts tilsjón, hreppstjórnir mr. Þorsteinn Gunnarsson á Eiðum og Jón Halldórsson á Básam, sömuleiðis bændurnir mr. Guðmundur Þorláksson að Sandvík og Hermann að Borgum, að taka í alla mögulega umsjón og vöktun staðarins hús og hvað annað sem til lands og sjávar kann væntanlegum beneficiato til gagns að koma, eftir réttvísri tiltölu, í öllu þessu tilliti, til næstkomandi fardaga, eður þangað til hann persónulega kemur, máske fyrri. Hér til styður og styrkir mr. Tómas Sveinsson að Sveinagörðum í einu og öllu eftir mögulegleika. Þá og undir þessara velnefndu manna tilsjón og með þeirra ráði og samþykki Miðgarða staðar hús í Grímsey með tilheyrandi slægjulandi, ljást tiltekinn tíma til íbúðar og þarflegra nota Þórði Jónssyni, nú frá Hrafnagilssókn [vikinn]¹⁴² með konu sinni Sólveigu Vigfúsdóttur, hvörjum upp á sagðan hátt leigist og ábyrgist að lögum 1 ásauðar kúgildi sem beneficio tilheyrandi, í móti leigu af einni vætt fiska, sem greiðist viðkomandi í réttan tíma eður nær óskað verður síðar.

Þessu til staðfestu undirskrifa, þann 21., ut supra,

Magnús Erlendsson, Þorsteinn Gunnarsson, Guðmundur Þorláksson, Jón Halldórsson, Tómas Steinsson, Hermann Jónsson, Þórður Jónsson, Jónas Jónsson, Jakob Þorvaldsson

Anno 1806,¹⁴³ þann 24. júní, vísiteraði prófasturinn í Eyjafjarðarsýslu, Magnús Erlendsson, Miðgarðakirkju í Grímsey og tók hennar portionsreikninga frá 1803 til 1805, exclusive sem þangað til ekki komist hafa til prófasts frá prestinum, séra Jóhannesi Jónssyni hvör dáinn er þann 13. desember f.a. Sökum þessa er nefnds guðshúss heila ásigkomulag með öllu tilheyrandi nú samanborið við original vísitasíu undir 27. júlí 1803, í nærveru undirskrifaðra manna, þá ekkjan, mad. Sigríður Ólafsdóttir, velur fyrir sína hönd hreppstjórnann mr. Jónas Jónsson frá Garðsvík. Hér er nú mismunur á einu og öllu næst áðurskrifuðu, alleinasta fundinn í þessu eftir fylgjandi.

¹⁴¹ Ofar línu er ritað: „heldur fengið 2 stafi undir 2 bita.“ Óljóst.

¹⁴² Hér ætti að standa „vikinn“ eða þá „kominn.“

¹⁴³ Úttektin er í kirkjustól Miðgarða, AA/3.

Pílarí stendur einasta einstakur heill eftir, af þeim sem voru undir fremsta kórbita á norðari hlið og 1 og [annan]¹⁴⁴ vantar í pílararöðina fyrir ofan hann. Af þessum eru brotin flest liggjandi á lausu sætisbríkinni yfir innsta kirkjubitanum kvenmannamegin, og þessari brenglan hefur ekki minnst valdið hússins höllun til ofþyngsla pílarunum.

Hér að auki er bekkjarsessan förguð og frá því fyrra sterbúi, eftir sál. prestinn sr. Bóas, hefur gleymst að eftir skilja tveggja potta munk¹⁴⁵ flösku til 1 pott til vingeyslu, sem til lagfæringar stendur.

Enn framar hefur aukist við kirkjunnar skruða sá hjá prófasti, sr. Erlendi Jónssyni, greindi rauði flyts hokull með rauðfleckóttu lérefts undirfóðri, kræktur á öxlum og krosslagður á baki breiðri flekkóttri flöjels frunsu. Annað sérhvað er nú finnst eins til og áður finnst skrifað.

En umbreyting til endurbótar og kirkjunni sjálfri til uppitollunar er sú hér sjáanleg, að minnstu klukkuhalds gatið er liðugt gjört, svo hún hangir á rambhaldi sem hinar. Fjöl er aukið við prédikunarstólinn honum til rífkunar þeim megin sem hann til þilsins veit og renningi í botn hans. Áfellupartar eru tilsettir neðanvert milli kórs og kirkju, hvar áður engir voru. Höggsperrur 2 eru niður höggnar á syllu í kirkjunnar fremsta og miðstafgólfi á norðurhliðinni. Í þetta er ný mænitróða látin og sín fjöl hvörju megin reisifjalarslitri til styrks og uppþéttingar. Hér til hefur gengið temmilegur uppakostnaður, þar þakinu varð hreint burt að svipta og undir eins annað nýtt að á leggjast fyrir sóknarmanna þenustu sem fæðast skulu, þar að auk smiður að fást úr annarri átt mitt í bestu bjargræðistíð. Loksins er eitt og annað í þessari nú þegar föllnu kirkju skrapandi og hriktandi neglt og stöðvað sem með fleiru fyrir sjónir leiðir reikningurinn pro 1805 hér að neðan.¹⁴⁶

[Miðgarðar 1810]

Árið¹⁴⁷ 1810, þann 9. júní, var af okkur undirskrifuðum álitin og úttekin Miðgarðakirkja í Grímsey eftir fyrirmælum hr. prófastsins í Eyjafjarðarsýslu, séra Magnúsar Erlendssonar, að viðverandi prestinum, séra Árna Halldórssyni, sem fráfaranda en viðtakanda séra Kristjáni Þorsteinssyni, og fyrirfannst hún sem fylgir:

Framkirkja í 2 1/2 stafgólfi. Með 6 stoðum undir 3 bitum og þrennum sperrum yfir, auk tveir höggsperruleggir á norðari hlið, syllum einlægum báðu megin, með áfellum tvíauknum öðru megin en þríauknum á hina hlið, mænitróðu aukinni við hvert stafgólf, súðarnefndu á norðari hlið en reisifjöl á hinni, hvar og svo eru tvílögd¹⁴⁸ langbönd. Standþilsnefna er báðu megin, þó lélegt sé, einkum að norðanverðu, hvar ein fjöl er úr grópi gengin, en önnur brotin fyrir innsigandi hliðveggi. Bríkarsæti eru fjögur norðan til skikkanlega umbúin og einn brekkur þar að auki. Hinu megin eru 2 bekkjarsæti, og svo í skikkanlegu standi utan hvað bakþil er mikið dottið úr innra stól þar. Fjórar bekkjarfjalir eru þar fyrir framan af hverjum 2 eru þó af nöglum gengnar. Allar þessar liggja á einum ás sem tekur frá dyraþili inn til bríkarsætanna. Langstokkar eru undir sætunum báðu megin. Gólfþilsnefna er undir sætum öllum að sunnanverðu en norðan undir tveimur. Stand- og slagþil er framan undir kirkjunni skikkanlega sterkt, þó óþétt, með einum glugga sem heldur eina rúðu. 2 listar halda bakslám sætann[a] tveggja að sunnanverðu.

Kórinn afdeila 2 stafir undir bita, 2 dyrastafir af aurstokk til bita, þrepskjöldsrænningur og skornar dróttir yfir. Milli hliðstafs að sunnanverðu og þess sem prédikunarstólinn við styðst er lítill skífurenningur. Stafurinn stendur á þverslá undir hverri að aurstokknum eru þilfjalastafir allt að stólsins öðrum stuðningsstaf, sem nær frá aurstokk til bita. Yfir uppganginum í stólinn eru skornar

¹⁴⁴ Eiginlega tilgáta. Það virðist standa „1^{an}“ en mjög óljóst.

¹⁴⁵ Stendur svo.

¹⁴⁶ Reikningurinn ekki sleginn inn hér en þar kemur fram kostnaður við umræddar viðgerðir.

¹⁴⁷ Hér er farið eftir úttektasafninu í skjalasafni prófasts (Eyjafjarðarprófastsdæmi AB/1) sem víðast annars staðar er lagt til grundvallar. Önnur gerð (eða afrit) af þessari úttekt er hvorki í kirkjustól Miðgarðakirkju né vísitásiubók prófasts svo ekki er hægt að sækja neitt annað um myrka og óljósa staði. Í úttektunum frá 1810 er býsna margt óljóst, miklu ofar en þar sem merkt er „óljóst“ hér í neðanmálgreinum.

¹⁴⁸ Óljóst.

dróttir. Sjálfur hann er fimmkantaður, með brún í kring listaður upp og ofan og um þvert á þrem stöðum, á sínum fjórum köntum. Hann er negldur sunnan megin við hlið¹⁴⁹ kirkjunnar í tréstock¹⁵⁰ norðan til við staf. Lítill fótur og slá er undir honum á bekkjarfjölinni. Héðan frá til kórdrastafa halda 2 grópaðir og strikaðir¹⁵¹ listar tveimur heilum og 4 hálfpílárum. Undir neðri listanum eru 2 fjalir til aurstokks. Frá norðara kórdrastaf til hliðstafs er þil frá aurstokk til strikaðrar miðsyllu. Þaðan undir grópaðan renning standa 7 pílárar, hvar af 2 eru klofnir. Enn nú 2 upp að bita hér frá en hinir, sem áður til voru, eru burt sligaðir af kirkjunnar höllun. Yfir miðjum kórbita þeim fremri eru 9 heilir og 2 hálfpílárar upp til þverslár milli uppistandara tveggja, gegnt neðra langbands efri brún. Beggja megin þeirra er þil að bitans endum undir litlum skakkrenningum í sperrulíking. Í kórnum er standþil til beggja hliða að neðri syllum við bekkjabrúnir, og við hans fremsta aurstokks norðara enda er fjöl fúin á röð¹⁵² upp reist. Hinu megin eru 2 langbekkjafjalir með 3 slám og 2 stytum undir þeim. Bekkur við altarið og svo með 2 fjalapörtum og kassa¹⁵³ undir stytta. Dito annar við kórdrnar með brík þar á móts við. Að sunnanverðu er bríkarbekkur undir hvers efri enda er stytta og tréstycki af tröppu til uppgöngunnar í prédikunarstólinn. Þaðan er einlægur langhliðarbekkur að einum þverbekki til altarisins, með 2 fjölum. Allir eru bekkirnir hér ófóðraðir, og tilhlýðilega uppi tollandi nú sem stendur.

Altari er hér alfóðrað og á að heita með panelverki, sérdeilis óhentugu. Fyrir því er hurð með trélæsing, innan í því er lítill hilla og skápur. Eina brotna fjöl þess vantar. Yfir því er útskorið grænmálað töflutetur með spjaldi, ditto dökkleitu að innanverðu og listum allt í kring. Hálfóðruð laus gráða og prests knéfall fylgja. Í kórnum er aukið fjalagólf á 2 stöðum. Kórinn með sínum fjórum stöfum, tveimur bitum og tvennum sperrum, auk einna höggsperra, er með þessum og öllum öðrum sínum viðum eins og kirkjan í aumkunarlegu ástandi og hveru tveggju við falli búið.

Þrjú glastrúðu gluggar eru á kirkjunnar austari stafni, 2 fyrir neðan bita með 9 rúðum, hver ein tvíbrostin í öðrum,¹⁵⁴ hafa strikaða lista allt í kring; einn fyrir ofan bita, með fjórum rúðum, 2 brostnum. Gluggatetur¹⁵⁵ er fyrir ofan prédikunarstól, með 4 rúðum, einni brotinni. Auk þess er á syðri hlið kórsins fyrir ofan syllur, er og einn gluggi með 4 rúðum, ein þeirra heil, hinar tvær auknar og brotnar en ein burt og trérúða inn sett.

Ornamenta og instrumenta kirkjunnar framvísast þessi:

Messings ljósastjaki með 2 skálum og pípum og járnskarbít.

Ein stök messingspípa.

3 klukkur heilar af misjafnri stærð.

Hjónastóll með bríkum ónýtum og bakslá, hæfilegur handa fjórum manneskjum.

Ljóshaldara¹⁵⁶ tvo, annan af tré og hinn af járn, naumast brúkanlegan.

Púklud ljósalykt af blikki.¹⁵⁷

Lítill silfurkaleikur, brostinn í barmi, með patínu [af] silfri.

Rauðleitán korpóraldúk af silki, gulleitu silki undirfóðri, upplituðum vírborðakrossi með grænum skúfum með tölum á hverju horni.

Púklað skírnarfat af messing, brenglað á börmum.

Do. krús bláflekkótt af leir með tinloki.

Altarisklæði af röndóttu kalemange með léreftsdreglum mjóum á þrjú vega.

¹⁴⁹ Hér stendur orðið „fjöl“ en virðist yfirstrikað.

¹⁵⁰ Óljóst.

¹⁵¹ Óljóst.

¹⁵² Stendur svo, á e.t.v. að vera „rönd.“

¹⁵³ Verður helst lesið svo.

¹⁵⁴ Verður helst lesið svo.

¹⁵⁵ Leiðrétt úr „-tekur.“

¹⁵⁶ Hér á eftir koma nokkrir stafir ólæsilegir og virðast yfirstrikaðir, en öll þessi vísitása er torveld aflestrar og æði mörg vafaatriði.

¹⁵⁷ Þetta síðasta orð er óljóst.

Því fylgir dúkur af rauðfleckóttu katúni, með dregnu léreftsfóðri.

Altarisklæði annað af blómuðu¹⁵⁸ katúni með brúnum undirfarfa sem fullnægir til altarisdúks, fóðrað með nýlegu lérefti.

Rykkilín fornt, stungið og stoppað lítið á ermum með hnappi af beini í hálsmáli, trosnað í brydding.

Hökull af rauðu og svörtu flanjeli, lagður í kring með mislitum ullarborða, do. um hálsmál og tvílagður á öxlum. Hann hefur tvöfaldan kross á baki en einlagðan í fyrir og fóður af smágjörðum finum striga.

Annað rykkilín af þéttu lérefti, gallalaust að kalla, með hnappi af sama í hálsmálinu og trétöflu innan í.

Rauður rósaplits hökull með eins litan frunsukross á baki, fóðraður með gömlu lérefti, rauðfleckóttu.

Brúsi undir messuvín, tekur 2 1/2 pott, og þriggja pela flaska.

Kertaformur af blikk.

Hér að auki beheldur hún sínum gamla skrúðaskáp með lömum — bilað annað hjarið — og loku, læsingarlaus, skúffu, skörnum spjöldum og listum framan.

Bækur — að fráteknum þeim sem í hr. prófastsins M. Erlendssonar umsjón eru — þessar:

Biblía með blöðum, þrykkt 1747 í Kaupmannahöfn.

Graduale, 19. editio, að nýju innbundið en þó bæði defect og mikið hrörlegt, annað do., án upphafs og enda, einnig nú bundið.

Handbók brúkanleg, af 1790.

Sú¹⁵⁹ messusöngsbók frá Leirárgarða prentverki af 1801.

Barnalærdómur frá sama prentverki 1796.

Graftól:

Járnkarl vel brúkandi.

Páll ónýtur eður lítt nýtur.

Tvær varrekur og prestsspaði lítill. Do. með vari.

Kirkjunnar moldir ásamt kirkjunni allt í aumkunarlegasta standi.

Þannig er þá þessu eftir því sem hér fyrir sjónir kemur tilhlýðilega af lokið, og til staðfestu alls hér að framan skrifuðu eru okkar nöfn, á Miðgörðum þann 9. júní 1810,

Á. Halldórsson, Kristján Þorsteinsson, Þorsteinn Gunnarsson, Guðmundur Þorláksson

Anno 1810, þann 9. júní, voru Miðgarða beneficiistaðar staðarhús á Grímsey yfirskoðuð og úttekin, þegar presturinn séra Árni Halldórsson afhenti þau sínum eftirmanni eður succesori, prestinum séra Kristjáni Þorsteinssyni. Til þessa verks voru kallaðir af herra prófastinum útnefndir úttektarmenn, Þorsteinn Gunnarsson á Eiðum og Guðmundur Þorláksson á Sandvík. Þannin byrjaðist þá þetta verk í beggja prestanna nærveru og kemur þá fyrst til yfirskoðunar:

1 Badstofa, í 3 stafgólfum. Með 8 stoðum, undir fjórum bitum, með fernum sperrum yfir, með sínu langbandi á hvörja hlið — öðru megin tví- en öðru þríauknu — mænirtróðu af greni einaukinni. Upprefti af greniraftvið nema í vestasta stafgólfi er reisifjöl, meira part mokkað¹⁶⁰ og gamalt. Syllur eru til beggja hliða, einlæg öðru megin en einaukin öðru megin. Austasti bitinn er sundur sagaður, með stytum undir frá einlægum austokk að neðan. Dyrnar hafa 2 stafí, þrepskuld og hurð á járnum. Annar hliðarveggur sem austur snýr hálfur nýr en hálfur hrörlegur, hinn vestari gamall en þó stæðilegur, nú er og sá vestari stafnveggur nýuppgerður.

Upp af badstofunni er hús í hálfu öðru stafgólfi, með tvennum sperrum á tveimur bitum yfir fjórum stoðum. Hér eru og einar höggsperrur með stoðum undir. Þil er umhverfis í húsinu til stafna og hliða yfir og undir bitum, þó víða fúíð og gengið úr grópi. Mænirtróða brotin. Sitt

¹⁵⁸ Óljóst.

¹⁵⁹ Gæti átt að lesa „ný.“

¹⁶⁰ Stendur svo.

langband er á hlið hvorri, einlægt á þeirri austari en aukið á hinni, upprefti af reisifjöl í skikkanlegu standi. Við fremri gafl hússins er rúm með 3 gaflfjöllum til uppstandara, með þverslá, einum stökk og bríkum með rimlabotni. Hillur eru ennú 2 við hlið rúmsins með kröppum undir og ein lítil við gafl og 2 slíðrur. Hér er gluggi við mænir með 3 glasrúðum, þó tveimur brostnum en sú fjórða er löskuð sem fyrr og formur til annars hins vegar með listum. Veggirnir hér gallalausir að samanbornu núverandi útliti þessara húsa við lýsing þeirra í fyrri uppskrift. Vilja álitismennirnir ganga hinn mildasta veg á báðar síður, gjöra því þeim til álags 3 rd. courant. Baðstofunni fylgja enn nú 5 fjalir með þverslám til beggja enda til stoðar að framanverðu frá gólfi til bita.

2 Búrhús, 2 faðmar. Með 2 stöfum undir einlægum bita og dverg, til einlægs mænirás einauknum vegglægjum. Upprefti af þéttlögðu greni, þó gömlu og morknuðu.¹⁶¹ Dyrnar hafa 2 stafir, dyrutré og þénlegt árefti til syllu, hillufjöl og fjalahurð á járnum með hespu og keng. Annar stafn og hliðarveggur nýr en hinn stæðilegur. Austurstafnveggur nokkuð rotinn. Hér gjörist álag 1 rd., 32 sk.

3 Eldhús í þremur stafgölfum. Með 2 bitum, tvennum sperrum, langböndum¹⁶² til beggja hliða í fremsta stafgólfi en annarrar í þeim innri tveimur. Upprefti af sémilegu greni. Veggir umhverfis skikkanlega stæðilegir en þó er skúti eður bringur nokkur á syðri stafnvegg og lítið skot niður hjá hlóðarsteini í austari hliðvegg. Sökum þekktanlegrar endurbótar sem þetta hús hefur fengið þykjast úttektarmennirnir ekkert álag gjört geta þegar presturinn, sr. Árni, tilleggur því eftir loforði fjórum stoðum undir þess báða bita, hvar með sá viðtakandi prestur, séra Kristján Þorsteinsson, gjörir sig ánægðan.

4 Göng frá baðstofudyrum til skellidyra, hér um 7 álnir að lengd. Með 2 bitum, dvergunum, stoð undir þeim fremri, einauknum mænirás, hvers fremri parts fremri endi stendur á dverg yfir skellidyranna yfirtré, undir hverjum 2 stafir eru. Upprefti er hér sumpart af gömlu, sumpart af nýju greni en öðru megin frá baðstofudyrum til miðbita að áreftinu fallin. Veggir eru stæðilegir. Álag gjörist hér 1 rd.

5 Göng frá skellidyrum til búrdyra, circa tveir faðmar. Með sama formi og útliti eins og úttektin af 1803 sýnir, þó nú hafi nokkra fyrning fengið. Veggir sémilega stæðilegir. Álag 16 sk.

6 Göng sem liggja þaðan til bæjardyra, 2 faðmar á lengd. Með einlægum mænirás milli tveggja bita og tveimur þverspýtum, skikkanlegt upprefti af greni, þó vantar hér 2 rafta. Veggir; annar sémilegur, annars 2/3 partar ónýtir. Álag gjörist hér í þessu tilliti 64 sk.

7 Bæjardyr í tveimur stafgölfum. Með 6 stöfum undir 3 bitum, með þrennum sperrum yfir, einlægum syllum, upprefti af skikkanlegu greni nema hvað úr hafa dottið 5 smáraftar. Veggirnir hér til beggja hliða sémilegir en stafnveggurinn er svo fast og þungt lagstur á innstu sperrum að hann hrindir fram öllum dyrunum, svo líklegt er að ei megi lengi bíða þeim að róta. Hér til gjörist álag 1 rd., 16 sk. Slagþil er hér yfir og undir bita, nokkuð gisið, dyrustafir með hurð á járnum og tréklínku.

8 Skemma í 3 löngum stafgölfum. Með 8 stöfum undir fjórum bitum, með fernum sperrum yfir einlægri syllu öðru megin en einaukin hins vegar, sínu þríauknu langbandi á hvörja hlið, þríaukinni mæðitróðu, upprefti af sémilega góðu greni. Standþil framan undir, 2 dyrustafir frá aurstokk til bita, með þverfjöl yfir dyrum og lítilli hillu, samt þrepskildi, hleragat er á þilinu með hlerahurð á járnum. Inngangs dyrunum fylgir hurð á járnum með skrá, lykli og keng. Álag gjörist hér 1 rd.

9 Fjánhús fyrir 20 kindur í sama ásigkomulegi, sem næst fyrri gjörð uppskrift segir. Þessu húsi leggst og svo til uppbótar kofi suður frá með hliðarjötu, fyrir einar 9 kindur.

10 Höfðahús, 7 álnir á lengd. 2 bitum, stoðum undir dvergunum yfir á hverjum, undir mænirás, lítið auknum og að ölu leyti í sama ásigkomulagi sem fyrr, 2 dyrastöfum, hurð á járnum, þrepskildi og dyratré, hespu og keng. Þó hús þetta hafi við þaks og dyranna hækkun nokkra endurbót fengið nefnast hér þó í álag 16 sk.

¹⁶¹ Eða „morknuðu.“

¹⁶² Leiðrétt úr „langmöndum.“

Í þessu hér að framan skrifuðu höfum við undirskrifaðir samþykkir orðið, á Miðgörðum, þann 9. júní 1810,

Á. Halldórsson, Kristján Þorsteinsson, Þorsteinn Gunnarsson, Guðmundur Þorláksson

[Miðgarðar 1812]

Anno 1812, þann 7. júlí, voru Miðgarða beneficii staðar hús í Grímsey yfirskoðuð og úttekin, þegar presturinn séra Kristján Þorsteinsson afhenti þau sínum eftirmanni eða successori prestinum séra Eiríki Þorleifssyni. Til þessa verks voru kallaðir og útnefndir til úttektarmanna hreppstjóri Tómas Steinsson á Borgum og bóndinn Guðmundur Þorláksson á Sandvík. Þannin byrjar þá þetta verk í beggja prestanna nærveru, og kom þá fyrst til yfirskoðunar:

1 Baðstofa, í 3 stafgólfum og öllu sama formi og úttektin af 1810 lýsir, utan ein reisifjöl brostin og langband við sperru í vestasta stafgólfi og fácinum röftum fúnum á annarri hlið. Veggir sæmilegir.

Upp af baðstofunni er hús í sama standi og áminnst úttekt vísar. Húsinu fylgja og svo rúm í sama standi, með syllum yfir rúmi og höfðagafla og slíðrum tveimur, glugga do. Húsinu fylgir hurð á járnum. Baðstofunni fylgja enn nú 5 fjalir með þverslám til beggja enda til stoðar að framanverðu frá gólfi til bita. Álag mest hér á 3 rd. og 32 sk.

2 Búrhús í sama formi og úttektin af 1810 lýsir, utan 1 raftur fúinn á syðri hlið. Hér er og svo í bætt nokkrum röftum nýjum. Veggir stæðilegir. Húsinu fylgir fjalahurð á járnum með hespu og keng. Álag gjörist ei hér á nær tillagður er raftur fyrir þann fúna.

3 Eldhús í öllu sama standi og fyrr segir, utan hvað það hefur fengið 4 stoðir, undir sína 2 bita. Veggir do. sæmilegir. Álag gjörist ei hér á.

4 Göng frá baðstofudyrum til skellidyra, í sama formi og áminnst úttekt vísar, utan hvað þau hafa fengið marga rafta væna og nýja. Veggir stæðilegir.

5 Göng frá skellidyrum til búrdyra, í sama útliti og formi, sem oftnefnd úttekt vísar, utan 2 raftar fúnir. Veggir stæðilegir. Álag 16 sk.

6 Göng sem liggja héðan til bæjardyra, í góðu standi, ný uppgjörð. Veggur annar nýr, hinn stæðilegur.

7 Bæjardyr, í sama formi og útliti sem áminnst úttekt sýnir, utan hvað nokkrir raftar eru fúnir. Veggir til hliða stæðilegir, stafnveggur vænn og nýr. Dyrnar með dyrastöfum, aurstokk, hurð á járnum og tréklínku. Álag 32 sk.

8 Skemma, að öllu leyti eins og uppskriftin af 1810 ávísar. Álag 1 rd.

9 Fjánhús fyrir 20 kindur í skikkanlegu standi að veggjum og viðum utan vantar 2 rafta. Þó leggst því til uppbótar kofi suður úr því fyrir 9 kindur, og er þá húsið í besta standi.

10 Höfðahús, í öllu sama standi og fyrr. Álag 16 sk.

Á þessu öllu hér að framan skrifuðu höfum við undirskrifaðir samþykkir orðið, á Miðgörðum þann 4. júlí 1812.

Kristján Þorsteinsson, Tómas Steinsson, Guðmundur Þorleifsson, Eiríkur Þorleifsson

Anno ut supra, þann 8. júlí, þegar beneficii hús á Miðgörðum í Grímsey voru degi áður allareiðu uppskrifuð af hreppstjóra, mr. Tómasi Steinssyni, kom prófasturinn, M. Erlendsson þangað og áleit þá forretting, við hvörja ekkert er sérdeilis athugasvert, þar sá til- og frátrædende eru sáttir, einasta bestendur álagið heilu staðarins húsa í 5 rd., hvar upp í útleggst:

1 Skemma fyrir sunnan bæjardyr, 2 stafgólf að lengd, með tilhlýðilegum undir- og yfirviðum, samt þili framan undir, með hurð, hespu og keng, virt 2 rd.

2 Trossa, 32 faðmar, 1 rd., 48 sk.

3 Hurð fyrir eldhúsi, með hespu og keng og dyrustöfum, 48 sk.

4 Contant, 1 rd.

Hvar við álaginu er lokið.

Staðnum fylgjandi þremur kúgildum fullnægist hér að auki með:

- 1 6 ám, undir prófastsins varðveislu í landi, sem presturinn tekur leigu eftir in natura.
- 2 6 do. loðnum og lembdum í eigin hönd afhent af fratrædende.
- 3 Í contant 12 rd. sem hreppstjórinn, mr. Tómas Steinsson, er ansvarlegur fyrir að sem best användist. Þetta í fylgi af bréfi til prófastsins frá Norður- og austur Íslands amtscontoir 4. s.m. Loksins afhendist prestinum, sr. Eiríki, Hreppstjóra instrux sem prestakallinu á að fylgja, við hverju hann upp á hr. amtmannsins S. Thorarensens orð og ansvar eftir næst eða allegeruðu bréfi nú tekur af prestinum, sr. Kristjáni Þorsteinssyni, svoleiðis sem hér að framan skrifað standa, með fullri kvittering.

Actum ut supra,
Magnús Erlendsson sem samþykkur; E. Þorleifsson, Kristján Þorsteinsson; Tómas Steinsson, Guðmundur Þorláksson

Anno 1812, þann 7. júlí, var af okkur undirskrifuðum álitin og úttekin Miðgarðakirkja í Grímsey að viðverandi prestinum séra Eiríki Þorleifssyni sem viðtakandi og séra Kristjáni Þorsteinssyni sem fráfarandi og fyrirfannst hún sem fylgir:

Hún er í sama formi og útliti sem uppskriftin af 1810 henni lýsir, utan hvað hún árlega gengur til hrönnunar, einkanlega á norðari hlið, eitt stafgólf yfir kórðyrum mikið inn sigið að reisifjölinni og fallið, og hlið sú öll mikið vesæl. Yfir altarinu í kórnum er og svo brotin og inn sigin ein fjöl. Í framkirkjunni hafa sigið niður að norðanverðu tvær hliðfjalir með bakslám sætanna, fyrir það sem veggurinn leggst á kirkjuna. Á milli höggsperranna í kórnum er sett ný slá með stykkjum litlum undir til stuðnings sem annars hefðu inn brotnað fyrir það sem súðin og þekjan á þær leggst.

Ornamenta og instrumenta kirkjunnar sem framvísast eru þessi:

Messings ljósastjaki með tveimur skálum og pípum og járn skarbit.

Ein stök messings pípa.

3 klukkur heilar, af misjafnri stærð, í þá stærstu hefur verið látin ný rambalda með slá.

Hjónastóll með bríkum ónýtum og bakslá, fyrir 4 menn.

Ljóshaldaranefnur tvær, önnur af tré, hin af járn, naumast brúkanlegar.

Púklud ljóslykt af blikk.

Lítill silfurkaleikur brostinn í barmi með patínu gylltri, röndóttum korpóraldúk af silki, gulleitu silki undirfóðri, upplituðum vírbordakrossi með grænum skúfum með tölum á hvörju horni. Dúkurinn annars ónýtur.

Annar nýr af rauðu rósasilki damaski, með svörtum fliels borða krossi og vír utan, með grænum silkiskúfum í hvört horn, fóðraður með hvítu lérefti.

Baksturöskjur.

Púklað skírnarfat af messing, brenglað á börmum.

Do. krús, bláflekkótt, af leir, með tinloki.

Altarisklæði af röndóttu kalemange með lérefts dregli mjóum á þrjá vega, því fylgir dúkur af rauðflekktu katúni, með dregnu léreftsfóðri.

Altarisklæði annað af blómuðu katúni, með brúnum undirfarfa sem fullnægir til altarisdúks, fóðrað með nýlegu lérefti.

Rykkilín fornt, stungið og stoppað á endum, með hnappi af beini í hálsbrydding.

Hökull af rauðu og svörtu flanjeli, lagður í kring með mislitum ullarborða, do. um hálsnál og tvílagðum á öxlum. Hann hefur tvöfaldan kross á baki en einlagðan í fyrir og fóður af smágjörðum fínnum striga.

Annað rykkilín af þéttu lérefti, gallalaust að kalla, með hnapp af sama í hálsnáli.

Rauður rósafnuts¹⁶³ hökull, með mislitum frunsum, kross á baki, fóðraður með gömlu lérefti.

Brúsi undir messuvín, tekur 2 1/2 pott og þriggja pela flaska.

Kertaformur af blikk.

Skrúðaskápur, að öllu leyti eins og sú næsta uppskrift sýnir.

¹⁶³ Stendur svo.

Bækur, að frátöldum þeim sem í hr. prófastsins sr. M. Erlendsson umsjón eru, þessar:
Biblía þrykkt 1747 í Kaupmannahöfn, bundin af sr. Árna Halldórssyni, hvört band þó er hreint ónýtt og skakkt fest inn og límt á blöðin pappír svo ei verður lesið.

Graduale, 19. editio, defect og laust í bandi en í landi í bandi, annað do. án upphafs og enda, allt í blöðum.

Handbók af 1750, laus í bandi og eru í landi í aðgerð.

Vænn grallari nýbundinn, ný tillagður kirkjunni.

Nýja messusöngsbókin frá Leirárgarða prentverki af 1801.

Barnalærdómur af 1796.

Graftól:

Járnkarl vel brúkandi.

Páll ónýtur eða lítt nýtur.

Varreka og önnur varlaus, til hvörrar séra Árni lofaði vari nær hann frá fór og var tekið trúanlegt en ei komið enn.

Prestsspaði með varnefnu.

Væn reka með vari, ný tillagt.

Kirkju moldir, ásamt kirkjunni, allt í aumkunarlegasta tilstandi.

Þannig er þá þessu, eftir því sem fyrir sjónir kom, tilhlýðilega af lokið, og til staðfestu alls hér að framan skrifaðs eru okkar nöfn, á Miðgörðum þann 7. júlí 1812,

Kristján Þorsteinsson, E. Þorleifsson; Tómas Steinsson, Guðmundur Þorláksson

[Aftan við þessa úttekt er bætt við ýmsu um fjárhag kirkjunnar, m.a. portionsreikningar hennar 1810 og 1811. Þessu er að mestu sleppt hér en tekið með það helsta sem snertir viðgerðir á kirkjunni og hlut Tómasar Steinssonar í að hlynna að kirkju og prest:]

Nú strax í sumar með tilsjón og með fylgi hreppstjórans, mr. Tómasar Steinssonar, að setja mænríróðu og reisifjalarparta í 3 innstu stafgölf kirkjuhússins með fleiru sem í þeim parti styrkjast þarf, svo það ekki gjörsamlega inn detti. Sömuleiðis lagfæra þær niður hlaupnu fjalir með sætabekkjunum í framkirkjunni. Til mælir prófasturinn vinsamlega, að bændurnir þetta verk framkvæmi á eigin kostnað vegna þessa vesæla húss, að því leyti sem verkið áhrærir, en trjáviðurinn verði betalaður af kirkjunni eftir reikningi.

[Hér er sleppt yfirliti yfir reikningana en komið að viði sem kirkjan á]:

En hreppstjórinn mr. Tómas Steinsson á Borgum hefur að vakta upp á að þetta sem reglulegast til gangi og tilsjá, svo vel að viðar safn þetta, allareiðu tilfallnar spýtur í Grenivík 15 og 9 álnir að lengd, sömuleiðis tré í Sandvík og á Bášum geymdar 2 spýtur alls af kirkjunnar rekaplássum, varðveitist og hirðist um sinn að engar stórskemmdir lýði. Að síðustu meðtekur presturinn, séra Eiríkur Þorleifsson, sálmaregistur, ministerial- og dokumentarbók sundurlausa, með öðru því sem kirkjunni er hér að framan talið. Þessu fylgir máldagi kirkjunnar og útskrift af beneficíi hlunnindum. Vegna prestsins, séra Eiríks, nærverandi sárt aumkunarverðu kringumstæða anmodar prófasturinn hann að hafa sér hliðhollan hreppstjóran, mr. Tómas, og fylgja hans góðu ráðleggingum, hvörjum og hér með felst á hendur að hafa tilsjón með prestinum fyrir kirkju og staðar besta, að ekkert þeim viðkomandi fyrir forsómunar sakir fari að ólestri.

Actum ut supra,

Magnús Erlendsson, Eiríkur Þorleifsson, Kristján Þorsteinsson, Tómas Sveinsson

[Miðgarðakirkja var endurbyggð 1817 og 1818 en ekki hefur fundist afskrift af úttekt hennar nýbyggðar, þannig að fyrsta lýsing á henni, sem nú er til, er frá 1827].

[Miðgarðar 1827]

Úttekt staðar og kirkju á Miðgörðum í Grímsey eftir ordre frá herra cancelliráði Briem, af 21. maí 1827, og bréfi hr. prófastsins, séra Magnúsar Erlendssonar, sama dato, byrjuð þann 16. júní en enduð þann 23. sama mánaðar:

Kirkjan, í fjórum stafgólfum. Með 5 stöfum hvors vegar, 5 bitum og 5 sperrum yfir, stokksyllum auknum í miðju, áfellum tvennum, langböndum hvors vegar, af hvörjum tvö eru brotin. Á sömu hlið mænirtróða, aukin á milli sperra, reisifjöl af greni. Húsið var byggt árið 1818 af nýjum viðum, nema fimmta stafgólf sem var byggt af því gamla stafnpili kirkjunnar. En nefnd reisifjöl að norðanverðu er aldeilis ónýtt af fúa og meiri partur að sunnanverðu stórgallað. Á kórbaki er gafflveggur hlaðinn af torfi upp að syllum en þil fyrir ofan bita. Slagþil framan undir, yfir og undir bita. Hurð með nýrri skrá og lykli, lömum og kopar hringur á hurðinni og lauf fyrir skráargati.

Kirkjan er alþiljuð innan, með standþili undir syllum með báðum hliðum og fyrir kórgefli undir bita, samt með aurstokkum undir allt um kring. Þilið er nýlegt og stæðilegt allt um kring. Fjalagólf er í kirkjunni allri í sémilegu standi, nema gisið og vanfellt í hálfum kórnum og 5 slár undir. Kórinn er hálf tannað stafgólf afdeildur með 5 stöfum og bita yfir, slá í miðju fyrir neðan bita að norðanverðu og þil upp að miðju en vantar pílára þar fyrir ofan upp að bita. Að sunnanverðu hjá prédikunarstól vantar slá, þil og pílára.

Altari fornt og lélegt með strikuðum ráfum að framanverðu og á báðum hliðum, fódrað á bak til niður að miðju með gráðu fyrir. Prédikunarstóll fornfálegur og gamall, lítt vandaður að smíð. Í kórnum eru ófóðraðir bekkir umhverfis og sinni brík hvörju megin dyra. Fimm sæti að norðanverðu með bríkum og bakslám, krókbekkur við kirkjudyr með brík fyrir, lítill bekkur við kórdir sama megin og brík fyrir, langslá undir sætum báðu megin. Sunnan til eru 3 sæti með bekkjum og bakslám og þrjár bekkir fyrir framan til kirkjudyra. Bekkur undir prédikunarstól með brík fyrir. Fyrir kirkjunni að framan og aftan eru tvennar vindskeiðar fornar. Yfir altari er gluggi með níu smárúðum, einni brostinni og mjög svo lélegur, do. á syðri hlið í kórnum með 6 smárúðum tvær brostnar þar af og allur lélegur. Do. lítill gluggi yfir prédikunarstól með tveimur smárúðum, önnur brotin, og álist lítt nýtur. Do. yfir kirkjudyrum, með fjórum rúðum, ein af þeim brostin, ein önnur brotin og vantaði.

Hjónastóll fylgir kirkjunni, ný smíðaður og í góðu standi. Fóðurfjalir vanta undir bekki í kirkjunni umhverfis en allir undir- (eða máttar-) viðir, nefnilega stafir, syllur, bitar og sperrur álist í standi, einnig áfellur og mænirtróða nema í einu stafgólfi hvortveggja vatnsrunnið og nokkuð fúíð.

Til að gjöra kirkjuna í stand upp á hvað súð rjáfursins áhrærir sýnist trjáviðar kostnaður verða upp á 60 rd.

Það vantandi veggjafóður umhverfis undir bekkjum, er metið álag þar fyrir 4 rd., 64 sk.

Áður umgetið vantandi milli kórs og kirkju þil og píláraverk gjörast álag fyrir upp á 2 rd.

Fyrir galla og brostfeldugheit á gluggum kirkjunnar gjörast álag 2 rd.

Upp í framanskrifað álag tilleggur fráfarandi prestur nýsagaðan borðvið, virtan á 19 rd.

Ornament og instrument kirkjunnar:

- 1 Klukka á ramböldum, í minna lagi af meðalstærð, ógölluð og sémilega hljóðgód.
- 2 Tvær litlar klukkur, önnur þeirra og svo á ramböldum, bætilega hljóðgód.
- 3 Ein kertapípa af kopar, heil og ógölluð en gömul. Í stað annarrar lítill ljósaplata af látúni nærri ný. Gömul og ryðguð ljósasöx.
- 4 Ljósastjaki með tveimur krónum, áður illa saman settur og bæklaður, enn nú af sér genginn og hreint óbrúkanlegur.
- 5 Lítil silfurkaleikur með patínu af sama, gylltri. Annar með tveimur korpórolum, krossmerktur, með fjórum skúfum í hornum og fjórum tölum í öðrum sem báðir eru fornfálegir.
- 6 Rykkilín úr grófu lérefti lappað í einum stað og lítið brostið við saum, álist þó í góðu standi.
- 7 Annað rykkilín af meðallérefti víða með ryðblettum og smágötum.
- 8 Hökull úr rauðu rósaplussi, með mislitu léreftsfóðri bættu (í þrem stöðum) með röndóttu lérefti, krosslagður á baki með mislitri frunsu.
- 9 Anna hökull svartur og rauður úr flaneli, fódraður með óbleiktum smástriga og bætt með lérefti, krosslagður brjóst og bak, samt umhverfis með mislitum ullarborða.

10 Altarisklæði dökkleit, þrykkt af sirts,¹⁶⁴ gamalt og slitið, með hvítu léreftsfóðri og einum lappa á en heilt og ógallað að öðru.

11 Annað altarisklæði nýtt, úr finu sirts, grænt, með mislitum smárósum, gefin kirkjunni af Jóni Jónssyni á Ytri-Grenivík hreppstjóranum.

12 Dúkur ofan yfir altari af rauðþrykktu lérefti, með bláhvítum krossi og bættu fóðri af rauðröndóttu lérefti, gamalt og haldlítið.

Hér að auk á kirkjan skírnarfont af messing, rústaðan og skemmdan á börmum, og bláflekkóttu leirkönnu með tinloki, þar með ljóslykt af þjátri, gamla og rústaða.

Í bókum á kirkjan:

Vaysenhúss Biblía nýbundin, upp á hvörrar band presturinn, séra Sveinn Jónsson, hefur kostað 2 rd., 48 sk., sem hann á inni hjá kirkjunni.

Do. engelsk Biblía ógölluð, í bandi og er í láni hjá bóndanum Halldóri á Básam.

Eitt Nýja testamenti upp úr bandi, er í láni hjá meðhjálpara Sigurði á Sandvík.

2 grallarar, annar nýbundinn en vantar tvö blöð að framan og tvö blöð að aftan en í standi að öðru, hinn nokkuð lasnari.

Ný sálmabók í góðu standi.

Handbók linuð í kjöl, þó samt brúkanleg.

... ingir¹⁶⁵ Balle barna lærdómur rifinn og bæklaður.

Skrúðaskápræfill í hvörs stað fráfarandi prestur lofar öðrum nýgjörðum, er hann til vísar hjá Halldóri á Básam.

Graftól á kirkjan: Lítinn pál, 2 rekur varlausar og eina með vari, þar til járnkarl í standi.

Veggir kirkjunnar nýbyggðir en niður signir, metast þar fyrir of lágir en að öllu stæðilegir. Kirkjugarðurinn lágur, víða hruninn og mestpart ógildur.

Ljós, vín og bakstur:

Vín hefur sá fráfarandi prestur eftir skilið 5 pela og 50 oblátur. Til að geyma í messuvín tvær þriggja pela flöskur og litlar bakstureskjur, til lýsingar 10 kerti og 6 er lofast til viðbótar frá hreppstjóra Jóni Jónssyni.

Af kirkjunnar þremur ásauðar kúgildum hefur presturinn, séra Eiríkur, afhent séra Sveini Jónssyni 12 ær með lömbum, hverjar sá viðtakandi antekur gildar, en fyrir það þriðja segist presturinn sr. Eiríkur meðtekið hafa fyrir afhendingu héraðsprófastsins, herra Magnúsar Erlendssonar, 12 bancoseðla, hvörja hann tjáir sig geymt hafa frá 1812-1814, þá skrifleg anordning kom út hingað frá herra cammerráði Briem, að allir sem bancoseðla í eigu og undir hendi hefðu skyldu þegar í stað senda þá hr. cammerráðinu til framsendingar, sem þá úr gildi gengna og segist þar eftir meðtekið hafa 2 rd. seðla¹⁶⁶ aftur í hinna stað, og hafi til kynna gefið hans velæruverðugheitum, hr. prófasti, og uppástendur að svara ei meiru en 2 rd. n.v. fyrir nefnt ásauðar kúgildi, hvar upp á presturinn, séra Sveinn Jónsson, spurði í úttektarmanna og meðhjálpara, Sigurðar Magnússonar nærveru, hvort presturinn sr. Eiríkur þá ekki framar vildi svara til þess þriðja kúgildis utan þessum 2 rd., hvörju hann neitaði þar til hann hefði fyrirspurt sig á hærri stöðum. Þá til bauð presturinn séra Sveinn að antaka 12 rd. n.v. fyrir áður greint kúgildi og upprita það strax og fráfarandi prestur neitar ei þeim að svara, nær háyfírvöldin það honum ákvarða og uppáleggja.

Summa [álags] 68 rd., 64 sk.

Auk áður umgetins Biblíuláns hefur presturinn séra Sveinn innkeypt hjá kaupmanni hr. Thyrrerup 2 1/2 pott messuvíns, 1 rd., 4 sk., og 40 oblátur, 16 sk.

Áður tilgreint Biblíuband 2 rd., 48 sk.

Allt svo á hann hjá kirkjunni 3 rd., 68 sk.

¹⁶⁴ Óljóst, gæti átt að lesa „sarts.“ Nöfn á klæðaeftum eru talsvert á reiki í úttektum og vísitásium og oft óvíst um rithátt.

¹⁶⁵ Óljóst.

¹⁶⁶ Eftir gjaldprot Danaríkis 1814 var tekin upp ný mynt og fengu menn þá 1 rd. í nýrri mynt fyrir 6 rd. í af gömlu peningunum. Gjaldprot ríkisins olli mikilli óreglu í peningaviðskiptum um langt skeið.

Portionsreikning kirkjunnar kvaðst hann ei geta fram vísað þar hann væri á undan sér í land kominn.

Úttekt Miðgarðs prestakalls utan- og innanbæjarhúsa

1 Baðstofa, 7 1/4 alin á lengd, 3 á breidd, 4 1/2 á hæð, í þremur stafgólfum. Með 8 stöfum, sumir nýir en sumir eldri, tveimur bitum og lausholtum — annað aukið — 4 sperrum, ein langbönd og áfella á syðri hlið og reisiraftar yfir flestir nýir en norðari hlið með áfellum og þéttu langrefti, mestallt af nýju greni. Húsið prófast að vera rétt og ótilgengið og stæðilegt að viðum og veggjum. Dyrastafir og sín þilfjöl hvörju megin, hurð á járnum með klinku fyrir. Þessi partur baðstofunnar er nýbyggður og sýnist ei álags þurfa.

2 Afþiljað hús við baðstofuenda, rúmar 4 álnir á lengd, 3 1/4 álnir á breidd, 4 1/2 á hæð. Með 6 stöfum, tveimur bitum, stokksyllum, þrennum sperrum, einum langböndum á hvorri hlið, fjöl og mjótt bak í mænir. Húsið er ei byggt að öllum viðum og þiljað í rjáfri, annar hliðveggur nýbyggður en stafn og hinn hliðveggur gamall, þó vel stæðilegur, en þar fráfarandi prestur ekki var búinn að byggja að innan, svo fyrir vantandi þil umhverfis og rúms umbúningur er fylgja á, samt vantandi glugga, gjörist álag 8 rd.

3 Göng frá baðstofudyrum að kofa eða litlu eldhúsi, 4 álnir á lengd. Með mænirtróðu, árefti sumu fúnu en sumt nýtt. Veggir stæðilegir annars vegar en hinn í einum stað klofinn, moldrunninn og farinn að snarast inn, en þó nokkuð af honum skárra. En fyrir brostfeldugheit á veggnum og nokkurn víða lasleika gjörist álag 64 sk.

4 Eldhús, 4 álnir á lengd, kortar 3 á breidd, 4 1/2 á hæð, með nýjum bita og dverg á undir aukinni mænirtróðu, árefti annars vegar af þéttum greniraftvið og hinum megin að hálfu leyti en hitt gisreft. Annar hliðveggur nýr, hinn gamall og slútir nokkuð inn, gaflveggir stæðilegir. Ofan á hliðvegg og vantandi rafta á hálfri hlið gjörist álag 48 sk.

Hurð á járnum og dyrastafir sem húsinu áður ekki tilheyrði er metið mót framan tilgreindu álagi 48 sk.

5 Annað eldhús, 5 álnir á lengd, fjórar á breidd, 4 á hæð. Með einum bita í miðju, tveimur ásum og dvergum undir á bita, tilhlýðilegt upprefti af greni og húsið stæðilegt að viðum og veggjum. Þessi bæði eldhús eftir því sem þau nú bæði fyrir koma og metast í standi í staðinn fyrir það eldhús sem áður fylgdi.

6 Búrhús, 5 álnir á lengd, 3 á breidd, 3 á hæð. Með einum bita í miðju og tveimur stöfum undir einlægum ás og dvergur undir á bita, fúinn og ónýtur raftviður, veggleggur fúnar. Annar stafn og hliðveggur nokkuð moldrunninn en þó stæðilegur en hinn stafnveggur næstum fallinn. Dyrastafir með hurð á járnum, hespu og keng fyrir. Þess húss álag er metið á 8 rd.

7 Göng frá nr. 4 til nr. 6 (sem er frá því minna eldhúsi til búrdyra), 6 álnir á lengd, 1 1/2 á breidd. Með þremur bitum og aukinni mænirtróðu, upprefti lasið og fúíð. Gangnákrokur þar við (fram af eldhúsi) 3 álnir á lengd, með einni mænirtróðu og gisreftur. Fjögra álna langur veggpartur stæðilegur en hitt næstum fallið. Annar gangnartur til bæjardyra, 5 1/2 alin á lengd, 1 1/2 alin á breidd. Með 5 þverroftum yfir og langrefti ofan á. Annar hliðveggur fallinn en hinn nokkuð skárri, þó ekki stæðilegur. Fyrir þennan veggja og víða lasleika gjörist álag 10 rd.

8 Bæjardyr frá göngum til útidyra, 5 álnir á lengd, 3 á breidd, 5 á hæð. Með þremur bitum, 6 stöfum, syllum báðu megin, þrennum sperrum og aukinni mænirtróðu, einum langböndum, gisið og grannt upprefti en ekki mikið fúíð. Gallað og lasið standþil framan undir, dyra umbúningur með hurð á járnum. Stafn og annar hliðveggur stæðilegur en hinn siginn fram að ofan. Gjörist svo álag á bæjardyrnar 3 rd.

9 Skemma sunnan við bæ, 9 álnir á lengd, þrjár á breidd, fjórar á hæð, í þremur stafgólfum. Með 8 stöfum, 4 bitum, fernum höggsperrum, einlægri syllu annars vegar en syllu í tveimur stafgólfum hinu megin. Ein langbönd á hvorri hlið, brotin mænirtróða og sperruleggur, upprefti grannt, fúíð og sumt ónýtt, biti og annar hornstafur ónýtur. Slagþil framan undir skekkt og gallað, dyra umbúningur með hurð á járnum, skrá og snúnum lykli. Annar hliðveggur skemmunnar fallinn.

Fyrir stórmikinn viða lasleika og fallinn hliðarvegg gjörist álag þar húsið þarf bráðlega aðgjörð, 9 rd.

10 Geymsluhús niður á Höfða, 6 álnir á lengd, 3 1/2 á breidd, fyrir hvört að byggist húskofi í sömu tóft, lítil skemma heima á hlaði, gölluð og hrjáleig, lítil kindakofi út á velli og hjallás, með hvað viðakandi prestur gjörir sig ásáttan fyrir tilgreint hús.

11 Fjárhús fyrir 12 ær. Með tveimur ásum, fjórum stoðum undir, fjórir máttarraftar á hlið og annað upprefti lélegt. Húsið er stytt að fjórða parti en kofi austur úr húsinu í stað þess affellda parts en lasinn. Til uppbotar að öðru tilleggst hlöðukofi suður úr húsinu, vesæll að viðum og annar trjáviður eftir þörfum. Jarðarhúsanna álags summa 39 rd., 16 sk.

Upp í framanskrifaða álagssummu hefur presturinn, séra Eiríkur, afhent eftir fylgjandi:

- 1 Áður umgetinn dyra umbúningur til nr. 4, 48 sk.
 - 2 Bátur lítill, með þremur árum, ekki sjófær, virtur 4 rd.
 - 3 Hjallás, 13 álnir á lengd, 4 rd.
 - 4 Trjáviður í Syðri-Grenivík, 5 rd., 56 sk.
 - 5 Trjáviðarrusl og annað ýmislegt á Miðgörðum, 10 rd.
 - 6 12 pund fiðurdúns hjá meðhjálpara Sigurði á Sandvík, do. 10 pund hjá Kristjáni Sigurðssyni á Básum 4 rd., 16 sk.
 - 7 Í skinnklæðum 2 rd., 32 sk.
 - 8 Gömul og útslitin handvaðstrossa, 56 sk.
- Summa 31 rd., 16 sk.

Allt svo standa eftir hjá prestinum, séra Eiríki, 8 rd. sem hann skal hafa betalað fyrir næstkomandi Michelsmessu. Svo og afsakar nefndur presturinn, sr. Eiríkur, sig frá að svara til kirkjunnar viða brestfeldugheita fremur en áður um getnum 19 rd., þar hún sé nú sjáanlega í betra standi en þá hann við tók.

Kirkjunnar ministerialbók eftir því nýja formi hefur presturinn séra Eiríkur áður afhent.

Þessu framan og ofan skrifuðu til staðfestu eru undirskrifaðra nöfn, að Miðgörðum þann 23. júní 1827,

Sveinn Jónsson prestur; Eiríkur Þorleifsson prestur; eftir ordre frá herra cammerráð Briem undirskrifa sem úttektarmenn Jón Jónsson hreppstjóri, Jón Jónsson bóndi á Syðri-Grenivík; sem viðverandi álitsmenn Sigurður Magnússon meðhjálpari, Jón Alexandersson bóndi á Hóli í Fjörðum

[Aftan við úttektina er klausa um skuldaskipti prestanna Sveins og Eiríks].

[Miðgarðar 1828]

Eftir bréflægri skipan cammerráðs og sýslumanns, herra G. Briem, ef 11. október 1828, samt frá héraðsprófasti, herra Magnúsi Erlendssyni, komum við undirskrifaðir saman að Miðgörðum í Grímsey þann 20. s.m. til að fyrir taka löglega skoðunar-, virðingar- og úttektargjörð á kirkju og staðarins innan- og utanbæjarhúsum og innstæðu kúgildum, þá presturinn séra Páll Tómasson tók við stað og kirkju með þar tilheyrandi inventaria af þeim þá burtvikna presti séra Sveini Jónssyni eða í hans stað tilteknum manni, eftir gefinni fullmagt, og er svo hljóðandi sem eftirskrifað sýnir:

Kirkjan er tæpar 11 1/2 alin löng, 4 3/4 alin breið, 5 1/2 alin há, í fjórum stafgólfum. Með 10 stöfum, öllum brúkanlegum, 5 bitum, af hvörjum fjórir eru fúnir og vatnsrunnir inn á sperrutær á norðursíðu og nokkuð skemmdir á syðri hlið, en einn ógallaður. Á bitana gjörist álag, 6 rd.

Fimm sperrum yfir, öllum brúkanlegum. Stokksyllum auknum í miðju en brúkanlegum. Áfellum með báðum hliðum, nokkuð fúnar, helst á norðursíðu. Tvenn langbönd á hvorri hlið, af hvörjum helmingur er hreint inn brotinn og ónýtur en hitt svikkað¹⁶⁷ og lítt nýtt. Mænrtróða aukin

¹⁶⁷ Stendur svo, sbr. danska: svække.

í miðju og álist ónýtt. Reisifjöl af greni, fúin og fallin inn. Svo á rjáfur og yfirgrindina alla gjörist álag, 70 rd.

Framan undir kirkjunni er standþil, rífið og skemmt, með gömlum vindskiðum útskornum. Dyrastafir ógallaðir, hurð vanfelld með ryðguðum járnum og skrá fyrir, með lykli og laufi, öllu nokkuð ryðguðu. Gamall hringur er í hurðinni af semidóri,¹⁶⁸ kengur [í] dyrastaf, sterkur en þó nokkuð ryðgaður. Á þil og hurð gjörist álag, 4 rd.

Á kórbaki er gaflveggur af torfi fyrir neðan bita, með ónýtu og innföllnu þili innan fyrir. Þil fyrir ofan bita rífið og ónýtt, með gömlum vindskeiðum útskornum. Fyrir að öllu leyti vantandi þil gjörist álag, 11 rd.

Kirkjan er alþiljuð með báðum hliðum fyrir neðan syllur, með nýlegu þili, er sýnist brúkanlegt.

Kórinn er hálf annað stafgólf afdeildur með 5 stöfum, öllum nýjum, þrír grannir en tveir gildari, og laufabita yfir, grönnum en viðgóðum. Slá í miðju fyrir neðan bita að norðanverðu og þil undir, en þil- og píláralaust að sunnan.

Altari með strikuðum rásum að framan, fúíð og ónýtt, með lítt brúkandi gráðu fyrir skanslausri. Álag þar á 5 rd.

Altarisbrík úr tré, útskorin með rósum, máluð græn, gömul og fornfáleg.

Prédikunarstóll gamall og þarf aðgjörðar. Á hann gjörist álag 3 rd.

Í kórnum eru bekkir allt um kring, ófóðraðir, og sín brík hvörju megin kórðyra, allir brúkanlegir, en gólf í kórnum vanfellt og fúíð.

Í framkirkju eru 5 sæti að norðanverðu með bríkum og bakslám, bríkarbekkur við kirkjudyr og lítil fjöl við kórðyr sama megin, með hálfbrík.

Að sunnan do. eru 3 sæti með bríkum og bakslám og 3 bekkir fyrir framan þau til kirkjudyra, bríka- og baksláalausir. Undir prédikunarstól er lítið sæti með hálfbrík. Stólar, sæti og bekkir eru brúkanlegir. 2 langslár undir sætum í framkirkju, auknar og lélegar, gólf gisið og lappað. Bak við bekki í kór og með hliðveggjum fyrir neðan sæti í framkirkju vantar þil, fyrir hvað álag gjörist 7 rd.

6 aurstokkar eru undir gólfi í allri kirkjunni, allir fúnir og lítt nýtir. Á ónýtt gólf í kór og framkirkju lélegt, samt slár undir sætum og aurstokka undir gólfi, gjörist álag 10 rd.

Yfir altari er gluggi með níu smárúðum, einni brostinni, gluggakistulaus, gisinn og ónýtur. Do. á syðri hlið í kórnum, með 6 smárúðum, tveimur brotnum, gluggakistulaus og ónýtur. Do. yfir prédikunarstól, með tveimur rúðum, önnur brotin, og svo ónýtur. Do. yfir kirkjudyrum, með fjórum rúðum, 1 brostin en 2 vantandi, og gluggakistulaus. Á alla gluggana gjörist álag 5 rd.

Kirkjan álist varla messufær á vetrardegi og í allan máta er hún óstæðileg, þar við nákvæma skoðun rjáfur, fjalviður reynist gegnfúinn og ónýtur, hvað sóknarmenn vitna að stórmikið hafi hrörnað og aftur gengið næst umliðin 2 ár, svo hreppstjóri Jón Jónsson á Ytri-Grenivík léði slár er settar voru millum þeirra innbrotnu langbanda og laus langbönd í stað þeirra burt fúnu, að þak og rjáfur ekki bráðlega inn félli.

Veggir kirkjunnar lágir, þó samt stæðilegir, en kirkjugarður stæðilegur hálfur, en hitt lágt og hrundið.

Ornament og áhöld kirkjunnar:

1 Klukka bundin upp um ramböld með ól, í minna meðallagi, hljóðgóð og ógölluð. Á umbúð klukkunnar gjörist álag 1 rd.

2 Do. lítil á ramböldum, hljóðlítill, með uppbundnum kólfi. Álag þar á 16 sk.

3 Do. bjalla, hljóðgóð og ógölluð.

4 Tvær kertapípur ósamkynja, önnur af kopar ógölluð en gömul, hin af látúni nýleg.

5 Ljósastjaki með tveimur vængjapípum, brotinn. Álag 1 rd.

6 Ljósasöx af járnri væn, í góðu standi, gefin af sr. Sveini.¹⁶⁹

¹⁶⁸ Stendur svo.

¹⁶⁹ Ofar línu er skrifað „þar á“ en ekki ljóst hvar á að koma inn.

- 7 Lítill silfurkaleikur með patínu gylltri innan, með tveimur korpórölum krossmerktum og skúfum í hornum. Báðir gamlir og fornfálegir.
- 8 Rykkilín úr grófu lérefiti, með nýjum lappa og brostið við saum.
- 9 Hökull þar við af rauðu rósaplussi, krosslagður á bak með mislitri frunsu, fóðraður með röndóttu lérefiti en lappaður.
- 10 Do. rykkilín af meðal lérefiti, víða með ryðblettum og smágötum.
- 11 Do. hökull úr rauðu og svörtu rósaflanjeli, lagður með mislitum ullarborða, bak og brjóst samt allt um kring, fóðraður með óbleiktum smástriga og bætt með lérefiti.
- 12 Altarisklæði nýtt af fínu sirts, grænt, með mislitum smárósum. Gefið kirkjunni af núverandi hreppstjóra Jóni Jónssyni.
- 13 Do. altarisklæði úr dökkrósuðu lérefiti gatslitið, með hvítu lérefitsfóðri og einum lappa á.
- 14 Dúkur ofan yfir altari af rauðþrykktu lérefiti, með bláleitum krossi og bættu lérefitsfóðri, gamalt og fornfálegt.
- 15 Skírnarfontur af látúni rústaður og skemmdur á börmum.
- 16 Skírnarvatnskanna af leiri, bláflekkótt, með tinloki.
- 17 Ljóslegt af þjátri, gömul og rústuð.
- 18 Tvær þriggja þela flöskur og merkurflaska undir vín og litlar bakstureskjur.
- Í bókum á kirkjan:
- 1 Væjsenhuss Biblía í sæmilegu standi.
- 2 Do. engelsk Biblía ógölluð.
- 3 Nýja testamenti, do.
- 4 Grallari í standi, do.
- 5 Do. hrjálegri.
- 6 Ný söngbók, í standi.
- 7 Handbók presta heil.
- 8 Confessio Augustana.
- Skrúðaskápur nýr.
- Graftól:
- 1 Járnkarl í standi.
- 2 Lítill páll, ræfill.
- 3 Tvær varrekur nýjar og ein varlaus.
- 4 Ein varreka hr[.]áleg og prestspaði nýr.
- Summa [álags] 123 rd., 16 sk.
- Upp í framanskrifað álag hefur fráfarandi prestur eftir skilið:
- A Í söguðum fjalvið, virt á 11 rd., 40 sk.
- B Og auction, sem betalast viðtakandi presti, 8 rd., 88 sk.
- Til samans 20 rd. 32 sk.
- Vantar þá til álagsins 102 rd., 80 sk.

Úttekt Miðgarðaprestakalls utan- og innanbæjarhúsa

- 1 Baðstofa, 7 1/2 alin löng, þriggja álna breið, 4 1/2 alin há, í þremur stafgólfum. Með átta stöfum — þar af 5 nýir en tveir ónýtir — tvennum bitum nýjum — annar viðaslæmur — lausholtum báðu megin, annað aukið en þó nýleg[t]. Fjórum sperrum — þar af einn sperrukjálki ónýtur — níu langbönd á syðri hlið og áfella en reisiraftur yfir, mestpart nýr en hitt fúíð og ónýtt. Aukin áfella á norðari hlið og gisið langrefiti yfir, sumt nýtt en sumt gamalt. Mænirtróða aukin en nýleg. Dyrastafir og sín fjöl hvörju megin, með hurð á járnum og klinku fyrir. Hálfur faðmur af öðrum hliðvegg er ónýtur en hitt stæðilegt að innan en að utan er annar stafnveggur hruninn og hrjálegur. Svo fyrir lasna og ónýta víði gjörist álag 2 rd., en á veggi og verk allt 3 rd., 16 sk.
- 2 Afþiljað hús við baðstofuenda, 4 1/2 alin á lengd, 3 1/4 á breidd, 4 1/2 á hæð. Með 6 stöfum, stokksyllum, tveimur bitum, þrennum kálfasperrum, einum langböndum á hvorri hlið, fjöl og mjótt bak í mænir. Húsið er nýlegt að öllum viðum og þiljað í ræfur og allt í kring fyrir neðan

syllur, nema fyrir hálfri hlið að sunnan. Þil framan undir ofan og neðan bita, nýlegt en úr grópi gengið að neðan. Eitt rúm fylgir húsinu með tveimur uppistöndurum, hálfu gaflþili og sparlaksslá, allt nýtt. Tveir gluggar með fjórum rúðum hvor, þar af tvær brostnar, gluggakistur nýjar. Gömul hurð með ryðguðum járnum. Húsið er undir tveimur þökum en vantar það þriðja, svo fyrir vantandi þil að innan og þak að utan gjörist álag 2 rd., 64 sk.

3 Göng frá baðstofudyrum til búrdyra, 12 álna löng, 1 1/2 á breidd, 2 1/2 á hæð. Með 5 þvertrjám og mænirtróðu, aukin í fjórum pörtum — tvö þvertré eru brúkanleg en 3 ónýtt — tveir partar mænirtróðunnar í standi, tveir lítt nýttir. Árefti grannt og sumt fúíð. Veggir fallnir og þurfa aðgjörðar vel að helmingi. Fyrir fúna og skemmda viði gjörist álag 2 rd. Dito á veggi 3 rd., 48 sk. = 5 rd., 48 sk.

4 Göng frá búrdyrum til bæjardyra, 7 álna löng, 1 1/2 á breidd, 2 1/2 alin há. Með þremur þvertrjám, einu lítt nýttu en 2 ónýtt, árefti slæmt og fúíð. Veggir að 3/5 pörtum, eða rúmum helmingi, óstæðilegir. Fyrir ónýta viði gjörist álag 1 rd., 32 sk.; á veggi 3 rd., 48 sk. = 4 rd., 80 sk.

5 Kofi eða lítið eldhús, 4 álna langt, kortar 3 álnir á breidd, 4 álnir á hæð. Með einum bita og dverg á undir aukinni mænirtróðu, árefti gisið en brúkanlegt. Stafnveggur fallinn en aðrir veggir stæðilegir. Álag á húsið 2 rd., 72 sk.

6 Annað eldhús, 5 álna langt, 4 álna breitt, 4 álna hátt. Með einum bita í miðju, tveimur ásum og dverg á. Upprefti brúkanlegt. Ásinn er annar brotinn og hlið hússins inn sigin en veggir stæðilegir. Aðgjörð á húsinu hafa tveir sóknarmenn lofað áður fráfarandi prest, sr. Eiríki Þorleifssyni, og gjörist þess vegna ekki álag þar á.

7 Búrhús, 5 1/2 alin langt, 3 álna breitt, rúmar 3 á hæð. Með einum bita, tveimur stoðum, einlægum ási og dverg undir á bita. Raftviður allur fúinn og ónýttur. Mænirás brúkanlegur og vegglægja annars vegar. Annar stafur og biti lítt nýttur en hinn brúkanlegur. Annar stafnveggur fallinn og hliðveggur nokkuð moldrunninn. Hurð á járnum með hespu og keng. Fyrir viði gjörist álag 6 rd. og á veggi 2 rd., 16 sk. = 8 rd., 16 sk.

8 Bæjardyr frá göngum til útidyra, 5 álna langar, 3 álna breiðar, 5 álna háar. Með þremur bitum og 6 stöfum, syllum báðu megin, þrennum sperrum og aukinni mænirtróðu, einum langböndum á hvorri hlið, gisið upprefti en ekki mjög fúíð. Gallað og lasið standþil, dyra umbúningur og léleg hurð á járnum. Annar hlið- og stafnveggur stæðilegur en hinn ógildur. Fyrir vantandi raftvið og galla á dyra umbúningi og þili [gjörist álag] 2 rd., 16 sk.; á veggi og þak 2 rd. = 4 rd., 16 sk.

9 Skemma fyrir sunnan bæ, 9 álna löng, 3 álna breið, 4 álnir á hæð, í þremur stafgölfum. Með fjórum bitum, fernum höggsperrum, einlægri syllu annars vegar en sylla í tveimur stafgölfum hinum megin á móti, ein langbönd á hvorri hlið. Sperrur grannar og einn sperrukjálki brotinn, upprefti mestallt ónýtt. 6 stafir í standi en tveir ónýttir. Annar hliðveggur ónýttur og hálfur stafnveggur ógildur. Skemmt og lítt nýtt standþil framan undir, hurð á járnum með skrá í standi. Fyrir vantandi viði og á þil gjörist álag 5 rd., 48 sk. Fyrir veggi og aðgjörð alla, álag 6 rd.

10 Geymsluhús niður á Höfða, 6 álna langt, 3 1/2 alin breitt, 4 álnir á hæð. Fyrir það leggst lítill húskofi í sömu tóft, lítill skemma heima á hlaði gölluð og hrjáleg, lítill kindakofi út á velli og hjallás, með hvað viðtakandi prestur gjörir sig ánægðan fyrir tilgreint hús.

11 Fjárhúskofi, 12 kinda rúm. Með tveimur ásum, þremur s[t]oðum undir, fjórir máttarraftar á annarri hlið en 3 á hinni, annað upprefti mestallt ónýtt og inn brotið. Húsið er stytt að fjórða parti (sem seinasta uppskrift lýsir). Veggir lasnir og lágir og þurfa aðgjörðar. Rangali er fram af húsinu. Dyra umbúningur og lélegt hurðarflak fyrir. Til að gjöra húsið í stand og setja í þann form,¹⁷⁰ sem það hefur áður í verið, gjörist álag 6 rd., 48 sk.

Allra jarðarhúsanna álags summa 51 rd., 24 sk.

Upp í framanskriafaða álags summu hefur fráfarandi prestur, sr. Sveinn Jónsson, eftir skilið og afhent í trjávið og ýmislegu það hér eftir skrifað sýnir:

1 6 raftspýtur, virtar á 1 rd.

2 Fjórir stærri do., 1 rd. 8 sk.

¹⁷⁰ Stendur svo.

- 3 6 do. do., 1 rd., 64 sk.
- 4 12 do., 1 rd.
- 5 27 do., do., 2 rd.
- 6 12 stærri do., 1 rd., 64 sk.
- 7 Hjallás 5 álna langur og tvær smærri spýtur, 2 rd., 16 sk.
- 8 3 hjallstólpar og 2 stærri spýtur, 2 rd., 24 sk.
- 9 Brotinn hjallás, 2 hjallásbök og spýta fjórar álnir, 2 rd., 44 sk.
- 10 Spýta, fjórar álnir, stoð og rá, 1 rd., 72 sk.
- 11 Hjallás, 13 álnir, 4 rd.
- 12 Kvörn með stokk og gömul handvaðstrossa, 2 rd. 48 sk.
- 13 Lítill bátur með fjórum árum, ekki sjófær, 4 rd.
- 14 Pallur í því nýbyggða baðstofuhúsi og nýr rúms umbúningur, 3 rd., 32 sk.
- 15 Hurð á járnum og dyra umbúningur fyrir því litla eldhúsi, 48 sk.
- 16 Tvær kollur og taðbörur, 72 sk.
- 17 Nýr lás, 32 sk.
- 18 Frá auction, 2 rd., 60 sk.
- 19 Hlöðukofi með fúnum viðum, 1 rd., 16 sk.
- 20 Kofi fyrir 3 sauðkindur, með lélegum viðum, 56 sk.

Summa 36 rd., 80 sk.

Af framanskriðu álagi eftir standandi 14 rd., 14 sk.

Af staðarins þremur ásauðar kúgildum hefur presturinn, séra Páll Tómasson, móttakið af hendi séra Sveins Jónssonar tvö þeirra með fullu fóðri, af hvörjum ein ær er honum tilsögð í landi, en það þriðja inni stendur hjá séra Eiríki Þorleifssyni á Þóroddsstað ásamt leigum eftir téð kúgildi.

Þessu framan- og ofanskriðu til staðfestu eru okkar undirskrifuð nöfn, Miðgörðum þann 5. nóvember 1828,

Sigurður Magnússon meðhjálpari, prestsins séra Sveins fullmektugur; Páll Tómasson; undirskrifa sem úttektarmaður Jón Jónsson hreppstjóri og meðhjálpari; sem viðverandi álitismenn Jón Jónsson bóndi á Syðri-Grenivík, Tómas Steinsson bóndi á Borgum

[Úttekt Miðgarðakirkju 1832]

Miðgarðakirkja á Grímsey hefur sömu lengd, breidd og hæð sem við úttektargjörðina 1828, með eins mörgum sperrum, stöfum og bitum. Kórinn er súðaður með þykkum plankaborðum. Veggirnir þiljaðir með óflettum valborðum. Nýtt standþil á kórbaki úr þykkum plankaborðum allistað utan. Bekkir allt í kring í kórnum nýir og alfóðraðir, með bríkum beggja megin kórðyra. Skrifasæti með brík og knéfalli, brúðu¹⁷¹ undir. Bríkarbekkur utan til við altari. Kórgólf nýtt úr borðum og söguðum blokkum, með þremur nýjum undirstokkum undir. Milli kórs og kirkju er hálfþil með pílárum útskornum upp að bita beggja megin kórðyra. 3 nýir gluggar á kórstaftni, 1 fjögur en 2 tveggja rúðu gluggar, sterkir, listaðir allt um kring, með strikuðum listum og skúrfjöl yfir stærsta glugganum. Kórinn er aldeilis úr nýjum viði.

Framkirkjan er alsúðuð með samslags borðum og kórinn. Þilið framan undir kirkjunni það sama sem var en endurbætt og listað með nýjum listum úr óflettum borðum. 5 sæti að norðan fram með bríkum, fleiri bakslám nýjum og sumum bríkafjöllum nýjum. Lítill bekkur við kórðyr, nýr með brík nýrri. Sunnan fram 4 sæti með gömlum bríkum, þremur nýjum bakslám og tveimur nýjum sætisfjöllum, og 3 bekkir, baksláa- og bríkalausir, allir nýir. Langs eftir beggja megin í kirkjunni eru slár negldar undir bita endanum að ofan,¹⁷² 2 langslár undir sætunum í framkirkjunni nýjar en auknar. Við kórðyr lítið sæti nýtt. Gólfíð í framkirkju sterkt og varanlegt, með 4 undirstokkum sterkum og varanlegum. 2 gluggar á framkirkjunni, annar upp yfir prédikunarstól, hinn á kirkjuþili,

¹⁷¹ Óljóst.

¹⁷² Óljóst.

báðir nýir, með 4 rúðum og nýrri gluggakistu sá yfir prédikunarstól. Prédikunarstóllinn endurbættur, gamallegur en sterkur.

Kirkjan álist vel byggð, sterk og varanleg en þrjálaus.

Þetta er okkar álit yfir kirkjuna, hvör vér gjört höfum eftir prestsins sr. Páls beiðni, Miðgörðum 28. júlí 1832,

Tómas Steinsson, Jón Jónsson bóndi á Syðri-Grenivík

NB. Moldir kirkjunnar eru í besta standi, nýtt þak, endurbættir veggir og nýir að mestu.

Kirkjugarður er nú allur stæðilegur.

Ornamenta og instrumenta Miðgarðakirkju í Grímsey 1832

- 1 Nýtt vel smíðað altari alfóðrað, með fóðraðri gráðu, gömlu knéfalli og gamalli altarisbrík óbrúkanlegri, og nú ei brúkaðri.
 - 2 Ljósapípur 2 ósamkynja, önnur gömul en gallalítill, hin nýrri.
 - 3 Vængja ljósastjaki nýviðgjörður, í góðu standi, úr kopar.
 - 4 Einn hjálmur með 6 pípum úr sama, ófagur en brúkandi.
 - 5 Tvenn ljósasöx, önnur lítill og gömul, hin stærri og brúkandi.
 - 6 Blikk ljósalukt, ryðguð og gömul, með trébotni.
 - 7 Lítill silfurkaleikur með gylltri silfurpatínu innan.
 - 8 Korpóraldúkur með stöfum í hornum og krossi gamall. Annar do. fornfálegur og óbrúkandi.
 - 9 Baksturseskjur danskar, gamlar og gisnar.
 - 10 2 þriggja pela flöskur og 1 1/2 potts flaska, do. kútur 3 potta, málaður gulur, járnhentur.
 - 11 Messuskrúði¹⁷³
 - 12 Rykkilín úr grófu lérefsti, brúkanlegt en bætt.
 - 13 Do. ónýtt og fornfálegt.
 - 14 Hökull úr rauðu flus, fóðraður með röndóttu lérefsti og krosslagður á baki með mislitri frunsu.
 - 15 Do. gamall og fornfálegur úr svörtu og rauðu flaneli, fóðraður með smástriga, lagður bak og fyrir með mislitum ullarborða, samt allt í kring.
 - 16 Altarisklæði með viðfestan altarisdúk úr dökkþrykktu lérefsti, með rósum, alfóðrað með hvítu lérefsti, bætt í hornum. Dúkurinn úr sama, nú brúkað fyrir undirklæði.
 - 17 2 do. nýtt úr grænu lérefsti, með mislitum smárósum, ófóðrað.
 - 18 3 do. nýtt, af rósuðu ullardamaski, dökkvú og rauðu, krosslagt með hvítum egtavírs borða breiðum.
 - 19 Altarisdúkur gamall af rauðu og hvítu lérefsti, með bláleitum krossi, fóðrað með röndóttu lérefsti bættu.
 - 20 2 do. nýr, úr fínu smálérefsti.
 - 21 Skrúðaskápur nýr og vænn með tveimur hillum og vænni skrá fyrir hurðu.
 - 22 Klukka í minna lagi, hljóðgóð og ógölluð, á sterkum ramböldum, við hvar hún er fest með járnspengum.
 - 23 Önnur do. lítill á ramböldum, hljóðlítill en ógölluð.
 - 24 Þriðja do. bjalla, hljóðgóð, á ramböldum.
- Bækur:
- 25 Væjsenhuss Biblía í sæmilegu standi. Inn í hana er skrifað á 2 stöðum og Testament af sömu útgáfu, í góðu standi.
 - 26 Do. önnur, af nýjustu útgáfu, í góðu standi.
 - 27 2 grallarar, báðir í góðu bandi, vantar 2 blöð framan við annan.
 - 28 Messusöngsbók, í góðu standi.
 - 29 Handbók presta, í bærilegu standi.
 - 30 Confessio Augustani, hrjáleg.

¹⁷³ Númerið á við messuskrúðann í heild.

- 31 Ministerialbók, í góðu standi.
 32 Húsvitjunarbók, innheft í skinnpergament.
 33 Copíubók í pappírbandi, tillögð af sr. Páli.
 34 Hreppstjóra Instrux.
 Grafftól:
 35 Járnkarl vænn.
 36 Tvær varrekur vænar.
 37 Prestaspaði varlaus.
 Rétt uppteiknað, vitnar,
 Páll Tómasson prestur í Grímsey.¹⁷⁴

[Úttekt Miðgarða 1835]

Árið 1835, þann 30. maí, voru nálægir að Miðgörðum í Grímsey hreppstjórinn Gunnar Jónsson og bændurnir Tómas Steinsson á Borgum og Jón Jónsson á Syðri-Grenivík, til að gjöra opinbera skoðunar-, virðingar- og úttektargjörð, fyrst á nefndum prestagarði tilheyrandi kirkju og hennar gjörvallri eign sem fylgt hefur og fylgja ber, annað á öllum staðarins húsum og innstæðu kvíldum, samt að meta fullkomið álag af sérhvað af þessu, hvar við hönd var höfuð sú úttektargjörð er seinast var samin árið 1828, þegar presturinn, séra Páll Tómasson, tók við nefndum stað, hvör nú sjálfur er nálægur við þessa úttektargjörð fyrir beiðni hans, án nokkurs leyfis eður fullmaktar frá viðkomandi staðarins yfirvöldum, í von þeirri að þau ekki síðar meir ónýti djörfungar tiltekt þessa, þar kringumstæður prestsins, sem nú burt vikur alfarinn frá Grímseyjar prestakalli, ekki leyfa honum langa dvöl hér. Fyrir hönd þess óvissa en aftur væntanlega prests til Grímseyjar prestakalls er nálægur við úttektargjörð þessa, eftir beiðni prestsins séra Páls og gjörðarmanna, þó nauðugur vegna skikkunar bréfs, bóndinn Jónas Sigfússon á Garðsvík innan Þingeyjarsýslu, þó með skilyrði að sérhvað staðnum og kirkjunni tilheyrandi verði í umsjón og ábúð eyjarmanna frá því það er afhent af séra Páli og þangað til að sá eftir vænti prestur veiti því sjálfur móttöku. Byrjar því þessi úttektargjörð og fram fór sem fylgir:

Kirkjan

Sem er tæpar 11 1/2 alin að lengd, 4 3/4 breidd, sömu hæð sem við úttektargjörðina 1828. Með eins mörgum stöfum og bitum og sperrum.

Kórinn er alsúðaður með þykkum plankaborðum. Veggirnir þiljaðir með valborðum. Nýtt standþil á kórbaki úr þykkum plankaborðum, allistað að utan. Bekkir allt um kring. Kórinn eins, alfóðraður með bekkjum beggja megin kórðyra, skriftasæti með brík og knéfalli breiðu undir. Bríkarbekkur utan til við altari. Kórgólf nýtt úr borðum og söguðum blökkum með þremur nýjum undirstokkum undir. Milli kórs og kirkju er hálfþil með pílurum útskornum upp að bita beggja megin kórðyra. Þrír nýir gluggar á kórstafni, 1 fjöggra rúðu gluggi og 2 tveggja rúðu gluggar sterkir allt um kring, með strikuðum listum og skúrfjöl yfir stærsta glugganum. Kórinn aldeilis úr nýjum við.

Framkirkjan alsúðuð, með samslags borðum og kórinn. Þilið framan undir kirkjunni það sama sem var en endurbætt og listað með nýjum listum en óflettum borðum. 5 sæti að norðan fram með bekkjum og fleiru, bakslám nýjum og slæmum bekkjafjöllum nýjum. Lítil bekkur við kórðyr nýr með brík nýrri. Sunnan fram 4 sæti með gömlum bekkjum, þremur nýjum bakslám og þremur nýjum sætisfjöllum og þrír bekkir, bakslár- og bríkalausir, allir nýir. Langs eftir beggja megin í kirkjunni eru slár negldar undir sætisendana að ofanverðu, tvær langslár undir sætunum í framkirkjunni, nýjar en auknar. Við kórðyr lítið sæti nýtt, gólfíð í framkirkjunni sterkt og varanlegt, með fjórum undirstokkum, sterkum og varanlegum. 2 gluggar á framkirkjunni, annar yfir prédikunarstól, hinn á kirkjuþili, báðir með fjórum rúðum og nýrri gluggakistu yfir prédikunarstól.

¹⁷⁴ Neðan og aftan á blaðinu eru athugasemdir prestsins á Hrafnagili á dönsku, dagsettar 18. júlí 1833, 22. september og 24. september 1834. Þær virðast ekki snerta neitt kirkjuna í Grímsey og er því sleppt að skrifa þær upp hér.

Prédikunarstóll er endurbættur, gamallegur en sterkur. Hurð brúkanleg, með einni löm brúkanlegri en önnur er brotin, skrá brúkanlegri, lykli og keng.

Moldir kirkjunnar í sæmilegu standi, nýtandi þak og veggir allstæðilegir en þó er suðurveggur kirkjunnar nokkuð moldrunninn að utanverðu. Kirkjugarður sýnist að vísu stæðilegur, þó er partur af suðurvegg [i] garðinum álitinn af viðkomendum að vera klofinn og þurfa endurbótar.

Altari kirkjunnar (sem gleymdist að inn sitja tilhlýðilega í gjörninginn) er allt um kring úr nýlegum þunnum fjalviði og þykkum skúr af sama. Grátur gamlar með útskornum uppistöndurum og smápilum í kring. Þar rúmt 5 álna langur partur af áfellum sem liggur yfir lausholtum kirkjunnar álist að vera fúinn og vatnsrunninn, samt önnur löm á kirkjuhurðinni brostin, gjörist álag 2 rd.

Ornament og áhöld kirkjunnar

- 1 Klukka járnbundin upp um ramböld, í minna meðallegi, hljóðgóð, ógölluð.
- 2 Do. lítil og hljóðgóð.
- 3 Do. hljóðlítill.
- 4 Tvær kertapípur af kopar og látúni, nýlegar þó önnur forskrúfuð, gjörist álag 24 sk.
- 5 Ljósastjaki með tveimur vængjapípum.
- 6 Ljósasöx brúkandi af járn.
- 7 Lítill silfurkaleikur með gylltri patínu innan með tveimur korpórölum, annar krossmer[k]tur með skúfum í hornum, hinn nýlegur, rauðfleckóttur.
- 8 Rykkilín úr meðallérefti, brúkandi, með einum lappa.
- 9 Hökull af rauðu rósaflusi, krosslagður á bak með viðlíkri frunsu, fóðraður með röndóttu lérefti, er lappaður.
- 10 Do. rykkilín, víða með ryðblettum og smágötum.
- 11 Do. hökull úr rauðu og svörtu rósaflueli, lagður með mislitum ullarborða bak og brjóst, samt lagður allt um kring, fóðraður með óbleiktum smástriga og bættur með lérefti.
- 12 Altarisklæði nýtt af fínu sirs, grænt, með mislitum smárósum.
- 13 Annað altarisklæði úr dökkrosuðu lérefti, lappað og gatslitið, með hvítu léreftsfóðri og nýjum lappa á.
- 14 Dúkur ofan yfir altari af rauðþrykktu lérefti, með bláleitum krossi og bættu léreftsfóðri, gamall og forn.
- 15 Skírnarfontur af látúni, rústaður og skrámaður á börmum.
- 16 Skírnarvatnskanna af leiri hvít, brostin, með rifnu loki.
- 17 Ljósalukt af þjátri, gömul og rústuð.
- 18 Tvær þriggja pela flöskur og þriggja potta kútur undir vín. Lítill bakstursstokkur.
- 19 Skápur nýr með þremur útskornum spjöldum, lélegum lömum, skrá og lykli brotum.
- 20 Blikkformur nýr, til kerta.

Í bókum á kirkjan

- 1 Vaisenhúss Biblíu í sæmilegu standi
- 2 Do. engelsk Biblíu ógölluð.
- 3 Nýja textamente.
- 4 2 grallarar hrjálegir.
- 5 Ný söngsbók í bandi.
- 6 Handbók presta hrjáleg.
- 7 Spurningakver í góðu bandi.
- 8 Confessio Ágústana.
- 9 Ministerialbók í góðu standi en fúinn pappír.
- 10 Kirkjustóll.

Graftól:

Járnkarl í standi, tvær varrekur og ein gömul, prestaspaði varlaus en nýr hjá Halldóri á Básun og páll nýr, en garmur.

[Summa] 2 rd., 24 sk.

Úttekt Miðgarðaprestakalls utan- og innanbæjarhús

1 Baðstofa 7 og hálf alin löng, rúmar 3 álnir breidd, 4 álnir og hálf á hæð. Með 8 stöfum, 5 heilum brúkandi til jafnaðar og þremur styttri, í sama standi, þremur bitum nýlegum, lausholtum báðu megin, einlægt á syðri hlið vel brúkandi en aukið á ytri, fúíð og vatnsrunnið. 3 kálfsperrur og einar kálfaular, tveimur skammbitum, hvoru tveggju endasperrur fúnar og lítt nýtar, tvær miðsperrur í standi. Áfellur til beggja hliða einauknar, virðast í standi. Langraftur yfir áfelli á syðri hlið, fúinn og gamall en langbönd á hvorri hlið úr böfum, óaukin, ný og vænleg, með þétt á lögðum langröftum. Þar af sumir fúnir og ónýtir, en reisiraftur fyrir neðan, allur gamall þó sumur brúkandi, en sumur fúinn og ónýtur. Mænirtróða úr langröftum, mestöllum fúnum og lítt nýtum. Dyrustafir, þvertré yfir þrepsskjöldur, hurð á járnum í sémilegu standi. Álag á baðstofuna 12 rd.

2 Afþiljað hús við baðstofuenda, 4 1/2 alin á lengd, 3 1/4 á breidd, 4 1/2 á hæð. Með 6 stöfum, stokksyllum, tveimur bitum, þremur kálfsperrum, einum langböndum á hvora hlið, fjöl og mjótt bak í mænir. Húsið er nýlegt að viðum öllum og þiljað í ræfur og allt í kring fyrir neðan syllur. Þil framan undir fyrir ofan og neðan bita. 1 rúm fylgir húsinu með tveimur uppistöndurum, hálfu gaffþili og sparlaks slá, allt nýtt. Tveir gluggar, annar með fjórum en hinn með tveimur rúðum, gluggakistur brúkandi og hurð með járnum. Veggir hússins sjást ekki fyrir þilviðnum en meinast að vera stæðilegir sem fyrir fáum árum eru hlaðnir af hagsýnum mönnum.

3 Göng frá baðstofudyrum til búrdyra, 12 álna löng. Með þremur þvertrjám yfir mænirtróðu í fjórum pörtum, 3 partar mænirtróðunnar í standi en einn ónýtur. Árefti meiri partur nýlegt, þó er innan um það fúnir raftar hvörra ekki sýnist við þurfa. Gangnaveggir gamlir sumir, þó allir stæðilegir, að fráteknu skoti fyrir framan baðstofudyr að utanverðu. Álag ofan á það og þann ónýta part mænirtróðunnar gjörast 1 rd., 48 sk.

4 Göng frá búrgöngum til bæjardyra, 7 álna löng, 1 1/2 alin á breidd, kortar þrjár álnir á hæð. Með þremur þvertrjám brúkanlegum, árefti þéttreft af nýlegum smáviði á einlæga mænirtróðu. Viðir og veggir stæðilegir.

5 Kofi eða lítið eldhús, 4 álnir á lengd, kortar 3 álnir á breidd, rúmar 4 álnir á hæð. Með einum bita og dverg á gömlum og fúnum. Aukin mænirtróða og gisið árefti, hvoru tveggja fúíð og ónýtt. Annar hliðarveggur stæðilegur en stafnveggur fallinn ofan. Álag til víða og veggja 5 rd.

6 Annað eldhús, 5 álna langt, 4 álna breitt, 5 álna hátt. Með einum bita, þremur ásum, upprefti gamalt og nýlegt en þó brúkanlegt. Húsið er stæðilegt að viðum og veggjum. Þó fyrir gamalt upprefti sem farið er að mokka¹⁷⁵ til enda gjörast álag 1 rd.

7 Gangnartur, 5 álna langur, frá eldhúsdyrum til búrgangna, 1 1/2 alin breiður, 2 1/2 alin hæð. Með þremur þverröftum, einum langrafti, með litlu upprefti yfir en samt gamalt og fúíð. Eldhúsdyrustafir standa undir innsta þverrafti. Veggirnir tilheyra öðrum húsum. Ofanálag á upprefti 48 sk.

8 Búrhús, 5 1/2 alin langt, 4 álnir breitt, 5 álnir á hæð. Með einlægum mænirás, með stoð undir enda, fjórum máttarröftum í ytri hlið sem að neðan liggja á einlægum sterkum veggslægjuraftri, fjórum röftum á syðri hlið, langrefti úr smáviði, hinir viðirnir sterkir og verulegir. Tveir dyrustafir, hurð á járnum með hespu og keng. Veggir sumir nýir en sumir gamlir, þó brúkanlegir. Húsið stæðilegt að viðum og veggjum.

9 Bæjardyr frá göngum til útidyra, vart 5 álna löng, 3 álnir á breidd, 5 álnir á hæð. Með þremur bitum, 6 stöfum, einlægum lausholtum, fernum sperrum, tvíaukin mænirtróða, einum langböndum, einaukin á ytri hlið, einlæg á syðri. Einaukinni áfelli á ytri en tvíaukinni á syðri hlið, þéttlagt upprefti af raftviði, mestpart brúkanlegum, með fáeinum fúnum. Framan undir einlægt standþil, vindskífur, dyra umbúningur og hurð á lélegum járnum með keng og tréloku. Ofanálag 48 sk.

10 Skemma fyrir sunnan bæ, níu álna löng, þriggja álna breið, 4 1/2 alin á hæð, í þremur stafgólfum, með fjórum bitum, níu stöfum, einlægri syllu annars vegar, þó gallaðri af skakkrifum, en einauknri á hinni hlið. Ein langbönd í fjórum pörtum á hvorri hlið, veggslægjum til beggja hliða

¹⁷⁵ Gæti átt að standa „makka“ en er óljóst.

í 6 pörtum í allt, tvíaukin mænirtóða, upprefti grannt en meir partur nýlegur, víða sloppinn af mænirtróðu. Dyra umbúningur með hurð á járnum ryðguðum, með hespu og keng, standþil brúkanlegt og vindskífur. Veggir hússins vel stæðilegir. Álag á upprefti hússins og ryðguð járn 1 rd., 48 sk.

11 Geymsluhús niður á Höfða, 7 álnir á lengd, fjórar álnir á breidd, fjórar álnir á hæð. Með einlægum mænirás og einlegu langbandi á hvorri hlið, með þétt á lögðu upprefti, öllu nýju. 6 þvertrjám yfir dyrum, tveimur dyrastöfum, þrepskjöld og hurð á járnum með hespu og keng. Húsið vel stæðilegt að viðum og veggjum.

12 Fjánhús, 18 kinda rúm. Með tveimur ásum einlægum, fjórum stöðum, sæmilega reft allt húsið. Dyra umbúningur með hurð á járnum. Syðri veggur hússins moldrunninn með skotum. Álag 2 rd.

Álags summa 24 rd.

Í framanskriafað álag reiknast:

- 1 Bygging inn í baðstofu, 10 rd.
- 2 Lítil skemma, 5 rd.
- 3 Fjánhúshlaða, 3 rd.
- 4 Garða umbúningur í fjárhúsi, 48 sk.
- 5 Jóns kofi, 24 sk.
- 6 Sextugt færi, 1 rd.
- 7 Lagvaðstré, tvær sóknir, með kaðli og átta dufl, 2 rd., 24 sk.
- 8 Skrifli hurðarflak, 16 sk.
- 9 Dyra umbúningur í göngum, 32 sk.
- 10 Bekkir tveir og fjalir í búri, 24 sk.
- 11 Kláfur, 24 sk.
- 12 Skrína, 16 sk.
- 13 Hjallur á hlaði með 6 spýtum í, 80 sk.
[Samanlagt] 24 rd.

Fyrir þrjú staðarins innstæðu kvíldi hefir presturinn, séra Páll Tómasson, afhent gjörðarmönnum 12 ær í sæmilegu standi. En fjórar trossur til bjargfestar með hjóli, stökk og spannólum og gamlan bát með tveimur árum fylgjandi fyrir þriðja kvíldið, sem nærverandi hlutaðeigendur álíta þeim presti sem hingað er væntanlegur, ómissandi.

Actum ut supra,

Tómas Steinsson, Jón Jónsson úttekta- og álagsgjörðarmenn; Jónas Sigfússon eftir beiðni fyrir hönd þess væntanlega prests; Páll Tómasson sem afhendari og fráfarandi gjörir sig ánægðan með ofanskriafaða úttekt, þótt í harðara lagi sé.

[Úttekt Miðgarða 1838]

Árið 1838, þann 8. júlí, voru nálægir að Miðgördum í Grímsey hreppstjóri Gunnar Jónsson á Efri-Sandvík samt bóndinn Indriði Jónsson á Leifshúsum, til að gjöra opinbera skoðunar-, virðingar- og úttektargjörð á nefndum prestsgarði tilheyrandi kirkju eign sem fylgt hefur og fylgja ber, samt öllum staðarins húsum og innstæðu kúgildum, og undir eins meta fullkomið álag á sérhvað af þessu, hvar þörf gjörðist með tilliti til úttektargjörðar er seinast var samin árið 1835 þegar presturinn séra Páll Tómasson burt fór en presturinn séra Björn við tók nefndu prestakalli, hvör nú er sjálfur nálægur þessari úttektargjörð (sem fyrir beiðni hans er nú fram fylgt). En vegna þess tilkomandi prests er nærverandi vinnumaður hans, Jónatan Þorkelsson, sem veitir móttöku bæði kvíldum staðarins og öllu ofanálagi. Fyrir hlutaðeigenda beiðni er og svo nálægur við þessa úttektargjörð hreppstjóri Jónas Sigfússon á Garðsvík. Byrjar þá úttektargjörðin og fram fer sem fylgir:

Kirkjan er tæpar 11 álnir að lengd, 4 3/4 á breidd, með sömu hæð, innviðafjölda, lögum og allri innrétting sem úttektargjörðin af 30. maí 1835 sýnir, hvað allt stendur ennþá óraskað, utan

hvað ónýt lóm í kirkjuhurðinni hefur verið endurbætt. En þar fúin og vatnsrunnin áfella yfir suður lausholti kirkjunnar er ennþá í sama standi og þá, samt lítill fúafeyra nýkomin í eina súðarfjöl og skekkja í bitann milli kórs og framkirkju, sem annars finnst lítið saka, gjörist álag á kirkjuna 2 rd., 48 sk.

Kirkjugarðurinn er í sama ásigkomulagi og fyrr er sagt og þak á kirkjunni nú í sæmilegu útliti.

Ornamenta og áhöld kirkjunnar:

- 1 Klukka með lítt nýtum járnböndum upp um rambhald, í minna meðallagi, hljóðgóð og ógölluð. Álag 40 sk.
- 2 Do. lítill og hljóðgóð.
- 3 Do. hljóðlítill.
- 4 2 kertapípur af kopar og látúni, nýlegar, þó önnur forskrúfuð. Gjörist því álag á hana 32 sk.
- 5 Ljósastjaki með 2 vængjarípum.
- 6 Ljósasöx brúkanði, af járn.
- 7 1 lítill silfurkaleikur með gylltri patínu innan.
- 8 1 rykkilín nýtt, úr fínu lérefti.
- 9 Do. lakara, úr meðal lérefti með lappa.
- 10 Hökull nýr, úr rauðu fløjeli, með vírborðakrossi.
- 11 Hökull af rauðu rósaflussi, fóðraður og krosslagður.
- 12 Do. úr rauðu og svörtu rósaflanjeli, krosslagður með mislitum ullarborða bak og brjóst og alfóðraður, gamall.
- 13 Altarisklaði nýtt, grænt, með mislitum smárósum.
- 14 Do. úr rauðu og svörtu rósamaski.
- 15 Do. úr dökkrosuðu lérefti, lappað og gatslitið, með hvítu léreftsfóðri.
- 16 Dúkur ofan yfir altari af rauðhvítu lérefti, með bláleitum krossi og bættu léreftsfóðri, gamall og fornfálegur.
- 17 Do. hvítur, úr gömlu lérefti.
- 18 Skírnarfontur rústaður og skemmdur á börmum.
- 19 Skírnarvatnskanna af hvítum leiri, brostin með rifnu loki.
- 20 Ljósalkut af þjátri gömul og rústuð.
- 21 2 þriggja pela flöskur og 1 tveggja potta kútur undir vín og lítill baksturstokkur.
- 22 Skápur nýr með 3 útskornum spjöldum, lélegum lómum og ónýtri læsing.
- 23 Blikkformur nýr, til kerta.
Í bókum á kirkjan:
 - 1 Vajsenhús Biblíu, úr bandi. Álag 80 sk.
 - 2 Engelska Biblíu, í sæmilegu standi.
 - 3 Nýja testament.
 - 4 2 grallarar.
 - 6¹⁷⁶ 2 presta handbækur, önnur nú gefin af prestinum sr. Birni Jónssyni.
 - 7 1 spurningakver í góðu bandi.
 - 8 Confessio Augustana.
 - 9 Ministerialbók í góðu band en fúinn pappír.
 - 10 Kirkjustóll.
 - 11 Vaccinations protokoll.
 - 12 Copíubók.
 - 13 Húsvitjunarbók.

Graftól:

- 1 1 járnkarl í standi.
- 2 1 járnspaði nýr.

¹⁷⁶ Vantar nr. 5 eða hefur verið hlaupið yfir númer.

- 3 1 varreka.
 - 4 1 prestaspaði varlaus.
 - 5 1 páll gamall og lélegur.
- Summa [álags] 4 rd., 8 sk.

Úttekt Miðgarðaprestakalls utan- og innanbæjar húsa

- 1 Baðstofa, 7 1/2 alin löng, rúmar 3 á breidd, 4 1/2 á hæð. Með 8 stöfum, 5 heilum og 3 styttri, gömlum en þó brúkandi, 3 bitum — þar af 1 brúkandi, hinir gamlir og fúnir — lausholtum, einlægu í syðri hlið en einaukin á ytri, annað þeirra brúkanlegt. 3 kálfasperrum og einum kálfalausum — þar af tvennar brúkanlegar, hinar allar ónýtar — 1 langband á hvorri hlið, bæði brúkanleg. Allir aðrir álagsviðir baðstofunnar tilgreinast ekki þar þeir eru fúnir og litlu nýtir. 1 hurð á tréhjörum með öllum dyra umbúning, nýleg, í standi. Veggir baðstofunnar að því leyti sem nú verða séðir, að 2/3 stæðilegir, þó annars allir gamlir. Álag á baðstofuna gjörist 15 rd.
- 2 Afpiljað hús við baðstofu enda, að öllu leyti í sama formi og með sama viðafjölda og allri innrétting sem úttektargjörðin af 30. maí 1835 lýsir því, utan hvað síðan fyrnst hefir. Þar fyrir á leggst 1 rd., 32 sk.
- 3 Göng frá baðstofudyrum til búrdyra, 12 álnir að lengd. Með 3 röftum og þríauknum mænirás. Viðirnir allir nýir og veggirnir eins, vel stæðilegir.
- 4 Göng frá búrdyrum til bæjardyra, 7 álna löng, 1 1/2 alin breið, lakar 3 álnir á hæð, að viðum og veggjum stæðileg.
- 5 Eldhús, 5 álnir á lengd en 4 á breidd. Með 1 bita, 3 ásum, upprefti allt gamalt en þó brúkanlegt. Húsið allt stæðilegt utan einn ásendinginn fúinn. Þar á álag 16 sk.
- 6 Gangnartur frá eldhúsdyrum til búrgangna 1 1/2 alin á breidd en 4 á lengd, 2 1/2 á hæð. Að viðum og veggjum stæðileg.
- 7 Búrhús, 5 1/2 alin langt, 4 álnir breitt, 5 álna hátt. Með einlægum mænirás og stoð undir enda, 4 máttarröftum á ytri hlið sem að undir liggja á einlægum veggslögum rafti.¹⁷⁷ 4 röftum á syðri hlið, gisið langrefti úr smáviði, hinir viðir sterkir og verulegir. 2 dyrustafir, hurð á járnum með hespu og keng. Veggir gamlir en brúkanlegir. Húsið stæðilegt en fyrir einn fúinn raft gjörist álag 16 sk.
- 8 Bæjardyr, í öllu sama standi sem úttektin af 1835 sýnir, utan hvað síðan fyrnst hafa, hvar fyrir gjörist álag 32 sk.
- 9 Skemma fyrir sunnan bæ, 9 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 1/2 á hæð og að öllu leyti eins og henni er lýst 1835. Á hana gjörist álag 2 rd.
- 10 Geymsluhús niður á Höfða, 7 álnir á lengd, 4 álnir á breidd og 4 á hæð og að öllu leyti sem fyrri úttektin sýnir. Húsið stæðilegt að viðum og veggjum.
- 11 Fjánhús yfir 18 kindur. Með 2 ásum einlægum og sémilega uppreft. Dyra umbúningur og hurð á járnum. Fyrir hrjálega veggju hússins gjörist álag 3 rd., 16 sk.
- 12 Skemmukofi suður á hlaði sem nú leggst á móti áður affelldum eldhúskofa, sem var niður hrúnið jarðarhús og síðan óhæfur að standa á sama stað. Þessi skemma er 5 álna löng, 3 á breidd, 4 á hæð. Með 6 stöfum lélegum, undir einlægum syllum, 3 bitum, 3 sperrum, auknum langböndum og mænirtróðu, árefti lélegt. Standþili, dyrastöfum og hurðarflaki sem allt er gamalt og lélegt. Veggir gamlir og hrjalegir. Álag gjörist 2 rd.

Álag í allt 24 rd., 16 sk.

Fyrir 2 staðarins innstæðu kúgildi hefir presturinn sr. Björn Jónsson afhent þeim tilkomandi prests vinnumanni 12 ær, uppbættar sem forsvaranlegar, en fyrir það þriðja staðarins kvíldi leggst bjargfesti í hvörri tvær trossur virðast lítt nýtar, hvörjar bóndinn Guðmundur Bjarnason hér á staðnum lofar með handskrift að taka til sín en svara aftur til festarinnar 2 nýjum trossum á þessu sumri, sem jafnast í skuldaskiptareikningi prestsins séra Björns og Guðmundar. Festinni fylgir hjól, stokkur og spennólar.

Upp í ofanálág staðarins kemur þá:

¹⁷⁷ Stendur svo.

Bygging innan í baðstofunni, 7 rd. 48 sk.

Fjárhúshlöðuræfill, 1 rd.

2 garðastokkar og garðaband, 32 sk.

2 skellihurðir með dyra umbúning, 1 rd.

Hjallásar 2 og 4 stólpár, 1 rd., 64 sk.

Hillur og bekkir í búri, 16 sk.

[Alls] 11 rd., 64 sk.

Guðmundur Bjarnason lofar hér undir heyrn allra nærverandi, með tilsjón þessarar eyjar hreppstjóra, að upp byggja á þessu sumri baðstofu staðarins og gera hana gilda, hvörs vegna að ofanálagið getur ekki í þetta sinn klárast fyrr en sést hvort Guðmundur getur fullnægt þessu loforði sínu.

Endar svo þessi úttektar forretting, sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir, með undirskrifuðum nöfnum viðkomandi,

Gunnar Jónsson hreppstjóri, Indriði Jónsson, úttektarmenn; Jónas Sigfússon; Björn Jónsson fráfarandi; Jónatan Þorkelsson fyrir hönd þess væntanlega prests

[Úttekt Miðgarða 1841]

Árið 1841, þann 7. september, voru nálægir að Miðgördum í Grímsey, hreppstjóri Gunnar Jónsson í Efri-Sandvík og Kristján bóndi Sigurðsson á Básun, til að gjöra opinbera skoðunar-, virðingar- og úttektargjörð á nefndum prestsgarði, tilheyrandi kirkjueign sem fylgt hefir og fylgja ber, samt öllum staðarins húsum og innstæðu kvíldum, og undir eins meta fullkomið álag á sérhvað af þessu, þar þörf gjörist með tilliti til úttektargjörðarinnar er seinast fram fór 1838, þegar presturinn séra Björn burt fór en séra Magnús tók við nefndu prestakalli, hvör nú er sjálfur nálægur þessari úttektargjörð, sem fyrir beiðni hans er fram fylgt, samkvæmt leyfi þar til gefnu af viðkomandi prófasti.¹⁷⁸ Vegna þess væntanlega prests er nálægur bóndi Jón Jónsson frá Syðri-Grenivík, sömuleiðis er nálægur Jónatan Þorkelsson eftir verandi hér á staðnum, hvör¹⁷⁹ síðari veitir móttöku bæði kvíldum staðarins og öllu ofanálagi. Byrjar þá þessi úttekt og fram fer sem fylgir:

Kirkjan, að lengd, breidd, hæð og yfirviðafjölda, allri lögum og innrétting eins og úttektin af 1838, þann 8. júlí, tiltekur. Það allt stendur enn óraskað nema hvað við hefur bæst nýtt klukknport framan á kirkjupílinu, samt ný og öflug skrá fyrir kirkjuhurðina og nýr gluggi upp yfir prédikunarstólnum. Kirkjan að öllu leyti stæðileg, þurr og þrifalega umgengin.

Ornamenta og áhöld kirkjunnar:

- 1 1 klukka með járnramböldum, í minna lagi, hljóðgóð og ógölluð.
- 2 1 do., lítill og hljóðgóð.
- 3 1 do., hljóðlítill.
- 4 2 kertapípur af kopar og látúni, nýlegar þó önnur forskrúfuð, gjörst því álag á hana 32 sk.
- 5 1 ljóastjaki með vængjapípum.
- 6 1 ljósaskæri brúkuð, af járn.
- 7 1 lítill silfurkaleikur með gylltri patínu.
- 8 1 rykkilín nýtt, úr fínu kembrisi.
- 9 1 do. nýlegt, dálítið grófara.
- 10 1 hökull nýr, úr rauðu fløjeli með vírbordakrossi.
- 11 1 do. af rósaflussi, fóðraður og krosslagður.
- 12 1 do. af rauðu og svörtu rósa damaski, fóðraður og krosslagður, gamall.
- 13 1 altarisklæði nýtilegt, grænt með mislitum smárósum.
- 14 1 do. úr rauðu og svörtu rósa damaski.
- 15 1 altarisklæði úr dökkrosuðu lérefti, lappað og gatslitið, með hvítu léreftsfóðri.

¹⁷⁸ Á spássíu er ritað: „NB. vide 2 bréf prests, sr. Magn., af dato 14/9 41 og 24/6 42 við próf.dæmið. H.Thorl.“

¹⁷⁹ Óljóst.

- 16 1 dúkur ofan yfir altari, af rauðhvítu lérefti með bláleitum krossi og bættu léreftsfóðri, gamall og fornfálegur.
- 17 1 do. hvítur, út gömlu lérefti.
- 18 1 skírnarfontur rústaður og skemmdur á börmum.
- 19 1 skírnarvatnskanna brostin með rifnu loki.
- 20 1 þjatur ljósalk, gömul og ryðguð.
- 21 1 hálfpotts, ein 3/4 potts flaska og tveggja potta kútur undir vín, samt bakstursöskjur.
- 22 1 skápur nýr, með útskornum spjöldum 3, lélegum lömum og ónýtri læsing.
- 23 1 blikkformur nýr til kerta.

Í bókum á kirkjan:

- 1 1 Vaisenshús Biblíá úr bandi, álag 1 rd.
- 2 1 engelsk do.
- 3 1 Nýja testament.
- 4 2 grallarar hrjálegrir.
- 5 3 sálmabækur nýjar í alskinni.
- 6 1 do. í lélegra bandi.
- 7 2 presta handbækur.
- 8 1 lærdómsbók.
- 9 Confessio Augustana.
- 10 1 ministerialbók, úr bandi og léleg, þyrfti hið fyrsta að leggja nýja til.
- 11 2 kirkjustólar, annar nýr í góðu bandi, hinn eldri útskrifaður og hrjálegur.
- 12 1 vaccinations protókoll.
- 13 1 copíubók innheft.
- 14 1 húsvitjunarbók.

Graftól:

- 1 1 járnkarl í standi.
 - 2 1 járnspaði brúkanlegur.
 - 3 1 varreka, 1 prestsspaði varlaus.
 - 4 1 páll gamall og lélegur.
- Summa [álags] 1 rd., 32 sk.

Úttekt Miðgarða prestakalls utan- og innanbæjarhúsa

- 1 Baðstofa, 5 álna löng, rúmar 3 á breidd, 4 1/2 á hæð. Með 6 stöfum — 1 heilum og 5 hálfum, öllum nýjum — 2 bitum, lausholtum óauknum, 3 kálasperrum, 2 langböndum einlægum, sömuleiðis nýjum og flestallir viðir nýir. Hurð á tréhjörum með öllum dyra umbúning, nýleg í standi. Veggir baðstofunnar nýir og stæðilegir. Ofan á lélegt árefti í mænir baðstofunnar leggst 1 rd.
- 2 Alþiljað hús við baðstofuenda, að öllu leyti í sama formi og allri innrétting sem seinasta úttektargjörð sýnir. Húsið að viðum vel stæðilegt nema hvað síðan fyrnst hefur. Syðri veggur hússins sprunginn og þarf að takast. Þar fyrir á leggst 3 rd.
Gluggar allir í baðstofunni og húsinu nýir og í góðu standi.
- 3 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, 12 álnir á lengd. Með 3 bitum og þríauknum mænirás. Raftarnir flestir nýlegir og veggirnir vel stæðilegir. Álag á raftvið gjörist 64 sk.
- 4 Göng frá búrsdyrum til bæjardyra, 7 álna löng, 1 1/2 alin á breidd, kortar 3 álnir á hæð. Fúnir raftar hér og þar. Veggir stæðilegir. Álag þar á gjörist 56 rd.
- 5 Eldhús, 5 álnir á lengd, 4 á breidd. Með 1 bita, 3 ásum, upprefti allt brúkanlegt og ófúid. Húsið að viðum og veggjum stæðilegt.
- 6 Gangnartur frá eldhúsdyrum til búrsdyra 1 1/2 alin á breidd, 4 álnir á lengd, 2 1/2 á hæð. Að viðum og veggjum vel stæðilegur.
- 7 Búrhús, 5 1/2 alin langt, 4 á breidd, 5 á hæð. Með einlægum mænirás, 7 röftum á syðri en 5 á ytri hlið, gisreftum og hrjalegum, einlægur veggglægjuratur undir ytri hlið, gamall, með 2 nýjum stoðum undir. Ofan á raftvið leggst 1 rd.

8 Bæjardyr, í öllu sama standi og tvær síðustu úttektir sýna, utan hvað síðan fyrnst hafa að viðum. Hliðveggir stæðilegir en stafn fallinn. Þar fyrir á leggst, eins og líka fyrir lélega við 2 rd.

9 Skemma fyrir sunnan bæ, 9 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 1/2 á hæð. Að öllu leyti eins og henni er lýst við síðustu úttekt, nema hvað síðan hefur af sér gengið þannig að grindin hefur sveigst suður og fram og raftar í ýmsum stöðum sloppið inn af mænirásum. Þil hrjálegt en veggir stæðilegir. [Álag] 3 rd.

10 Geymsluhús niður á Höfða, 7 álna langt, 4 álna breitt, 4 álna hátt og að öllu leyti eins og síðasta úttekt til greinir að viðum og veggjum, sterkt og stæðilegt.

11 Fjánhús yfir 18 kindur. Með allgóðum viðum nema á litlum parti á vesturenda syðri hliðar. Veggir stæðilegir að undanteknum framstafninum. Álag því 1 rd.

12 Skemmukofi fyrir sunnan bæjardyr (sem nú leggst á móti áður affelldum eldhúskofa sem var niðurrhunið jarðarhús og óhæfur að standa í sama stað) 5 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð. Með 6 stöfum undir einlægum syllum, 3 bitum, 3 sperrum, auknum langböndum. Allir viðir lélegir, sumir fúnir. Álag 4 rd.

Þeim 2 innstæðukúgildum staðarins hefur núverandi ábúandi hans, Jónatan Þorkelsson, veitt móttöku í 12 ám ungum og vel útlítandi. Sömuleiðis hefur nefndur Jónatan að sér tekið að hirða kvíldin fram á næstkomandi fardaga, hvar til honum er tillagt nægilegt fóður í heyi og beinum.

Fyrir hið þriðja staðarins kúgildi fylgir bjargfesti samanstandandi af 4 kaðaltrossum, 1 spánnýrri, annarri og þriðju lítið brúkuðum og fjórðu æði mikið dreginni, þó gallalausri. Festinni fylgir nýtt hjól, en fyrir vantandi stokk og spannólar gjörist álag 64 sk.

Álags summa 16 rd., 88 sk.

Upp í álagð kemur:

1 Þil fyrir norðurstafni og á hliðum baðstofunnar, 1 rd.

2 Pallur, að mestu leyti nýr, úr dönskum sterkum borðum og bökum af rekavið, 4 rd.

3 Nýtt þil í baðstofuhúsinu, allt listað, með hurð á járnnum og læsingu, 3 rd. 48 sk.

4 1 borð í húsinu ásamt hillum á þiljunum, 1 rd.

5 1 rúmstæði framan við húspilið, með hurð í botni en engum bríkum, 32 sk.

6 1 kvörn með kvarnarstokk, 1 rd.

7 Spýtur af ýmislegri stærð inn í Höfðahúsi, 20 að tölu og 3 út á ytri hjallstólpanum, allar til samans virtar á 6 rd., 8 sk.

Summa 16 rd., 88 sk.

Endar svo þessi úttektargjörð, sama stað, ár og dag sem upphaflega greinir, með undirskrifuðum nöfnum viðkomenda,

Gunnar Jónsson, Kristján Sigurðsson úttektarmenn; Jónatan Þorkelsson; Jón Jónsson fyrir hönd þess væntanlega prests; með ofan- og framanskrafaða úttektargjörð gjörir sig ánægðan M. Jónsson fráfarandi

[Úttekt Miðgarða 1844]

Ár 1844, þann 9. maí, voru viðstaddir að Miðgördum á Grímsey hreppstjóri Guðmundur Jónsson á Syðri-Grenivík, að boði herra prófests séra H. Thorlacius, og bóndi Ari Jónsson á Efri-Sandvík til að halda opinbera skoðunar-, úttektar- og virðingargjörð á ofanefndu prestssetri tilheyrandi kirkjueign sem fylgt hefir og fylgja ber, samt öllum staðarins bæjar- og útihúsum eins og nú koma fyrir sjónir o.s.frv., sem að þessu sinni varð úttekið og jafnframt var þá lögð til grundvallar, að því leyti sem varð, nú næst undangengin skoðunargjörð sem fram fór þann 7. september 1841 og skoðunargjörðin 1838, næst á undan þeirri fyrrnefndu. Þar menn við samanburð þeirra fyrirfram urðu varir þeirrar ósamkvæmni, að úttektin 1838 segir, að baðstofan sé 7 álnir og 1/2 á lengd en hin 5 álnir á lengd, en þar úttektarbókin hvörgi með sér ber hvað baðstofunni við móttöku séra Jóns Sveinssonar á staðnum hafi tillagt verið sem jafngildi þess á vantandi til baðstofu lengdarinnar eftir úttektargjörðinni 1838, þá metum vér við úttektina til verðlags þær tvær og 1/2 alin sem baðstofuna vantar að lengd fyrirfinnst hún nú ei lengri en við næstu skoðunargjörð.

Sama staðar var og nálægur presturinn, séra Guðmundur Jónsson á Miðgörðum, til að veita móttöku stað, kirkju o.s.frv. þar tilheyrandi og honum til aðstoðar við móttöku bæjar og útihúsa etc. bóndinn Jóhannes Pálsson á Kaðalsstöðum úr Fjörðum, þar næstnefndur prestur var frammannefndum úttektarmönnum til aðstoðar með skriftir við úttektargjörðina. Enn fremur voru viðstaddir bóndinn Kristján Sigurðsson á Básam fyrir hönd prestsins, séra Jóns Sveinssonar sem nú er fjærverandi, og á að afhenda hið framangreinda, nefnilega stað og kirkju o.s.frv. og svara til þess fram að næstliðnum fardögum, ásamt núverandi ábúanda á Miðgörðum, Jónatan Þorkelssyni, sem nú sín vegna á að svara til staðarins eða ábýlisins í gildu ásigkomulagi frá næstliðnum til næstkomandi fardaga, hvað leigur, landskuld og ábúð áhrærir um næstnefnt tímabil prestinum séra Guðmundi Jónssyni. Og fram fór þá þessi skoðunargjörð sem fylgir:

Kirkjan er að lengd tæplega 11 1/2 alin, á hæð 5 1/2 alin, á breidd 4 3/4 alin. Þak og veggir kirkjunnar ei mjög illa útlítandi en kirkjugarðurinn mjög hrörlegur og með flögum og úr honum fallið. Innviðafjöldi og lögun kirkjunnar er hin sama sem fyrir farandi úttektir tilgreina. Að vísu hallar henni nokkuð, en sýnist þó ei öðru fremur koma henni að sök. Súðin er á mörgum stöðum gegnfúin og blaut ásamt hálfúni¹⁸⁰ að norðanverðu en á súðinni að sunnanverðu varð fyrirstöðulaust rekinn hnífur í gegnum eitt borðið, nærfellt á miðri súðinni á miðju borði. Hér af má nokkuð álykta um hin önnur jafngömul og sama megin, þú þau séu að vísu nokkuð skár útlítandi. Auk þessa eru 5 mjög svo rifin til skemmda á súðinni. Að norðanverðu eru öll bitahöfuð gegndrepa og fúin, nema hið fremsta og sömu bitar því óhæfir til langframa í sama húsi. Að stöfunum varð að vísu ei komist til skoðunar að ofanverðu en þar lausholtið var grautfúin má geta nærri um stafina sama megin. Að norðanverðu reyndust þeir sem skoðaðir urðu allgóðir þar. Sperrutær flestar gagnblautar og meirnunarlegar og þar sem til skoðunar á einni þeirra var höggvið gat á sunnanverðu á miðri kirkju, þar sem veggur og þak kemur saman, reyndist hún þar graut fúin. Lausholt að sunnanverðu á sumum stöðum grautfúin. Stafirnir þar voru ei skoðaðir að ofanverðu en að líkum er að þeir séu þar mjög feysknir eða fúnir, þar sem þeir líka ásamt hinum öðrum aflviðum kirkjunnar hafa staðið hér um bil 26 ár.

Þiljur í kór allnýlegar og staðilegar. Altari nýlegt og staðilegt. Bekkir og gólf allbrúkanlegt og þil milli kórs og framkirkju nýlegt og staðilegt. Tekst því fátt af þessu til greina (nefnilega í kórnum) til álags. Prédikunarstóll gamall og lítt nýtur og þarf bráðrar aðgerðar. Þil og gólf í framkirkju nær ei upp og niður að gólfi, er orðið feyskið mjög sökum jafnrar elli í¹⁸¹ kirkjunni áðurnefndum aflviðum, er þó þurr og þokkalegt. Niður við þilið þar sem bil er á milli þess og gólfsins eru lagðar hrjálegar og lítt nýtar fjalir og stúfar flestir af þeim að nafninu til naglfestir. Sæti og bekkir í framkirkjunni hrjalegir og fánýtir. Gólfíð á sama stað hrjalegt og víða í því hálflausir fjalastúfar.

Kirkjustafnpilið að austanverðu allvænlegt, þó fornt, hitt eldra og feysknara. Kirkjuhurðin feyskin mjög og farin að gefa sig. Skrá fyrir henni allgóð, lamir lakari. Lítið en nýlegt og vænt klukknaport fylgir kirkjunni. Moldir kirkjunnar, svo sem þak, veggir, ásamt kirkjugarði er ei til greina tekið til álags, en það af hinum hér framangreindu sem álags þarf. Þess er og hér að geta að aurstokkar undir kirkjunni reyndust feysknir og fúnir, voru skoðaðir, er metið til álags.

Ornament og áhöld kirkjunnar

- 1 1 klukka með járn ramböldum, hljóðgóð og ógölluð.
- 2 1 do. lítil og að stærð, hljóðgóð.
- 3 1 do. laus og mjög smá, hljóðlítill.
- 4 2 kertapírur gamlar af kopar, báðar gallaðar, önnur dölud og gat á stéttinni, hin rifin á stéttinni og forskrúfuð.
- 5 1 ljósastjaki með tveimur vængjapípum, gamall en þó vel brúkanlegur.
- 6 1 ljósasöx af járn, allvæn.
- 7 1 lítill silfurkaleikur, með gylltri patínu.

¹⁸⁰ Stendur svo.

¹⁸¹ Verður helst lesið svo.

- 8 1 rykkilín lítið, borið, úr fínu kambrisi, þó ei nokkuð ryðblettað.
- 9 1 do. mjög bledda.
- 10 1 hökull, lítið borinn, úr rauðu fløjeli, með vírborðakrossi, alfóðraður með hvítu lérefsti.
- 11 1 do. af rósaflussi, fóðraður og krosslagður, gamall.
- 12 1 do. úr rauðu og svörtu rósaflanجلي, krosslagður, gamall og lítt nýtur.
- 13 1 altarisklæði, brúkað, grænt með mislitum smádropum.
- 14 1 do. úr rauðu og svörtu rósa damaski, lítið borið.
- 15 1 do. úr dökkleitu lérefsti, blómstrað, gamalt, bætt og rifið.
- 16 1 dúkur ofan yfir altari, rauður og hvítur með blómstrum, gamall og gatslitinn.
- 17 1 do. hvítur úr gömlu lérefsti, bleddaður.
- 18 1 skírnarfontur, úr látúni, brostinn á börmum.
- 19 1 skírnarvatnskanna, brostin, úr leir, með brotnu tinloki.
- 20 1 kertalukt, lítt nýt, af þjátri.
- 21 1 tveggja potta kútur undir kirkjuvín.
- 22 1 skápur á kórbita, nýlegur, með 3 útskornum spjöldum með lélegum lömum og ónýtri læsingu.

Eftir afhendingu á kirkjunnar inventaris, sjá blaðsíðu 8, úr 20,¹⁸² vantar 1 heilpottsflösku og eina 3/4 flösku og 1 blikkform til kerta.

Bækur kirkjunnar:

- 1 Væsenhúss Biblíá, rotin og í blöðum.
 - 2 1 do. engelska útgáfan, laus í bandi.
 - 3 1 Nýja testamenti, alveg úr bandi, útgefin 1813.
 - 4 1 grallari hrjálegur.
 - 5 3 nýju sálmabækurnar, í allgóðu standi nema að upp úr einni þeirra er gengið nokkuð.
 - 6 1 do. af eldri útgáfunni, með smáum stíl, gömul og að öllu leyti úr bandi.
 - 7 2 presta handbækur, báðar rotnar og úr bandi.
 - 8 1 gömlu ministerialbók, rotin og úr bandi.
 - 9 2 kirkjustólar, annar nýlegur, í góðu standi, hinn rotinn, gamall og úr bandi og útskrifaður.
 - 10 1 ný ministerialbók.
 - 11 1 vaccinatsions prótókoll, gagnumdreginn og innhefur, orðinn blakkur.
 - 12 1 kopíubók, hefir verið innheft í pappír, úr bandi.
 - 13 1 húsvitjunarbók innfest í skinni, og nokkuð af fororndingum og 1 rotið spurningakver.
- Af bókunum eftir fyrrnefndri afhendingu vantar af nr. 2 einn gallara, nr. 8 eitt spurningakver (fannst seinna) og nr. 9 Konfessio Augustana.

Graftól kirkjunnar:

- 1 1 járnkarl í góðu standi, vænn og sterkur.
- 2 2 járnrekur, önnur væn, hin brúkanleg.
- 3 3 varrekur vænar.
- 4 1 prestsspaði nýlegur.
- 5 1 páll gamall og laslegur.

Af graftólunum vantar 1 varreku og 1 prestsspaða varlausan, því séra Magnús nefndir við afhendingu sína 1841 1 varreku og 1 prestsspaða varlausan en séra Jón færir til í útgjöldum kirkjunnar 2 nýjar varrekur og 1 nýjan prestsspaða.

Summa [álags] 67 rd.

Úttekt Miðgarða prestakalls utan- og innanbæjarhúsa

- 1 Baðstofa, rúmar 5 álnir á lengd, rúmar 3 á breidd, 4 1/2 alin á hæð. Með 6 stöfum, 1 heilum og 5 hálfum, 2 bitum, þrennum kálfasperrum, 2 langböndum og hurðarnefna á tréhjörum, en í samanburði við úttektina sem gjörð var 1838 sást að á lengd vantar til baðstofunnar 2 1/2 alin sem

¹⁸² Átt er við flöskurnar sem taldar voru upp í úttektinni 1841, raunar í tuttugasta og fyrsta lið.

síðar tekst til greina. Ofan á fyrrgreinda stafi baðstofunnar, hvar af 1 er blautur og fúinn, hinir allbrúkanlegir og lausholt vatnsrunnin utan og feyskin og 2 bita feyskna og vatnsrunna og þrjár kálfasperrur hvar sperrutærnar eru vatnsrunnar — þó ei fúnar — skekkju baðstofunnar til syðri hliðar þar stafir þeim megin hafa sigið niður og hrjálegt þak [gjöríst álag] 6 rd., 48 sk.

Ofan á feyskna mænirtróðu og 1/3 reisifjalar, þar 2/3 partar hennar álitast bærilegir, og fyrir lítinn vantandi tveggja rúðu glugga, 1 rd., 36 sk.

2 Ofan á gegnblauta og hálfúna mænirása, 12 1/2 alin frá baðstofudyrum til búrdyra og lítt nýtt og fúíð og hálfúíð upprefti yfir sömu göngum og dverga ónýta og stutta á bitum, 9 álna langan vegg þar inn slútandi og ónýtan, svo mikinn halla hefir gjört, og annan styttri þar á móti og skekkjuna, 11 rd., 48 sk.

3 Árefti lítt nýtt yfir framgöngum til bæjardyra og hrjálegir veggir, þar á lagt 2 rd. 80 sk.

4 Bæjardyr, 5 álnir á lengd. Mænirás þar að öllu ónýtur, biti þar fúinn, annar grannur. Upprefti sumt fúíð en fleira þó brúkanlegt. Dyrustafnsveggur fallinn að ofan og hrjálegur, 2 stafir fúnir. Ofan á þetta 3 rd.

5 Annar hliðveggur í bæjardyrum mjög hrjálegur og sú er skekkju á grind bæjardyra að þilið slútir mjög fram, sem er lítt nýtt, úr þunnum skífum, sumt í því er fúíð, og hurðin lítt nýt og annar dyrustafur fúinn. Ofan á þetta 5 rd.

6 Ofan á hrjálegt og rofið þak yfir göngum bæjardyra og yfirrjáfri frá baðstofudyrum til búrdyra, 1 rd., 16 sk.

7 Eldhús, 5 álnir á lengd, 4 álnir á breidd. Þar í 2 mænirásar, fúnir báðir á stöfnum. Undir þakinu vantar 3 burt fallna rafta og þak því sigið niður. Árefti gamalt og feyskið, sá eini biti sem í því er að nafninu er gamall, með fúarákum. Dyrustafir, annar lítt nýtur.¹⁸³ Hurð er engin. Af veggjum eldhússins er nokkur partur því nær inn fallinn og hrjálegur og þak þess rotið. Göng frá eldhúsi fram á móts við búrsdyr 3 1/2 alin, mænirás þar fúinn til beggja enda og allur feyskinn. 1/2 upprefti ónýtt og veggpartur inn fallinn. Ofan á þetta til samans 9 rd., 64 sk.

8 Búr, 5 og 1/2 alin langt, 4 á breidd, 5 á hæð. Með einum mænirás, mjög gisreft, með vegglægju annars vegar. Hún grautfúin og ónýt. Allgóður mænirás, þó mjög vatnsrunnin. Áreftið (að fráteknum mænirás) lítt nýtt og flest grautfúíð. Á það hér greinda sem álags þarf og þar húsið þarf hið bráðasta að takast, nefnilega á þakviðu og veggji sem að megin parti eru fallnir, leggst 10 rd.

9 Hús innar af baðstofu, jafnt að stærð og lögun sem næst undanfarnar úttektir sýna. Á því reisifjöl, feyskin undir torfi. Sperrutær og stoðir feysknar og votar. Þiljur í húsinu þurrar en feysknar og veggur sá sem við næstu úttekt er sagður sprunginn er nú að mestu inn fallinn. Ofan á húsið leggst 6 rd., 48 sk.

10 Skemmukofi næst bænum, sem næsta úttekt getur um að lögð sé móti áður affelldum eldhúskofa, 5 álna löng, 3 á breidd, 4 á hæð. Með 6 stöfum, 3 sperrum, 3 bitum, auknum langböndum, með ónýtum mænirás, þili og hurð ónýtri, fallinn að veggjum og stafni. Yfir höfuð að kalla fallinn að viðum og veggjum. Álag á hana 9 rd.

11 Skemma sunnar á hlaðinu, 9 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 1/2 á hæð. Grind skemmunnar er snöruð suður og fram, mænirás að mestu ónýtur, raftar víða sloppnir af mænirás, árefti sumt fúíð, sumt feyskið. Í austurhorni í innsta stafgólfi fúinn stafur, sperra og biti á sama stað og við stafninn allt lítt nýtt. Syllur ásamt öðrum viðum feysknar. Þil lítt nýtt, ásamt hurð og járnum, stafninn snaraður inn ofan til miðju. Suðurhliðarveggur fúinn og flagóttur að utan en siginn inn að innanverðu. Norðurveggur forn og siginn inn fram við dyr. [Álag] á þetta hróf 16 rd.

12 Fjánhús með hurð og dyra umbúningi, með mænirásum 2 einlægum og 4 stoðum, án garða umbúnings. Árefti hrjálegt en þó nýtilegt. Veggir og stafnar hrjálegir, með föllnum parti að innan og utan fúnir, flagóttir og skörðóttir. Álag á það 4 rd.

13 Geymsluhús niður á Höfða. Með einum mænirás vænum, 2 langböndum, öngvum sperrum, bitum eður stöfum. Hurð léleg og húsið án læsingar en með keng og hespu. Upprefti víðast hvar

¹⁸³ Allmargt óljóst í þessum kafla og kann sumt að vera yfirstrikað.

vænt, þó sumstaðar fúð. Stafnar og veggir ljótir og gamlir, hrijálegir að utan og innan flagóttir. Húsið sem þaklaust. Álag þar á 4 rd.

(14) Þau 2 staðarins innstæðu ásaudarkvíldi verða ei að þessu sinni úttekin, en áðurnefndur Jónatan lofar Kristjáni á Básum, sem eins og áður er sagt er hér viðstaddur fyrir hönd séra Jóns Sveinssonar, að afhenda þau í gildu og góðu ásigkomulagi til næstliðnra fardaga fyrir hönd áðurnefnds prests, en nú frá næstliðnum til næstkomandi fardaga í nefndu ásigkomulagi sjálfs síns vegna prestinum, séra Guðmundi Jónssyni, úttekin af okkur hinum sömu úttektarmönnum.

Í hið þriðja staðarins kvíldi er tilgreind bjargfesti samanstandandi af kaðaltrossum, hvörri fylgja á stokkur og spannólar og hjól. Hvað þessum trossum viðvíkur eru þær að sönnu 4 til, hin besta töluvert dregin, 2 háflslitnar, hin fjórða ónýtt metin til festar framvegis. Þær þrjár fyrr greindu metast á við 2 lítið dregnar en hin fjórða sem óhæf virðist verður síðar tekin til greina, um leið og hitt annað sem metið verður upp í álag frá séra Jóni, og þá virt. Hér til greinist boð það sem oftnefndur Jónatan gerir Kristjáni á Básum, hér viðstöddum fyrir hönd séra Jóns Sveinssonar. Hann býðst nefnilega til að leggja til eina nýja festartrossu fullkomna að gildleika, sem virðist ekki styttri en 56 faðmar eður 168 álnir, séra Jóns vegna, í því skyni sem hann um sinn og séra Jóns samverutíma hafi notað sér nefnda bjargtrossu, þó með því skilyrði að hann eigi að séra Jóni helming þess verðs er hin fjórða bjargtrossunefnan metist. Trossuna lofar hann að láta til strax eftir fyrstu landferð. Að þessu boði gengur Kristján séra Jóns vegna. Hina fjórðu trossuna virðist séra Jón Sveinsson þurfi að leggja til nýja, með tilhlýðilegri lengd og gildleika. Þær af trossunum, sem mældar hafa verið, eru gildir 56 faðmar og vanir bjargmenn hér meta þær gildar að lengd, en meta ei festina gilda ef hún ei samanstendur af tveimur nýjum og 2 lítið dregnum, líka sjá menn af úttektargjörðinni 1838, að þar eru tilgreindar tvær nýjar trossur í festinni, en af þeim tveimur úttektargjörðum 1835 og 1841, sést að 4 trossur eiga að vera í festinni, en þar nefnd bjargfesti hefir verið brúkuð eftir næstliðna fardaga, þó ei oftast til fugls og eggja en 4 daga, þá býðst séra Guðmundur til að láta það koma til greina eftir mati nærstaddra þá lagt verður út til ofanálags, og er það metið 1 rd. og sömuleiðis leiguliða húsa- og jarðarbóta ofanálag, sem nærstaddir meta en séra Guðmundur krefst að Jónatan, sem frá næstliðnum fardögum að svara honum til jarðarinnar ásamt leigum og landskuld eftir þeirra samningi. Í hér greint ofanálag er metið hvað Jónatan svari séra Guðmundi 9 rd., hvörja 9 rd. séra Guðmundur leyfir Jónatan að greiða eða fullnægja með aðgjörð húsa sem því svarar, með því móti að nærstaddir úttektarmenn standi inni fyrir að það ske skuli til fullnustu og í tækan tíma á yfirstandandi sumri.

Fyrir 2 1/2 alin sem öndverðlega var getið um að vantaði til lengdar baðstofunnar er metið 5 rd., 48 sk.

Summa 96 rd., 4 sk.

Upp í ofanálagið fram býður framannefndur Kristján á Básum, fyrir hönd séra Jóns Sveinssonar, með því móti að hann samþykki:

- 1 Pallinn inn í baðstofu með 3 pallstokkum, lítt skemmdan nema ystu fjalir fúnar. Hann virtur á 3 rd., 24 sk.
- 2 Þiljur fyrir suðurstafrni og austurhlið, ófúnar. Virtar á 64 sk.
- 3 Rúmstokkur og hurð lítil, á 32 sk.
- 4 1 borð með skúffu og 4 smáhillur, 72 sk.
- 5 Kvörn gömul, með endurbættum stokki, 1 rd.
- 6 Stofa þillaus fyrir stafrni og annarri hlið, fáar fjalir fyrir hinni. Virt á 8 rd.
- 7 Heyhlaða, átta álnir á lengd, 3 1/2 á breidd, góðar 3 á hæð. Með vænum mænirás, upprefti sumt lítt nýtt en sumt skárar. Virt á 3 rd.
- 8 Spýtur, 23 að tölu, niður hjá Höfðahúsi. Virtar á 4 rd., 48 sk.
- 9 2 ásar og 6 litlar spýtur og lélegar, á 72 sk.
- 10 2 kornkassar, báðir á 1 rd., 80 sk.
- 11 1 tunna brúkuð og einbytna, á 2 rd.
- 12 1 do. feyskin beykitunna, 40 sk.
- 13 8 borð, hvört 28 sk., til samans 2 rd., 32 sk.

15 1 tveggja potta kútur, á 40 sk.
Summa 29 rd., 24 sk.
Enn fremur er til hey, metið á 3 rd. 48 sk.
Verð fyrir 2 sextug færi og nýjan miðklóarkaðal 5 rd., 48 sk.
Verð fyrir selda unga, 4 rd.
Do. fyrir 1 kornskeppu, 1 rd.
Do., do., 2 do., 2 rd.
Enn fremur fyrir 1 kornskeppu, verð 1 rd.
Hér að auki tilfellur séra Jóni fyrir ekki meira en fjögura daga brúkun á festinni eftir næstliðna fardaga, metið 1 rd.

Og leiguliðabót, sem Jónatan á að gjöra frá næstliðnum fardögum, metin 9 rd.

Fyrr umgetin trossa, sem virðist ógild til bjargfestar, metin á 2 rd., 48 sk.

Summa 58 rd., 72 sk.

Endar svo þessi skoðunargjörð, sama stað, sama ár, þann 11. s.m.

Guðmundur Jónsson hreppstjóri, Ari Jónsson (handsalaði nafnið) úttektarmenn; Kristján Sigurðsson (handsalaði nafnið) fyrir hönd séra Jóns Sveinssonar; sjálfs síns vegna Jónatan Þorkelsson

Hvað kirkjunni og hennar úttekt viðvíkur etc. henni tilheyrandi, þá hefi ég mér hennar rétt greindan til síðar. Með staðarins afhendingu etc., þar tilheyrandi með tilgreindu ofanálagi ef því til fullnustu svarað verður, geri ég mig ánægðan, Guðmundur Jónsson

[Úttekt Miðgarða 1846]

Árið 1846, þann 10. júní, voru staddir að Miðgördum í Grímsey hreppstjóri Guðmundur Jónsson á Syðri-Grenivík og bóndi Ari Jónsson á Efri-Sandvík til að halda skoðunar-, úttektar- og virðingargjörð, að ofanefndu prestssetri tilheyrandi kirkjueign sem fylgt hefir og fylgja ber, ásamt öllum staðarins bæjar- og útihúsum o.s.frv., eftir því sem hvaðeina kom fyrir sjónir og jafnframt að meta fullkomið ofanálág á hvaðeina sem þörf virðist. Var þá lögð til grundvallar sú næst undanegna skoðunargjörð, sem fram fór þann 9. maí 1844. Sama staðar var og nærstaddur presturinn, séra Guðmundur Jónsson, til að afhenda stað og kirkju etc. og fyrir hönd hins ókomna prests bóndinn Kristján Sigurðsson á Básun, til að veita móttöku ofanefndum stað etc. með fullgildu ofanálagi á hvað eina er álags virtist við þurfa, og fram fór ofanefnd skoðunargjörð sem fylgir:

Kirkjan er að lengd tæplega 11 1/2 alin, á hæð 5 1/2, á breidd 4 3/4. Þak og veggir kirkjunnar: Veggir stæðilegir, þak að norðanverðu allgott, að sunnanverðu hrjálegra. Kirkjugarður stæðilegur nema á tveim litlum pörtum hrjálegur. Innviðafjöldi og lögun kirkjunnar er hin sama sem fyrirfarandi úttektir sýna. Að vísu hallar henni nokkuð en sýnist þó öðru fremur ekki koma henni að sök. Súðin er á mörgum stöðum gegnfúin en þó víðast hvar ófúin, þurr og þokkaleg. Áfella að norðanverðu hálfúin, að sunnanverðu eitt borð fúid á pörtum, hin önnur ófúin, þó lítið eitt feyskið að utanverðu, en 5 þeirra eru mjög til skemmda rifin. Öll bitahöfuð fúin nema hið fremsta og sömu bitar því óhæfir til lengdar í sama húsi. Lausholt grautfúid og stafir því að líkindum hrjálegir. Að norðanverðu virtust sumir sem skoðaðir urðu allgóðir þar. Sperrur þurrar og þokkalegar að ofan og innan kirkju en 1 sperrutá, þar sem veggir og þak kemur saman að utanverðu, reyndist grautfúin. Stafir þar urðu ei skoðaðir að ofanverðu en líklega þó feysknir eða fúnir, þar sem þeir sem hinir aðrir máttarviðir kirkjunnar hafa nú staðið hér um 28 ár. Þiljur í kór þurrar og þokkalegar.

Altari nýlegt og stæðilegt, bekkir og gólf allt brúkanlegt þar, og þil milli kórs og framkirkju nýlegt og allstæðilegt, tekst því fæst af þessu til greina, n.l. á kór til ofanálags. Prédikunarstóll lítill nýtur og fornfálegur. Standþil í framkirkju mjög feyskið, er þó þurr og þokkalegt. Neðan við syllu þá sem þilinu heldur eru lagðir hrjálegir fjalakubbar. Gólfid að vísu hrjalegt, þó brúkandi. Bekkir í framkirkjunni brúkandi, þó hrjálegir.

Kirkju stafnpilið að austanverðu allvænlegt, þó fyrningarlegt, hitt eldra og frískara. Kirkjuhurð nokkuð feyskin og farin að gefa sig af gisnun. Skrá allgóð, lamir lakari.

Lítið klukknaport nýlegt, aurstokkar fúnir.

Moldir kirkjunnar svo sem þak og veggir og kirkjugarður er ei til greina tekið til álags. Hitt annað sem álags virðist við þurfa er metið til 70 rd. r.s., einasta aukið um 3 rd yfir næstu úttekt er skeði fyrir tveimur árum, þar kirkjan nú yfir höfuð kemur mjög þrifalegar og þokkalegar fyrir sjónir.

Ornament og áhöld kirkjunnar fyrirfinnast hin sömu og við næst undangengna úttekt. Var nú vant sem við hana um einn gamlan grallara og einn varlausan prestaspaða. Í stað vantandi potts og þriggja pela flösku og blikkforms til kerta, er vantalið var næst undangengna úttekt, er nú afhent tvær þriggja pela flöskur og blikkformar 3 samfestir. Auk þessa er nú til og afhent ein reka nýleg, með nýju vari í stað þeirrar einu er vantaði við næstu úttekt. Einasta hefir kirkjunni bæst síðan nýr kaleiksdúkur af rauðu flöjei með hvítum ektavírs snúrum utan með og skúfum í hornum er séra Guðmundur gaf kirkjunni.

Úttekt Miðgarða prestakalls utan- og innanbæjar húsa

1 Baðstofan, 5 álnir á lengd, 4 1/2 á hæð, 3 á breidd. Með 6 stöfum — einum heilum og 5 hálfum — 2 bitum og 3 kálfsperrum, 2 langbönd etc. eins og næsta úttekt sýnir, ofan á fyrrnefnda stafi — hvar af 1 er fúinn, hinir brúkanlegir — og lausholt vatnsrunnin og feyskin. 2 bitar feysknir og vatnsrunnir, sperrutær blautar, þó ófúnar, skekkja baðstofunnar til syðri hliðar þar stafir þeim megin hafa sigið niður. Ofan á þetta lagt 5 rd., 48 sk.

Þak sem áður metið var til ofanálags burt fallið nú, þar það er nú nýlegt og gróið og hefir síðan á lagt verið ofan á feyskna mænirtróðu og þriðjung reisifjalar, þar 2 hlutir hennar álítast bærilegir enn. Tveggja rúðu gluggi sem áður vantaði er nú til. [Álag] ofan á hitt 1 rd., 20 sk.

Veggir baðstofunnar álítast stæðilegir.

Ofan á 2 litla glugga umbúninga (en tvær vantandi rúður lofar séra Guðmundur til leggja) leggst 24 sk.

Að öðru leyti mest fyrir fyrning baðstofunnar í 2 ár, jafnvel þó hún komi þurr og þokkalega fyrir sjónir og nú því betur sem hún er nýþakin, 1 rd., 64 sk.

2 Ofan á gegnblauta og hálfvína mænirtróðu, 12 1/2 alin á lengd, frá baðstofudyrum til bæjardyra og lítt nýtt og hálfvíuð upprefti og dverga ónýta á bitum, 9 álna langan vegg inn slútandi og annan styttri þar á móti og skekkju leggst 12 rd.

Árefti yfir framgöngum til bæjardyra og hrjálega veggi þar, þar á leggst 3 rd.

3 Bæjardyr, 5 álnir á lengd, nýbyggðar með nýju þili og nýrri hurð, metast þó til álags 32 sk.

4 Eldhús, 5 álnir á lengd, 4 á breidd. Þar í 2 mænirásar, báðir fúnir á stöfnum, árefti gamalt og feyskið, með einum bita gömlum og feysknum. Dyrastafur annar lítt nýtur, hurð engin. Af veggjum eldhússins er nokkur partur fallinn og hrjalegur. Göng frá eldhúsi 3 1/2 alin, mænirás þar fúinn til beggja enda og allur mjög feyskinn. Hálfu upprefti ónýtt. Veggpartur inn fallandi. En af því síðan við næstu úttekt hefir þak og veggir eldhússins (sem þá var áminnst hrjalegt og því metið með til ofanálags) að utanverðu fengið endurbót og nú viðunanlegt, leggst einasta á allt þetta 10 rd.

5 Búr ný uppbyggt, með stæðilegum og grónum veggjum og þaki, á lengd sem við næstu úttekt. Með einum mænirás og einni veggleggju, með tveimur stoðum þar undir í stað þess þar áður var ei nema ein. Sömuleiðis 2 stoðum sinni undir hvörjum enda mænirás þar sem áður var ei nema ein. Með nýju og duglegu upprefti. Auk þessa fylgir þar nú lítið bord. Búrið að öllu leyti vel stæðilegt og mest ei til álags.

6 Hús innar af baðstofu, jafnt að lögun, lengd og breidd sem fyrri úttekt sýnir. Á því reisifjöl feyskin undir torfi. Sperrutær og stoðir feysknar. Þiljur þurrar og feysknar og veggir, sá sem fyrr var nefndur sprunginn og nær því inn fallinn er við hið sama. 2 gluggar, annar fjöggra rúðu, annar tveggja rúðu gluggi, hinn innri í húsinu viðunanlegur, hinn ytri hrjalegur. Ofan á þetta allt leggst 6 rd., 80 sk.

7 Skemma næst bænum, ný uppbyggð, 5 álna löng, 4 á hæð, 3 á breidd. Með 3 bitum, 3 sperrum, 6 stöfum. Veggir stæðilegir og þak gott. Nýtt þil, ný hurð etc. Virðist stæðilegt. Einasta virðist upprefti sem sumt þykir grannt þurfa álag 48 sk.

8 Skemma sunnar á hlaðinu, 9 álnir á lengd, 3 á breidd, 4 á hæð, nýbyggð. Með fjórum sperrum og bitum og 8 stoðum. Yfir höfuð stæðileg að viðum og veggjum.

9 Fjánhús með hurð og dyra umbúningi. Tveimur mænirásur einlægum og 4 stoðum, allt í góðu lagi. Upprefti allgott. Síðan við næstu úttekt hefir syðri veggur þess aðgjörð fengið en þak nokkuð hrjálegt. Framstafir hússins mjög illa útlítandi og ónýtir. Veggir hrörlegir að ofan. Á þetta m.m. metið álag 4 rd.

10 Höfðahús. Með vænum mænirás, tvennum langböndum vænum, án sperra, bita eður stoða. Að útliti þeim mun betra en við næstu úttekt sem veggur að austanverðu að utan hefir verið að fullu endurbættur og þak sama megin nýtt verið á lagt. Þar fyrir harðnar ei ofanálag á nefnt hús heldur hið sama og næst á undan, 4 rd.

11 Fyrir vantandi 2 1/2 alin af baðstofu sem til greina var tekið, við næstu úttekt og metið 5 rd., nú sömuleiðis 5 rd.

Lateris 54 rd., 28 sk.

Þau tvö staðarins ásauðar kúgildi, nl. 12 ær með lömbum í gildi og góðu standi, afhent.

Bjargfesti saman standandi af fjórum trossum, ein að mestu ný en tvær hálfðregnar, sú fjórða spánný með nýju hjóli og stokk nýjum, hvar fyrir festin er metin í gildu standi.

Til ofanálags:

1 Pallur innan í baðstofu, með þremur pallstokkum, lítt skemmdur nema ystu fjalir fúnar. Hann virtur á 3 rd.

2 Þiljur fyrir suðurstafrni og austurhlið ófúnar, á 64 sk.

3 Tvö rúmstæði með rúmstokkum og þiljum fyrir ofan og í botninn, virt á 2 rd.

4 Enn rúmstokkur og hurð lítil, metin á 32 sk.

5 Eitt borð með skúffu undir og fjórar smáhillur, á 72 sk.

6 Gardi upp í fjárhúsi, virtur á 64 sk.

7 Heystabbi, virtur á 3 rd., 64 sk.

8 Lagvaður vel út búinn.

4 lagvaðstré, 4 rd.

3 lagvaðssóknir, 3 rd.

Nýr miðklóarkaðall á 7 1/2 pund, pundið á 24 sk., til samans 1 rd., 84 sk.

Einn nýr lagvaðsstjóri, á 80 sk.

Þrínúin lagvaðstrossa mjó, á 1 rd., 48 sk.

24 lagvaðsdufl, því nær öll með silum á, 2 rd.

9 Tveir stórir geymslukassar sem við næstu úttekt voru metnir á 1 rd., 80 sk.; metast á 1 rd., 64 sk.

10 Stofa með lofti og standþili að framan og parti af þiljum fyrir annarri hlið, á 7 rd., 56 sk.

11 Heyhlaða við fjánhús, 8 álnir á lengd, 3 1/2 á breidd, 3 á hæð. Með vænum mænirás, upprefti sumt lítt nýtt, sumt skárta, á 2 rd., 72 sk.

12 Nýjar færíkvía grindur, á 2 rd., 48 sk.

13 Grindarsög, blaðið brúkandi, grindin góð, á 56 sk.

14 Hjallur með 10 ráum og þremur auka spýtum, á 2 rd.

15 10 þriggja álna staurar til jafnaðar við Höfðahúsið, á 2 rd.

16 Í öðru lagi í hrúgu 30 spýtur, 1 1/2 alin til þriggja álna, 2 rd., 24 sk.

17 Hrúga af eldiviðarspýtum, á 56 sk.

18 Lagartunna, svo góð sem ný, á 2 rd., 40 sk.

19 Önnur lýsistunna eldri, tvíbytna með 2 járnböndum að neðan, á 1 rd., 64 sk.

20 1 borð, á 28 sk.

21 3 smáraftar, á 48 sk.

22 Einar handbörur, á 40 sk.

- 23 Gallalaus fjórðungspottur, á 1 rd., 32 sk.
- 24 Mólunarkvörn, á 88 sk.
- 25 Lás, virtur á 20 sk.
- 26 1 ljár, virtur á 32 sk.

[Samanlagt] 54 rd., 28 sk.

Kirkjunnar ornamenta og áhöld afhent meðhjálpara Jóni Jónssyni á Eiðum.

Endar svo þessi skoðunargjörð etc. þann 11. júní 1846,

Guðmundur Jónsson hreppstjóri, Ari Jónsson (handsalaði nafnið); Kristján Sigursson (handsalaði nafnið); Guðmundur Jónsson, Jón Jónsson

Úttekt á Miðgörðum þann 25. júní 1849

Kirkjan er nú að áliti ekkert hrjálegrí en næst undanfarin úttekt sýnir, nema prédikunarstóllinn er hreint ónýtur vordinn, og vantar eina glerrúðu í gluggann upp yfir prédikunarstól. Fyrir skemmdir þessar og fyrningu á kirkjunni gjörist ofanálág og er það 4 rd., meira en næstl. undanfarin úttekt — 74 rd. — sýnir.

Ornamenta og áhöld kirkjunnar fyrirfinnast hin sömu og við næstu úttekt nema graftól sum í óstandi og lofaði hreppstjóri Guðmundur Jónsson að gera við þau fyrir séra Jón sem frá fer. Eftir eru skilin 4 kerti til ljósa og nokkrir partar og dálítið af víni í flösku. Þetta allt er í umsjón hreppstjórans.

Úttekt Miðgarða prestakalls utan- og innanbæjar[húsa]:

1 Frambaðstofa ásamt húsi þiljuðu, í sama formi og næsta úttekt sýnir. Vanta tvær rúður í annan húsgluggann, en að öðru leyti útlítandi eins og við næstu úttekt. Sökum fyrningar gjörist álag, alls 18 rd., 44 sk.

2 Göng nýbyggð, vel viðuð, frá baðstofudyrum til eldhúsdýra og bæjardýra, vel stæðileg. Álagsfrí.

3 Bæjardyr, eins útlítandi og næstl., gjörist álag 48 sk.

4 Eldhús nýbyggt og stæðilegt. Ofanálagsfrítt.

5 Búr næstum því nýbyggt en fyrir fyrningu gjörist¹⁸⁴ ofanálág 32 sk.

6 Skemma næst bænum, nær því nýbyggð. Gjörist þó ofanálág 64 sk.

7 Skemma sunnan á hlaðinu, næstum nýbyggð, stæðileg. Gjörist þó ofanálág 16 sk.

8 Fjánhús fremur óalitlegt og hrjálegt. Gjörist álag 5 rd.

9 Höfðahús, að sama útliti og við næstu úttekt var, nema endurbættur dýra umbúningur. Gjörist álag 4 rd.

[Summa] 29 rd., 12 sk.

Kvíldi staðarins afhent í forsvaranlegu sandi. Bjargfesti í sémilegu standi, með öllu tilheyrandi.

Til ofanálags:

1 Pallur innan í baðstofu, virtur nú á 2 rd., 64 sk.

2 Þiljupartar fyrir suðurstafti og austurhlið, á 32 sk.

3 Þrjú rúmstæði með þiljum ofan og botni í, 3 rd., 16 sk.

4 1 borð með skúffu undir og 5 hillur, virt á 1 rd.

5 Stofa með lofti og standpili og parti af þiljum fyrir annarri hlið, virt á 7 rd.

6 Kvörn með stokk, á 80 sk.

7 Færíkviar, á 2 rd.

8 2 trékassar stórir, á 1 rd., 48 sk.

9 2 do. minni, á 32 sk.

10 1 tunna, á 2 rd.

11 2 tunnur lélegri, á 2 rd.

¹⁸⁴ Hér er ritað orðið „mest“ og virðist óþarft, hefur líklega láðst að strika yfir það.

- 12 1 do., á 1 rd.
13 Heyhlaða, virt á 2 rd.
14 Hey í hlöðunni, virt á 3 rd., 32 sk.
Endar svo þessi skoðunargjörð, þann 25. júní 1849,
Guðmundur Jónsson hreppstjóri; Jón Jónsson prestur væntanlegur fráfarandi;
úttektarmenn Kristján Sigurðsson með hönd á penna, Ari Jónsson með hönd á penna

Úttekt á Miðgörðum þann 19. ágúst 1850

Kirkjan er nú að álitu að súð gegnfúin á norðurhlið og lítt nýt á syðri hlið, syllur, bitar og stafir flest fúid, þilviður innan í kirkjunni álitlegur og meinast lítið fúinn. Stafnar farnir að fúna að neðanverðu, bekkir og sæti hrjálegt, gólfið í sama máta, prédikunarstóll ónýtur, altarið brúkanlegt, gluggarúður sumar brotnar. Kirkjan álist bráðum að mestu fallin og sýnist í öllu falli hrörlegri en við næstu úttekt. Gjörist því nú til viðauka ofanálág 26 rd.

Úttekt Miðgarða prestakalls utan og innan bæjar:

- 1 Frambæstofa ásamt húsi í þiljuðu, í sama formi og næsta úttekt sýnir, vanta 3 rúður. En sökum skekkju og fúa gjörist ofanálág 5 rd., 52 sk.
- 2 Göng nýbyggð, vel viðuð, frá bæstofudyrum til eldhús, búrs og bæjardyra en sökum þess að veggpartur er siginn á sig og álist ekki til frambúðar stæðilegur gjörist álag 1 rd.
- 3 Bæjardyr, vel byggðar, en stafn farinn lítið að hallast. Gjörist ofanálág 32 sk.
- 4 Eldhús nýbyggt og vel byggt að viðum. En sökum feils á framstafni þess gjörist ofanálág 64 sk.
- 5 Búr nýlegt, en fyrir fyrning gjörist ofanálág 16 sk.
- 6 Skemma næst bæjardyrum, nær því nýbyggð. En sökum þess að stafninn er farinn að hallast gjörist ofanálág 64 sk.
- 7 Skemma sunnar á hlaðinu, nýleg, þó farin að fyrnast og sylla¹⁸⁵ að sunnanverðu fúin. Gjörist ofanálág 1 rd., 32 sk.
- 8 Fjánhús óálitlegt og mjög hrjálegt, að gjörist ofanálág 3 rd.
- 9 Hús niður á Höfða, þar í sumt upprefti fúid og austurveggur hrjalegur. Gjörist ofanálág 3 rd., 32 sk.

Summa 16 rd., 4 sk.

Bjarni Árnason undirgengst að borga 8 rd. af fyrrnefndu ofanálágu hvar af presturinn, séra Sigurður Tómason, hefir eftir gefið honum 2 rd. Standa eftir 6 rd., hvörja 6 rd. nefndur Bjarni lofar að borga í næstu sumarferð.

Eftir skildar spýtur frá séra Jóni Jónssyni tekur presturinn, séra Sigurður Tómason, til ofanálágs (með samkomulagi og álitu virðingarmanna), virtar á 8 rd., 4 sk.

Hvar með ofanálágu er fullnægja gjörð.

Endar svo þessi skoðunargjörð, þann 19. ágúst 1850,

Guðmundur Jónsson hreppstjóri; Kristján Sigurðsson handsalaði nafnið, fyrir hönd séra Jóns, Ari Jónsson handsalaði nafnið, úttektarmaður; B. Árnason; úttektina undirskrifar ánægður S. Tómasson

[Úttekt Miðgarða 1853]

Ár 1853, þann 10. júní, eftir að búið var að yfirheyra þau ungmenni í eygni er til voru, í allt 18 að tölu, vísitaraði prófasturinn í Eyjafjarðarsýslu séra Guðmundur Johnsen á Prastarhóli kirkjuna á Miðgörðum með öllum hennar inventariis:

Kirkjan er í fjórum stafgölfum jöfnum á lengd. Með 5 stöfum á hvorri hlið, 5 bitum og jafnmörgum sperrum. Lengd kirkjunnar 11 1/2 alin, hæð 5 1/2 alin, breidd 4 3/4 alin. Kirkjan er

¹⁸⁵ Leiðrétt úr "sirla."

öll undir súð með tréstofnum, veggjum úr torfi og torfþaki. Á kórstafni kirkjunnar eru 3 gluggar, 1 fjöggra rúðu gluggi fyrir ofan bita og 2 tveggja rúða fyrir neðan bita. Á framstafni er 1 fjöggra rúða gluggi og 1 tveggja rúðu gluggi á suðurhlíð.

Innan er kirkjan öll umhverfis þiljuð, bæði í kór og framkirkju. Umhverfis í kór eru fastir bekkir til sæta. Í framkirkju eru kvenmannamegin 5 bekkir með bakslám og 1 bríkarbekkur. Karlmannamegin eru 4 bekkir með bakslám og 2 utan baksláa og krókbekkur. Gólf kirkjunnar er allt trélagt. Á millum kórs og kirkju eru pílárar, allsnotrir útlits. Að ofan eru þeir grópaðir í aukabita er að líkindum hefur verið settur í meðfram kirkjunni til styrktar. Að neðan þar sem þeir enda tekur standþil við niður að gólfi.

Ýmsir gallar eru á þessu guðshúsi, einkum á norðurhlíð þess, sem er farin að láta á sjá af fúa er hefur orsakast af því að eldri beneficiarii hafa forsómað að þekja hana vel, en á þessu virðist ráðin nokkur bót að sinni þar eð kirkjunnar núverandi beneficiarius hefur látið hana vandlega þekja eins og öll kirkjan lýsir því, að hún er nú betur umhirt en að undanfögnu. Þannig eru nú báðir kirkjustafnarnir nýbikaðir og tekið úr gættum til þess að aflviðir kirkjunnar fái varist fúa. En þótt nú þetta guðshús beri viss elli og fyrningar merki eru þó öll líkindi til að það geti ennþá staðið óraskað nokkur ár, þar eð það með öllu er án skekkju.

Ornamenta og instrumenta:

Altari úr tré, með palli og gráðum.

Prédikunarstóll nýr, málaður.

Hjónastóll úr tré.

Skrúðaskápur með hurð á lómum en ónýtri læsingu.

Bókaskrín rauðmálað með góðri læsingu sem núverandi beneficiarius gefur kirkjunni.

Messuklæði:

- 1 Rykkilín nýtt, lítið, úr chembris.
- 2 Annað do., eldra.
- 3 Hátíðahökull úr rauðu flanjeli, með hvítum silfur vírborðakrossi, alfóðraður með hvítu lérefti.
- 4 Annar do., úr rósaplussi, gamall, fóðraður og krosslagður.
- 5 Þriðji do. úr rauðu og svörtu rósaflanjeli.
- 6 Altarisklæði grænt.
- 7 Annað do., úr rauðu og svörtu rósaflanjeli.
- 8 Þriðja do., blómstrað, dökkleitt.
- 9 Dúkur ofan yfir altari, rauður og hvítur með blómstrum.
- 10 Do. hvítur, úr gömlu lérefti.

Instrumenta:

- 11 Skírnarfat úr látúni, brostið á börmum.
 - 12 Skírnarvatnskanna brostin, af leir.
 - 13 Klukka á ramböldum, hljóðgóð, ógölluð.
 - 14 Do. lítil og hljóðgóð.
 - 15 Do. lítil, rifin.
 - 16 2 kertapípur gamlar, af kopar, báðar gallaðar, ósamkynja.
 - 17 Ljósastjaki með tveimur vængjapípum, gamall en þó vel brúkanlegur.
 - 18 Ljósasöx af járn.
 - 19 Líttill silfurkaleikur með gylltri silfurpatínu.
- Bækur:
- 20 Vajsenhús Biblía, rotin og í blöðum.
 - 21 Do. engelska útgáfan, laus í bandi.
 - 22 1 Nýja testamenti, allvel útlítandi, útgefið 1813.
 - 23 3 nýjar sálmabækur, allvel útlítandi.
 - 24 1 do., af eldri útgáfu.
 - 25 2 prestahandbækur, báðar rotnar.

- 26 1 gömul ministerialbók, rotin og úr bandi.
- 27 2 kirkjustólar, annar nýlegur, hin gamall.
- 28 1 ministerialbók.
- 29 Kópiubók innheft í pappír, úr bandi.
- 30 Húsvitjunarbók.
Graftól:
- 31 Járnkarl sterkur.
- 32 2 járnrekur.
- 33 2 varrekur.
- 34 1 prestsspaði.
- 35 2 pálar, annar nýr.

Kirkjugarðurinn er umhverfis í góðu standi, með trégrindum í sálar- og prestshliði er núverandi beneficiarius, séra S. Tómasson, hefur lagt til ókeypis.

Síðan beiddi prófasturinn beneficiaro að gefa sér skýrslu um fjárhag kirkjunnar og framlagði hann þá eftirfylgjandi reikning.

[Sleppt er að skrifa upp reikninginn]

[Úttekt Miðgarða 1855]

Árið 1855, þann 20. júní, eftir að búið var að yfirheyra þau ungmenni sem mætt höfðu, 12 að tölu, vísiteraði prófasturinn í Eyjafjarðarsýslu, séra G.E. Johnsen á Þrastarhóli, kirkjuna á Miðgarði í Grímsey með öllum hennar pertinentibus.

Þetta guðshús fyrirfinnst nú að mestu í sama ástandi og þá það var síðast skoðað og yfir litið þann 10. júní 1853. Þar er þess getið að á því hafi fundist ýmsir gallar, sem hafa nú farið í vöxt, einkum hefur fúi sá, sem þegar þá var orðinn merkjanlegur á norðursúð hússins, aukist svo að hann er orðinn víðar sjáanlegur á henni og einnegin á suðursúð þess. Þyrfti því að endurbæta húsið með því að leggja á það nýja súð, en sökum efnaleysis og víðar dýrleika verður því ekki við komið að þessu sinni, en halla þann sem kominn er á sjálfa máttarviði hússins að norðanverðu, sem orsakast hefur af því að einn stafur í framkirkjunni hefur gefið sig, að líkindum sökum fúa, verður sem fyrst að viðrétta, með því að rífa upp gólfid og setja stytta við stafinn. Meiri endurbót verður ekki við komið í þetta sinn, jafnvel þótt öll þörf sé á henni.

Við ornamenta kirkjunnar hefur bæst nýtt rykkilín í stað hins forna og lélega, sem hér með fráskrifast. Þetta nýja rykkilín færist nú kirkjunni til útgiftar.

Kirkjugarðurinn er umhverfis í góðu og gildu standi.

Með því ekki finnst fleira er til greina þurfi að takast þá endast þessi vísitasía, ut supra, G.E. Johnsen, S. Tómasson

[Úttekt Miðgarða 1858]

Árið 1858, þann 24. júnímánaðar, var séra Daníel prófastur Halldórsson staddur á Miðgördum í Grímsey til að vísitera kirkjuna þar og hennar pertinentia.

Kirkja þessi er eins og seinasta vísitasía, af 20. júní 1855, frá skýrir orðin mjög fornfalag og gölluð. Hefir hrörnun hennar síðan farið vaxandi af fúa og snörun og kemur þetta auðsjáanlega af því að norðurveggurinn hefir lagst á aflviðu hússins, feygt stöðir þess og snarað því bæði til suðurs og líka um leið til vesturs. Er stöðin næst hinn fremstu norðan til fúin alveg í sundur að kalla, lausholtið með bitanum sigið niður þar. Hefir þá súðin við það einnig togast niður og mörg borðin á henni rifnað, einkum um neglingar. Á næstu sperrum fyrir innan og framan er hún og víða hvar grautfúin orðin þeim megin og sumstaðar einnig að sunnanverðu. Þiljurnar eru líka sama megin inn svignaðar í fremstu stafgólfunum og úr grópum gengnar. Álitur prófasturinn að ekki verði ráðin bót á göllum þessum nema með því að byggja húsið alveg af nýju, en þar eð stöð hefur verið sett undir bitann, sem niður er siginn, til styrktar í bráð virðist best að kirkjan, sem vegna efnaskorts

ekki getur byggt sig upp af nýju, standi þannig fyrst um sinn óhöggð. Auk þess að norðurveggur kirkjunnar er að líkindum klofinn, þótt það ekki sjáist að utanverðu, þá er og suðurveggurinn orðinn sólbrunninn, sömuleiðis þakið að sunnanverðu, og þyrfti því nauðsynlega að þekja hana þeim megin á þessu sumri.

Kirkjugarðurinn er staðilegur þótt hann sé nokkuð tekinn að sólbrenna að sunnanverðu.

Ornamenta og instrumenta eru talin í vísitasíu af 10. júní 1853 (sjá og vísitasíu af 20. júní 1855) en þar að auki á kirkjan korpóraldúk af rauðu flöjeli, lagðan með silfurvír snúinn á röðunum¹⁸⁶ og með skúfum af sama á hornunum. Einnig á kirkjan 2 ljósastjaka af tré, annan fyrir 6, hinn fyrir 4 ljós. Ljósbera af tré með glerrúðum. Tveggja pela kút og 2 þriggja pela flöskur undir vín. Aftur hefir verið selt rykkilínið nr. 2, sem óbrúkanlegt og fært til meðal tekjanna, og hin rifna klukka, nr. 15 (andvirði hennar 2 rd., tilfærast í næstkomandi árs reikningi þar eð það glemmist að þessu sinni). Hökullinn nr. 5 fráskrifast sem ónýtur og einskis virði.

[Því næst er rætt um lestrarkunnáttu og kristindómsþekkingu barnanna, sleppt hér].

Fleira kom ekki fyrir athugasvert.

Endast svo þessi vísitasía, ut supra,

Daníel Halldórsson, S. Tómasson, Guðmundur Jónsson, G. Guðmundsson

Úttekt Miðgarðs kirkjustaðar 1867

Ár 1867, þann 15. dag júlímánaðar, var Daníel prófastur Halldórsson staddur á Miðgarði í Grímsey til að taka þar út stað og kirkju eftir fráfall prestsins sr. Sigurðar Tómassonar. Þar var og kominn sem álit- og úttektarmenn hreppstjóri Jónatan Daníelsson á Efri-Sandvík og Sigurður bóndi Kristjánsson á Básum. Fyrir hönd prestsekkjunnar, mad. Valgerðar Einarsdóttur sem nú er afhendandi, var einnig nálægur meðhjálpari Guðjón Þorkelsson á Borgum, og fyrir hönd hins komandi prests sáttamaður Guðmundur Jónsson á Syðri-Grenivík. Byrjaði þá úttektargjörðin á þessa leið:

1 Baðstofa, 9 1/2 alin á lengd, 3 1/2 alin á breidd, hvort tveggja innan viðna, og 4 1/2 alin á hæð. Undir einni mænitróðu, 6 kálfasperrum, 10 stöfum undir einauknum lausholtum, 1 langbandi einauknu á hlið, áfellum og 4 bitum. 5 álnir hússins eru undir reisifjöl brúkanlegri en 4 1/2 alin er og undir reisifjöl lítt nýtri. Hrílægur dyra umbúningur með hurð á ryðguðum járnum. 4 gluggar eru á húsinu, 1 þeirra með 4 rúðum, 1 með 2 og 2 með 1 rúðu. Baðstofan er nú 2 1/2 alin styttri en hún á að vera. Fyrir téða vöntun á lengd hússins og galla þess gjörist álag 48 rd., 32 sk.

2 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra, 11 álnir á lengd, 1 3/4 á breidd, 3 1/2 alin á hæð. Undir þríauknum mæniás, 5 bitum með 2 dvergum á og árefti á vegg. Göngin eru nýbyggð. Álag 80 sk.

3 Eldhús, 4 1/2 alin á lengd, 4 álnir á breidd, 3 1/2 alin á hæð. Með 2 mæniásum, góðum raftvið á vegg og raftvið milli ása og 1 þvertré yfir dyra inngangi. Hurð fylgir ekki. Álag 48 sk.

4 Búr, 3 3/4 alin á lengd, 3 1/4 alin á breidd, 3 1/2 alin á hæð. Undir einlægum mæniás og 2 stoðum undir, einlægri vegglægju öðru megin og 1 stoð undir henni. Raftviður lagður frá mæniás á vegg öðru megin en á vegglægju hinu megin. Fyrir fyrningu gjörist álag 2 rd.

5 Bæjardyr, 5 1/2 alin á lengd, 4 1/4 á breidd, 5 1/2 á hæð. Undir 1 mæniás, 3 sperrum, 3 bitum, 6 stoðum, syllur að sunnanverðu en lausholti að norðanverðu, 2 langböndum á hlið og raftvið á þeim beggja megin. Þil er framan undir með tvöföldum vindskeiðum, dyra umbúningi með hurð á járnum og 2 trésnerlum. Húsið er nú nokkuð stærra en það á að vera og með tilliti til þess að þessi stærð þess er nauðsynleg mest það álagsfrítt.

6 Skemma næst bæjardyrum, 4 3/4 alin á lengd, 2 1/2 á breidd, 4 álnir á hæð. Undir einauknum mæniás, 3 sperrum, 3 bitum, 6 stoðum, 2 lausholtum, 1 áfelli á hlið og 1 langbandi sömuleiðis á hlið og með þver- og langrefti. Þil er framan undir með dyra umbúningi, hurð á járnum með hespu og keng. Álag 7 rd.

¹⁸⁶ Stendur svo.

7 Skemma sunnar á hlaðinu, 9 álnir á lengd, 3 álnir á breidd, 4 1/2 alin á hæð. Með tvíauknum mæniás, 4 sperrum, 4 bitum, 8 stoðum, syllum, áfellum, 2 langböndum hvors vegar og þéttu þverrefti. Þil er framan undir húsinu, með dyra umbúningi og hurð á lömum. Álag gjörist 6 rd.

8 Fjánhús út á túni, 6 1/4 alin á lengd, 4 3/4 alin á breidd, 3 1/4 alin á hæð. Undir 2 ásum með þverrefti á milli, 6 stoðum á garða, þver- og langrefti á vegg til hliða. 2 dyratrjám með langrefti á milli, dyra umbúningi, hurð á járnum, hespu og keng. Álag gjörist 8 rd.

9 Í staðinn fyrir svo kallað Höfðahús, sem á að vera 6 álnir á lengd, 4 álnir á breidd og 4 álnir á hæð, kemur nú fjárhúskofi út á velli, 4 1/4 alin á lengd, 3 1/4 alin á breidd og 3 1/4 alin á hæð. Undir einlægum mæniás, með þverrefti á vegg beggia megin, þverrefti yfir dyrum, dyrustöfum og hurð á járnum með hespu og keng. Fyrir það sem þetta hús er of lítið og fyrir galla og fyrningu þess gjörist álag 6 rd.

Upp í ofangreint álag, sem er samtals 78 rd., 64 sk., er nú virt af úttektarmönnum það sem hér segir:

1 Innanbygging í baðstofuhúsi, nefnilega standþil fyrir stafni og með báðum hliðum, skilrúmsþili með hurð á járnum skrálæstri, 2 rúmstæðum, annað þeirra með gaffþili upp í gegn, hitt með þverfjöllum í gaffli. Gólfjalir á frambaðstofu, langfjalir með veggjum, fremra skilrúmsþil um þvert húsið ofan og neðan bita og gólfjalir þar, 2 rúmsstokkar bríkalausir og botnfjalir undir öllum rúmum og 7 hillur = 15 rd.

2 Hús nýbyggt, skáli, utan við bæjardyr. Með lausum gluggakarmi og 2 þriggja rúðna gluggum rúðlausum og 3 borðastúfum, hverjum hér um bil 2 1/2 alin að lengd, 20 rd.

3 Heyhlaða við fjánhús, 2 rd., 48 sk.

4 2 fjalir á garðastokkum í fjárhúsi, 24 sk.

5 4 færivíagrindur, 1 rd.

Samtals 38 rd., 72 sk.

Eru þá eftir ógreiddir 39 rd., 88 sk., sem ekki verði borgaðir að þessu sinni.

Þau 2 ásauðarkúgildi, sem staðnum fylgja, afhendast í gildu standi en hið þriðja kúgildið er bjargfesti úr 3 kaðaltrossum, með stokk og hjóli, og afhendist það einnig í gildu standi.

Endast svo þessi úttektargjörð, á sama stað, ári og degi sem upphaflega greinir,

Daníel Halldórsson; Jónatan Danielsson úttektarmaður; Sigurður Kristjánsson; vegna ekkjunnar Valgerðar Einarsdóttur undirskrifar Guðjón Þorkelsson; fyrir hönd þess komanda presta Guðmundur Jónsson

Miðgarður í Grímsey 1868

Ár 1868, þann 3 dag ágústmánaðar, var Daníel prófastur Halldórsson staddur á Miðgarði í Grímsey til að afhenda hinum nýkoma prestur, sr. Pétri Guðmundssyni, staðinn þar með því sem honum tilheyrir.

Þess er fyrirfram að geta, að prófasturinn hafði byggt prestssetri um næstliðið fardagaár 1867/68 meðan prestslaust var meðhjálpara Guðjóni Þorkelssyni á Borgum og Árna bónda Þorkelssyni, áður á Neðri-Sandvík, sína hálfenduna hvorum þeirra, fyrir ákveðið eftirgjald, 4 vættir af hörðum fiski í landskuld og 6 fjórðungum smjör eður þeirra virði í leigur og þar að auki 5 rd. leiguliðabót frá hvorum fyrir sig, og að hinn nýi prestur hefir nú þegar byggt hinum síðarnefnda hálfan staðinn um yfirstandandi fardagaár 1868/69.

Hvað því næst staðarhúsin snertir þá eru þau enn hin sömu og í líku ásigkomulagi, eins og þeim er lýst í úttektargjörðinni frá 15. júlí f.á., að því undanteknu að búíð er að rífa ofan af fjárhúsinu (nr. 8 í straxnefndri úttekt) sem ábúandinn Árni Þorkelsson lofar að endurbæta og áskilur hann að sá hluti leiguliðabótarinnar, er honum ber að svara fyrir næstliðið ár, komi þar upp í. En verði endurbót hússins meira verð en því svarar, eftir óvilhallra manna mati, að hann þá fái það tiltölulega endurgoldið af landsdrottni sínum.

Það leiðir af því sem upphaflega er sagt um byggingu hálfendunnar þetta ár, að Árni Þorkelsson hefir annað málnytukúgildi staðarins í ábyrgð og til afnota og sömuleiðis

bjargfestarkúgildið að hálfu leyti. En hitt málnytukúgildið álitur viðtakandi prestur sem sér afhent í gildu standi og sömuleiðis festarkúgildið að helmingi.

Tekur svo presturinn, sr. Pétur Guðmundsson, þannig við staðnum til umsjónar, afnota og ábyrgðar, ásamt þeim húsum og hlutum sem við ofangreinda úttekt voru útlagðir í álagið af dánarbúi sr. Sigurðar sál. Tómassonar, að upphæð 38 rd., 72 sk., velnefndum viðtakanda presti. Hefir prófasturinn áður greitt þá vantandi 39 rd., 88 sk. af álaginu fyrir hönd sama dánarbús, og meðhjálpari Guðjón Þorkelsson lofar að greiða viðtakanda sinn helming leiguliðabótarinnar hið fyrsta hann getur.

Framan- og ofanskrifað staðfestist með samþykkjandi undirskriftum hlutaðeigenda, die ut supra,

Daníel Halldórsson, Pétur Guðmundsson, Árni Þorkelsson, Guðjón Þorkelsson

Úttekt Miðgarða í Grímsey 1895¹⁸⁷

Ár 1895, 1. dag ágústmánaðar, var Davíð prófastur Guðmundsson á Miðgördum í Grímsey til að taka út kirkju og stað af prestinum, sr. Pétri Guðmundssyni, er lausn hafði fengið frá þessu prestakalli, til handa prestinum sr. Matthíasi Eggertssyni er veitingu hafði fengið fyrir kallinu. Sem úttektar- og matsmenn voru Árni hreppstjóri Þorkelsson á Neðri-Sandvík og Friðrik bóndi Jónatansson á Efri-Sandvík. Prestarnir voru báðir við úttektina, sá afhendandi og viðtakandi.

Hófst svo úttektin á þann hátt, að kirkjan var fyrst tekin til álita. Húsið stendur rétt og merkist engin skekkja á því. Aftur eru nokkrir smágallar teljandi, svo sem rifur í fáein borð á suðurhlið bæði á þaki og neðan þaks, svo er og vesturstafn og suðurhlið talsvert skinin af bikleysi, kítu vantar við glugga, málningu á gluggum og hurð, enda er öll málning á kirkjunni að innan farin að láta svo á sjá, að ekki mætti dragast lengi að bæta um hana. Að athuguðum þessum göllum og svo því að úttektarmenn vöktu máls á, að nauðsynlegt væri að byggja litla forkirkju fram af kirkjudyrum sem prófastur verður að vera þeim samdóma um, og svo gera einhvern umbúnað er hæfa þætti fyrir messuskúða kirkjunnar, spurði prófastur þá hvort þeir teldu kirkjunni borgið með eign þeirri, er hún nú á, sem er fullar 700 kr. eða þeir álitu að fráfaranda presti þyrfti að gera aukaálag til umbóta téðum göllum og fyrningu, sem á húsinu er orðið, og svöruðu þeir hiklaust að þeir álitu kirkjunni borgið með sínum sjóði.

Síðan voru hús staðarins tekin til álita og þá:

1 Baðstofa. Hún er að grindarmáli 10 álnir á lengd, 5 1/2 á breidd. Með 2 albitum og 1 skambbita, 6 sperrum. Hún er öll undir súð, með 2 sex rúðna gluggum og öðrum 2 minni gluggum á suðurhlið. Fyrir baðstofunni er hurð á járnum með klinku. Baðstofan er þiljuð í hölf og gólf og vönduð, bæði að efni og smíði fyrir 5 eða 6 árum. Skilrúmspil er fyrir húsi í austurenda, sem er 4 1/2 alin á lengd og spjaldhurð á járnum með innfelldum lás í því. 4 föst rúmstæði fylgja, 2 í innra húsi og 2 í fremra partinum af baðstofunni. Allt að innan um baðstofuna er eign hins fráfaranda prests, þar sem staðnum aðeins fylgir grind og reisifjöl með gluggum og hurð. En nú koma viðtakandi og fráfarandi prestar sér saman um að allt þetta fyrrtalda skuli verða staðarins eign, eða með öðrum orðum, baðstofan eins og henni hefir nú lýst verið, en aftur á móti skuli fráfarandi prestur laus vera við frekara álag. Þetta álita úttektarmenn í alla staði hagfellt báðum málsaðilum.

2 Göng frá baðstofudyrum til bæjardyra. Vegna þess að göngin eru undir súð og þiljuð að innan, einnig með þilgólfi, þykir ekki eiga að koma til greina, þó að þau sé nú nokkru styttri en fyrri úttektir telja, sum sé nú 7 1/2 alin, þar hin nýrri sé bæði betri að byggingu og hagfelldari staðnum. En fyrir fyrningu gerist álag 2,00 kr. Í göngunum er góð hurð á góðum járnum, með klinku.

3 Eldhús, 6 1/4 alin á lengd innan stafa, 3 9/24 á breidd og á hæð undir bita 2 3/4 alin. Með 4 sperrum og 4 bitum, lausholt beggja vegna og 4 stoðir hvoru megin. Húsið er ósnarað og stæðilegt. Veggir og þak gott. Hurð er nú tillögð húsinu, með hespu og keng, af fráfaranda. Fyrir fyrning gerist [álag] 4,00 kr.

¹⁸⁷ ÞÍ. Eyjafjarðarprófastsdæmi AB/2. Úttektir staða og kirkna 1859-1901.

4 Búr. Það er framhald af sama húsinu eða risinu sem er á baðstofunni. Með þrennum sperrum og súð sem á baðstofu og bita fyrir vesturstafni. Lengd er 4 1/2 alin, breidd 3 3/4 alin. Fjögra rúðu gluggi er á suðurhlíð í gluggtrog. Skrálæst hurð á góðum járnum er fyrir húsinu. Tímbergólf er í húsinu og lítill kjallari undir, hlaðinn upp úr grjóti. Stigi niður í hann og hleri yfir uppgöngu. Svo er og húsið þiljað á alla vega umhverfis. Borð er fyrir austurstafni og hillur fyrir stöfnum og diskarimar, 1 hilla fyrir austurstafni, 3 fyrir vesturstafni. Þegar úttektarmenn hafa metið fyrir fyrning hússins úr eign fráfaranda í búrinu telja þeir hann enn eiga í því kr. 24,00.

Um baðstofu, búr og göng gjörist sú athugasemd að það er allt saman eitt hús undir einu og sama risi og er búrið þeim mun mjórra en baðstofan sem nemur breidd ganganna.

Nú kemur á staðnum hús með timburvegg og timburstöfnum í 8 stafgölfum, portbyggt, með kvisti. Á hverjum stafni er 1 sex rúðna gluggi og 3 fjöggra rúðna gluggar og á framhlíð 1 sex rúðna gluggi og 2 fjöggra rúðna gluggar, sinn hvoru megin inngangs. Húsið er á lengd 15 álnir innan stafa og 5 álnir á breidd. Stafnar og timburhlíðin að framan er gulmálað og er svo hagað byggingunni að framan, að í stað þess að hafa torfvegg er byggt yfir veggjarrúmið með timbri og nær kvisturinn þar fram á brún en afþiljaðir kampar eru beggja megin við kvistinn til enda hússins í suður og norður. Fram úr miðju húsinu er afþiljaður útgangur með innri hurð á járnum, með klinku, og útidyrhurð með klinku og loku og sterkum lömum.

Þetta hús kemur fyrir nr. 5, 6 og 7 í úttekt 1867, en er að álitum úttektarmanna í alla staði miklu fullkomnara en þau hús er það kemur í staðinn fyrir, svo þegar fullt er gert fyrir fyrningu á húsið eigi fráfarandi prestur í því 80,00 kr., og sé það reiknað svo lágt sem auðið sé.

Eftir úttektinni 1867 heyrast staðnum til 2 fjárhús, annað úti á velli, talið 6 1/4 alin á lengd, 4 3/4 alin á breidd. Það hús er nú 7 1/2 alin á lengd, 6 1/2 alin á breidd. Með 2 einlægum mæniásam og 6 stöðum á garða. Yfir garða þver- og langreft, 14 raftar hvoru megin, af mæniásam á vegg. Yfir dyrum eru 2 þvertré, dyrastafir og hurð á járnum með hespu og keng. Veggir gallaðir. Álag gjörist 4,00 kr.

Annað hús uppi á velli, talið í fyrri úttekt 6 x 4 álnir, er nú 7 álnir á lengd, 6 á breidd. Undir einaknum mæniásam, 6 stöðir eru á garða. Húsið er ýmislega þver- og langreft og árefti feyskið sumstaðar. Þrjú þvertré eru yfir dyrum, dyrastafir og hurð á járnum með hespu og keng. Álag gjörist 10,00 kr.

Getið skal þess sem skýringar við framhúsið, sem kemur nú fyrir nr. 5, 6 og 7 í fyrri úttekt, að það sem viðtakandi prestur kaupir af fráfaranda presti og ekki fylgir staðnum eftir því sem fyrri úttektir greina er: 1. Loftið í öllu húsinu og súðirnar yfir vestustu klefunum. 2. Þiljur í kvisti og eikarmáluð spjaldahurð, með innfelldum lás fyrir kvisthúsinu ásamt skilrúmpílum og 2 hurðum á járnum uppi á lofti. 3. Skilrúmspíl milli klefanna niðri, bæði norðan og sunnan bæjardyranna með 4 hurðum á járnum.

Eftir þessari úttekt á fráfarandi prestur að greiða í álag kr. 20,00 en á aftur sér til góða á staðnum kr. 104,00, mismunur honum í hag kr. 84,00.

Enn fremur er metið sem fráfarandi prestur á eldiviðarhús með 2 salernum á 30,00 kr. og saltbyrgi á 15,00 kr.

Er þá fráfaranda presti til góða kr. 129,00 kr. og koma fráfarandi og viðtakandi sér saman um greiðslu á því.

Um afhending á 2 ásauðar kúgildum, svo og því þriðja í bjargfesti með stökk og hjóli, ætla fráfarandi og viðtakandi að koma sér saman án frekari aðgjörðar úttektarmanna.

Tekur svo presturinn, sr. Matthías Eggertsson, þannig við staðnum til umsjónar, afnota og ábyrgðar ásamt þeim húsum og hlutum sem þessi úttekt ræðir um.

Framan- og ofanskrifað staðfestist með samþykkingandi undirskriftum hlutaðeigenda.

Sama dag sem í upphafi greinir,

Davíð Guðmundsson; Matthías Eggertsson (sem viðtakandi), Pétur Guðmundsson (sem fráfarandi); Árni Þorkelsson, Friðrik Jónatansson úttektarmenn

Héraðsskjalasafnið á Akureyri: Grímseyjarhreppur (HskjAk. H-1/30)

Lýsing á Möðruvallaklaustursjörðum í Grímsey¹⁸⁸

1 Efri-Sandvík, talin 8,2,00 # að dýreika. Túnið er í lakasta lagi og tekur illa rækt vegna sjóseltu og leirbleytu í jarðveginum. Útheyskapur nokkur, útbeit örðug. Af fýlungsunga fæst hér um 280. Vorfuglstekja í betra lagi. Skips uppsátur gott. Reki nokkuð. Það álit ég¹⁸⁹ að hafa megi 15 ær á þessari jörð.

Landskuldin af Sandvík¹⁹⁰ er 3 vættir fiska sem gelst í peningum eftir verðlagi því sem er á fiski í verðlagsskrá þeirri er ræður á réttum gjalddaga.

2 Eiðar, talin 8,6 # að dýrleika. Túnið gott, útheyskapur í betra lagi, útbeit nokkur. Reki lítill. Sumarlending góð. Af fýlungsunga fæst um 200. Vorfugl í meðallagi. Skeglutekja nokkur. Í Eiðum álit ég að hafa megi 21 ær.

Landskuldin er 3 vættir af fiski sem borgast í peningum eftir verðlagi því sem er á fiski í verðlagsskrá þeirri er ræður á réttum gjalddaga.

3 Sveinsstaðir, talin 2,8 # að dýrleika. Tún þar lítið og lélegt og skemmist af sandfoki. Útbeit nokkur, útheyskapur varla neinn. Reki nokkur. Af fýlungsunga fæst hér um 80. Vorbjarg lítið en sæmilega gott. Á jörðinni álit ég að hafa megi 6 ær.

Landskuldin af Sveinsstöðum er 1 vætt fiska, sem borgast í peningum eftir verðlagi því sem á fiski er í verðlagsskrá þeirri sem ræður á réttum gjalddaga.

4 Sveinagarðar, talin 4,9 # að dýrleika. Túnið er undirorpið skemmdum af sjódrifi og sand- og grjótfoki. Útheyskapur lítill. Reki lítill. Fýlungsveiði hér um 200. Jörðin álit ég að beri 10 ær.

Landskuldin af Sveinagörðum er 2 vættir af fiski sem borgast í peningum eftir verðlagi því sem á fiski er í verðlagsskrá þeirri er ræður á réttum gjalddaga.

5 Borgir, talin 9 # að dýrleika. Túnið allgott, þó undirorpið sjódrifi. Reki í góðu meðallagi. Fýlungsungaveiði hér um 240. Vorbjarg er þar í meðallegi. Sumarlending góð. Á jörðinni álit ég að megi hafa 16 ær.

Landskuldin af Borgum er 3 vættir af fiski, sem borgast í peningum eftir verðlagi því sem á fiski er í verðlagsskrá þeirri er ræður á réttum gjalddaga.

6 Ytri-Grenivík, talin 10,3 # að dýrleika. Túnið gott og hæfilegt að taka á móti rækt. Útheyskapur enginn að kalla. Fýlungatekja telst 130. Skeglungatekja lítil, vorfugl næstum enginn. Jörð þessi á hálfan reka á svonefndum Gjögurum. Skips uppsátur allgott. Álit mitt er að jörðin framferi 10 ær.

Landskuldin af Ytri-Grenivík er 2,00 vættir fiska, sem borgast í peningum eftir verðlagi því sem er á fiski í verðlagsskrá þeirri sem ræður á réttum gjalddaga.

Álitsskýrsla yfir jarðir þær í Grímseyjarhrepp sem liggja undir Möðruvallaklaustur¹⁹¹

1 Efri-Sandvík. Landskuld 3 vættir af hörðum fiski. Tún jarðarinnar að stærð í meðallagi, meiri hluti þýft, gefur jafnaðarlegast af sér 12,00 hesta heys, og engi 6 hesta. Í þessu með tilfallandi sjófangi framfleytast jafnaðarlegast árlega 24 kindur. Land jarðarinnar 2/5 melar, hitt graslendi. Bær

¹⁸⁸ Skjalið er merkt: N 556-78 sem sýnir að það er komið úr Landshöfðingjasafni. Skjal nr. 556 árið 1878. Gögn sem snerta úttektir klausturjarðanna eiga að vera færð undir þetta númer og þannig auðvelt að finna þau þar (ef einhver eru sem er ekki fullvíst). Neðst á blaðinu er önnur merking, virðist standa „4 D“ (óljóst (ætti að vera „M“ sem merkir godsadministration)) og síðan „19 í / 1877.“ Einnig dagsetning 29/8 [18]78. Aftan á blaðinu, sem endar á lýsingu Ytri-Grenivíkur, hefst lýsing á jörðum í Hálshreppi í Þingeyjarsýslu. Þannig virðist að þetta blað sé beinlínis komið úr sérstakri úttektarbók klausturjarða í Landshöfðingjasafni. Skjalið er ódagsett og óundirritað. Hér liggja saman fjögur blöð, sem eru skrifuð upp hér, en auk þess eru í þessu skjalnúmeri nokkur byggingarbréf frá síðari hluta 19. aldar. Þar með eru landamerkjalyfingar jarðanna. Skrifaði þær ekki upp því auðvelt er að nálgast þær á skjalasafninu á Akureyri en einnig munu þær komnar á netið, að ég held.

¹⁸⁹ Skjalið er óundirritað og ekki víst hver þessi „ég“ var.

¹⁹⁰ Leiðrétt úr „Grenivík.“

¹⁹¹ Í efsta horni blaðsins stendur „Eftirrit.“

er þar lítt hýstur, brunnur mjög ótryggur. Allgott sumar uppsátur en illbrúkandi aðra tíma. Rekapláss er þar í meðallagi. Bjargegg fást þar í meðalári 1000, svartfugl 500, skegluungi 1600, fýlingsungi 500. Æðarvarp ekkert.

2 Eiðar. Landskuld 3 vættir af hörðum fiski. Tún jarðarinnar í stærra lagi, meiri hluti slétt, gefur af sér 12 hesta heys en engi 6 hesta sem með tilfallandi sjófangi fóðrar oftast 30 kindur. Landslag sama og nr. 1. Bær er þar að miklu leyti nýlega byggður, brunnur í betra lagi. Rekasvið í minnsta lagi. Sumarlending góð en ónotandi yfir vetrartíma. Bjargegg fást þar í meðalári 1400, svartfugl 400, skegluungi 1300, fýlingsungi 400. Æðarvarp ekkert.

3 Sveinsstaðir. Landskuld 1 vætt af hörðum fiski. Tún jarðarinnar í minnsta lagi, mest slétt, gefur af sér jafnaðarlegast 5 hesta heys og engi 2,00 hesta, sem ásamt sjófangsrusli að 12 kindur framfleytast á. Bær stæðilegur, brunnur í betra lagi. Rekapláss lítið. Bjargegg fást í meðalári 400, svartfugl 150, skegluungi 400, fýlingsungi 150. Lending engin.

4 Sveinagarðar. Landskuld 2 vættir af hörðum fiski. Tún jarðarinnar í minna lagi en slétt, gefur af sér 10 hesta heys en engi 5 hesta, er ásamt með sjófangi oftast nær fóðrar 20 kindur. Bær nýlega byggður, brunnur lélegur. Rekasvið í minnsta lagi. Bjargegg fást í meðalári 400, svartfugl 100, skegluungi 300, fýlingsungi 200. Lending engin og æðarvarp ekkert.

5 Borgir. Landskuld 3 vættir af hörðum fiski. Tún jarðarinnar í stærra lagi, meiri hluti þýft, gefur af sér 15 hesta heys og engi 8 hesta, er ásamt með tilfallandi sjófangsraski 32 kindur fóðrast á. Bær í meðallagi hýstur. Rekasvið tæplega í meðallagi. Brunnur í meðallagi. Bjargegg fást í meðalári nálægt 500, svartfugl 130, skegluungi 400, fýlingsungi 300. Æðarvarp lítið og oft áföllum undirorpið af brimróti. Lending besta. Á bjargi jarðar þeirrar hafa enn sem komið er mest landbrot komið í ljós með því að úr brúninni á því á 10 siga lengd, hafa eftir endilöngu sprungið, langt inn undir grasveg, fastaklappir, er vera virtust, og mölvað niður með sér framan af öllu bjarginu niður í gegn og eru 5 af sigum þessum illfær og fugllítill, en 5 aldeilis ófær og að mestu fugllauss, en grjóthrunið ofan frá brúninni hefir brotið stalla þá er fuglinn var vanur að hafast við á.

6 Ytri-Grenivík. Landskuld 2 vættir af hörðum fiski. Tún jarðarinnar í meðallegi stórt, þýft að mestu, gefur af sér 8 hesta heys en engi 2, sem ásamt sjófangsraski að 15 kindur oftast nær framfleytast á. Bær er þar lítt hýstur, brunnur í betra lagi til endingar en slæmt vatn. Rekasvið í tæpu meðallagi. Bjargegg fást þar í meðalári 60, svartfugl 30, skegluungi 300, fýlingsungi 200. Lending engin.

Rétt eftir ritað, vitnar,
Pétur Guðmundsson

Við¹⁹² álitsskýrslu yfir jarðir þær í Grímseyjarhreppi, sem liggja undir Möðruvallaklaustri og vér höfum meðtekið frá Jónatan hreppstjóra Daníelssyni í Efri-Sandvík 8. þessa mánaðar, höfum vér þetta að athuga.

1 Landamerki eru hér á flestum jörðum mjög óákveðin og þurfa því verulegrar umbótar við og flýtur þar af að menn eru nú mjög óánægðir með þau, enda er eigi fyrir því hægt að meta jarðirnar til landskuldar svo menn geti sagt að rétt sé.

2 Þar sem við nr. 5 er sér í lagið tekið fram um bjarghrun, þá getur þetta átt sér stað um allar aðrar jarðir þessar, enda kemur það árlega fram, að færri eður fleiri sig eru þar eyðileggingu undir orpin.

3 Björgun á reka er á öllum jörðum mjög torveld þar eð allstaðar þarf að fara ofan fyrir hátt bjarg, þar sem menn geta sjaldnast verið óhultir fyrir hruni, auk þess sem fjaran liggur þar fyrir opnu hafi og því viðugt¹⁹³ eða ómögulegt að bjarga undan sjó fyrir brimróti, enda hafa menn oftsinnis misst þar reka, bæði fyrir hvað fjaran er mjög og hrunið hefur á hann, þar eð honum verður

¹⁹² Þessi skýrsla er á þriðja blaðinu og er undirrituð „hreppsnefndin“ en ódagsett. Rithöndin er afar lík hönd séra Péturs Guðmundssonar.

¹⁹³ Verður helst lesið svo, hugsanlega stendur „við agt“ en orðið hlýtur að vera svipaðrar merkingar og „ómögulegt.“

eigi náð nema með því að sæti besta færi og hafa þau dæmi gefist að hann hefir eigi orðið heim fluttur yfir allan árstímann.

4 Fugla- og eggjatekja er þar mjög kostnaðarsöm, þar eð að meðaltali þarf að hafa þar 8 menn til þess að draga upp festina og níunda sigmann, er frá ómunatíð hefir tekið tvo hluti og átt sjálfur annan, svo húsbóndinn nýtur hans eigi nema sjálfur sígi. Þar fyrir utan liggja á þessu ýmsar kvaðir eftir fornri venju hér innsveitis og við þetta þurfa menn að vera viku til hálfis mánaðar tíma. Auk þess þarf að leggja til festarinnar 3 trossur, allt að 60 faðma, sem þó eigi endast nema fjögur eða fimm ár með svo góðri meðferð sem hægt er. Sömuleiðis heimtar festaraugað, hjól og annar útbúnaður töluverðan kostnað, sem að öllu samtöldu mundi að meðallagi gjöra 35 krónur um árið.

Það sem umbót á jörðunum snertir hyggjum vér að mest mundi á liggja, að túngarðar væru hér hlaðnir þar eð ágangur af skepnum er hér mjög mikill sökum landþrengsla.

Í öðru lagi virðist oss ráðlegt að reyna að hlynna hér að æðarvarpi er með dugnaði kynni að heppnast.

Miðgörðum 24. september 1878,
hreppsnefndin

Álitsskýrsla¹⁹⁴ yfir Munkaþverárklostursjarðir í Grímsey

Básar, 11,5 # að dýrleika. Tún að mestu slétt, fremur harðbalalegt, gefur af sér 20 hesta töðu, engi lélegt mjög, gefur af sér hér um bil 4 hesta. Auk þessa fást að meðaltali af bjargi 2 hestar. Hér um bil tveir fimmtu hlutar lands er hrjóstrugt og melótt, heldur kjarngott fram með björgunum, má að jafnaði framfleyta á heyi 26 kindum fullorðnum og auk þess 10 kindum á sjófangi. Útræði er þar ekki nema í lásléttum sjó um hásumar og er því uppsátur þaðan haft í Neðri-Sandvík. Til hlunninda má telja æðardúnstekju, árlega allt að 2 pund, en með því það er í fjöru undir fertugum björgum og getur því verið hætta búin af hruni og sævargangi, álist örðugt að bæta varpið á þeim stað, en eftir landslagi þar virðist örðugt að ná varpi upp á eyrna sjálfa, þar sem bakkar eru hvergi lægri en 6-7 faðmar nema heima undir bæ, og virðist þar tiltækilegast að koma varpi á eyrna upp, þótt örðugt þyki að friða nægilega. Vatnsból allgott eftir því sem gjörist, þrýtur þó á stundum. Húsakynni allgóð. Til bóta virðist helst horfa að leggja stund á æðarvarp og girða túnið. Bjargeggjatekja til nokkurra hlunninda (ca. 500) og sömuleiðis svartfugl (ca. 200), skegluungi í betra lagi (ca. 1000) og fylungungi í besta lagi (ca. 900).

Neðri-Sandvík, 6,6 # að dýrleika. Tún lítið, þýft, grýtt, gefur af sér 16 hesta, engi með bjargi gefur 5 hesta og má fódra 21 kind fullorðna og framfleyta á sjófangi 15 kindum. Landslag ið sama sem að Básam, virðist þó álitlegra að koma þar upp æðarvarpi upp á eyrni í tjörn nokkurri, þarf þá að dýpka tjörn þá og byggja hólma í. Dúntekja er þar nú 1 1/2 pund á „fæti“ er svo er nefndur, er tiltækilegast virðist að auka og friða með 80 faðma löngum garði. Til þess að friða á hinum staðnum þarf 240 faðma langan garð. Vatnsból í verra lagi. Útræði hið besta í eyrni og svo og uppsátur. Reki allmikill, bjargegg tekin ca. 800, svartfugl um 250, skegluungi 1200-1300, fylungi um 300. Húsakynni voru léleg mjög en eru nú að mestu byggð, í allgóðu lagi.

Syðri-Grenivík, 10,3 #. Meiri hluti túns þýfður, ógrösugt, tún gefur af sér 15 hesta, engi 6 hesta. Landslag melaminna, fódra nú 21 kind, auk 9 kinda er framfleyta má á sjófangi. Útræði í lakara lagi. Æðarvarp ekkert, en svo virðist sem varp mætti komast á á tanga nokkrum við sjó, er þegar er friðaður, með fulltraustum garði. Vatnsból illt, þrýtur oft. Reki bestur í eyrni. Bjargeggja- og langvíutekja lítil, lundi ca. 200, skegluungi ca. 1600, fylungi ca. 450.

Það er snertir eftirgjald jarðanna, þá er það álit prestsins í Grímsey og annarra hreppsnefndarmanna þar, að leigumáli á þeim væri óbreyttur, nefnilega í Básam 5 vættir af fiski, Neðri-Sandvík 2 vættir og Syðri-Grenivík 4 vættir, og treysti ég mér eigi til sökum ókunnugleika í eyrni, að gjöra að þessu sinni neinar beinar uppástungur um breyting leigumálans, en geti þeim vilja

¹⁹⁴ Þetta er fjórða blaðið. Neðst á blaðinu virðist standa „4 D“ (óljóst (ætti að vera „M“ sem merkir godsadministration)) og „19 í / 1877,“ dagsett 29/8 [18]78. Þessi merking er úr Landshöfðingjasafni.

mínum orðið framgengt, að fara sjálfur út í eyna áður lengt um líður til að skoða hana nákvæmlega, skal ég ekki draga að gefa á ný svo greinilega skýrslu sem ég get, bæði hvað snertir það er ég álit að jörðunum geti orðið til bóta, og hvað hæfilegur leigumáli væri á jörðunum og yfir höfuð hvernig ég álit eyna geta orðið landssjóðnum sem arðsamasta.

Syðra-Laugalandi, 15. júním[ánaðar] 1878,

Eggert Gunnarsson

https://issuu.com/heradsskjalasafnakureyri/docs/h_1_24_grimseyjarhreppur_1910_1927?fr=sNTYwZjQ5OTgzNzk

Virðingagjörð N 21

Miðgarðar

Bæjarhús í Miðgördum í Grímsey

2. gr.

Lýsing á húsaskipan m.m.

- a. Baðstofa. Hún er að utanmáli 10 al á lengd, 5 ½ al á breidd með 2 albitum og 1 skambbita, 6 sperrum, 6 undirlögum, 12 stoðum, þiljuð í hól og gólf. 2 al stafhæð og 4 al sperruleggir. Skilrúm er í baðstofunni með 1 hurð fyrir, ömmur hurð er fyrir baðstofudyrum, tveir 6 rúðnagluggar og 1 eldvél með leirpípum 5“ víðum innanmál og 1 al upp úr mæni. Á baðstofunni er torfþak.
- b. Göng frá baðstofu til bæjardyra, 4 ¼ al á lengd 1 al 9“ á breidd með súð áframhald af baðstofu og torfþaki, gangurinn er allur þiljaður og með hurð fyrir að framan.
- c. Búr sem líka er undir sömu súð og gangurinn með skilrúmsþili milli gangs og búrs með læstri hurð fyrir. Búrið er allt þiljað með trjególfi og skápum. Einn tveggjarúðugluggi. Stærð búrsins 4 1/4x3 ¾ alin. Torfþak.
- d. Eldhús, 6 ¼ al langt, 3 ½ al breitt, hæð undir bita 2 ¾ al, 4 sperrum, 4 bitum, lausholti og stoðum, 1 hurð á járnum, torfþak og rept á sperrum. Eldhússdyr á vídd 1 al 4“ milli baðstofu og eldhúss er veggur úr torfi og grjóti 5` á þykkt, hlóð um al. Frá næstu stoð.
- e. Framhús, 15 ál á lengd og 9 ál á breidd að utan á 3 vegu tímbur, torfþak, árepti á sperrum. Kvistur er á húsi þessu alþiljaður og tvær litlar kompur niðri þiljaðar að nokkru, 2 skilrúm niðri, 2 uppi, veggghæð 3 ál. Port 1 al, sperruleggur 3 ¼ al. Gluggar smáir alls 9. Á loptinu eru borð 5/4“, þiljur ½“. Grindarviðir úr rekavið af ýmsum gildleik; 5 feta veggir milli eldhúss, búrs og framhúss.

3. Gr.

Húsum er þannig skipað, austust er baðstofa og áframhald af henni gangur og búr, eldhús og að norðvestan við baðstofuna og göng með dyrum fram í ganginn, framhús þvert fyrir baðstofudyrum að vestan.

Húsin eru 20 ára nema framhús 38 ára og er þeim sæmilega viðhaldið.

4. gr.

Um brunahættu.

Af eldhúsið virðist ekki stafa brunahætta í baðstofu en eldavjel mikið notuð, en vel umbúin, svo ekki virðist meitt sjerstaklega við það að athuga.

5. gr.

Virðing húsa til niðurrifs, þar sem presturinn ætlar að byggja timburhús næsta ár.

- I. Baðstofa, virt sem nýbyggð
- a. Timbur og smíði kr. 295,30
 - b. Eldavjel með pípum kr. 90,00
 - c. Veggur 15 kr. Þak 12 kr. 27,00 Kr. 412,30

Fyrning:

- a. Timbri og smíði kr. 95
- b. Eldavjel kr. 15
- c. Veggjum og þaki 24,50 kr. 279.

Baðstofan með eldavjel nú virt á kr. 132,50

- II. Búr og göng virt sem nýbyggt
- a. Timbur og smíði kr. 95,00
 - b. Veggir og þak kr. 10,00 Kr. 105,00

Fyrning

- a. Á timbri og smíði kr. 80,00
- b. Veggjum og þaki kr. 9,50 89,50

- III. Eldhús, virt sem nýtt
- a. Timbur og smíði kr. 30,00
 - b. Veggir og þak kr. 15,00

Fyrning

- a. Á timbri og smíði kr. 25,00
- b. Á þaki og veggjum kr. 11,50 36,50

Nú virt á kr. 8,50.

- IV. Framhús hefur kostað nýtt
- a. Timbur og smíði kr. 570,00
 - b. Þak og grunnur kr. 30,00 Kr. 600

Fyrning

- a. Á timbri og smíði kr. 332,00
- b. Á þaki og grunni kr. 24,00 Kkr. 356,00

Framhúsið nú virt á kr. 144,00

Virðing til brunabóta alls. Kr. 300,00.

Athuga: Af þiljum og lopti í framhúsinu á presturinn 72 krónu virði, og eldavjel með pípum í baðstofu kr. 75,00 eða alls kr. 147.

Til næsta húss, skólahússins eru 7 álnir.

Til vatnsbóls 30 faðmar.

Efri Sandvík og Eiðum 21. Des. 1910

Steinólfur E. Geirdal, Kristmundur Baldvinsson.

No 2.

Skólahúsið

1. Gr. Skólahúsið á Miðgörðum í Grímsey.

2. 2. Gr. Lýsing á húsum m.m.

Húsið er á lengd að utanmáli 14 ál. Á breidd 9 al. Veggghæð 7 al, þar af port 2 al. Rishæð 4 ¼ al. Undir húsinu öllu er steinlímdur kjallari 3 al. Á hæð. Herbergjum er þannig skipað; á neðsta gólfi: 1. Skólastofa, 7 ¾ al á lengd, 8 ¾ á breidd. 2. Bókastofa 5 ½ á br. 5 ¾ á lengd. 3. Forstofa 5 ¾ al á lengd, 3 ¼ á breidd. Á loptinu er í norðurenda stofa 6x6 álnir og 2 hliðarkompur 6 al á lengd, 1 ¼ al á breidd hver; að öðru leyti er húsið óþiljað að innan uppi. Grindarviðir eru 5x5“ og 6x6“. Þakið er bárujárn á 1“ plægðum borðum og pappi á milli: að utan er húsið klætt með 1“ þykkum klæðningsborðum og pappi á grind; að innan og neðan í lopt er þiljað með ¾“ þykkum panelborðum og skólastofan auk þess papplögd að innan og allt húsið tvímálað utan og innan sem þiljað er. Á skólastofunni er 2 tvöfaldir 9 rúðugluggar (rúðustærð 18x20“), bókastofu 1 sexrúðugluggi (rúðustærð 16x18“). Uppi yfir dyrum á forstofu er einn gluggi þriggjarúðu (r.st. 12x14).

Uppi í norðurstofu er 1 sexrúðnagluggi og 2 tveggjarúðu gluggar á komponum, á suðurstafni eru 2 fjögurrarúðu gluggar; á þaki að vestanverðu 1 járngluggi, 4 rúðna.

Reykháfurinn er 9“ leirpípur frá neðra gólfi og 1 alin upp úr mæni. Í skólastofunni er 1 stór ofn og í bókastofu 1 minni; á kjallara eru 3 fjögurrarúðugluggar og 1 ar útidyr. Fyrir forstofu eru tvennar vængjahurðir og þar fyrir utan eru 3 spjaldahurðir í húsinu. Við innganginn er trjepallur og tröppur með handriði. Á báðum hliðapakbrúnum er vatnsrennur. Í lopti og gólfi eru 5/4“ borð.

Hús þetta er 5 ára, að innan vel viðhaldið að utan vantar mál.

3. Gr. Brunahætta getur ekki stafað af öðru húsi en prestssetrinu, milli þess og skólahússins eru 7 álnir.

4. Gr. Vegalengd til vatns er 30 faðmar.

5. Gr. Hús þetta er nýtt.

a. Timbur og smíði m.m. Kr. 3525,00

b. Kjallari Kr. 325,00 Kr. 3850,00

Fyrning í 5 ár 100 kr.

Húsið er nú virt Kr. 3750,00.

Eftir Sandá og Eiðum 21. Des. 1910

Steinólfur E. Geirdal, Kristmundur Baldvinsson

Húsum eftirfarandi jarða er lýst, en eftir er að skrifa lýsingar á tölvu:

No. 3

Básar

No. 4

Efri Sandvík

No. 5

Holt

No. 6

Grund

No. 7

Ytri Grenivík

No. 8

Syðri Grenivík

No. 9

Eiðar

No. 10

Borgir

No. 11

Sjáland

No. 12

Sveinsstaðir

No. 13.

Sveinagarðar

No. 14.

Neðri Sandvík

No. 15

Íbúðarhús á Miðgördum

6. Sept. 1911

No. 16

Baðstofuhús á Sveinagörðum (Endurvirðing)

No. 17

Efri Sandvík (Aukavirðing)

No. 18. Sveinsstaðir

No. 19

Sjáland

No. 20

Holt

No. 20

Efri Sandvík

No. 21

Neðri Sandvík

Virðing á baðstofu

No. 22

Neðri Sandvík

No. 23

Básar

No. 24

Sjáland

No. 25

Holt

No. 26

Borgir

Sept 1921

No. 27.

Eiðar

No. 28

Sveinsstaðir

No. 29

Gamlibær (Miðgarðar)

1921

No. 30

Skólahúsið á Miðgördum

No. 31

Prestsetrið á Miðgördum

No. 32

Sveinagarðar

No. 33

Ytri Grenivík

No. 34

Syðri Grenivík

No. 35

Álfheimar

No. 36

Nóatún

No. 37

Efri Sandvík

No. 38

Syðri Sandvík

No. 39

Neðri Sandvík

No. 40

Eiðar

No. 26 b

Búr nýbyggt á Þjóðjörðinni Borgir

No. 39

Ytri Grenivík

No. 38

Bæjarhús þurrabúðarbýlisins Grund

No. 40

Verslunarhús A&P Kristjáns á Húsav.

No. 41

Bæjarhús á jörðinni Neðri Sandvík

No. 141

Salt- og fiskhús Samlagsins

No. 43a

Endurvirðing til brunabóta bæjarhúsín í Syðri Grenivík

No. 43b

Aukavirðing á bæjarhúsum á Þjóðjörðinni Grenivík



Viðauki 2: Útskrift á gögnum úr Huginn/fyrstu drög



Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Benedikt Jónasson. verkfræðingur

Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Viti

Núverandi notkun: Viti



Grímseyjarviti, GogG, 210

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Grímseyjarviti var byggður 1937 og er 14,3 m² samkvæmt fasteignamati. Hann er 9.6 m á hæð. Lóðin merkt viðskipta- og þjónustulóð skv. fasteignamati. Í upphafi var ljósið gaslampi sem stjórnað var með handafli en er nú rafvæddur og er sjálfvirkur. Ljósahúsið er sænskt.

Hegranesviti og Raufarhafnarviti eru byggðir eftir sömu teikningu og Grímseyjarviti.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Kristínu Valdimarsd. og börn
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Ytri-Grenivík, GogG, 92

Gerð húss: Upphafleg Núverandi Helstu breytingar: Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið á Ytri-Grenivík er byggt árið 1950 skv. fasteignamati og er 97,3 m² að stærð. Um 135 m NNA við íbúðarhúsið er útihúsasamstæða sem samkvæmt fasteignamati samanstendur af hesthúsi og hlöðu sem voru byggð 1952 og geymslu sem byggð var 1975.

F2155453	Ytri-Grenivík	03 0101	Hesthús	1952	53,2 m ²	571.000	3.390.000	628.000
F2155453	Ytri-Grenivík	04 0101	Geymsla	1975	49,0 m ²	745.000	3.880.000	816.000
F2155453	Ytri-Grenivík	06	Hlaða	1952	52,2 m ²			

Samkvæmt bókinni Grímsey og Grímseyingar var húsið byggt af Kristínu Valdimarsdóttur og börnum hennar.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Magnús Símonars./Siggerður Bjarnad.
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Sigtún, GogG, 162

Gerð húss: Upphafleg**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Sigtún var byggt árið 1940 samkvæmt fasteignamati og er 140,8 m² að stærð. Húsið var byggt af Magnúsi Símonarsyni og Siggerði Bjarnadóttur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Borgir, GogG, 63

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:				

Saga:

Íbúðarhúsið á Borgum var byggt 1977 samkvæmt fasteignamati og er 162 m² að stærð. Samkvæmt fasteignamati er einnig skráð geymsla á jörðinni byggð 1984. Í bókinni Grímsey og Grímseyingar kemur fram að Helgi Ólafsson flutti í Borgir ásamt konu sinni 1913 og að Helgi hafi verið góður húsasmiður og hafi unnið mikið við smíðar í Grímsey og var m.a. yfirmiður við kirkjubygginguna þegar hún var endurbyggð 1932. "Hann byggði timburhús á Borgum áfast við hluta gamla torfbænum, sem stóð á háhólnum, nokkru vestar en steinhúsið sem þr er nú og byggt var árið 1977 af Haraldi Jónssyni (bls. 56). Í bókinni er mynd af eldri bænum og timburhúsinu.

F2155441	Borgir	03	Geymsla 1984	16,6 m ²	348.000	1.785.000	380.000
----------	--------	----	--------------	---------------------	---------	-----------	---------

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Jóhannes Magnúss/Guðrún Sigfúsd.
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Sveinagarðar, GogG, 187

Gerð húss: Upphafleg **Núverandi** **Helstu breytingar:** **Hönnuðir breytinga:**
Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið í Sveinagörðum var byggt 1958 og er 126,8 m² samkvæmt fasteignamati. Jörðinni tilheyra nokkrar geymslur (byggð 1960, 1971 og 1977) samkvæmt matinu.

F2155480	Sveinagarðar lóð	02 0101	Geymsla 1960	22,3 m ²	207.000	1.710.000	227.000
F2155480	Sveinagarðar lóð	03 0101	Geymsla 1960	36,3 m ²	370.000	3.060.000	406.000
F2155480	Sveinagarðar lóð	04 0101	Geymsla 1960	18,4 m ²	142.000	1.170.000	155.000
F2155480	Sveinagarðar lóð	05 0101	Geymsla 1971	21,5 m ²	1.070.000		5.230.000 1.175.000
F2155480	Sveinagarðar lóð	06 0101	Geymsla 1977	24,0 m ²	642.000	3.130.000	704.000

Samkvæmt bókinni Grímsey og Grímseyingar (bls. 187) var íbúðarhúsið byggt árið 1957 af Jóhannesi Magnússyni og Guðrúnu Sigfúsdóttur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Íslenska ríkið
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Skólahúsið og Miðgarðar, GogG, 385

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Tímur, bindingsverk	Tímur, bindingsverk		
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:				

Saga:

Íbúðarhúsið á Miðgördum 1 var byggt 1905 og er 132,8 m² að stærð. Húsið er timburhús og er aldursfriðað. Matthías Eggertsson prestur flutti í nýtt íbúðarhús í Miðgördum 1906 samkvæmt bókinni Grímsey og Grímseyingar (bls. 113). Húsið er elsta hús Grímseyjar. Árið 1960 keyptu Einar Þorgeirsson og Jórunn Magnúsdóttir húsið af ríkinu og breyttu því mikið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólblár litur á korti

Fyrsti eigandi: Þórleifur Sigurbjörnss/Aðalheiður Karlsd. Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Ekki þekktur Núverandi notkun:
Upphaflegur byggingarstíll:



Sveintún, GogG, 197

Gerð húss: Upphafleg Núverandi Helstu breytingar: Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Sveintún 2 var byggt 1942 samkvæmt fasteignamati og er 116,5 m². Húsið er byggt 1944 af Þórleifi Sigurbjörnssyni og Aðalheiði Karlsdóttur samkvæmt Grímsey og Grímseyingar bls. 197. Bogaskemma, braggi byggður 1986 samkvæmt fasteignamati og 86,8 m².

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Óli Bjarnas./Elín Sigurbjörnsd.
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Sveinsstaðir, GogG, 192

Gerð húss: Upphafleg**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp

Steinsteyp

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið á Sveinstöðum var byggt 1942 og er 207,5 m². Samkvæmt bókinni Grímsey og Grímseyingar var húsið byggt árið 1944 af Óla Bjarnasyni og Elínu Þóru Sigurbjörnsdóttur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Þorleifur Ólas./Ingibjörg M. Gunnarsd.
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Hella, GogG, 104

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Tímur, bindingsverk	Tímur, bindingsverk		
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:				

Saga:

Íbúðarhúsið á Helli var byggt 1979 samkvæmt fasteignamati og er 152,1 m². Húsið byggðu þau Þorleifur Ólason og Ingibjörg Margrét Gunnarsdóttir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Pétur E. Stefánss./Sigrún Sigurðard.
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Sólbrekka, GogG, 178

Gerð húss: Upphafleg**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp

Steinsteyp

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Sólbrekka var byggt 1963 og er 203,5 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Húsið var byggt árið 1962 skv. bókinni Grímey og Grímseyingar (Bl. 178). Það byggðu Pétur Eggert Stefánsson og Sigrún Sigurðardóttir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Örn G. Gíslas./Ólína S. Guðmundsd.
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun:



Eiðar, GogG, 72

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:				

Saga:

Íbúðarhúsið á Eiðum var byggt 1966 og er 126 m² að stærð. Jörðinni tilheyra fjárhús og hlaða byggð 1977, alifuglahús byggt 1980, geymsla byggð 2000 og hlaða án ártals. Húsið byggði Örn Geirdal Gíslason og Ólína Sigurbjört Guðmundsdóttir.

F2155449	Eiðar	04	Fjárhús með áburðark	1977	59,1 m ²	1.160.000		5.660.000	
1.275.000									
F2155449	Eiðar	05	Hlaða 1977	89,5 m ²	1.245.000		6.070.000	1.365.000	
F2155449	Eiðar	06	Alifuglahús	1980	14,1 m ²	154.000		1.120.000	168.000
F2155449	Eiðar	07	Geymsla 2000	37,7 m ²	1.160.000		5.530.000	1.265.000	
F2155449	Eiðar	08	Hlaða	72,0 m ²					

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Óttar Þ. Jóhannesson./ Þorgerður G. Einarsd. Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Ekki þekktur Núverandi notkun:
Upphaflegur byggingarstíll:



Eyvík, GogG, 74

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Tímur, bindingsverk	Tímur, bindingsverk		
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:				

Saga:

Íbúðarhúsið Hafnargata 21 var byggt 1988 og er 130,2 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Húsið byggðu þau Óttar Þór Jóhannesson og Þorgerður Guðrún Einarsdóttir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Skóli/Félagsheimili
Núverandi notkun:



Félagsheimilið Múli, GogG, 509

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Saga:

Félagsheimilið Múli var byggt 1964 og er 406m⁸ m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Í frétt frá janúar 2001 () kemur fram að Hreppsnefnd Grímseyjarhrepps (undir stjórn Þorláks Sigurðssonar oddvita) hafi nýlokið endurnýjun þaks og að klæða upp á nýtt alla útveggi félagsheimilisins. Þar kemur fram að húsið hýsir ekki bara allt félagslíf eyjarbúa heldur er skólahús og heilsugæsla þegar læknar frá fastalandinu heimsækja eyjuna. Þá eru einnig uppi ráðagerðir að vinna við lóðina þannig að hún nýtist sem skólalóð, leikvöllur og tjaldstæði fyrir ferðamenn á sumrin. (<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/584046/>). Skólahaldi í Grímsey lauk 2019.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Gunnar Hanness./Ragna Gunnarsd.
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Tröð, GogG, 202

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Hafnargötu 1 var byggt 1976 og er 113,4 m². að stærð samkvæmt fasteignamati. Húsið var byggt af Gunnari Hannessyni og Rögnu Gunnarsdóttur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Sigfús Jóhanness./Aðalheiður Sigurðard. Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Ekki þekktur Núverandi notkun:
Upphaflegur byggingarstíll:



Vogur, Gog G, 206

Gerð húss: Upphafleg Núverandi Helstu breytingar: Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Hafnargötu 3 var byggt 1975 og er 131,8 m² samkvæmt fasteignamati. Húsið er byggt 1977 skv. bókinni Grímsey og Grímseyingar af Sigfúsi Jóhannessyni og Aðalheiði Sigurðardóttur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Gunnar Stefán Ásgrímsson

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun:



Grund, GogG, 99

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Hafnargata 5 var byggt 1976 og er 151,8 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Það var byggt ári síðar samkvæmt bókinni Grímsey og Grímseyingar (bls. 99) af Gunnari Stefáni Ásgrímssyni.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Valdimar G. Traustas./Unnur Erlendsd.
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Bjarg, GogG, 50

Gerð húss: Upphafleg**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteipt

Steinsteipt

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Hafnargötu 7 var byggt 1974 og er 151,6 m² samkvæmt fasteignamat en ári síðar samkvæmt bókinni Grímsey og Grímseyingar (bls. 50). Húsið var byggt af Valdimar G. Traustasyni og Unni Erlendsdóttur (fyrstu eigendur).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Ingi Símonarson
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun:



Sandgerði 1940, GogG, 137

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Sandgerði var byggð 1936 og er 62,1 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Samkvæmt bókinni Grímsey og Grímseyingar (bls. 137) var það fullbyggt 1940). Í bókinni segir "Ingi Símonarson frá Syðri-Grenivík byggði Sandgerði og við það var hann í nokkur ár. Fyrst steypiti hann upp kjallara og setti þak á. Myndin hér á síðunni til hægri er af kjallaranum og hópi manna, gæri verið frá 1934. Meðan húsið var þannig gekk það undir nafninu Landakot og var talin ástæða fyrir nafni." (bls. 137) Í frásögninni kemur fram að þeir hermenn sem dvöldust í Grímsey á stríðsárunum hafi búið í Sandgerði á meðan þeir voru við eftirlit og veðurathugun. Í bókinni er húsið sagt nýtt fyrir verbúð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Ólafur G. Jóhanness./ Jónína Sigurðard.

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Ekki þekktur

Núverandi notkun:

Upphaflegur byggingarstíll:



Ártún, GogG, 33

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Vallargata 1 er byggt 1976 og er 113,4 m² að stærð samkvæmt fasteignamati en er byggt ári síðar samkvæmt bókinni Grímsey og Grímseyingar (bls. 33). Húsið byggðu Ólafur Guðmundur Jóhannesson og Jónína Sigurðardóttir.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Óli Björn Ólason

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun:



Landakot, GogG, 111

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Vallargötu 3 var byggt 1976 og er 136,6 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Samkvæmt bókinni Grímsey og Grímseyingar (bls. 111) er húsið byggt 1981 af Óla Bjarna Ólasyni. Undir sama fasteignamati er einnig skrá tvö hús, Landakot byggt 1976 og Landakot viðbygging byggt 1987,

2155502	Vallargata 3	010101	Landakot 1976	113.4 m ²	48.950.000
2155502	Vallargata 3	020101	Landakot viðb.	1987 23.2 m ²	10.050.000

Varðveislumat:

Lístrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Sigurður I. Bjarnas./ Steinunn Stefánsd.

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Ekki þekktur

Núverandi notkun:

Upphaflegur byggingarstíll:



Hátún, GogG, 103

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Vallargata 5 var byggt 1980 og er 114,8 m² samkvæmt fasteignamati. Húsið var byggt 1982 samkvæmt bókinni Grímsey og Grímseyingar (bls. 103) af Sigurði Inga Bjarnasyni og Steinunni Stefánsdóttur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Þorkell Árnas./Hólmfríður Guðmundsd.
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun:



Garður, GogG, 77

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Timbur, bindingsverk	Timbur, bindingsverk		
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:				

Saga:

Íbúðarhúsið Vallargata 7 var byggt 1937 og er 165,9 m² samkvæmt fasteignamati. Undir sama fasteignanúmer er skráð Garður byggður 1937 og Garður/viðbygging 1962. Samkvæmt Grímsey og Grímseyingum er húsið byggt 1932 í túni Efri-Sandvíkur og var nefnt Garður. Þorkell Árnason byggði húsið sem var upphaflega lítið steinhús. Mynd af því er á bls. 75 í bókinni Grímsey og Grímseyingar. Árið 1961 endurbyggði Þorlákur Sigurðsson dóttursonur frumbyggjanna og Hulda R. Víkingsdóttir húsið og stækkuðu það.

2227292	Vallargata 7	010101	Garður	1937	52.7 m ²	21.300.000
2227292	Vallargata 7	020101	Garður /viðbygging	1962	113.2 m ²	41.700.000

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Magnús Þór Bjarnas./Anna M. Sigvaldad. Upphafleg notkun:
Hönnuður: Ekki þekktur Núverandi notkun:
Upphaflegur byggingarstíll:



Sætún, GogG, 201

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Vallargötu 9 var byggt 1999 og er 111,3 m að stærð samkvæmt fasteignamati. Samkvæmt bókinni Grímsey og Grímseyingar (bls. 201) er húsið byggt 2001 af Magnúsi Þór Bjarnasyni og Önnu Maríu Sigvaldadóttur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Alfreð Garðarss./Ragnhildur Hjaltad.
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Gerðuberg, GogG, 79

Gerð húss: Upphafleg**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Vallargötu 11 er byggt árið 1988 og er 343,3 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Alfreð Garðarson og Ragnhildur Hjaltadóttir byggðu húsið 1988.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Vallargötu 13 er hluti af tvíbýli sem var byggt 2006 og er 105,1 m² að stærð samkvæmt fasteignamati.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Vallargötu 15 er hluti af tvíbýli sem var byggt 2006 og er 105,1 m² að stærð samkvæmt fasteignamati.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Þorkell Árnason
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun:



Garður, GogG, 75



Garður 1961, GogG, 77

Gerð húss: Upphafleg**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:
 Útveggir:
 Þakgerð:
 Þakklæðning:
 Undirstaða:
 Útlit:

Saga:

Af fasteignamati að dæma virðist ekki standa íbúðarhúsið lengur í Garði. Þar eru hins vegar tvö hús sem virðast standa og þar eru skráð fjárhús með áburðarkjallara, hlaða, geymsla, vélaskemma og geymsla, byggð á árunum 1956-1997. Þorkell Árnason byggði húsið 1932 en Þorlákur Sigurðsson og Hulda Reykjalin Víkingsdóttir endurbyggðu húsið og stækkuðu 1961

F227282	Garður	02	Fjárhús með áburðark	1988	50,3 m ²	1.424.000	244.000	5.700.000	1.558.000
F227282	Garður	03	Hlaða	1956	20,6 m ²	366.000	2.180.000	403.000	
F227282	Garður	04	Geymsla	1958	20,6 m ²	413.000	2.180.000	454.000	
F227282	Garður	07	Véla/verkfærageymsla	1978	31,5 m ²	548.000	3.170.000	601.000	
F227282	Garður	10	Geymsla	1997	36,9 m ²	659.000	3.160.000	719.000	

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Hannes A. Guðmundss/Kristín H. GunnarsdUpphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Ekki þekktur

Núverandi notkun:

Upphaflegur byggingarstíll:

**Gerð húss: Upphafleg****Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinstept

Steinstept

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:Íbúðarhúsið í Efri-Sandvík er byggt 1975 og er 125,5 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Því fylgja tvær geymslur frá sama ári.

F2155444	Efri-Sandvík	02 0101	Geymsla 1975	68,6 m ²	681.000	5.010.000	745.000
F2155444	Efri-Sandvík	05	Geymsla 1975	41,9 m ²	438.000	3.240.000	479.000.

Hannes Arnar Guðmundsson og Kristín Hallgerður Gunnarsdóttir byggðu húsið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Héðinn Jónsson
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Sæborg, GogG, 200

Gerð húss: Upphafleg**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinsteyp

Steinsteyp

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Hafnargata 13 er raðhúsbúð byggð 1981, 110 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Húsið er byggt af Héðni Jónssyni.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Grímseyjarhreppur

Hönnuður: Ekki þekktur

Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun: Íbúð



Miðhús, GogG, 125

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Hafnargata 15 er raðhúsibúð byggð 1981, 110 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Húsið er byggt af Grímseyjarhreppi fyrir skólastjórnann í grunnskólanum í Grímsey, Gísli Sigurði Hallgrímsson og Stefáníu Hallkelsdóttur.

Varðveislumat:

Lístrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Ragnar G. Hjelm/Valgerður V. Valdimarsd. Upphafleg notkun: Íbúð
Hönnuður: Ekki þekktur Núverandi notkun: Íbúð
Upphaflegur byggingarstíll:



Skuld, GogG, 170



Hafnargata 2022

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinstept

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Núverandi

Steinstept

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:**

Hafnargata 17 er raðhúsiþbúð byggð 1981. Samtals er eiginin 171,9 m² að stærð samkvæmt fasteignamati en þar af er íbúðin 110 m² að stærð og viðbygging 61.9 m². Húsið er byggt af Ragnar Gunnari Hjelm og Valgerði Viktorfu Valdimarsdóttur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: KEA
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Verslunarhús KEA 1958, GogG, 319



Verslunarhúsin með viðbyggingu 2022

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:				

Saga:

Verslunarhús byggt 1951 og er 231,5 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Samkvæmt bókinni Grímsey og Grímseyingar er húsið byggt 1958 og stækkaði það nokkrum árum síðar. Undir sama landnúmeri og heiti er einnig skráður olfusöluskúr (annað fasteignanúmer eða F2227335) sem er 10,7 m að stærð samkvæmt fasteignamati.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: KEA
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Nýja-Sjáláland, GogG, 131



Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Nýja-Sjáláland var byggt árið 1953 og er 134,5 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. "Árið 1953 byggði KEA íbúðarhús fyrir útibússtjórnann í Grímsey, sem var þá Steinunn Sigurbjörnsdóttir. Húsið fékk nafnið Nýja-Sjáláland. Húsið var reist á mjög skömmum tíma, eða aðeins á um hálfum mánuði" (Grímsey og Grímseyingar, 131)

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun:

Gerð húss: Upphafleg Núverandi Helstu breytingar: Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Saga:

Geymsla í Helgastaðalandi var byggð 1963 og er 45 m² að stærð. Á sama landi er skráð dæluhús (fasteignanúmer F2227321) byggt 1974 og slysavarnarhús (fasteignanúmer F2227366) byggt 1978.

F2227321	Helgastaðaland	02 0101	Dæluhús 1974	4,2 m ²	115.000	6.000	721.000	142.000
F2227366	Helgastaðaland	03 0101	Slysavarnarhús	1978	25,7 m ²	1.197.000	122.000	3.920.000
1.476.000								

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Steinólfur Geirdal
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Sólberg, GogG, 172



Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Neðri-Sandvík er byggt 1900 og er 105,2 m² stórt samkvæmt fasteignamati. Samkvæmt bókinni Grímsey og Grímseyingar er húsið hins vegar byggt 1928 og mun það vera rétt. Í bókinni segir (bls. 172): "Sólberg byggði Steinólfur Geirdal og var það fyrsta steinhúsið í Grímsey. Hann flutti þangað 1928. Húsið var þriggja hæða með mörgum herbergjum og algengast var að þar byggju tvær fjölskyldur. Á neðstu hæðinni verslaði Steinólfur í mörg ár og þar var pósthús um árabíl." Þar er nú gallery og gistiheimili.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fríðuð hús - fjólblár litur á korti

Fyrsti eigandi: Þorkell Árnass./Hólmfríður Guðmundsd.

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Ekki þekktur

Núverandi notkun:

Upphaflegur byggingarstíll:



Sjálанд, G g G, 167

Gerð húss: Upphafleg**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinstept

Steinstept

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Íbúðarhúsið Sjálанд var byggt 1930 og er 90,3 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Samkvæmt upplýsingum frá ja.is er húsið einnig nefnt Mjólkurfernan. Húsið var byggt af Þorkeli Árnasyni og Hólmfríði Guðmundsdóttur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Þjónusta
Núverandi notkun:

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:				

Saga:

Kæligeymsla/verkstæði á hafnarsvæðinu í Grímsey var byggð 1945 og er 209,4 m² að stærð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun:

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:				

Saga:

Þrúðvangur er iðnaðar- og geymsluhúsnæði byggt 1949 samkvæmt fasteignamati en ekki er skráð stærð hússins. Undir sama fasteignanúmeri er skráður 14,6 m² geymslugámur frá 2001.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun:

Gerð húss: Upphafleg Núverandi Helstu breytingar: Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Saga:

Á þessu fasteignanúmeri er skráð jörð/ræktað land (eyðijörð) og þrjú dæluhús og eru þau tvö eldri byggð 1971 en það yngra 1981. Staðsetningin á korti fasteignamats er á stað þar sem ekki eru sjáanlegar byggingar. HALDA INNI EÐA HVAD?

F2155463	Neðri-Sandvík	07 0101	Dæluhús 1971	4,2 m2	110.000	717.000	136.000
F2155463	Neðri-Sandvík	08 0101	Dæluhús 1981	1,4 m2	36.000	233.000	44.000
F2155463	Neðri-Sandvík	09 0101	Dæluhús 1971	1,4 m2	35.000	224.000	43.000

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Guðmundur H. Guðmundsson
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Neðri-Sandvík (III), GogG, 161

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:				

Saga:

Íbúðarhúsið í Neðri-Sandvík (II) er byggt 1976 og er 187,6 m² að stærð. Byggt af Guðmundi Helga Guðmundssyni.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Bjarni R. Magnúss./Vilborg Sigurðard.

Upphafleg notkun:

Hönnuður: Ekki þekktur

Núverandi notkun:

Upphaflegur byggingarstíll:



Miðtún, GogG, 128

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Einbýlishúsið í Miðtúni var byggt árið 1963 og er 182,6 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Húsið er byggt af Bjarna Reykjalín Magnússon og Vilborgu Sigurðardóttur.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Frístundir/sumarhús
Núverandi notkun:

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:				

Saga:

Sumarbústaður er skráður á sama landnúmer og Miðtún en á sérstakt fasteignanúmer og er byggður 1978 og er 12,9 m².

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Jóhannes G. Hennings./ Ída Jónsd.
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun:



Lundur, GogG, 112

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Tímur, bindingsverk	Tímur, bindingsverk		
Útveggir:				
Þakgerð:				
Þakklæðning:				
Undirstaða:				
Útlit:				

Saga:

Miðtún lóð er merkt Lundur á ja.is. Húsið er byggt 1990 og er 55,3 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Samkvæmt bókinni Grímsey og Grímseyingar byggðu Jóhannes Henningsson og Ída Jónsdóttir húsið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Frístundir/sumarhús
Núverandi notkun:

Gerð húss: Upphafleg Núverandi Helstu breytingar: Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Saga:
Sumarbústaður II í landi Miðtúna var byggður 1974 og er 34 m² að stærð.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Henning Jóhanness./Guðrún Gíslad.
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun:



Höfði, GogG, 109

Gerð húss: Upphafleg

Núverandi

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Byggingarefni:
 Útveggir:
 Þakgerð:
 Þakklæðning:
 Undirstaða:
 Útlit:

Saga:

Einbýlishúsið Neðri-Sandvík er merkt Höfði á ja.is. Það er samkvæmt fasteignamati byggt 1986 og er 327 m² að stærð. Undir sama fasteignamati eru skráð fjárhús með áburðarkjallara byggt 1961 og geymsla frá sama ári ásamt annarri geymslu byggðri 1961. Íbúðarhúsið á Höfða var byggt af Henning Jóhannessyni og Guðrúnu Gísladóttur.

F2155471	Neðri-Sandvík lóð	02	Fjárhús með áburðark	1961	70,7 m ²	1.745.000	
8.570.000	1.915.000						
F2155471	Neðri-Sandvík lóð	03	Geymsla 1953	41,5 m ²	1.145.000	5.620.000	1.255.000
F2155471	Neðri-Sandvík lóð	04	Geymsla 1961	21,1 m ²	608.000	2.990.000	668.000

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Alfreð Jónsson og Ragnhildur S. Einarsdóttir Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Ekki þekktur

Núverandi notkun:

Upphaflegur byggingarstíll:



Básar, GogG, 48

Gerð húss: Upphafleg**Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni: Steinstept

Steinstept

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit:

Saga:

Einbýlishúsið í Básam er byggt 1960 og er 230,4 m² að stærð samkvæmt fasteignamati. Íbúðarhúsið sem nú stendur á Básam er byggt 1960 af bræðrunum Finni og Alfríð Jónssonum. Það er nú gistiheimili. Alfreð var skipasmiður og bóndi í Básam 1960-1989 og var m.a. oddviti. "Básar eru nyrsta jörðin í Grímsey. Þar liggur heimskautsbaugurinn þvert um eyjuna og íbúðarhúsið á Básam er það nyrsta á Íslandi. Landamerkja Bása að sunnan er getið við Neðri-Sandvík. Að norðan ræður á móti Neðri-Sandvík bein lína úr miðri Skeglungagjá í miðja Köldugjá. ... Íbúðarhúsi, sem nú er á Básam, var byggt um 1960 ... en þá hafði jörðin verið í eyði frá 1946. ... Flugvöllur Grímseyjar er í landi Neðri-Sandvíkur og Bása. Nýbyggð flugstöð er rétt við íbúðarhúsið á Básam, en um einn kílómetri er frá þeim húsum og suður að byggðinni við Sandvík." GG, 35. "Básar. (Nyrzti bærinn. Húsið byggt 1960.)" PS, 55.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg. list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar: